



HÉRAÐSSAMBANDIÐ SKARPHÉÐINN
ÁRSSKÝRSLA 2016

L477U TÖLURN4R Þ1N4R 4LLT4F V3R4 M3Ð 1 4SKR1FT

Tryggðu þér áskrift á lotto.is svo þú gleymir aldrei
að spila með Lottó, Eurojackpot eða Víkingalottó.
Áskrift – ekkert rugl!



ÍSLENSK GETSPÁ
Engjavegi 6, 104 Reykjavík
Sími 580 2500 | www.lotto.is



Íslensk getspá er í eigu Íþróttá- og Ólympíusambands
Íslands, Öryrkjabandalagsins og Ungmennafélags Íslands.

Stjórn HSK 2016

**Formaður:**

Guðríður Aadnegard
Formaður frá 2010. Var ritari frá 2001–2010. Sat í varastjórn frá 2000–2001.

**Gjaldkeri:**

Guðmundur Jónasson
Gjaldkeri frá 2014. Sat í varastjórn frá 2012–2014.

**Ritari:**

Anný Ingimarsdóttir
Ritari frá 2016. Sat í varastjórn frá 2011–2016.

**Varaformaður:**

Helgi S. Haraldsson
Varaformaður frá 2016.
Var ritari stjórnar frá 2015–2016.

**Meðstjórnandi:**

Rut Stefánsdóttir
Meðstjórnandi frá 2016. Sat í varastjórn frá 2015–2016.

**Varamenn:**

Gestur Einarsson
Varamaður frá 2014.



Baldur Gauti Tryggvason
Varamaður frá 2016.

**Olga Bjarnadóttir**

Varamaður frá 2016.

**Framkvæmdastjóri:**

Engilbert Olgeirsson
Framkvæmdastjóri frá 1991.

Ársskýrsla 2016

Umsjón með útgáfu: Engilbert Olgeirsson
Prófararlestur: Anný Ingimarsdóttir, Baldur Gauti Tryggvason, Engilbert Olgeirsson, Helgi S. Haraldsson, Lís Thomsen, Olga Bjarnadóttir, Rut Stefánsdóttir, Þorgeir Vigfússon og Örn Guðnason.

Hönnun og umbrot: Guðmundur Karl Sigurdórsson

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja.

Myndir: Engilbert Olgeirsson og forystufólk í félögum, nefndum og ráðum HSK.

Upplag: 200 eintök

Myndir á forsiðu eru frá héraðsmótum í hinum ýmsu greinum 2016.



Keppendur í sleifarkeppni á héraðsþingi 2016.

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar:

- 4 Ávarp formanns
- 6 Ársreikningur
- 10 Verkefnasjóðsreikningur
Framlög úr héraði
- 11 Úthlutanir úr Verkefnasjóði HSK 2016
- 12 Kjör íþróttamanns HSK
Greinargerðir um íþróttamenn einstakra íþróttgreina
- 14 Sérverðlaun veitt á héraðsþingi
- 15 Gull- og silfurmerki HSK veitt árið 2016
Þakkar til þeirra sem styrktu starfsemina HSK frétir í Sunnlenska Heimasíða HSK
50 ár frá því ársskýrsla kom fyrst á prenti
Annað kynningarstarf

Fundur, þing og námskeið:

- 16 94. héraðsþing HSK
- 17 Stjórnfundur HSK
Fundað með forystu aðildar- og sveitarfélaga Sambandsráðsfundur Ungmennafélags Íslands
Formannafundur ÍSí
Þing sérsambanda
Felixnámskeið haldið á Selfossi
Ungmennaráðstefna UMFÍ á Selfossi
- 18 Norrænn fundur um fyrirtækjaíþróttir á Selfossi

Samstarfsverkefni:

- 18 Heildarstigatafla HSK
- 19 Félagsmiðstöðin Sel
Leikjanámskeið HSK
HSK mót í greinum sem ekki eru starfandi nefndir hjá HSK
Felixskýrslu þarf að skila fyrir sauðburð
- 20 Getraunastarf í héraði
Metár í Lottóinu 2016
Hótel Örk kostunaraðili HSK síðunnar í Sunnlenska
Fjölskyldan á fjallið
Fyrirmyndarfélag ÍSí
Hreyfivika UMFÍ
- 21 Líflaupið
HSK hlaut hvatningarverðlaun UMFÍ 2016
Guðni á Þverlæk hlaut umhverfisverðlaun UMFÍ

Ýmsar upplýsingar:

- 22 Lög HSK
- 23 Aðildarfélag og formenn félaga
- 24 Gull- og silfurmerki HSK
Skipting iðkenda eftir greinum
- 25 Stærð félaga og tekjur af lottói og getraunanúmer félaga
- 26 Íþróttaiðkendar félaga
- 27 Íþróttamaður HSK frá upphafi
- 28 Matmenn HSK
Sleifarhafar HSK
- 29 Fréttapunktur frá ÍSí
- 31 Fréttapunktur frá UMFÍ
- 33 Ferðasjóður íþróttafélaga
Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ
- 34 Umhverfissjóður UMFÍ
Íþróttasjóður ríkisins
Umf. Njalli vikið úr HSK

Skýrslur nefnda skipaðar af stjórn:

- 35 Kjörnefnd HSK
Valnefnd vegna kjörs á Íþróttamanni HSK
Unglingalandsmótsnefnd HSK
- 36 Ungmennaráð HSK
- 37 Framkvæmdanefnd Landsmóts UMFÍ 50+ 2017
Framkvæmdanefnd Unglingalandsmóts UMFÍ 2018

Skýrslur nefnda og ráða:

- 38 Almenningsíþróttanefnd
Badmintonnefnd
Blaknefnd
- 39 Borðtennisnefnd
Briddsnefnd
Fimleikanefnd
Frjálsíþróttaráð
- 42 Glimuráð
- 45 Golfnefnd
Handknattleiksnefnd
Hestaíþróttanefnd
Íþróttanefnd eldri félagsmanna hjá HSK
- 46 Íþróttanefnd fatlaðra
Knattspyrnufélag Rangæinga
Körfuknattleiksnefnd
Skáknefnd
- 47 Starfsíþróttanefnd
Sundnefnd
Sögu- og minjanefnd
- 48 Svipmyndir úr starfinu

Skýrslur aðildarfélaga:

- 50 Golfklúbbur Ásatúns
Golfklúbburinn Dalbúi
Golfklúbburinn Flúðir
- 51 Golfklúbburinn Geysir
Golfklúbbur Hellu
- 52 Golfklúbbur Hveragerðis
- 53 Golfklúbbur Kjöðabergs
Hestamannafélagið Geysir
Hestamannafélagið Háfeti
- 54 Golfklúbburinn Tuðdi
Golfklúbburinn Úthlið
- 55 Golfklúbbur Þorlákshafnar
Golfklúbburinn Þverá
Golfklúbbur Öndverðarness
Hestamannafélagið Geysir
Hestamannafélagið Háfeti
- 56 Hestamannafélagið Logi
Hestamannafélagið Sleipnir
- 57 Hestamannafélagið Trausti
Íþróttafélagið Dimon
- 58 Íþróttafélagið Garpur
Íþróttafélagið Gnýr
- 59 Íþróttafélagið Hamar
- 60 Íþróttafélagið Milan
Íþróttafélagið Mímír
Knattspyrnufélag Árborgar
- 61 Knattspyrnufélag Rangæinga
Knattspyrnufélagið Ægir
- 62 Körfuknattleiksfélag FSu
- 63 Lyftingafélagið Hengill
Skotfélagið Skyttur
Torfærklúbbur Suðurlands
- 64 UBH
Umf. Biskupstungna
Umf. Framtíðin
- 65 Umf. Gnúpverja
Umf. Hekla
- 66 Umf. Hrunamanna
Umf. Hvöt
- 67 Umf. Ingólfur
Umf. Laugdæla
Umf. Merkihvöll
Umf. Selfoss
- 68 Umf. Skeiðamanna
- 69 Umf. Stokkseyrar
Umf. Trausti
Umf. Þjóntandi
- 70 Umf. Þór
Umf. Þörmörk
Félög sem skiluðu ekki skýrslu

Skýrsla stjórnar:

Ávarp formanns HSK

Öflugt íþróttastarf er í boði á sambandssvæði HSK og iðar landsfjórðungurinn af lífi hvern dag. Víða má sjá heilbrigðar sálir í hraustum líkama taka á, spennu og brenna sem mest þær mega. Hér býr fólk sem með sanni má segja að hugsi vel um heilsuna. Án efa verður ársins 2016 minnst sem íþróttarársins mikla en á árinu unnust margir frægir sigrar á landsvísu og þá ekki síður heimsvísu og að sjálfsgöðu áttum við Skarphéðinsmenn okkar fulltrúa í glæstum sigrum.

Gildi íþróttar á æskuárunum?

Einstaklingurinn er skapaður til að hreyfa sig og þarf að nota líkamann til að þroskast og dafna. Forsenda góðrar heilsu er markviss hreyfing en hún hefur einnig mikil áhrif á starfshæfni og vellíðan. Að fólk stundi íþróttir er af hinu góða, hver svo sem ástæðan var fyrir því að það hóf þá iðkun. Fjöldi íslenskra rannsókna hafa leitt í ljós, með óyggjandi hætti, sterk tengsl milli íþróttaiðkunar ungmenna og fjölmargra annarra þátta í lífi þeirra. Þannig vitum við að markviss þátttaka í íþróttum er fyrirbyggjandi varðandi neyslu fíkniefna og ýmsu er tengist líðan ungs fólks. Unglingar sem taka þátt í íþróttum neyta síður vímuegja og flestir eru betur á sig komnir líkamlega og andlega. Þeir ná betri árangri í skóla og hafa jákvæðari viðhorf til skólans. Í könnunum hefur komið fram að þeir hafa meira sjálfstraust og þjáast síður af þunglyndi og streitu heldur en þeir sem iðka íþróttir í minna mæli. Það er ekki spurning um að fyrirmyndir úr íþróttahéminum virka hvetjandi á stráka og stelpur til að hefja íþróttaiðkun. Ef vel gengur hjá landsliðum okkar í boltagreinum þá verðum við oft vör við aukinn áhuga fyrir greininni hjá börnum og ungmönnum. Margir hafa haldið því fram að aukin áhersla á keppnisíþróttir þýði minni áherslu á íþróttir fyrir almenning en sú skoðun á ekki við rök að stýðjast. Hvers konar íþróttir einstaklingurinn iðkar er hverjum í sjálfvald sett og afar misjafnt hversu langt viðkomandi nær í sinni grein.

Skapa þarf góð skilyrði til hollrar tómsundaiðkunar

Á Suðurlandi hefur verið lögð áhersla á að tryggja ungu fólki góð skilyrði til heilbrigðra frístundaiðkunar. Hér í kjördæminu hafa stjórnvöld lagt metnað sinn í að byggja upp góðar aðstæður og hér búum við íbúarnir í flestum sveitarfélögum við kjöraðstæður til íþróttar og tómsundastarfs og fyrir það ber að þakka.

Okkur ætti öllum að vera ljóst að góð heilsa þjóðarinnar og þá ekki síst barna og ungmenna er þjóðarauðlind sem seint verður metin til fjár. Í dag eru blikur á lofti varðandi heilsu ungmenna og benda ýmsar rannsóknir til þess að ýmsir kvillar og sjúkdómar séu að aukast meðal yngra fólks. Sumir fullyrða að í allmörgum tilfellum megi rekja þessa vágesti til hreyfingarleysis og annarra lífsvenja í lífi ungmenna. Á síðustu áratugum hafa þjóðfélagsbreytingar leitt til hreyfingarleysis sem getur leitt til þess að hjarta og blóðrásarkerfið veikist sem og stoðkerfið og hætta á að álagsmeiðsli geri vart við sig. Helstu afleiðingar skorts á hreyfingu koma oftast fram hjá börnum og ungmönnum í lélegri samhæfingu, stíðleika, litlu úthaldi og óæskilegri líkamsreiss og þyngd. Þó svo að flest ungmenni á Suðurlandi lífi heilbrigðu lífi og hreyfi sig reglulega eru þessar breyttu lífsvenjur og þ.m.t. hreyfingarleysi án efa vandamál sem við þurfum öll að vera meðvitúð um og bregðast við eftir þörfum.



Það var létt yfir formanninum á Sambandsráðsfundi UMFÍ.

Unglingalandsmót UMFÍ

Við erum vonandi öll sammála um mikilvægi öflugs íþróttastarfs fyrir alla. Það hefur löngum verið vitað að íþróttir eru vel til þess fallnar að efla félags-, tilfinninga- og siðgæðisþroska barna og ungmenna. Leikir og ekki síður samvinnuverkefni gera þá kröfu til einstaklingsins að hann temji sér aga og tillitsemi. Í gegnum íþróttir lærir einstaklingurinn að vinna með öðrum og hvetja félagana sína til dáða og ýmis verkefni eða leikir verða ekki leystir af hendi nema með sameiginlegu og samstilltu átaki. Unglingalandsmót UMFÍ eru sniðin að þessum þáttum og því frábær mót. Hefur HSK ávallt lagt ríka áherslu og metnað í öflugum þátttöku af sambandsvæðinu.

Unglingalandsmót UMFÍ eru vímulaus íþróttar- og fjölskylduhætti sem haldin er árlega og ætíð um verslunarmannahelgina. Mótin eru haldin á mismunandi stöðum og sl. ár var mótið haldið í Borgarnesi. Árangur keppenda nú sem endranær var góður og lögðu allir sitt lóð á vogarskálarnar til þess að mótið gengi sem best. Mótin hafa fyrir löngu sannað gildi sitt og þá ekki síður sú ákvörðun að halda Unglingalandsmót um verslunarmannahelgi. Fátt er skemmtilegra þá helgi en að hlúa að heilbrigðu lífinni, vera í góðum félagskap og ekki skemmir fyrir ef sólin lætur sjá sig, varla er hægt að biðja um meira.

Sem fyrr styrkti Arion banki HSK og Ungmennafélag Laugdæla lánaði samkomutjald og fyrir það ber að þakka. Á mótssetningu 2015 var tilkynnt að HSK og Sveitarfélaginu Ölfus hefði verið úthlutað Unglingalandsmóti 2018. Undirbúningur er þegar hafinn og er ég ekki í nokkrum vafa um að mótið verður vel framkvæmt og glæsilegt og öllum sem að því koma til mikils sóma.

Landsmót UMFÍ 50+

Landsmót UMFÍ 50+ var haldið á Ísafirði 10.–12. júní 2016. Mótið heppnaðist mjög vel og er óhætt að segja að einmuna veðurbliða hafi verið alla mótsdagana og skemmtu keppendur sér vel. Keppni gekk allajafna mjög vel og stóðust tímasetningar að mestu. Félagsegu hliðinni var einnig gerð góð skil og voru keppendur mjög ánægðir með þá nýbreytni að bæði á föstudags- og laugardagskvöldi voru samkomur í Edinborgarhúsinu þar sem fullt var út úr dyrum bæði kvöldin.

Næsta landsmót UMFÍ 50+ verður haldið á okkar

sambandsvæði 23.–24. júní 2017 í Hveragerði. Undirbúningur gengur mjög vel og er búið að manna allar sérgreinastöður. Keppnisgreinar verða fjölbreyttar líkt og tíðkast á landsmótum UMFÍ. Við þurfum fjölmenna sveit sjálfbodaðliða með okkur við mótahaldið svo framkvæmdin gangi snurðulaust fyrir sig. Mót sem þetta er ekki framkvæmanlegt nema til komi samvinna margra og því hvet ég alla sem tók hafa á að koma og vinna með okkur landsmótshelgina.

Sýnum karakter

Ráðstefnan, Sýnum karakter, fór fram laugardaginn 1. október 2016. Ráðstefnan og verkefnið er samstarfsverkefni ÍSÍ og UMFÍ og hefur verið unnið að því lengi. Íþróttafólk og þjálfarar héldu erindi um ýmsar hliðar þjálfunar og síðan voru fjórlegar umræður í pallborði með þátttöku ráðstefnugesta. Ég er sannfærð um að þetta verkefni á eftir að nýtast íþróttahreyfingunni mjög vel og ætti að auðvelda okkur öllum sem í hreyfingunni starfa vinnu okkar. Verkefnið er algjör nýjung í þjálfaramálum á Íslandi og nýttist að mínu mati í allri vinnu með börnum og ungmönnum.

„Árangur í íþróttum snýst ekki aðeins um líkamlega getu. Hann snýst líka um það að leikmenn þurfa að hafa gott hugarfar og vera góðir líðsmenn. Með markvissri þjálfun karaktera í börnum og ungmönnum þá styrkjum við þau fyrir lífið, þátttöku í samfélaginu og aukum líka möguleika þeirra inni á íþróttavellinum,” segir Viðar Halldórsson, lektor í félagsfræði við Háskóla Íslands.

Viðar hefur þróað leiðarvísi fyrir þjálfara til að hlúa að og efla andlega og félagslega þætti hjá börnum og ungmönnum. Hann telur jafnframt að hægt sé að styrkja leiðtogaþæfni barna. Viðar segir mikla áherslu hafa verið lagða í þjálfun á líkamlegri færni og tækni og jafnvel sé búið að festa það í námskrám íþróttafélaga hvað eigi að læra og á hvaða ári. Þjálfun í hugarfari og félagsþæfni sé hins vegar mjög tilviljanakennd. Að hans mati er hægt að þjálfva og styrkja leiðtogaþæfni eins og stökkkraft. Ef það sé gert með markvissum hætti þá náum við meiri árangri og með því sé íþróttahreyfingin bæði að sinna uppeldis- og afreksþáttum starfsins.

Dr. Hafrún Kristjánsdóttir segir um verkefnið að hversu vel tekst til í þjálfun barna og unglunga mælist

ekki einungis í hversu langt þau stökkva, hratt þau hlaupa eða hversu marga leiki þau vinna. „Ef tekst að þjálfara upp andlega sterka einstaklinga sem eru öflugir félagslega hefur stærsti sigurinn unnist“, segir hún.

Við getum spurt okkur: „Hvernig notar þú orðin þín?“ Löngum hefur verið vitað að mikill máttur býr í orðum sem við mælum. Ungir hlustendur grípa oft hvert orð og blæbrigði tilfinninga sem orðunum fylgja. Gott sé því að æfa hvernig við ræðum við iðkendur og börnin okkar. Hentugt geti verið fyrir þjálfara að hugsa hvernig eigi að orða upphaf æfinga og niðurlag. Velta fyrir sér hvaða hvatningarorð er best að nota og gagnlegt getur verið að vera með fjölbreytni í hvatningu. Það að veita leiðsögn án boða og banna geti reynst snúð. Á síðunni www.synumkarakter.is er hægt að fræðast meira um verkefnið svo lítið dæmi sé tekið af því frábæra efni sem þar er að finna.

Það væri verðugt verkefni á næstu mánuðum fyrir HSK að hvetja sambandsaðila til þess að innleiða verkefnið Synum karakter inn í starfsemi félaganna.

Afreksíþróttir

Afar ánægjulegur atburður átti sér stað í sumar þegar Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands undirrituðu tímamótasamning til næstu þriggja ára um stóraukið fjárframlag ríkisins til afreksíþróttá á Íslandi. Við undirritunina kom fram að framlagið mun hækka í áföngum úr 100 milljónum á fjárlögum síðasta árs í 400 milljónir á næstu þremur árum og er því um fjórföldun í Afreksjóð ÍSÍ að ræða og fyrir það ber að þakka. Eins og áður hefur komið fram á þingum okkar hefur ÍSÍ haft úr litlum fjármunum að spila varðandi afreksstarfið. Með auknu fjármagni verður gjörbreyting á öllu íþróttastarfi í landinu. Það er hreint með ólíkindum hversu góðum árangri íslenskir íþróttamenn hafa náð fram að þessu miðað við þá umgjörð sem þeim hefur verið sköpuð. Lengi hefur verið vitað að auka þyrfti fjármagn í afreksstarfið og því er afar ánægjulegt að verða vitni að því að ríkisvaldi hefur nú öðlast trú á því að árangur í íþróttum skipti þjóðina máli og til þess að tryggja okkur áfram meðal þeirra bestu þarf fjármagn.

Síðastliðið haust skipaði svo framkvæmdastjórn ÍSÍ vinnuhóp til að endurskoða reglur Afreksjóðs ÍSÍ í framhaldi af undirritun samnings ÍSÍ við ríkisvaldið um stóraukið framlag til afreksíþróttastarfs og er stefnt að því að hópurnir skili endanlegum tillögum 1. mars 2017.

Fundir og þing

Fulltrúar HSK sóttu hefðbundna fundi, sem haldnir voru á vegum UMFÍ og ÍSÍ á liðnu starfsári sem og aðra viðburði á þeirra vegum.

Formaður HSK sótti 80 ára afmælishátíð Umf. Selfoss 28. maí 2016.

Formaður og framkvæmdastjóri HSK sóttu Sambandsráðsfund UMFÍ sem haldinn var á Laugum í Sælingsdal 15. október 2016. Drög að stefnumörkun fyrir UMFÍ voru kynnt á fundinum og rædd í vinnuhópum. Á fundinum var samþykkt tillaga að veita stjórn UMFÍ umboð til að vinna áfram að undirbúningi að stofnun lýðhaskóla. Síðast en ekki síst má geta þess að HSK voru veitt hvatningaverðlaun UMFÍ fyrir frábært starf frjálsíþróttaráðs HSK.

Árlegur Formannafundur ÍSÍ var haldinn föstudaginn 11. nóvember 2016 í Laugardalshöllinni. Fundurinn er upplýsingafundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ og formanna sérsambanda, héraðssambanda og íþróttabandalaga, þar sem framkvæmdastjórn ÍSÍ gefur skýrslu um starfsemi ÍSÍ og verkefni á milli þinga. Á fundinum mar m.a. farið yfir reikning ÍSÍ og uppgjör



Skrið undir samning um framkvæmd landsmóts 50+ í Hveragerði 2017.



Formaður og framkvæmdastjóri í hófi ÍSÍ þar sem val á íþróttakomum og íþróttakörlum ársins var tilkynnt.

Smáþjóðaleikanna 2015. Formaður vinnuhóps ÍSÍ um afreksmál, Stefán Konráðsson, flutti áfangskýrslu vinnuhópsins. Síðan var fundamönnum skipt upp í þrjá vinnuhópa til að vinna verkefni sem vinnuhópur Stefáns setti fram og mun nýtast í þeirri vinnu sem framundan er varðandi afreksmálefni ÍSÍ. Á fundinum var einnig kynning á uppfærslum á Felix, félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ, og á verkefni ÍSÍ og UMFÍ, „Synum karakter“.

Á Alþjóðadegi sjálfbóðaliðans 5. desember 2016 bauð Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, fulltrúum sambandsaðila og aðildarfélaga Ungmennafélags Íslands í heimsókn á Bessastaði og þáði stjórn HSK boðið með þökkum.

Formaður og framkvæmdastjóri HSK þáðu boð Samtaka íþróttaféttamanna og ÍSÍ í tengslum við kjör Íþróttamanns ársins 2016. Hófið fór fram í Silfurbergi, Hörpu 29. desember 2016.

Ýmis verkefni

Sem fyrr hafa HSK félagar tekið þátt í fjölmörgum verkefnum ÍSÍ og UMFÍ og ber þar helst að telja: Fjölskyldan á fjallið, Hjólað í vinnuna, Göngum í skólann, Forvarnardagurinn og Flott án fíknar. Frjálsíþróttaskóli UMFÍ var haldinn á Selfossi dagana 12.–16. júní. Þetta var í áttunda skipti sem skólinn er haldinn hér á okkar svæði fyrir ungmenni á aldrinum 11–15 ára og hefur þátttaka sjaldan verið meiri. Hreyfivika UMFÍ stóð yfir 23.–29. maí 2016. Hreyfivika UMFÍ er árleg lýðheilsuferð. Markmið vikunnar er að kynna kosti þess að taka þátt í hreyfingu og

íþróttum. Börn eiga að hreyfa sig að lágmarki 60 mínútur daglega og fullorðnir í 30 mínútur.

Stjórn HSK hélt áfram þeirri vegferð að funda á heimaslóðum sambandsaðila. Fundirnir eru hugsaðir sem samráðs- og upplýsingafundir félaganna og stjórnar HSK. Tvo slíka fundi héldum við á liðnu starfsári á sambandssvæðinu, annan í Þingborg og hinn á Hvolsvelli. Á þessum fundum kynnti stjórn HSK helstu verkefni sambandsins og fulltrúar félaganna kynntu starfsemi sinna félaga. Að mati stjórnar eru þetta gagnlegir fundir og gaman að kynnst starfsemi félaganna á þeirra heimaslóðum.

Lokaorð

Enn á ný gleðjumst við yfir góðum árangri íþróttastarfsins. Hér höfum við góða umgjörð, glæsileg íþróttamannvirki, vel menntaða þjálfara, áhugasama iðkendur og frábæra sjálfbóðaliða. Mikill metnaður felst í starfi félaganna og í uppbyggingu íþróttamannvirkja. Við þurfum að halda áfram á sömu braut, halda þeim stöðuleika sem sambandið hefur búið við í mörg undangengin ár.

Öflugum styrktaraðilum þökkum við þeirra ómetanlegu aðstoð. Bestu þakkir færi ég stjórnarmönnum í HSK, framkvæmdastjóra, nefndarfólki, sjálfbóðaliðum, keppendum/iðkendum og fjölskyldum þeirra fyrir þeirra framlag. Árið var frábært íþróttará, glæsilegir sigrar unnast, auknum fjármunum veitt inn í starfið.


Höldum áfram á sömu braut og gerum okkar góða starf enn betra.


Guðrður Aadnegard, formaður HSK

Ársreikningur HSK 2016

Meðfylgjandi er ársreikningur fyrir Héraðssambandið Skarphéðinn fyrir árið 2016. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi ársins 2016 og efnahagsreikningi hinn 31. desember 2016. Undirritaðir fyrir hönd Héraðssambandsins Skarphéðins, staðfesta hér með ársreikning þennan fyrir árið 2016 með undirskrift sinni.

Selfossi, 14. febrúar 2017,



Guðmundur Jónasson, gjaldkeri HSK


Engilbert Ólgeirsson, framkvæmdastjóri HSK

Við undirritaðir, kjörnir skoðunarmenn reikninga, höfum farið yfir fylgiskjöl og tölvuútskrift, efnahags- og rekstrarreikning fyrir árið 2015. Við sjáum ekki ástæðu til athugasemda og teljum reikninginn réttan.

Selfossi, 14. febrúar 2017,


Brynja Hjálmtýsdóttir


Bergur Guðmundsson

Rekstrarreikningur HSK 2016

	Skýr.	Rauntölur 2016	Áætlun 2016	Rauntölur 2015
REKSTRARTEKJUR				
Framlög og styrkir	1	30.461.562	25.794.000	26.468.417
Tekjur af mótum	2	221.100	285.000	284.300
Auglýsingatekjur	3	485.000	485.000	470.000
Aðrar tekjur	4	4.835.227	5.630.000	5.246.549
Rekstrartekjur alls		36.002.889	32.194.000	32.469.266
REKSTRARGJÖLD				
Laun og verktakagreiðslur	5	9.365.275	9.264.000	9.027.526
Fundir og þing	6	575.472	780.000	931.792
Áhöld og tæki	7	356.225	0	18.000
Þátttaka í mótum	8	0	0	0
Kostnaður v/mótahalds	9	137.582	250.000	181.388
Rekstur mannvirkja	10	500.000	500.000	500.000
Rekstur skrifstofu	11	711.563	810.000	805.332
Kynning, fræðsla og útbreiðsla	12	1.363.450	1.585.000	1.868.090
Önnur gjöld	13	22.793.880	19.295.000	19.950.944
Rekstrargjöld alls		35.803.447	32.484.000	33.283.072
Hagnaður án fjármagnsliða		199.442	-290.000	-813.806
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD				
Vaxtatekjur		665.466	450.000	497.317
Vaxtagjöld		0	0	0
Þjónustugjöld		-50.045	-70.000	-67.039
Fjármagnstekjuskattur		-133.817	-90.000	-99.458
Fjárm.tekjur og fjárm.gjöld alls		481.604	290.000	330.820
Hagnaður (tap) tímabilsins		681.046	0	-482.986

Efnahagsreikningur HSK 31. desember 2016

	2016	2015
EIGNIR		
FASTAFJÁRMUNIR		
Varanlegir rekstrarfjármunir (50% eignarhlutur í Selinu)	6.354.147	6.087.705
Fastafjármunir alls	6.354.147	6.087.705
VELTUFJÁRMUNIR		
Viðskiptakröfur	5.713	542.586
Handbært fé	12.011.933	10.794.014
Veltufjármunir alls	12.017.646	11.336.600
Eignir samtals	18.371.793	17.424.305
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ		
EIGIÐ FÉ		
Óráðstafað eigið fé	17.690.747	17.907.291
Tekjuafgangur ársins	681.046	-482.986
Eigið fé alls	18.371.793	17.424.305
LANGTÍMASKULDIR	0	0
SKAMMTÍMASKULDIR		
Viðskiptaskuldir	0	0
Skammtímaskuldir alls	0	0
Skuldir og eigið fé samtals	18.371.793	17.424.305

Skýringar á fjárhagsáætlun HSK

	Rauntölur 2016	Áætlun 2016	Rauntölur 2015
1. Framlög og styrkir			
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	2.026.548	1.750.000	1.755.716
Lottó	26.423.014	21.780.000	22.500.298
Getraunir	570.020	774.000	773.393
Framlag frá sveitarfélögum	1.441.980	1.490.000	1.439.010
Framlög og styrkir alls	30.461.562	25.794.000	26.468.417
2. Tekjur af mótum			
Þátttökugjöld	221.100	285.000	284.300
Landsmótshald			
Tekjur af mótum alls	221.100	285.000	284.300
3. Auglýsingatekjur			
Útgáfa	110.000	110.000	110.000
Heimasíða	100.000	100.000	100.000
Aðrar auglýsingatekjur	275.000	275.000	260.000
Auglýsingatekjur alls	485.000	485.000	470.000
4. Aðrar tekjur			
Skattar aðildarfélaga	3.014.566	3.200.000	3.157.544
HSK þing	337.500	300.000	297.500
Leikjanámskeið	720.000	500.000	460.000
Leigutekjur v/skrifstofu	100.000	200.000	200.000
Tekjur v/Unglingalandsmóts	487.700	680.000	386.700
Heimildarmynd um landsmót	0	500.000	500.000
Bóksala	6.213		2.032
Aðrar tekjur	169.248	250.000	242.773
Aðrar tekjur alls	4.835.227	5.630.000	5.246.549
5. Laun og verktakagreiðslur			
Laun starfsmanna	6.391.139	6.270.000	5.955.395
Tryggingagjald	617.031	608.000	608.012
Lífeyrissjóður	642.535	626.000	595.159
Laun alls	7.650.705	7.504.000	7.158.566
Bifreiða- og aðrir styrkir			
Bifreiðastyrkir starfsmanna	1.296.570	1.370.000	1.480.160
Dagpeningar	418.000	390.000	388.800
Bifreiða- og aðrir styrkir alls	1.714.570	1.760.000	1.868.960
Laun og verktakagreiðslur alls	9.365.275	9.264.000	9.027.526
6. Fundir og þing			
Stjórnarfundir	237.794	200.000	23.646
Þing ÍSÍ			0
Þing UMFÍ			294.100
Vorfundur UMFÍ	0	25.000	210.000
Þing HSK	325.660	370.000	346.913
Nefndafundir HSK	11.018	60.000	57.133
Sambandsráðsfundur UMFÍ	1.000	25.000	
Ungmennaráð HSK	0	100.000	
Fundir og þing alls	575.472	780.000	931.792

	Rauntölur 2016	Áætlun 2016	Rauntölur 2015
7. Áhöld og tæki			
Skrifstofuáhöld	356.225	0	18.000
Önnur áhöld	0	0	0
Áhöld og tæki alls	356.225	0	18.000
9. Kostnaður v/mótahalds			
Verðlaunapeningar	123.740	200.000	178.550
Húsa- eða vallarleiga	0	40.000	0
Annar kostnaður vegna mótahalds	13.842	10.000	2.838
Kostnaður v/mótahalds alls	137.582	250.000	181.388
10. Rekstur mannvirkja			
Selið	500.000	500.000	500.000
Rekstur mannvirkja alls	500.000	500.000	500.000
11. Rekstur skrifstofu			
Sími	235.457	320.000	324.896
Ritföng	64.241	40.000	37.864
Prentun	36.950	40.000	42.688
Póstkostnaður	6.527	35.000	33.213
Kaffikostnaður og risna	9.422	25.000	27.770
Tölvukostnaður	161.122	150.000	141.633
Annar skrifstofukostnaður	197.844	200.000	197.268
Rekstur skrifstofu alls	711.563	810.000	805.332
12. Kynning, fræðsla og útbreiðsla			
Útgáfa ársskýrslu	486.376	460.000	456.700
Heimasíða	224.609	100.000	386.972
Heimildarmynd um landsmót	0	500.000	500.000
Leikjanámskeið	652.465	525.000	524.418
Kynning, fræðsla og útbreiðsla alls	1.363.450	1.585.000	1.868.090
13. Önnur gjöld			
Lottógreiðslur til félaga	18.714.436	15.700.000	16.045.457
Unglingalandsmótsþátttaka	1.143.206	1.300.000	1.260.348
Þátttaka á landsmóti 50+	0	25.000	57.707
Verkefnasjóður HSK	2.769.136	2.100.000	2.323.705
Ýmis kostnaður	164.659	170.000	263.727
Afskriftir	2.443		
Önnur gjöld alls	22.793.880	19.295.000	19.950.944

Verkefnasjóður HSK

Rekstrarreikningur 2016

		31/12/16	31/12/15
Tekjur:			
Framlag HSK samkvæmt reglugerð	kr.	2.459.001	2.168.944
Tekjur vegna vanskila félaga	kr.	310.135	154.761
Vaxtatekjur	kr.	102.459	86.621
Ósóttir styrkir frá 2015	kr.	185.000	215.000
Tekjur alls:		3.056.595	2.625.326
Gjöld:			
Styrkir 2016, úthlutun sjóðsstjórnar	kr.	1.560.000	3.070.000
Fjármagnstekjuskattur	kr.	20.491	17.324
Gjöld alls:		1.580.491	3.087.324
Rekstarhagnaður (tap) ársins		1.476.104	-461.998

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

Eignir			
Í sjóði 31.12.2016	kr.	4.096.416	3.558.930
Eignir alls:		4.096.416	3.558.930
Skuldir og eigið fé :			
Eigið fé frá fyrra ári	kr.	2.475.312	2.937.310
Rekstrarhagnaður ársins	kr.	1.476.104	-461.998
Ógreiddir styrkir um áramót	kr.	145.000	1.055.000
Skuld við aðalsjóð HSK	kr.		28.618
Skuldir og eigið fé alls:		4.096.416	3.558.930

Framlög sveitarfélaga og héraðsnefnda 2016

Bein fjárfrelög sveitarfélaga og héraðsnefnda til HSK hafa haldist nánast óbreytt að krónutölu undanfarin ár og ekki fylgt verðlagsþróun eða íbúafjölgun.

Héraðsnefndir:	Íbúar*	Sótt um	Framlag	Framlag á íbúa
Héraðsnefnd Árnesinga	16.016	4.324.320 (270 kr. á íbúa)	1.064.000	66,43kr.

Héraðsnefnd Rangæinga hætti árið 2011 að veita styrki sem þessa á árinu, en benti sambandinu að sækja um framlag beint til sveitarfélaga í sýslunni og hefur það verið gert síðan.

Sveitarfélög:	Íbúar	Sótt um	Framlag	Framlag á íbúa
Rangárþing eystra	1.774	478.980 (270 kr. á íbúa)	159.660	90,00 kr.
Rangárþing ytra	1.526	412.020 (270 kr. á íbúa)	160.000	104,84 kr.
Ásahreppur	218	58.860 (270 kr. á íbúa)	58.320	267,52 kr.

*Íbúafjöldinn er samkvæmt tölum frá Hagstofunni 1. janúar 2016.

Greiðsla alls úr héraði 2016: 1.441.980

Úthlutanir úr Verkefnasjóði HSK 2016

Alls bárust 31 umsókn til sjóðsins í ár fyrir auglýstan frest. Forsendur úthlutunar eru svipaðar og í fyrra. Líkt og í fyrra eru veittir afreksstyrkir. Forsenda þess að einstaklingar hljóti þá er að viðkomandi hafi átt sæti í A-landslíði. Þá er rétt að geta þess að upphæð vegna menntunar þjálfara erlendis er hækkuð úr 20.000 í 30.000 kr. Í reglugerð um sjóðinn segir m.a. „Tilgangur sjóðsins er að styrkja félags- og íþróttastarf á sambandssvæði Héraðssambandsins Skarphéðins. Sjóðurinn veitir ekki styrki til mannvirkjagerðar. Að öðru leyti fer úthlutun úr sjóðnum eftir mati stjórnar sjóðsins.“

Við úthlutun tók sjóðsstjórn m.a. mið af eftirtöldum forsendum:

Val í landslið	35.000 kr. á einstakling
Menntun þjálfara, erlendis	30.000 kr. á einstakling
Menntun þjálfara og dómara, innanlands, en þó að hámarki	10.000 kr. á einstakling
Nýjungar í starfi/útbreiðsluverkefni	35.000 kr. á félag/nefnd/ráð
Námskeiðahald, 50 % af útlögðum kostnaði, en þó að hámarki	40.000 kr. á félag/nefnd/ráð
Afreksstyrkur, þar með talið landsliðsval (þarf að hafa verið valin/n í A-landslíði)	120.000 kr. á einstakling

Þessi viðmið eru í engu bindandi gagnvart áframhaldandi úthlutun, enda verður sjóðsstjórn að taka mið af fjölda umsókna og fjármagnsgetu sjóðsins hverju sinni.

Úthlutun 2016:

Umsækjandi	Heiti verkefnis	Úthlutun
Blakdeild Hamars	Krakkablað, nýjung í starfi	35.000
Blakdeild Hamars	Námskeiðahald, eitt námskeið	40.000
Fimleikadeild Hamars	Þjálfaranámskeið innanlands, sjö þátttakendur	70.000
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Þjálfaranámskeið innanlands, einn þátttakandi	10.000
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Þjálfaranámskeið innanlands, þrjú þátttakendur	30.000
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Námskeiðahald, eitt námskeið	40.000
Frjálsíþróttadeild UMF. Selfoss	A- landsliðsval og tveir afreksstyrkir	240.000
Glimuráð HSK	Landsliðsval, tveir einstaklingar	70.000
Golfklúbbur Selfoss	Þjálfaranámskeið erlendis, einn þátttakandi	30.000
Íþróttafélagið Garpur	Landsliðsval, einn einstaklingur	35.000
Knattspyrnudeild Selfoss	Dómaranámskeið innanlands, 25 þátttakendur	250.000
Knattspyrnudeild Selfoss	Þjálfaranámskeið innanlands, 21 þátttakandi	210.000
Knattspyrnudeild Selfoss	A- landsliðsval og tveir afreksstyrkir	240.000
Körfuknattleiksfélag FSu	Þjálfaranámskeið innanlands, einn þátttakandi	10.000
Körfuknattleiksfélag FSu	Körfuboltaskóli leikskólabarna, nýjung í starfi	35.000
Umf. Selfoss, handknattleiksdeild	Landsliðsval, einn einstaklingur	35.000
Umf. Þór, körfuknattleiksdeild	Landsliðsval, fjórir einstaklingar	140.000
Ungmennafélagið Þjótandi	Námskeiðahald, eitt námskeið	40.000
	Samtals	1.560.000



Handknattleiksdeild Umf. Selfoss fékk úthlutað úr Verkefnasjóði HSK vegna landsliðsmannsins Elvars Arnar Jónssonar.

Íþróttamaður HSK 2016

Líkt og undanfarin ár kaus fimm manna valnefnd íþróttamann HSK 2016 úr röðum þeirra sem tilnefndir voru af nefndum og ráðum sambandsins. Auk þeirra tilnefnir stjórn HSK íþróttamenn í sjö greinum, þar sem ekki er starfandi nefnd eða ráð.



Íþróttamaður HSK 2016

Fimleikamaður HSK 2016

Margrét Lúðvígsdóttir, Umf. Selfoss. Margrét hefur æft fimleika frá unga aldri með fimleikadeild Selfoss og náð miklum árangri innan greinarinnar. Margrét er mikil fyrirmynd fyrir yngri iðkendur deildarinnar og er hún jafnframt farin að miðla af sinni reynslu til þeirra sem þjálfari. Á síðasta keppnistímabili var Margrét algjör lykilmanneskja í blönduðu liði Selfoss. Hún keppti á öllum innlendu mótunum og sýndi þar mikla baráttu þegar liðið lenti í mótlæti og uppskar ríkulega með Íslands-, bikar- og deildarmeistaratitli.

Margrét keppti með landsliði Íslands á Evrópumóttinu sem fram fór í Slóveníu núna í haust. Liðið hafnaði í 3. sæti og var það í fyrsta skipti sem íslenskt lið í flokki blandaðra liða í flokki fullorðinna vinnur til verðlauna á Evrópumóti. Hún var valin fyrirliði liðsins fyrir mótið og keppti á öllum áhöldum, það er á trampolíni, dýnustökkum og gólfæfingum.

Blakmaður HSK 2016

Hilmar Sigurjónsson, Íþróttafélaginu Hamri.

Hilmar er öflugasti leikmaður félags innan HSK árið 2016. Hilmar sem leikur með liði Hamars er sterkur og fjölhæfur leikmaður auk þess að vera snjall og útsjónasamur þjálfari sem þjálfar karla- og kvennalið Laugdæla og Hamars sem öll hafa tekið miklum framförum undir hans stjórn.



Briddsmaður HSK 2016

Kristján Már Gunnarsson, Umf. Selfoss.

Kristján Már er briddgamaður HSK 2016, annað árið í röð. Kristján hefur um áratuga skeið verið í fremstu röð á Suðurlandi og á landsvísi en sumarið 2015 varð hann Norðurlandameistari í bridge. Árið 2016 stóð hann sig vel og vann m.a. Suðurlandsmótið í sveitakeppni, HSK-mótið í sveitakeppni og tók silfrið í Suðurlandsmóttinu í tvímenningi.



Frjálsíþróttamaður HSK 2016

Kristinn Þór Kristinsson, Umf. Selfoss.

Kristinn Þór keppti m.a. með landsliðinu á Meistaramóti smáþjóða á Möltu síðasta sumar. Hann er Íslandsmeistari í 800 m hlaupi utanhúss, bikarmeistari í 1500 m hlaupi og Íslandsmeistari í 5 km götuhlaupi. Auk þess sigraði hann í 800 m hlaupi á RIG leikunum. Kristinn Þór er burðarás í keppnislíði HSK í frjálsum íþróttum og er yngri iðkendum góð fyrirmynd innan vallar sem utan.



Golfmaður HSK 2016

Fannar Ingi Steingrímsson, Golfklúbbi Hveragerðis.

Fannar Ingi hóf árið með sigri á Junior Honda Classic í Florida. Hann stóð sig ágætlega á fleiri unglíngamótum erlendis og lék auk þess með unglíngalandsliði Íslands í Evrópukeppni landsliða í Tékklandi. Fannar Ingi tók þátt í tveimur mótum unglíngamótaraðar GSÍ hér heim og tryggði sér Íslandsmeistaratitilinn í holukeppni á Þorlákshafnarvelli í júní.



Akstursíþróttamaður HSK 2016

Snorri Þór Árnason, Torfærklúbbi Suðurlands.

Bíllinn sem hann ekur ber nafnið Kórdrengurinn. Snorri hefur átt stuttan en farsælan feril. Hann er fjórfaldur Íslandsmeistari, sigraði allar keppnir sumarsins og var því með fullt hús stiga. Snorri tók einnig þátt í Norður-Evrópumeistaramóttinu og torfærukeppni sem haldin var í Bandaríkjunum. Þær keppnir sigraði mjög örugglega.



Glímmaður HSK 2016

Marín Laufey Davíðsdóttir Umf. Þjótanda.

Marín Laufey átti góðu gengi að fagna á glímuvellinum árið 2016. Hún sigraði í Íslandsglímunni og hlaut þar með Freyjumenið í fjórða sinn. Marín Laufey keppti einnig á fjölmörgum alþjóðlegum mótum í keltneskum fangbrögðum þar sem hún var ávallt í verðlaunasæti og varð Evrópumeistari í backhold í apríl.



Badmintonmaður HSK 2016

Hrund Guðmundsdóttir, Íþróttafélaginu Hamri.

Hrund hefur tekið miklum framförum í íþróttagrein sinni og verið sigursæl á undanföllum árum. Hrund keppti í A-flokki fullorðinna og keppti aðallega í tvíliða- og tvenndarleik. Hún er efst á styrkleikalista Badmintonsambands Íslands í tvíliðaleik og í öðru sæti í tvenndarleik.



Handknattleiksmaður HSK 2016

Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir, Umf. Selfoss.

Hrafnhildur Hanna spilar sem leikstjórnandi og skytta í liði Selfoss sem spilar í efstu deild og endaði í 8. sæti á síðasta tímabili. Hrafnhildur Hanna er langmarkahæsti leikmaður efstu deildar. Hún er orðin fastamanneskja í A-landsliði Íslands og hefur spilað 20 landsleiki og skorað í þeim 47 mörk.



Borðtennismaður HSK og starfsíþróttamaður HSK voru ekki tilnefndir í ár.

Borðtennisnefnd vill ekki tilnefna krakka, sbr. stefnu hreyfingarinnar og starfsíþróttanefnd tilnefnir ekki starfsíþróttamann 2016.

Hestaíþróttamaður HSK 2016

Bjarni Bjarnason, Hestamannafélaginu Trausta.

Árangur Bjarna var framúrskarandi á árinu. Helstu afrek má nefna Íslands- og heimsmet í 250 m skeiði á afrekshryssunni Heru frá Þóroddsstöðum. Þau voru líka öflug í 100 m og 150 m skeiði en árangur þeirra í öllum skeiðgreinum er á heimsmeilíklarvaða. Bjarni sigraði eina grein í hinni firmasterku Meistaradeild á þessu ári eða í fljúgandi skeiði.



Lyftingamaður HSK 2016

Árni Rúnar Baldursson, Lyftingafélaginu Hengli.

Árni keppti á Íslandsmeistaramótinu þar sem hann hafnaði í 2. sæti í sínum þyngdarflokki og í 3. sæti í stigakeppninni með 104 kg snörun, 126 kg jafnhendingu og 305,8 Sinclair stig. Þá keppti hann á sumarmóti LSÍ þar sem hann snaraði 100 kg og jafnhenti 120 kg en þær lyftur gáfu honum 286,7 Sinclair stig. Með árangri sínum á Íslandsmótinu tryggði Árni sér sæti í landsliðshóp LSÍ.



Íþróttamaður fatlaðra 2016

Guðrún Hulda Sigurjónsdóttir, Íþróttafélaginu Suðra.

Hulda tók þátt í EM í frjálsum íþróttum fatlaðra þar sem hún lenti í 9. sæti í kúluvarpi. Hún setti fjórum sinnum Íslandsmet í sínum flokki í sleggjukasti og bætti sig um fimm metra. Einnig setti hún nokkur HSK-met á árinu. Hún setti Íslandsmet í flokki þroskahamlaðra kvenna í kraftlyftingum á Íslandsmóti Íþróttasambands fatlaðra.



Motocrossmaður HSK 2016

Gyða Dögg Heiðarsdóttir, Umf. Selfoss.

Gyða Dögg hefur stundað mótocrossæfingar í fimm ár og komist á verðlaunapall í flest öllum keppnum sem hún hefur tekið þátt í. Hún varði titilinn í sumar og varð krýnd Íslandsmeistari í kvennaflokki í mótocrossi auk þess að vera valin akstursökumaður ársins 2016 í kvennaflokki af MSÍ.



Júdómaður HSK 2016

Egill Blöndal, Umf. Selfoss.

Egill hefur lagt mikið á sig við æfingar og keppni og æft m.a. bæði í Japan og Frakklandi. Hann hefur keppt fyrir Íslands hönd með A landsliðinu og er Norðurlandameistari í -90 kg flokki. Hann hefur tekið þátt í mótum erlendis með góðum árangri.



Skákmaður HSK 2016

Björgvin Smári Guðmundsson, Umf. Heklu.

Björgvin Smári hefur leitt sveit Skákfélags Selfoss og nágrennis á Íslandsmótum með góðum árangri. Hann er fylginn sér sem skákmaður, er sterkur í öllum stöðum og að auki stórhættulegur þegar andstæðingar telja sig hafa haft hann undir. Þá getur hann sýnt af sér útsjónarsemi sem vandfundin er.



Knattspyrnumaður HSK 2016

Þorsteinn Daníel Þorsteinnsson Umf. Selfoss.

Þorsteinn vann sig upp úr erfiðum meiðslum árið 2016 og spilaði hvern einasta leik með liði Selfoss í Inkasso-deildinni. Þorsteinn var lykilleikmaður í liði Selfoss sem átti gott mót. Liðið sló t.a.m. bikarmet félagsins, en karlalið félagsins hefur ekki komist jafnt langt í bikarkeppni KSÍ. Þeir spiluðu undanúrslitaleik gegn Val á Jáverk-vellinum.



Skotíþróttamaður HSK 2016

Snorri Jón Valsson, Skotíþróttafélagi Suðurlands.

Snorri stundaði skotíþróttina af krafti síðasta sumar og náði þeim góða árangri að skjóta sig upp um tvo flokka og er því kominn í 1. flokk samkvæmt flokkakerfi STÍ.



Kraftlyftingamaður HSK 2016

Rósa Birgisdóttir, Umf. Stokkseyrar.

Rósa sigraði í sínum flokki á bikarmóti í klassískum kraftlyftingum og á Íslandsmeistaramóti unglinga og öldunga. Hún bætti Íslandsmetið í hnébeygju þrisvar sinnum bæði í opnum flokki og öldungaflokki. Einnig setti hún Íslandsmet í bekkpressu í opnum flokki og öldungaflokki. Að lokum tvíbætti hún metin í réttstöðulyftu í flokkunum tveimur og setti nýtt Íslandsmet í samanlögðum árangri.



Sundmaður HSK 2016

Kári Valgeirsson, Umf. Selfoss.

Á árinu 2016 vann Kári allar sínar greinar bæði á aldursflokkmótinu og héraðsmótinu. Hann var stigahæsti sundmaðurinn á aldursflokkmóti HSK þar sem hann hlaut 484 FINA stig fyrir 100 m skriðsund sem hann synti á tímanum 1.04,96 mín. Á héraðsmóti HSK vann Kári besta afrek mótsins en hann hlaut 459 FINA stig fyrir 50 metra skriðsund sem hann synti á tímanum 30,75 sek.



Körfuknattleiksmaður HSK 2016

Emil Karel Einarsson, Umf. Þór.

Emil átti glæsilegt körfuboltaár og var lykilleikmaður í meistaraflokki Þórs. Liðið náði frábærum árangri í bikarkeppni KKÍ á árinu 2016 en strákarnir léku í úrslitum á móti KR, en biðu lægri hlut gegn Íslandsmeisturunum. Í haust var leikur meistarameistaranna en þar léku þessi lið aftur. Þórsarar léku mjög vel og unnu sannfærandi sigur gegn tvöföldum meisturum KR.



Taekwondomaður HSK 2016

Ingibjörg Erla Grétarsdóttir, Umf. Selfoss.

Ingibjörg Erla varð Íslandsmeistari í bardaga í sínum flokki í tíunda skiptið í röð. Á mótum erlendis ber hæst brons á European University Games, 9. sæti á EM senior keppenda og 9. sæti á Presidents Cup G2. Einnig tók hún þátt í alþjóðlegum æfingabúðum á vegum team Nordic í Danmörku, Belgíu og Noregi.



Sérverðlaun veitt á héraðsþingi

Stigahæsta félag
Unglingabikar HSK
Foreldrarstarfsbikar HSK
Öðlingur ársins

Íþróttafélagið Dímon
Golfklúbbur Selfoss
Frjálsíþróttadeild Ungmennafélags Selfoss
Kjartan Lárusson, Umf. Laugdæla

Unglingabikar HSK 2016

Barna- og unglingastarf Golfklúbbs Selfoss var öflugt undanfarið ár. Félagið hlaut Hvatningarverðlaun íþrótt- og menningarnefndar Árborgar fyrir öflugt starf á undanförunum árum, þar sem meðal annars eru lögð mikil rækt við barna-, unglinga- og afrekskyllingastarf. GOS hefur langt mikla rækt við barna- og unglingastarf síðan 2010, en það ár var Hlynur Geir Hjartarson PGA golfkennari ráðinn sem golfkennari og framkvæmdarstjóri klúbbsins. GOS er fyrirmyndarfélag ÍSÍ.

Hjá GOS æfa um 30 börn og unglingar reglulega í hverri viku yfir vetrartímann. Þegar sumarið byrjar þá springur starfið út og mikill fjöldi krakka æfir golf hjá klúbbum. Golfklúbbur Selfoss gerði afrekssamninga við átta unga og efnilega kylfinga á ársfundi klúbbsins sem fram fór 8. desember 2016. Samningurinn fjallar um samstarf Golfklúbbs Selfoss og umræddra kylfinga. Framlag kylfinganna til golfklúbbsins er m.a. mætingaskylda á skipulagðar æfingar, hvort sem um ræðir golfæfingar, þrekæfingar, hugrækt, eða fyrirlestra sérfræðinga og mætingar á golfmót í samræmi við áætlun sem er samin er af golfkennara GOS og leikmanni. Keppniskylfingur skal ávallt vera til fyrirmyndar innan sem utan vallar, taka þátt í uppbyggingu barna og unglingastarfs GOS, neyta ekki tóbaks eða vímuefna, gæta að snyrtimennsku, taka þátt í starfi GOS, vera virkur meðlimur og sýna góðan félagsanda. Um er að ræða tímamótasamning sem gerir efnilegum kylfingum GOS enn frekar kleift að iðka sína íþrótt.

Golfklúbbur Selfoss er vel að því kominn að hljóta unglingabikar HSK árið 2016.

Foreldrarstarfsbikar HSK 2016

Á undanförunum árum hefur foreldrarstarf aukist verulega í starfi frjálsíþróttadeildar Umf. Selfoss. Foreldrar mæta á öll mót sem þarf að manna starfsmönnum, taka þátt í undirbúningi og framkvæmd kaffisölu á 17. júní, framkvæmd Brúarhlaups Selfoss og ýmiss annars sem þau eru beðin um að taka þátt í. Einnig hefur áhugi foreldra á að mæta með börnum sínum á þau mót sem þau taka þátt í aldrei verið meiri. Er verulega ánægjulegt að sjá og fylgjast með því. Stjórn deildarinnar er í dag öll mönnum foreldrum barna og unglinga sem æfa hjá deildinni, ásamt fulltrúa iðkenda. Áhugi og stuðningur foreldra við íþróttaiðkun barna sinna skiptir verulega miklu máli. Foreldrar barna og unglinga frjálsíþróttadeildarinnar eru því vel að því komnir að hljóta þessa viðurkenningu.

Öðlingur ársins 2016

Kjartan Lárusson Umf. Laugdæla er öðlingur ársins 2016. Hann hóf feril sinn í körfuknattleik 1970 og hefur keppt á um 20 héraðsmótum, landsmótum UMFÍ og á Íslandsmótum í körfuknattleik og varð m.a. Íslandsmeistari í 3. deild 1976. Kjartan keppti fyrst í blaki á fyrsta héraðsmóti 1974 og er en að keppa í því. Hann hefur keppt á mörgum Íslandsmótum og varð m.a. Íslandsmeistari í blaki í efstu deild 1979 og 1980 og bikarmeistari 1980. Þá varð hann



Golfklúbbur Selfoss gerði afrekssamninga við átta unga og efnilega kylfinga á ársfundi klúbbsins.



Kjartan öðlingur á héraðsþinginu á Selfossi 2016.

landsmótsmeistari í blaki á Selfossi 1978. Kjartan hefur auk þess orðið Íslandsmeistari í sveitaglímu, varð bikarmeistari í glímu 2001 og hefur unnið til verðlauna í Íslandsglímu og á Íslandsmeistaramóti og var skjaldarhafi Skarphéðins 1986 og 1987. Kjartan hefur einnig æft og keppt á héraðsmótum í frjálsum íþróttum, handknattleik, knattspyrnu, borðtennis, dráttavélaakstri og hrossadómum. Hann hefur keppt á um 85 héraðsmótum. Síðustu ár hefur hann keppt á Landsmóti UMFÍ 50+ m.a. í frjálsum íþróttum, sauðfjárdómum, blaki og ringó, og unnið til verðlauna í öllum greinum.



Sigríður Anna og Þuríður fengu silfurmerki HSK á héraðsþingi.

Gull- og silfurmerki HSK veitt árið 2016

Á héraðsþinginu á Selfossi 2016 voru veitt tveggj silfurmerki HSK og á 80 ára afmælishátíð Umf. Selfoss, sem haldin var 28. maí 2016, var veitt eitt gullmerki HSK.

Líkt og í síðustu ársskýrslum HSK er birt greinargerð um þá sem hljóta gullmerki og silfurmerki HSK.

Gullmerki: Svanur Ingvarsson

Svanur Ingvarsson á Selfossi hefur um áratugaskeið tekið virkan þátt í störfum hreyfingarinnar og þá sérstaklega fyrir HSK, Íþróttafélagið Suðra, Ungmennafélag Selfoss og Íþróttasamband fatlaðra.

Svanur hefur gegnt fjölmörgum trúnaðarstöfum fyrir þessi sambönd og félag. Hann var framkvæmdastjóri HSK í tæpt ár frá 1986–1987 og framkvæmdastjóri fyrstu Íþróttahátíðar HSK. Á þessum árum stóð hann vaktir á öllum Gaukshátíðunum og tók þátt í undirbúningi í þjórsárdal.

Svanur hefur átt sæti í fjöldamörgum nefndum fyrir HSK og íþróttahreyfinguna. Hann var formaður sundnefndar HSK í fjölmörg ár, sat í stjórn sunddeildar Umf. Selfoss og átti sæti í stjórn Sundsambands Íslands um tíma. Hann var formaður Suðra í mörg ár. Þá hefur hann setið í vetraríþróttanefnd Íþróttasambands fatlaðra frá stofnun hennar 1995. Hann hefur tekið þátt í starfi jólasveinapjónustu- og þrettándagleði Umf. Selfoss í 40 ár, þar af sem umboðsmaður í 25 ár og setið í nefndinni í um 35 ár, eða frá því hún var stofnuð.

Hann hefur verið sérgreinastjóri í sundi á Unglingalandsmóti UMFÍ, Landsmóti UMFÍ og Landsmóti UMFÍ 50+, samtals á sjö mótum bæði innan- og utan héraðs.

Svanur var afreksmaður í sundi og tók þátt í fjölda móta fyrir HSK og Umf. Selfoss. Svanur hefur verið þulur á nær öllum sundmótum HSK og Umf. Selfoss til margra ára. Þá hefur hann verið þulur á nokkrum frjálsíþróttamótum á Selfossvelli síðustu ár.

Eftir slys og fötlun í kjölfarið hóf hann að keppa í íþróttum á vettvangi ÍF og tók þátt í fjölmörgum mótum í nokkrum greinum með góðum árangri. Svanur keppti í sundi á Ólympíumóti fatlaðra í Barcelona 1992 og var fyrsti Íslendingurinn til að keppa á Vetrarólympíumóti fatlaðra þegar hann keppti í sleðastjaki á mótinu í Lillehammer 1994.

Silfurmerki: Sigríður Anna Guðjónsdóttir og Þuríður Ingvarsdóttir

Sigríður Anna og Þuríður hafa um árabíl tekið virkan þátt í störfum HSK, en þær eru báðar fyrrum landsliðskonur í frjálsíþróttum. Afrekskonur sem létu að sér kveða á landvísu og innan héraðs. Þær tóku m.a. þátt í fjölda landsmóta og bikarkeppna fyrir HSK. Of langt mál yrði að rekja afrek þeirra á keppnisvællum, en þess má geta að Sigríður setti Íslandsmet í þristökki árið 1997, sem stendur enn. Þær hafa komið að starfi frjálsíþróttaráðs HSK sem þjálfarar og starfsmenn móta og þar má sérstaklega nefna þeirra þátt í framkvæmd unglingsmóts og landsmóts UMFÍ á Selfossi árin 2012 og 2013. Þær hafa einnig tekið virkan þátt í störfum frjálsíþróttadeildar Umf. Selfoss sem þjálfarar og stjórnendur. Þuríður hefur um árabíl átt sæti í stjórn deildarinnar á Selfossi ásamt því að vera þjálfari hjá deildinni og Sigríður Anna hefur einnig verið þjálfari deildarinnar til margra ára og er nú yfirþjálfari deildarinnar.

HSK fréttir í Sunnlenska

HSK og Sunnlenska fréttablaðið hófu samstarf við að birta fréttir af vettvangi HSK á sérstakri síðu í blaðinu í byrjun árs árið 1999 og hefur þetta verið afar farsælt samstarf allar götur síðan. Nær vikulega hefur heilsíða verið helguð fréttum frá HSK. Þá hefur fréttum frá UMFÍ og ÍSÍ verið gerð góð skil, svo og fréttum frá aðildarfélögum sambandsins. Rétt er að geta þess að fréttum af árangri keppenda félaganna eru gerð góð skil á almennri íþróttasíðu í blaðinu. Síðurnar eru um 850 talsins og eru nú ómetanleg söguheimild um störf hreyfingarinnar á síðustu 16 árum. Forysta HSK þakkar eigendum og starfsfólki Sunnlenska fyrr og nú fyrir frábært samstarf.

Heimasíða HSK

Árið 2015 var útliti síðunnar breytt, en heimasíðan er einnig hönnuð fyrir spjaldtölvur og síma. Það var fyrirtækið Kubbar ehf. sem hannaði síðuna og sér um tæknilega aðstoð við viðhald hennar. Dvalarheimilið Ás í Hveragerði hefur mörg undanfarin ár tekið þátt í kostun síðunnar. Er forráðamönnum Áss þakkaður stuðningurinn við að halda úti öflugum fréttavef fyrir Héraðssambandið Skarphéðinn. Félagum og deildum er bent á að senda upplýsingar um viðburði sem framundan eru á hsk@hsk.is og verður þeirra þá getið á umræddu viðburðadagatali. Slóðin á síðuna er www.hsk.is.

50 ár frá því

ársskýrslan kom fyrst á prenti

Í ár eru 50 ár síðan fyrsta prentaða ársskýrsla sambandsins kom út á héraðsþingi árið 1966. Árið 2008 var ráðist í það verkefni að binda inn allar ársskýrslur sambandsins frá 1966 til 2008.



Á síðasta

ári voru ársskýrslur 2009–2014 bundnar inn og eru bækur með innbundnum ársskýrslum orðnar níu talsins.

Í ársskýrslum HSK er mikill sögulegur fróðleikur um íþrótt- og ungmennafélagsstarf í héraði. Nefndir og sérráð HSK og aðildarfélög senda Skarphéðni yfirlit yfir störf liðins árs og stjórn HSK gerir grein fyrir starfinu á árinu. Skýrslan í ár var gefin út í 250 eintökum og var hún send til aðildarfélaga HSK, nefndarformanna HSK, sveitarstjórna í Árnes- og Rangárvallasýslu, ÍSÍ og UMFÍ, auk þess sem allir fulltrúar og gestir á héraðsþinginu fengu eintak. Undanfarin ár hefur skýrslan verið prentuð og áhersla lögð á að hafa mikið af myndum úr starfinu.

Þinggerð var unnin af riturum þingsins og var send út með tölvupósti og sett á heimasíðu HSK. Úrslit héraðsmóta voru send út með tölvupósti og þau voru einnig birt á heimasíðu HSK.

Annað kynningarstarf

Stjórn og framkvæmdastjóri hafa auk þess kynnt starfsemi HSK á nokkrum aðalfundum aðildarfélaga HSK, aðalfundum sérráða HSK og nefndarfundum hjá HSK. Þá eru fréttir frá HSK sendar með tölvupósti til fjölda aðila einu sinni í viku.

Þakkar til þeirra sem styrktu starfsemina

Stjórn Héraðssambandsins þakkar þeim fjölmörgu aðilum sem styrktu Skarphéðinn á árinu með einum eða öðrum hætti. Hér er átt við styrki í formi beinna fjárframlaga, niðurfellingu á húsaleigu, mikla sjálfböðavinnu, kaup á verðlaunapeningum og bikurum, gefnar veitingar o.fl. Þessi stuðningur er Skarphéðni ómetanlegur og verður seint fullþakkaður.

Fundir, þing og ráðstefnur:

94. héraðsþing HSK

Í þessum hluta ársskýrslunnar verður greint frá nokkrum af þeim þingum, fundum og ráðstefnum sem HSK hefur staðið fyrir eða forystan hefur lótt. Listinn er ekki tæmandi.

94. héraðsþing HSK var haldið í Fjölbautaskóla Suðurlands á Selfossi, 12. mars 2016. Guðriður Aadnegard, formaður HSK, setti þingið kl. 9:30 og bauð þingfulltrúa og gesti velkomna. Formaður minntist látinna félagar frá síðasta þingi, þeirra Hafsteins Þorvaldssonar, Eggerts Haukdals og Páls B. Björnssonar. Áður en lengra var haldið í þingstörfum spilaði Þrándur Ingvarsson á pianó og Eyrún Huld Ingvarsdóttir spilaði á fíðlu viðundirleik Magneu Gunnarsdóttur fyrir þingfulltrúa og gesti. Þingforsetar voru kjörnir þeir Helgi S. Haraldsson og Sandra Dís Hafþórsdóttir, og þingritarar systkinin Svanur og Þuríður Ingvarsbörn. Gestir þingsins voru þeir: Guðmundur Kr. Jónsson, fyrrverandi formaður HSK, Björn B. Jónsson, fyrrverandi formaður HSK, Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ, Kristinn Óskar Grétuson, varastjórn UMFÍ, Líney R. Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri ÍSÍ og Kjartan Björnsson, formaður Íþrótt- og menningarnefndar Árborgar. Margir gestir áttu ekki heimangengt á þingið en báðu fyrir kveðju.



Ungt fólk á héraðsþingi 2016.

Skýrsla stjórnar

Guðriður Aadnegard, formaður HSK, flutti skýrslu stjórnar og fór yfir starf HSK á síðasta ári. Hún talaði um að mikið og öflugt starf væri á sambandsvæðinu, margir iðkendur væru í mörgum íþróttgreinum og öflugir þjálfarar að störfum. Sex einstaklingar af sambandsvæðinu voru kosnir íþróttamenn sinna sersambanda og er það gleðiefni. Guðriður gerði tvö mál að aðalefni í sinni ræðu: Kostnaður iðkenda á sambandsvæðinu við að stunda íþróttir og líðan íþróttafólks. Í máli hennar kom m.a. fram að foreldrar setja venjulega ekki fyrir sig kostnað við íþróttaiðkun enda sjá þau hag sinn í því að börn stundi íþróttir. Mörg sveitarfélög styðja við fjölskyldur til tómskundaiðkunar, mismikið á milli sveitarfélaga. Þrátt fyrir það eru þó nokkrir sem geta ekki tekið þátt vegna kostnaðar. Mikilvægt er að stuðningur við tómskundastarf verði meiri þannig að öll börn eigi tæk á að taka þátt. Börn innflytjenda og með sérþarfir sjást lítið. Leggja ber áherslu á að auka geðheilbrigði og andlega vellíðan ungs fólks, eitthvað er um að afleiðingar kvíða og andlegra veikinda sé ástæða dauðsfalla. Úrræði innan hreyfingarinnar við andlegum veikindum eru ekki nógu mikil, mikil pressa á árangur og áhyggjur vegna fátæksvandamála samhliða íþróttaiðkun t.d. afreksfólks. Að lokum færði Guðriður þakkir til allra innan HSK, iðkenda, sjálfbóðaliða, þjálfara, foreldra og annarra. Guðriður veitti síðan Sigríði Önnu Guðjónsdóttur og Þuríði Ingvarsdóttur silfurmerki HSK.

Guðmundur Jónasson, gjaldkeri HSK gerði grein fyrir reikningum ársins 2015. Rekstrartekjur voru 32.469.266 kr., rekstrargjöld 33.283.072 kr. og fjármagnstekjur 330.820 kr. Tap var 482.986 kr. Skuldir og eigið fé voru samtals 17.424.305 kr. Lottótekjur ársins voru 22.500.298 kr. og fór Guðmundur yfir hvernig lottótekjur eru ætlaðar til félaga. Helsta ástæða fyrir tapi upp á tæplega 500.000 er mikill fjöldi þátttakenda á Unglingalandsmót UMFÍ en allir þátttakendur HSK fengu gefins peysu.

Umráður um skýrslu stjórnar fóru fram og tóku fjórir til máls. Guðmundur Kr. Jónsson, lýsti yfir ánægju sinni með að vera kominn á HSK-þing og þakkaði hann stjórninni fyrir vel unnin störf og góða ársskýrslu. Fagnaði að fjárhagurinn er góður og lýsti ánægju með góða stöðu þó markmiðið sé alls ekki að reka gróðafyrirtæki. Fanney Ólafsdóttir, fulltrúi UMF. Vöku þakkaði skýrslu stjórnar og hvatti stjórnina



Guðmundur Jónasson var sæmdur silfurmerki ÍSÍ á héraðsþinginu.

til að gefa áfram peysur á Unglingalandsmótum þrátt fyrir halla á síðasta ári. Mikilvægt væri að hópurinn líti eins út og það skapi góða stemningu og búi til líðsheild. Engilbert Olgeirsson, tók undir orð Fanneyjar og sagði frá því að búið væri að panta peysur fyrir næsta mót þannig að peysurnar væru komnar til að vera. Ársskýrslan í ár er sú 50. sem gefin er út, en fyrsta ársskýrslan var gerð að frumkvæði Hafsteins Þorvaldssonar. Þróstur Guðnason, þakkaði góða skýrslu og aðhald stjórnar á lögum og reglum. Hans félag er komið með aðvörun og það veiti mikið aðhald í starfinu.

Undir liðnum ávörp gesta tóku til máls, Haukur Valtýsson, formaður UMFÍ fagnaði því hversu margir ungir væru á þinginu. Hann sagðist binda miklar vonir við nýjan framkvæmdastjóra UMFÍ og nýja stjórn. Hann sagði að unnið væri að aukinni samvinnu við samböndin úti á landi og þakkaði góða skýrslu. Verið er að vinna nýja stefnumótun og nýja heimasíðu fyrir UMFÍ. Að lokun veitti hann Stefáni Geirssyni og Baldri Gauta Tryggvassyni starfsmerki UMFÍ. Líney R. Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri ÍSÍ tók undir orð formanns HSK um geðheilbrigði og líðan íþróttafólks. Hún talaði um Smáþjóðaleikana sem haldnir voru á Íslandi sumarið 2016 og þakkaði sjálfbóðaliðum á HSK-svæðinu fyrir sín störf. Fyrirmyndafélögin halda sínu striki en nú verður tekið inn fyrirmyndarhéruð. Hún hvatti félög til að starfa eftir reglum og skilmálum hreyfingarinnar í hvívetna. Þá minnti

hún á heimasíðuna en þar er m.a. hægt að finna viðbragðsáætlanir við ýmsum óvæntum atburðum. Að lokun veitti hún Guðmundi Jónassyni, gjaldkera HSK og formanni Heklu, silfurmerki ÍSÍ. Kjartan Björnsson, formaður Íþrótt- og menningarnefndar Árborgar, sagðist hafa alist upp í íþróttum og félagsstarfi sem gerðu samfélaginu mikið gagn. Kristinn Óskar Grétuson, varastjórn UMFÍ, þakkaði pistil formanns HSK um geðheilbrigði og sagðist hafa mikla og víðtæka reynslu af þessum málum t.d. sem afreksmaður í íþróttum og þjálfari. Vettvangur íþróttanna væri góður til að taka á þessum málum.

Hádegisverður var síðan í boði Sveitarfélagsins Árborgar. Guðriður, formaður HSK, afhenti Söndru Dís Hafþórsdóttur, bæjarfulltrúa Sveitarfélagsins Árborgar, skjöld í þakklætis- og viðurkenningarskygni fyrir aðstöðuna til að halda 94. héraðsþing HSK í Fjölbautaskóla Suðurland á Selfossi.

Sleifarkeppnin hefur verið haldin frá 1966. Ragnar Sigurðsson sá um keppnina í ár í fjarveru vinkonu sinnar, Sigprúðar Harðardóttur, sem vann keppnina í fyrra. Sigurvegari Sleifarkeppinnar árið 2016 var Gyflí Þorkelsson og sér hann því um keppnina að ári. Eftir hádegisverðarhléu voru kjörbréfin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða. Einnig var ársreikningur borinn undir atkvæði og samþykktur samhljóða. Skipað var í nefndir og mælt fyrir tillögum og þeim vísað í nefndir og eftir það hófust nefndarstörf.

Í kaffihléi voru íþróttamönnum hveir greinar veittar viðurkenningar og lýst kjöri íþróttamanns HSK 2016, sem var Ragnar Nathanaelsson, kórufuknattleiksmaður frá Ungmennafélaginu Þór Þorlákshöfn. Öðlingur ársins var Guðmundur Kr. Jónsson UMF. Selfoss. Að loknum nefndarstörfum og afgreiðslu tillagna þingsins, var gengið til kosninga. Tillögur að nefndar- og stjórnarskipan HSK árið 2015 voru samþykktar samhljóða.

Góð mæting var á héraðsþing HSK þrátt fyrir leiðindaveður, en mjög hvasst var þennan dag. Guðriður formaður HSK þakkaði traustið sem henni var sýnt að vera áfram formaður. Hún afhenti Erni Guðnasyni og Helgu Kolbeinsdóttur blómvönd sem þakklætisvott fyrir vel unnin störf en þau gengu úr stjórn HSK. Að lokum þakkaði Guðriður fráfarandi nefndarmönnum, starfsmönnum þingsins og formönnum starfsnefnda þingsins fyrir þeirra störf. Þá óskaði hún öllum velfarnaðar og sleit 94. þingi HSK kl.16:07.

Fundað með forystu aðildar- og sveitarfélaga

Frá þinginu 2016 hefur stjórn HSK haldið þrjá fundi með forystufólki aðildarfélaga og sveitarfélaga á sambandsvæðinu. Í október var fundað á Hvolsvelli með forystufólki Rangárþings eystra og fulltrúum aðildarfélaga í sveitarfélaginu. Í nóvember var fundur í Þingborg með fulltrúum Þjótanda og Flóahrepps. Í janúar 2017 var svo fundur með fulltrúum Sveitarfélagsins Árborgar og voru aðildarfélögin í sveitarfélaginu einnig boðuð á fundinn. Á fundunum var starfsemi HSK kynnt, auk þess sem félögin kynntu starfsemi sína. Á fundunum gafst kærkomið tækifæri til að ræða við fulltrúa sveitarfélaganna um íþrótt- og æskulýðsstarf í héraði.

Sambandsráðsfundur UMFÍ

Sambandsráðsfundur UMFÍ var haldinn að Laugum í Sælingsdal 15. október 2016. Fulltrúar HSK á fundinum voru þau Guðriður Aadnegard og Engilbert Olgeirsson.

Á fundinum var lögð fram myndarleg skýrsla um starfsemina sem sýnir að starfsemi UMFÍ er öflug um þessar mundir. Fundarfólki gafst tækifæri á skoða húsakynninn á Laugum sem hýsa ungmenna- og tómstundabúðir UMFÍ. Nokkur óvissa er með framtíð búðanna, þar sem Dalabyggð hefur auglýst húskostinn á Laugum til sölu.

Árseikningur 2015 var lagður fram og samþykktur. Á síðustu sambandsráðsfundum hefur árseikningi verið vísað til sambandsþings, þar sem hann var ekki samþykktur einróma. Á fundinum kom fram almenn ánægja með störf og fjármál UMFÍ. Rekstartekjur voru rúmar 429 milljónir og rekstargjöld um 422 milljónir. Rekstarafkoman var því jákvæð um rúmar 6,4 milljónir og að teknu tilliti til hlutdeildar í afkomu Íslenskrar getspar var heildarafkoman jákvæð um 37 milljónir. Á fundinum var greint frá því að í ár hafi 30 milljónir verið greiddar inn á langtímalán, sem tekið var þegar húseignin í Sigtúni, sem hýsir höfuðstöðvar UMFÍ var keypt. Einu blikurnar í rekstri UMFÍ um þessar mundir, er verri afkoma á rekstri skrifstofu Evrópu unga fólksins, sem er tilkomin vegna gengisbreytinga.

Unnið hefur verið að stefnumörkun fyrir UMFÍ og drög að stefnu samtakana var lögð fram á fundinum og rædd í vinnuhópum. Í stefnunni eru settir fram níu áhersluflokkar sem snúa að innihaldi stefnunnar og vinnulaga.

Fjöldmagar tillögur voru samþykktar, sem flestar voru þakkar- og hvatningartillögur. Einnig var samþykkt tillaga að veita stjórn UMFÍ umboð til að



Fundarfólk á formannafundi ÍSÍ 2016.

vinna áfram að því að undirbúa mögulega stofnun lýðháskóla.

Í lok fundar voru kynnt helstu verkefni sem unnið er að um þessar mundir. Þar má nefna undirbúning fyrir Landsmót UMFÍ 50+, sem haldið verður í Hveragerði 23.–25. júní 2017 og Unglingalandsmót UMFÍ sem haldið verður á Egilsstöðum um næstu verslunarmannahelgi.

Formannafundur ÍSÍ

Árlegur Formannafundur ÍSÍ var haldinn föstudaginn 11. nóvember í Laugardalshöllinni. Fulltrúi HSK á fundinum var Guðriður Aadnegard formaður sambandsins.

Fundurinn er upplýsingafundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ og formanna sérsambanda, héraðssambanda og íþróttabandalaga, þar sem framkvæmdastjórn ÍSÍ gefur skýrslu um helstu þætti í starfsemi ÍSÍ og verkefni á milli þinga.

Eftir ávarp Lárusar L. Blöndal forseta ÍSÍ flutti Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSÍ skýrslu stjórnar og Gunnar Bragason gjaldkeri ÍSÍ fór yfir reikning ÍSÍ og uppgjör Smáþjóðaleikanna 2015.

Stefán Konráðsson formaður vinnuhóps ÍSÍ um afreksmál flutti áfangaskýrslu vinnuhópsins. Fundinum var síðan skipt upp í þrjá vinnuhópa til að

vinna verkefni sem vinnuhópur Stefáns setti fram og mun nýtast hópnum í þeirri vinnu sem framundan er.

Fundarmenn fengu kynningu á uppfærslum á Felix, félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ, og eins kynningu á verkefni ÍSÍ og UMFÍ, „Sýnum karakter“, sem finna má frekari upplýsingar um á vefsíðu verkefnisins, www.synumkarakter.is. Eins var gefin stutt stöðuskýrsla frá millipinganefnd ÍSÍ um samskiptamál.

Að loknum fundi bauð ÍSÍ fundargestum til kvöldverðar í Café Easy.

Þing sérsambanda

Fulltrúar frá Héraðssambandinu Skarphéðni sátu fjölmörg þing sérsambanda á árinu. Sambandið á fulltrúa í stjórnnum nokkurra sérsambanda. Tveir félagar úr röðum aðildarfélaga HSK eru formenn sérsambanda. Jason Ívarsson úr Umf. Samhygð er formaður Blaksambandsins og Ólafur Oddur Sigurðsson, glímukappi úr Umf. Laugdæla, er formaður Glímusambandsins.

Felixnámskeið haldið á Selfossi

Miðvikudaginn 17. febrúar 2016 bauðst aðildarfélögum HSK að fá stutta kynningu á Felix, skráningarkerfi íþróttahreyfingarinnar og einnig verður aðstoð við starfsskýrsluskil. Skv. lögum ÍSÍ er öllum félögum skylt að skila starfsskýrslu eigi síðar en 15. apríl ár hvert og eru félög hvött til að njóta sér þetta námskeið núna enda styttest í síðasta skiladag starfsskýrslna. Námskeiðið fór fram í Selinu og var félögum að kostnaðarlausu.

Ungmennaráðstefna UMFÍ á Selfossi

Ungmennaráðstefna UMFÍ, Ungt fólk og lýðræði, var haldin á Selfossi dagana 16.–18. mars 2016. Yfirheiti ráðstefnunnar var Niður með grímuna, geðheilbrigði ungmenna og fjallaði hún um stöðu geðheilbrigðismála barna og ungmenna á Íslandi í dag.

Þátttakendur ráðstefnunnar voru fulltrúar ungs fólks í sínum samfélögum og þekja vel til aðstæðna ungmenna á sínu heimasvæði auk þess að vera það sem mætti kalla sérfræðingar í málefnum ungmenna, verandi ungmenni sjálf.

Í ályktun sem samþykkt var á fundinum sagði meðal annars.

„Við viljum leggja áherslu á mikilvægi þess að bæta og auka fjármála-, kynja- og lýðræðisfræðslu á öllum skólastigum til þess að undirbúa börn og ungmenni

Stjórnarfundir HSK

Stjórn HSK fundaði átta sinnum á milli héraðsþinga og hér að neðan eru upplýsingar um dagsetningar stjórnarfunda og mætingar stjórnarmanna. Stjórnarfundurinn í október var haldinn á Hvolsvelli og fundurinn í nóvember í Þingborg. Aðrir stjórnarfundir voru haldnir á Selfossi. Formaður, gjaldkeri og ritari voru kosnir í framkvæmdastjórn á fundi stjórnar þann 4. apríl. Framkvæmdastjórnin fundaði ekki á starfsárinu. Fundargerðir stjórnar eru á www.hsk.is.

Mætingar á stjórnarfundum HSK 4. apríl 2016 – 27. febrúar 2017

	4/4	9/5	12/9	10/10	21/11	16/1	13/2	27/2
Guðriður	x	x	x	x	x	x	x	x
Guðmundur		x	x	x	x	x	x	x
Helgi	x	x	x		x	x	x	x
Anný	x			x	x	x	x	x
Rut	x	x	x		x	x	x	x
Gestur	x				x	x		
Baldur Gauti	x	x		x	x	x	x	x
Olga	x	x			x	x	x	
Engilbert	x	x	x	x	x	x	x	x

fyrir virka lýðræðisumræðu í samfélaginu. Ungt fólk hefur mikinn áhuga á málefnum líðandi stunda, bæði þeim málefnum sem að þeim snúa sérstaklega en ekki síður öllum öðrum málefnum samfélagsins.

Það er mikill vilji meðal ungmenna að taka virkan þátt í lýðræðinu en við upplifum fordóma vegna aldurs og meints reynsluleysis. Við viljum benda á að reynsla einstaklinga er mjög fjölbreytt og að ungt fólk býr margt yfir reynslu og upplifunum sem þeir sem eldri eru þekkja ekki.

Ungt fólk er ekki bara framtíðin, við erum til núna og höfum áhrif í dag. Biðtími eftir þjónustu í geðheilbrigðismálum barna og unglinga hefur náð hættustigi. Í dag eru hundruð barna og ungmenna sem hljóta skaða af þeim langa biðtíma sem úrræðaleysi stjórnvalda árum saman hefur valdið. Ef stjórnvöld eru ekki tilbúin til þess að setja málefni barna og ungmenna í forgang strax, þá mun það halda áfram að valda óafturkræfum skaða fyrir samfélagið allt."

Norrænn fundur um fyrirtækjaíþróttir á Selfossi

Norrænir fulltrúar sambanda um fyrirtækjaíþróttir funduðu á Selfossi dagana 30. september til 1. október 2016. Á Norðurlöndunum eru sér sambönd um fyrirtækjaíþróttir en hér á Íslandi eru þær undir Almenningsíþróttasviði ÍSÍ. Verkefnið Lífshlaupið og Hjólað í vinnuna eru dæmi um þau verkefni sem höfða til fyrirtækja og ÍSÍ á og sér um.

Á fundinum var staða almenningsíþróttar og íþróttar innan fyrirtækja rædd, hvaða verkefni væru í



Frá setningu ráðstefnunnar ungt fólk á lýðræði á Selfossi.

gangi í löndunum og kæmu vel út og hvaða verkefni væru ekki að virka. Öll Norðurlöndin áttu fulltrúa á fundinum. Fulltrúi Grænlands var sérstakur gestur á fundinum.

Fundargestir fóru í heimsókn á íþróttavallarsvæðið á Selfossi. Þar tóku á móti þeim

Gissur Jónsson, framkvæmdastjóri Umf. Selfoss, Bragi Bjarnason, íþróttfulltrúi Árborgar og Engilbert Olgeirsson, framkvæmdastjóri HSK. Þeir fóru yfir fyrirkomulag íþróttastarfs innan HSK, Umf. Selfoss og sveitarfélagsins og hvernig hefur tekist til.

Heildarstigatafla HSK 2016

Íþróttafélagið Dímon sigraði í heildarstigakeppni HSK fyrir árið 2016, líkt og tvö undanfarin ár. Dímon hlaut 166,5 stig, Selfoss varð í öðru sæti með 161 stig og Garpur varð í þriðja sæti með 108 stig.

Röð	Félagið 2016	Badminton, héraðsmót	Badminton, unglíngamót	Blak, héraðsmót karla	Blak, héraðsmót kvenna	Blak, héraðsmót drengja	Blak, héraðsmót stúlkna	Blak, héraðsmót karla	Blak, héraðsmót kvenna	Borðtennis, héraðsmót	Bridds, vinnmenningur	Bridds, sveitakeppni	Frisjísíþróttir, héraðsmót innanh.	Frisjísíþróttir, unglíngamót innanh.	Frisjísíþróttir, aldursflokkamót innanh	Frisjísíþróttir, héraðsmót utanh.	Frisjísíþróttir, unglíngamót utanh.	Frisjísíþróttir, aldursflokkamót utanh.	Glima, héraðsmót stúlkna	Glima, héraðsmót drengja	Glima, héraðsmót karla	Glima, héraðsmót kvenna	Íþróttir fátalaðra, héraðsmót	Judo, héraðsmót 11 - 14 ára	Skak, héraðsmót 16 ára og yngri	Skak, sveitakeppni	Starfsíþróttir, héraðsmót	Sund, aldursflokkamót	Sund, unglíngamót	Sund, héraðsmót	Taekwondo, héraðsmót 13 ára og eldri	Taekwondo, héraðsmót 12 ára og yr	stig samtals	
1.	Íþr.f. Dímon	8	8	6	4	10	10	4,5	10	3	4	8	5	2	7	4	5	10	10							7	8	8	8	9	8			166,5
2.	Umf. Selfoss			5							10	10	10	10	10	10	10							10		9	7	10	10	10	10	10		161
3.	Íþr.f. Garpur					9	9		9				9	6	7	6	9	7	9	8		10					10						108	
4.	Íþr.f. Hamar	10	10	9	10			9	10		8	9				1												9	9	9			103	
5.	Umf. Laugdæla			8	9			7	8				7	8	5	5	8	6	8														79	
6.	Umf. Þjótandi									3	8			4	4	4	6	2		7	10	9			9,5		6						72,5	
7.	Umf. Hunamanna			10	7			10	7			4		7	9	3	5	9															71	
8.	Umf. Hekla				4			4,5	8	3						6		4							9,5	10	9				9		67	
9.	Umf. Þór	9	9												9	8	8	7	8														58	
10.	Umf. Gnúpverja										3	4				9	3									8	8						35	
11.	Íþr.f. Suðri												6			2							10										18	
12.	Golfkl. Flúðir									9	7																						16	
13.	Umf. Biskupstungna														3		3		9														15	
14.	Umf. Eyrarbakka										7	6																					13	
15.	Umf. Eyfellingur								7																	5							12	
16.	Umf. Dagsbrún																									8							8	
17.	Umf. Baldur Hír.										3																						3	
17.	Umf. Hvöt										3																						3	
17.	Golfkl. Hveragerðis										3																						3	

Samstarfsverkefni:

Félagsmiðstöðin Sel 2016

Á síðasta ári sátu í húsnefnd Selsins eftirtaldir aðilar og skiptu þannig með sér verkum:

Árni Þorgilsson	frá HSK	formaður
Hjördís Leósdóttir	frá KS	gjaldkeri
Aldís Eyjólfsdóttir	SSK	ritari

Aðalfundur Selsins var haldinn 8. febrúar 2016 í Selinu. Engir formlegir stjórnarfundir voru haldnir á árinu, en stjórnarmenn ræða saman í síma ef og þegar ástæða þykir til. Framkvæmdastjóri HSK hefur séð um útleigu á salnum, hvort sem það er fyrir aðstöðu til lengri tíma eða litla kvöldfundi og skráir auk þess alla fundi og námskeið á vegum eignaraðila. Framkvæmdir voru ekki miklar á árinu, innanhúss stöð til að endurnýja gólfefni, en því var frestað til 2017.

Kvenfélögin innan SSK hafa skipst á að sjá um allsherjarþrif á eldhúsinu einu sinni á ári og halda áhaldaskrár yfir alla innanstokksmuni í eldhúsinu.

Húsnefnd Selsins þakkar öllum notendum Selsins samstarfið, sem og öðrum er komið hafa að rekstri þess og aðhlyningu á síðastliðnu ári.

Árni Þorgilsson

Leikjanámskeið HSK 2016

Leikjanámskeið HSK voru haldin á sex stöðum á sambandsvæðinu, sumarið 2016. Hvert námskeið stóð yfir í níu daga og tvær og hálf klst. í senn. Námskeiðin voru ætluð börnum á aldrinum 6–12 ára. Guðni Sighvatsson, Emelía Jónsdóttir, Hallbera Gunnarsdóttir og Ingibjörg Markúsdóttir sáu um að kenna á námskeiðunum.

Mikil áhersla var lögð á að kenna leiki og sem flestar íþróttgreinar á námskeiðunum, svo sem knattspyrnu, frjálstar íþróttir, hjólreiðar, sund, gönguferðir, körfuknattleik og alls kyns prautir.

Námskeiðin sem haldin voru:

6.–16. júní kl. 9:00–11:30	
Laugaland	(Íþr.f. Garpur.)
6.–16. júní kl. 13:00–15:30	
Þykkvibær	(Umf. Framt.)
13.–24. júní kl. 9:00–11:30	
Reykholt	(Umf. Bisk.)



Þátttakendur á leikjanámskeiði HSK á Laugalandi.

13.–24. júní kl. 12:30–15:00

Brautarholt (Umf. Skeið.)

13.–24. júní kl. 9:00–11:30

Laugarvatn (Umf. Laugd.)

13.–24. júní kl. kl. 13:00–15:30

Borg (Umf. Hvöt)

Kennt var virka daga á þessu tímabili, en frí 17. júní.

Felixskýrslu þarf að skila fyrir sauðburð!

Samkvæmt 8. grein í lögum ÍSÍ skulu allir sambandsaðilar, íþróttafélög, íþróttahéruð og sérsambönd skila skýrslu inn eigi síðar en 15. apríl ár hvert.

„Fyrir 15. apríl árlega skulu sambandsaðilar ÍSÍ senda framkvæmdastjórn ÍSÍ starfsskýrslur síðasta árs í tölvuskrá samkvæmt forriti sem ÍSÍ leggur til ásamt félag- og iðkendatali síðasta starfsárs. Aðili, sem ekki skilar skýrslum í tæka tíð missir rétt til þátttöku í



íþróttþingi, svo og í opinberum íþróttamótum þar til skýrslum hefur verið skilað eða samið við framkvæmdastjórn um stuttan frest til þess. Við beitingu þessarar greinar skal leitast við að refsingu sé beitt gagnvart þeim aðila, deild, félagi eða sambandi sem ábyrgð bera á því að skýrslu er ekki skilað.“

Í starfsskýrslum eru upplýsingar um félagsmenn, iðkendur eftir íþróttgreinum, stjórnarmenn og lykiltölur úr ársreikningi. Haldið er utan um þessar upplýsingar fyrir hvert ár, þannig að hægt er að vinna tölfraedi úr þessum gögnum og gera samanburð

HSK mót í greinum sem ekki hafa starfandi nefndir hjá HSK



HSK mót í taekwondo

Héraðsmót HSK í taekwondo var haldið í Baulu 12. desember 2016. Keppt var í formum, bardaga og þrautabraut og skemmtu allir sér hið besta. Stigakeppni mótsins var tvískipt og unnu Selfyssingar öruggan sigur í báðum flokkum. Hjá 13 ára og eldri hlutu Selfyssingar 81 stig og Dímon var með 27 stig. Hjá 12 ára og yngri voru Selfyssingar með 44 stig, Hekla í öðru sæti með 12 stig og Dímon í þriðja með 10 stig. Heildarúrslit á www.hsk.is.



HSK-mót í júdó

HSK mót í júdó fyrir 6–10 ára og 11–15 ára voru haldin laugardaginn 3. desember og fimmtudaginn 8. desember 2016 í íþróttasal Sandvíkurskóla. Mótin voru vel heppnuð og vel mætt af iðkendum júdódeildar. Margar flottar og kröftugar viðureignir fóru fram enda efnilegir júdómenn á ferð. Gaman var að sjá hvað margir foreldrar mættu á mótin.

milli ára. Upplýsingarnar eru m.a. mælikvarði á stærð og þróun íþróttgreina og héraða og hefur áhrif á fulltrúafjölda á þingum innan sérsambanda. Þess vegna er afar mikilvægt að senda frá sér áreiðanlegar upplýsingar til að byggja á. Ítarlegar leiðbeiningar um starfsskýrsluferlið eru á heimasíðu ÍSÍ.

Starfsskýrslan skiptist í þrennt:

Félagatal (félagar og iðkendur).

Ársreikning fyrir síðastliðið ár.

Nýjustu upplýsingar um stjórnarsetu í félaginu og deildum þess.

Sex aðildarfélög sambandsins náðu ekki að skila fyrir lokaskiladag 15. apríl, en skila þarf fyrir þann dag til að lottógreiðslur félaga skerðist ekki. Þau félög sem náðu ekki að skila fyrir 1. maí voru sett í keppnisbann og fór eitt aðildarfélag sambandsins í keppnisbann. Umrætt félag skilaði felixskýrslunni 6. júní og var þar með keppnisbanni aflétt.



Getraunastarf í héraði

Íslenskar getraunir eru annað af tveim fyrirtækjum sem íþróttahreyfingin á og rekur og skilar verulegum fjármunum til íþróttastarfsins.

Mörg íþróttfélög hafa verulegar tekjur af sölu getraunaseðla til félagsmanna sinna og annarra sem áhuga hafa. Flest eru með innanfélagsleik þar sem búin er til skemmtileg keppni milli þeirra sem taka þátt. Leikurinn fer fram á laugardagsmorgnum þar sem þátttakendur fá kaffi og kannski eitthvað með því. Hér er því ekki bara um fjáröflun að ræða heldur einnig félagsstarf innan félagsins þar sem félagsmenn hittast og spjalla, hvort heldur um getraunaseðilinn eða bara um daginn og veginn. Einnig er einfalt að búa til hóp einstaklinga sem leggja smá pening í púkk. „Sérfræðingurinn“ í hópnum tippar svo fyrir upphæðina sem safnast saman. Þannig aukast líkur á vinningi.

Innan HSK hefur Selfoss verið með öflugt getraunastarf og gæti starfið þar verið öðrum félögum í þéttbýliskjörnum á HSK svæðinu fyrirmynd. Ég er viss um að þeir félagar, sem stjórna getraunastarfinu á Selfossi, eru tilbúnir til að veita góð ráð. Það eru starfsmenn Íslenskra getrauna einnig og um að gera að taka upp símann og hringja í síma 5802500 eða senda tölvupóst á phs@getspais og leita upplýsinga. Starfsmenn Getrauna eru boðnir og búnir til að aðstoða við að koma upp getraunastarfi. Það er ekkert að óttast, þetta er ekki eins flókið og fólk ætlar.

Pétur Hrafn Sigurðsson, deildarstjóri Getraunadeildar

Metár í lottóinu árið 2016

Alls voru heildarlottótekjur inn á HSK svæðið árið 2016 kr. 26.423.014 og hafa aldrei verið meiri. Til samanburðar voru lottótekjur árið 2015 kr. 22.500.290, árið 2014 kr. 23.017.220, árið 2013 kr. 19.830.402, árið 2012 kr. 19.163.011, árið 2011 kr. 15.480.189, árið 2010 kr. 14.942.890, árið 2009 kr. 12.790.362 og árið 2008 kr. 12.133.280. Lottótekjur HSK koma bæði frá UMFÍ og ÍSÍ, en heildarsamtökin greiða lottóið út samkvæmt ákveðnum reglum sem samþykktar hafa verið á þingum samtakanna. Framlag ÍSÍ árið 2016 var kr. 10.694.159 og frá UMFÍ kr. 15.728.855.

Samkvæmt reglugerð um lottóúthlutun HSK rennur 8% í Verkefnasjóð HSK, 20% til HSK og 72% til aðildarfélaga og sérráða.

Skipting milli félaga og ráða:

A. 25% eftir fjölda mætttra fulltrúa á HSK þingi.

B. 15% eftir fjölda félaga, 16 ára og eldri. Þannig að hver félagsmaður er aðeins talinn einu sinni. Ef viðkomandi er félagi í fleiri en einu félagi skiptist hann á milli þeirra félaga sem hann er félagi í.

Tölur sérráða fara eftir iðkendum í greininni samkvæmt innsendum starfsskýrslum í Felix. Sérráð geta þó aldrei fengið nema sem nemur 25% af uppgefnum iðkandatölum.

C. 60% eftir fjölda félaga 7 til 15 ára. Þannig að hver félagsmaður er aðeins talinn einu sinni. Ef viðkomandi er félagi í fleiri en einu félagi skiptist hann á milli þeirra félaga sem hann er félagi í.

Tölur sérráða fara eftir iðkendum í greininni samkvæmt innsendum starfsskýrslum í Felix. Sérráð geta þó aldrei fengið nema sem nemur 25% af uppgefnum iðkandatölum.

Forsendur fyrir skiptingu milli félaganna:

a) Starfi félag og sérráð ekki samkvæmt lögum HSK kemur það ekki til greina við úthlutun. Félag og sérráð skal halda aðalfund ár hvert og skila starfsskýrslu fyrir síðastliðið starfsár, sbr. 13. gr. laga HSK. Ef misbrestur verður á þessu rennur lottóúthlutun félagsins í Verkefnasjóð HSK.

b) Vegna reglu 2A, þarf fulltrúi að vera mættur við afgreiðslu kjörbréfa og sitja meirihluta þingtímans til að teljast hafa mætt á HSK þing.

c) Fjórir úthlutunardagar verða á hverju ári: 1. maí, 1. ágúst, 1. nóvember og 31. desember. Á hverjum úthlutunardegi verður öllu því lottófé úthlutað sem borist hefur frá síðustu úthlutun.

Mikilvægt er að allir félagsmenn í hreyfingunni standi vörð um þessa gjöfulu tekjulind hreyfingarinnar, sem þarf að takast á við aukna samkeppni, m.a. frá erlendum leikjum á netinu.

Sunnlendingar eru hvattir til að taka þátt í lottóinu í hverri viku og styðja um leið starf ungmennafélags- og íþróttahreyfingarinnar, auk Öryrkjabandalagsins. Hægt er að kaupa áskrift á www.lotto.is.

Hótel Örsk kostunaraðili HSK síðunnar í Sunnlenska

Hótel Örsk í Hveragerði var á árinu kostunaraðili HSK síðunnar í Sunnlenska fréttablaðinu og hófst það



samstarf á haustdögum 2005. HSK þakkar Hótel Örsk fyrir samstarfið og væntir góðs árangurs af samstarfi við hótelið.

Verkefnið fjölskyldan á fjallið

Verkefnið Fjölskyldan á fjallið er hluti af árlegu gönguverkefni UMFÍ sem nefnist Göngum um Ísland. HSK hefur tekið þátt í verkefninu frá upphafi með því að tilfæna tvö fjöll á sambandssvæðinu. HSK stóð fyrir fjölskyldugöngu á Galtafell 20. júní 2016 og var erindið meðal annars að koma fyrir póstkassa á fjallinu. Göngustjóri var Guðmundur Hjaltason frá Galtafelli. Nokkrir hressir göngugarpar tóku þátt. Hitt fjallið á sambandssvæðinu í ár var Valahnúkur í Þórsmörk.

Fyrirmyndarfélag ÍSÍ

Júdódeild Umf. Selfoss fékk endurnýjun viðurkenningar sem fyrirmyndardeild 14. apríl 2016. Annars var frekar lítið um að vera á árinu á sambandssvæði HSK varðandi fyrirmyndarfélag ÍSÍ, en á árinu 2017 eru fyrirhugaðar fleiri endurnýjanir og hugsanlegar nýtskriftir.

Hreyfivika UMFÍ:

Rangárþing ytra vann sundkeppnina aftur

Einn af viðburðum í Hreyfiviku UMFÍ var sundkeppni milli sveitarfélaga. Miðað var við íbúafjölda eftir póstnúmerum frá Hagstofu Íslands og synta metra samtals. Eftir frábæra keppni náði Rangárþing ytra að verja titilinn frá árinu 2015. Að meðaltali syntu íbúar á Hellu 487 m eða samtals 401,2 km sem er bætting um 89 km á milli ára. Mikil stemning og samhugur ríkti hjá íbúum á Hellu í aðdraganda keppinnar og á meðan á henni stóð. Forstöðumaður íþróttamannvirkja, Þórhallur J. Svavarsson var fremstur í flokki að hvetja sitt fólk áfram og lét ekki sitt eftir liggja, því hann synti t.d. einn daginn 5 km. Sveitarfélagið Hrísey var í öðru sæti með 413 m á hvern íbúa og í þriðja sæti varð Rangárþing eystra sem háði drengilega keppni við sitt nágretta sveitarfélag og synti samtals 268 m miðað við hvern íbúa.



Gengið á Galtafell með póstkassann.

**Verðlaunaafhending Lífshlaupsins 2016:
Landgræðslan og sundlaugin
í Laugaskarði í verðlaunasætum**

Góð þátttaka var í Lífshlaupinu í ár en um 18.550 þátttakendur voru skráðir til leiks á 414 vinnustöðum, í 31 grunnskóla og 7 framhaldsskólum. Segja má að Lífshlaupið sé orðið að vinnustaða- og skólamenningu, en vinnustaðir og skólar eru duglegir að skapa sínar hefðir í kringum Lífshlaupið.

Tveir vinnustaðir á sambandsvæði HSK náðu verðlaunasætum. Sundlaugin í Laugaskarði í Hveragerði vann flokk fyrirtækja með 3–9 starfsmenn og Landgræðsla ríkisins var í verðlaunasæti í flokki með 30–69 starfsmenn.

Nánari upplýsingar má sjá á www.lifshlaupid.is. Einstaklingskeppni Lífshlaupsins er í gangi allt árið og gefst þátttakendum kostur á að vinna sér inn brons-, silfur-, gull-, og platinumerki eftir að hafa náð ákveðnum fjölda daga í hreyfingu.



Þátttakendur í hreyfiviku í Bykkvabæ.

HSK hlaut Hvatningarverðlaun UMFÍ

Héraðssambandið Skarphéðinn hlaut Hvatningarverðlaun UMFÍ 2016 og voru þau afhent á sambandsráðsfundi UMFÍ sem fram fór að Laugum í Sælingsdal 15. október 2016. Verðlaunin hlaut HSK fyrir öflugt og metnaðarfullt frjálisþróttastarf á vegum frjálisþróttaráðs HSK, en ráðið er vettvangur 14 aðildarféлага HSK um sameiginlegt frjálisþróttastarf.

Guðríður Aadnegard, formaður HSK og Engilbert Olgeirsson, framkvæmdastjóri HSK, tóku við verðlaunum fyrir hönd HSK.

Frjálisþróttafólk frá HSK hefur átt góðu gengi að fagna á mótum í gegnum tíðina. Í ár unnu krakkar af sambandsvæðinu t.a.m. stigakeppnina á MÍ 11–14 ára bæði innan- og utanhúss og þá vannst einnig sigur í Bikarkeppni FRÍ 15 ára og yngri.

Frjálisþróttaráð HSK hefur jafnframt rekið frjálisþróttaskóla UMFÍ fyrir 11–18 ára börn og ungmenni síðastliðin sjö sumur. Skólinn er vinsæll og uppselt í hann á sumrin.

Þetta er í annað sinn sem HSK hlýtur hvatningarverðlaun UMFÍ en árið 2007 fékk sambandið þau fyrir framúrskarandi starf að kynningarmálum.



Hvatningarverðlaun UMFÍ afhent á Sambandsráðsfundi UMFÍ.

Guðni á Þverlæk hlaut Umhverfisverðlaun UMFÍ

Guðni Guðmundsson, á Þverlæk í Holtum í Rangárfingi ytra hlaut á árinu Umhverfisverðlaun UMFÍ fyrir ótult starf að umhverfismálum fyrir samfélagið. Við það tækifæri var afhjúpað minnismerki að Laugalandi þar sem fram kemur að Guðni hlaut verðlaunin. Á skjöldu á minnismerkinu er jafnframt grafin staka eftir Guðna.

Guðni hefur unnið að því svo áratugum skiptir að halda sveitarfélaginu snyrtilegu og hefur undanfarin ár safnað dósnum með þjóðvegum á Suðurlandi og hefur ágóðinn runnið að mestu til ungmennafélags- og íþróttamála í héraði.

Guðni hefur undanfarin ár safnað dósnum fyrir Íþróttafélagið Garp í sinni heimasveit og þá hefur HSK og Hagakirkja notið góðs af söfnun Guðna. Hann safnaði dósnum til styrktar útgáfu 100 ára sögu HSK á sínum tíma og á fjórum árum safnaði hann 715.900 kr. í bókasjóð sambandsins.

Guðni sagði við afhendingu viðurkenningarinnar að þetta væri hvatning til sín að halda áfram dósasöfnunaráttakinu sem hefur staðið í 10 ár.

Guðni er vel að því kominn að fá umhverfisverðlaun UMFÍ og óskar HSK honum innilega til hamingju.



Guðni og fjölskylda, ásamt fulltrúum UMFÍ.

Ýmsar upplýsingar:

Lög Héraðssambandsins Skarphéðins

1. gr.

Sambandið heitir Héraðssambandið Skarphéðinn, skammstafað HSK.

2. gr.

Tilgangur sambandsins er að halda uppi fjölbreyttu íþrótt- og félagsmálastarfi meðal félaga innan sambandsins, er starfa að öðru leyti samkvæmt 3. grein sambandslaga UMFÍ og 4. grein laga ÍSí.

3. gr.

Sambandssvæðið er Árnes- og Rangárvallasýslur.

4. gr.

Rétt til inngöngu í sambandið eiga öll ungmenna- og íþróttafélög á sambandssvæðinu, sem hafa lög sín í samræmi við lög og stefnuskrá HSK, UMFÍ og ÍSí.

Vilji félag ganga í sambandið, sendir það stjórn þess skriflega inntökubeiðni og lætur fylgja afrit af lögum félagsins, félagaskrá og hverjir skipi stjórn þess. Inntaka nýs félags verður að hljóta samþykki héraðsþings, en þó getur stjórn veitt bráðabirgðaaðild til næsta héraðsþings.

5. gr.

Vilji félag ganga úr sambandinu, telst úrsögn því aðeins lögmæt að hún hafi verið samþykkt á löglegum aðalfundi viðkomandi félags og miðist úrsögn við næstu áramót. Skriflega úrsögn skal senda til stjórnar HSK, sem síðan tilkynnir hana á héraðsþingi. Eigi getur félag, sem gengur úr sambandinu krafist endurgjalds á fé, sem það hefur lagt til sambandsins eða nokkurs hluta af eignum þess. Úrsögn viðkomandi félags er eigi tekin gild nema félagið sé skuldlaut við sambandið.

6. gr.

Aðildarfélögum HSK er skylt að halda aðalfund árlega og senda ársreikning til stjórnar HSK að fundi loknum.

Fyrir 15. apríl ár hvert ber félögum að skila starfsskýrslu á forriti sem ÍSí og UMFÍ leggur til. Félögum ber að greiða skatt til HSK fyrir hvern skattskyldan félagsmann, 7 ára og eldri, samkvæmt ákvörðun héraðsþings. Ef félag stendur ekki við þessar skuldbindingar, telst það ekki starfandi og skal stjórn HSK þá vísa því úr sambandinu að undangenginni aðvörum.

Stjórn HSK skal tilkynna héraðsþingi um brottfallingu félaga samkvæmt þessari grein. Óski félag sem fellt hefur verið úr sambandinu samkvæmt þessari grein að nýju eftir aðild að HSK skal fara með umsóknina samkvæmt 4. grein.

7. gr.

Héraðsþing skal háð fyrir lok mars ár hvert. Skal stjórnin boða til þess bréflaga með minnst mánaðar fyrirvara. Síðara fundarboð með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem stjórn leggur fyrir héraðsþing skulu send til aðildarfélaga og sérráða með minnst viku fyrirvara.

Hvert félag tilnefnir fulltrúa á héraðsþing þannig að fyrir 1–200 félagsmenn fær félag einn fulltrúa, frá 201–400 tvo fulltrúa, frá 401–600 þrjú fulltrúa o.s.frv. Fulltrúafjöldi félaga miðast við félagatal síðastliðins starfsárs. Þá eiga sérráð sambandsins rétt á að senda einn fulltrúa hvert.

Lögmætt er héraðsþing ef helmingur sambandsfélaganna sendir fulltrúa til þess. Stjórn er heimilt að krefjast þess að tillögur sem leggja á fram á héraðsþingi hafi borist stjórninni viku áður en þingið hefst og stjórn er skylt að tilkynna það í þingboði.

Eigi má fulltrúi á héraðsþingi fara með nema eitt atkvæði. Atkvæðisrétt á héraðsþingi hafa rétt kjörnir fulltrúar þeirra félaga, sem skuldlaus eru við sambandið þegar þingið fer fram.

8. gr.

Héraðsþing tekur ákvarðanir um starfsemi sambandsins á komandi starfsári, úrskurðar reikninga sambandsins og semur fjárhagsáætlun næsta árs. Það kys fimm í stjórn: formann, ritara, gjaldkera, varaformann og einn meðstjórnandi. Héraðsþing kys þrjú menn í varastjórn og tvo endurskoðendur. Heimilt er að kjósa starfsnefndir til að annast ýmis mál sem héraðsþing og stjórn kann að fela þeim. Kjósa skal fulltrúa á þing ÍSí það ár sem þing ÍSí er haldið, samkvæmt 12. grein laga ÍSí. Heimilt er stjórn að kjósa þriggja manna framkvæmdastjórn.

9. gr.

Heimilt er stjórninni að kalla saman aukabætur ef hún telur þess þörf, en það er skylt ef þriðjungur aðildarfélaga óskar þess. Aukabætur skal skipað á sama hátt og næsta héraðsþing á undan og miðast fulltrúafjöldi hvers félags við það félagatal þeirra sem gildi á næsta reglulega héraðsþingi á undan. Til aukabætur skal boðað bréflaga með a.m.k. viku fyrirvara. Helstu fundarefna skal getið í fundarboði.

Á aukabætur má ekki gera laga- né leikreglnabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn eða meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hafi sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum eða stjórnin hafi að eigin dómi orðið óstarfhæf.

10. gr.

Stjórn sambandsins ásamt formönnum aðildarfélaga, sérráða og nefnda er heimilt að koma saman til formannafundar ef stjórn og/eða aðildarfélög sjá ástæðu til. Ákvarðanir formannafundar eru bindandi fyrir stjórn og framkvæmdastjórn, enda brjótí þær ekki í bága við ákvarðanir héraðsþings.

11. gr.

Stjórn sambandsins er heimilt að stofna sérráð ef tvö eða fleiri félög hafa sömu íþróttgrein á stefnuskrá sinni. Ef meirihluti þeirra aðildarfélaga sem iðka viðkomandi grein óska þess skal stjórn HSK skipa nefnd sem vinnur að undirbúningi að stofnun sérráðs. Stjórn HSK boðar aðildarfélögin til stofnfundar sérráða. Stjórn sambandsins og viðkomandi sersamband skulu staðfesta lög og lagabreytingar. Stofnun sérráða verður að fá staðfestingu héraðsþings HSK.

Stjórn sérráða skal skila ársskýrslu og reikningum til stjórnar HSK fyrir lok janúar ár hvert. Sérráðum er ekki heimil lántaka fjármuna nema með samþykki stjórnar HSK. Að öðru leyti starfar sérráð samkvæmt 27. - 29. grein laga ÍSí.

12. gr.

Heiðursformann Héraðssambandsins Skarphéðins má héraðsþing kjósa ef tveir þriðju af mættum þingfulltrúum eru samþykkrir því. Heiðursformaður HSK skal hafa rétt til að sitja fundi stjórnar, formannafund og héraðsþing. Hafi hann þar málfrelsi og tillögurétt. Heiðursformaður HSK kemur fram fyrir hönd HSK við tækifæri sem formaður og stjórn kunna að fela honum.

13. gr.

Stjórn sambandsins annast framkvæmdir þeirra mála sem héraðsþing hefur samþykkt að framkvæma skuli. Hún staðfestir lög aðildarfélaga og fylgist með því að starfsemi þeirra fari fram samkvæmt gildandi lögum. Hún safnar skýrslum félaganna og sendir þær ásamt sambandskatti til sambandsstjórnar UMFÍ og til stjórnar ÍSí. Hún innheimtir það fé, sem sambandinu áskotnast, ávaxtar sjóðinn og fer með hann samkvæmt fjárhagsáætlun er héraðsþing hefur samið. Skylt er stjórninni að leggja fram á héraðsþingi glöggan reikning yfir tekjur og gjöld sambandsins og skal í sameiningu ábyrgjast sjóðinn. Endurskoðun skal lokið fyrir héraðsþing. Reikningsárið er almanaksárið.

Þá hefur stjórn eftirlit með störfum ungmennafélaga á sambandssvæðinu og einstakra nefnda, er starfa á vegum sambandsins, ennfremur á stjórnin að stuðla að þátttöku fólks í starfi aðildarfélaganna. Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund meira en heilt ár frá tilsettum tíma skal stjórnin, ef þörf krefur, boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans. Félag telst ekki starfandi ef það heldur ekki aðalfund og skilar ekki starfsskýrslum ár hvert. Stjórnin semur skýrslu um störf sín og leggur hana fram ritaða á héraðsþingi, þannig að hún geti verið aðgengileg öllum er þingið sækja.

14. gr.

Stjórn fær endurgreiddan kostnað er hún kann að verða fyrir vegna starfa í þágu sambandsins. Dvalarkostnaður fulltrúa á héraðsþingi skal greiddast af viðkomandi félögum.

15. gr.

Hætti sambandið störfum skal af sjóði þess og öðrum skuldlausum eignum mynda sjóð, er beri nafn Skarphéðins og ávaxtist í viðskiptabanka sambandsins undir umsjá héraðsnefnda Árnes- og Rangárvallasýslu. Verði nýtt ungmennasamband stofnað á sambandssvæðinu innan 20 ára, rennur sjóðurinn óskertur til þess. Að þeim tíma liðnum skal nota sjóðinn til styrktar ungmenna- og íþróttafélögum á sambandssvæðinu. Gjörðabækur og önnur skjöl sambandsins skal afhenda héraðsskjalasöfnum Árnes- og Rangárvallasýslu til varðveislu. Verðlaunagripri og aðra minjagripri sambandsins skal afhenda héraðsbyggðasöfnum á sambandssvæðinu til varðveislu.

16. gr.

Lögum sambandsins má eigi breyta nema á héraðsþingi. Allar tillögur um lagabreytingar skulu hafa borist stjórn tveimur vikum fyrir þingið. Tvo þriðju hluta greiddra atkvæða þarf til lagabreytinga. Í öðrum málum ræður afl atkvæða úrlitum.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og jafnframt falla úr gildi eldri lög sambandsins.

(Síðast breytt á héraðsþingi 2010)

Aðildarfélagin og formenn félaga um áramót 2016

Akstursíþróttafélög:

Akstursíþróttafélag Hreppakappa
Torfærulúbbur Suðurlands

Sigurjón Snær Jónsson
Helga Katrín Stefánsdóttir

Dofrabergi 3, Hafnarfirði
Marbakkabraut 15, Kópavogi

Golfklúbbar:

Golfklúbbur Ásatúns
Golfklúbbur Dalbúi
Golfklúbburinn Flúðir
Golfklúbburinn Geysir
Golfklúbbur Hellu
Golfklúbbur Hveragerðis
Golfklúbbur Kiðjabergs
Golfklúbbur Selfoss
Golfklúbburinn Tuddi
Golfklúbburinn Úthlíð
Golfklúbbur Þorlákshafnar
Golfklúbburinn Þverá
Golfklúbbur Öndverðarness

Sigurjón Harðarson
Páll Ólafsson
Árni Tómasson
Pálmi Hlökkversson
Óskar Pálsson
Össur Emil Friðgeirsson
Þórhalli Einarsson
Ástfríður M. Sigurðardóttir
Bjarni Magnússon
Þorsteinn Sverrisson
Guðmundur Baldursson
Þóroddur Halldórsson
Aðalsteinn Steinþórsson

Rjúpnasölum 14, Kópavogi
Ægisíðu 115, Reykjavík
Hraunbraut 20, Kópavogi
Breiðvangi 5, Hafnarfirði
Öldugerði 20, Hvolsvelli
Valsheiði 24, Hveragerði
Brúnastöðum 73, Reykjavík
Fagurgerði 10, Selfossi
Fjólulíð 3, Hafnarfirði
Melbæ 15, Reykjavík
Lýsubergi 16, Þorlákshöfn
Túngötu 21, Grindavík
Mánatúni 13, Reykjavík

Hestamannafélög:

Hestamannafélagið Geysir
Hestamannafélagið Háfeti
Hestamannafélagið Ljúfur
Hestamannafélagið Logi
Hestamannafélagið Sleipnir
Hestamannafélagið Smári
Hestamannafélagið Trausti

Ólafur Þórisson
Rakel Róbertsdóttir
Hafþór Þorvaldsson
Freydís Örlýgsdóttir
Magnús Ólason
Ingvar Hjálmarsson
Guðmundur Birkir Þorkelsson

Miðkoti, V-Landeyjum
Gissurarbúð 6, Þorlákshöfn
Dalsbrún 7, Hveragerði
Bjarkarbraut 20, Reykholti
Grenigrund 7, Selfossi
Fjalli 1, Skeiða- og Gnúpverjahreppi
Fossahvarfi 5, Kópavogi

Íþróttafélög:

Íþróttafélagið Dímon
Íþróttafélagið Garpur
Íþróttafélagið Gnýr
Íþróttafélagið Hamar
Íþróttafélagið Milan
Íþróttafélagið Mímir
Íþróttafélagið Suðri

Ásta Laufey Sigurðardóttir
Jóhanna Hlökkversdóttir
María K. Jacobsen
Hjalti Helgason
Birgir Örn Harðarson
Albert Ingi Lárusson
Þórdís Bjarnadóttir

Króktúni 9, Hvolsvelli
Hellum, Landsveit
Brekukoti, Sólheimum
Lyngheiði 22, Hveragerði
Grænuvöllum 6, Selfossi
Heimavist ML, Laugarvatni
Gauksrima 10, Selfossi

Karatefélag:

Karatefélag Suðurlands

Kristján Lárusson

Kambahrauni 57, Hveragerði

Knattspyrnufélög:

Knattspyrnufélag Árborgar
Knattspyrnufélag Rangæingna
Knattspyrnufélagið Ægir

Hafþór Theodorsson
Jón Þorberg Steindórsson
Guðbjartur Örn Einarsson

Álakvísl 9, Reykjavík
Minni-Völlum, Landsveit
Lyngbergi 15, Þorlákshöfn

Körfuknattleiksfélag:

Körfuknattleiksfélag FSU

Gylfi Þorkelsson

Dverghólum 3, Selfossi

Lyftingafélag:

Lyftingafélagið Hengill

Einar Alexander Haraldsson

Arnarheiði 13b, Hveragerði.

Skotfélag:

Skotíþróttafélag Suðurlands
Skotfélagið Skyttur

Ólafur Árni Másson
Magnús Ragnarsson

Brandshúsum 3, Flóahreppi
Gilsbakka 31, Hvolsvelli

Ungmennafélög:

U.B.H.
Umf. Ásahrepps
Umf. Biskupstungna
Umf. Dagsbrún
Umf. Eyfellingur
Umf. Eyrarbakka
Umf. Framtíðin
Umf. Gnúpverja
Umf. Hekla
Umf. Hrunamanna
Umf. Hvöt
Umf. Ingólfur
Umf. Laugdæla
Umf. Merkið
Umf. Selfoss
Umf. Skeiðamanna
Umf. Stokkseyrar
Umf. Trausti
Umf. Þjóttandi
Umf. Þór
Umf. Þórsmörk

Guðmann Óskar Magnússon
Jakob S. Þórarinnsson
Smári Þorsteinsson
Konráð Helgi Haraldsson
Ármann Fannar Magnússon
Helga Böðvarsdóttir
Lilja Guðnadóttir
Jón Hákonarson
Guðmundur Jónasson
Jóhanna Bríet Helgadóttir
Antonía Helga Guðmundsdóttir
Þröstur Guðnason
Pétur Ingi Haraldsson
Kjartan Magnússon
Guðmundur Kr. Jónsson
Lára Jónsdóttir
Ólafur Már Ólafsson
Bjarki Freyr Sigurjónsson
Guðmunda Ólafsdóttir
Hjörtur Sigurður Ragnarsson
Árni Sigurpálsson

Njálsgarði 14, Hvolsvelli
Áskoti, Ásahreppi
Bjarkarbraut 3, Reykholti Bisk.
Búðarhóli, A-Landeyjum
Hrútafelli, Eyjafjöllum
Hvammi, Eyrarbakka
Hrauk, Þykkvabæ
Ásum, Skeiða- og Gnúpverjahreppi
Bolöldu 3, Hellu
Suðurhófi 5, Flúðum
Borgarbraut 2, Grímsnesi
Varghóli, Holtum
Torfholti 2, Laugarvatni
Hjallanesi, Landsveit
Austurmýri 13, Selfossi
Blesastöðum, Skeiða- og Gnúpverjahreppi
Ólafsvöllum 9, Stokkseyri
Efstu-Grund, V-Eyjafjöllum
Seftjörn 20, Selfossi
Eyjahraun 11, Þorlákshöfn
Neðri-Þverá, Fljótshlíð

Gull og silfurmerki HSK

Gull- og silfurmerki voru fyrst veitt á 100 ára afmælisári sambandsins og nú hafa 13 einstaklingar hlotið gullmerki HSK og níu hafa fengið silfurmerki sambandsins.

Eftirtalin hafa hlotið gullmerki HSK:

Hafsteinn Þorvaldsson	Selfossi	2010
Jóhannes Sigmundsson	Syðra-Langholti	2010
Karl Gunnlaugsson	Varmalæk	2010
Valgerður Auðunsdóttir	Húsatóftum	2010
Jón M. Ívarsson	Frá Vorsabæjarhóli	2010
Guðmundur Kr. Jónsson	Selfossi	2011
Haraldur Júlíusson	Frá Akurey	2012
Lísa Thomsen	Búrfelli	2012
Þorgeir Vigfússon	Efri-Brúnavöllum	2012
Markús Ívarsson	Vorsabæjarhóli	2013
Þórir Haraldsson	Selfossi	2014
Kjartan Lárusson	Feney	2015
Svanur Ingvarsson	Selfossi	2016

Eftirtalin hafa hlotið silfurmerki HSK:

Kristinn Guðnason	Þverlæk	2010
Olga Bjarnadóttir	Selfossi	2011
Helgi S. Haraldsson	Selfossi	2011
Ragnar Sigurðsson	Þorlákshöfn	2012
Helgi Kjartansson	Reykholti	2014
Þorbjörg Vilhjálmsdóttir	Selfossi	2014
Benóný Jónsson	Hvolsvelli	2015
Sigríður Anna Guðjónsdóttir	Selfossi	2016
Þuríður Ingvarsdóttir	Selfossi	2016

Iðkendur félaga 13.493 talsins

Hér að neðan er samtölulisti yfir iðkendur hjá aðildarfélögum HSK í einstökum íþróttagreinum sérsambanda og sérgreina, samkvæmt starfsskýrslum ÍSÍ og UMFÍ fyrir árið 2015, samkvæmt upplýsingum úr felixskýrslum sem var skilað 2016. Einnig eru birtar tölur síðustu ára. Iðkendum á sambandsvæðinu fækkar lítillega milli ára, eða um 66 talsins, sem er 0,48%. Iðkendum fjölgaði hlutfallslega mest í lyftingum, eða um 57,7%. Þá fjölgaði iðkendum um 20,8% í frjálsíþróttum. Iðkendum fækkaði í nokkrum greinum, t.d. fækkaði iðkendum í kraftlyftingum um 22,8% á milli ára.

Iðkendur félaga í einstökum greinum innan HSK

Íþróttagrein	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015
Golf	1.534	1.803	1.905	2.152	2.843	2.642	2.867	2.960	2.981	2.921
Hestaíþróttir	1.657	1.896	1.838	1.932	1.964	2.014	2.044	2.044	2.070	2.078
Almenning síþróttir	352	623	493	551	1.252	1.240	1.210	1.308	1.857	1.879
Knattspyrna	1.323	1.464	1.430	1.441	1.340	1.167	1.177	1.418	1.456	1.337
Fimleikar	758	773	822	807	859	1.032	735	1.155	1.262	1.193
Körfuknattleikur	1.076	830	804	868	716	716	720	861	821	874
Frjálsar íþróttir	907	901	708	763	633	639	647	692	764	961
Handknattleikur	339	400	454	457	426	355	454	521	565	511
Blak	171	225	239	224	221	185	228	224	235	280
Skotfimi	228	132	131	131	77	135	187	186	313	248
Sund	199	102	102	115	116	194	235	244	229	187
Glíma	169	188	182	201	178	149	167	182	179	163
Badminton	109	152	166	148	135	117	130	131	137	160
Taekwondo			87	100	134	115	180	144	137	127
Motokross		8	131	131	151	151	131	140	104	114
Íþróttir fatlaðra	123	113	115	103	104	111	108	89	76	86
Leiklist	144	140	102	93	103	93	104	98	73	73
Kraftlyftingar			25	26	38	34	94	73	92	71
Borðtennis	90	96	106	100	97	67	60	59	66	59
Júdó		61	73	79	55	83	55	55	55	55
Lyftingar									26	41
Akstursíþróttir						9	16	20	26	31
Bridds	37	37	37	37	37	32	31	30	30	30
Karate							11	11		9
Skógrækt	5	5	5	5	5	5	5	5	5	5
Þríþraut						9	9			
Hnefaleikar	20	20			13	13				
Skák	6	6	7	7	5					
Starfsíþróttir	37	28								
SAMTALS	9284	10.003	9.962	10.471	11.502	11.307	11.605	12.650	13.559	13.493

Stærð félaga, tekjur af lottói og getraunanúmer

Öll félög innan hreyfingarinnar verða árlega að skila starfsskýrslu á www.felix.is, með upplýsingum um félagsmenn, iðkendur, stjórn og lykiltölur úr reikningum. Samkvæmt innsendum starfsskýrslum aðildarféлага þá fækkar félagsmönnum um 793 á milli ára og eru nú 19.741, sem er 3,86% fækkun. Íbúum á sambandsvæðinu fjölgaði um 380 milli ára, sem er 1,98% fjölgun og eru nú 19.534 talsins í sveitarfélögunum 11 í Árnes- og Rangárvallasýslum. Tölurnar hér að neðan eru samkvæmt innsendum starfsskýrslum árið 2016.

Aðildarfélag og sérráð	félagsmenn		alls	tekjur af lottói	getrauna-númer
	15 ára -	16 ára +			
Frjálsíþróttaráð HSK				678.629	
Glímuráð HSK				129.129	
Akstursíþr.f. Hreppakappa	0	15	15	47.155	
Golfklúbbur Ásatúns	0	317	317	166.208	830
Golfklúbburinn Dalbúi	1	98	99	21.036	813
Golfklúbburinn Flúðir	13	241	254	172.431	814
Golfklúbburinn Geysir	15	37	52	103.268	
Golfklúbbur Hellu	12	84	96	86.128	852
Golfklúbbur Hveragerðis	6	190	196	143.823	812
Golfklúbbur Kiðjabergs	23	356	379	165.021	797
Golfklúbbur Selfoss	53	479	532	334.775	808
Golfklúbburinn Tuðdi	20	24	44	70.089	
Golfklúbburinn Úthlíð	2	115	117	33.700	845
Golfklúbbur Þorlákshafnar	16	270	286	177.076	796
Golfklúbburinn Þverá	0	62	62	8.117	867
Golfklúbbur Öndverðarness	25	501	526	202.079	798
Hestamannafélagið Geysir	161	488	649	532.997	856
Hestamannafélagið Háfeti	9	60	69	69.492	
Hestamannafélagið Ljúfur	25	101	126	67.496	816
Hestamannafélagið Logi	41	165	206	104.146	
Hestamannafélagið Sleipnir	109	483	592	430.405	
Hestamannafélagið Smári	74	234	308	250.728	
Hestamannafélagið Trausti	8	123	131	38.722	842
Íþróttafélagið Dímon	293	435	728	881.365	859
Íþróttafélagið Garpur	56	264	320	243.024	855
Íþróttafélagið Gnýr	0	55	55	11.845	
Íþróttafélagið Hamar	473	1397	1870	2.198.365	810
Íþróttafélagið Mílan	0	50	50	51.104	
Íþróttafélagið Mímír	0	145	145	67.130	843
Íþróttafélagið Suðri	9	111	120	75.870	827
Karatefélag Suðurlands	0	12	12	1.859	
Knattspyrnufélag Árborgar	15	197	212	156.888	811
Knattspyrnufélag Rangæinga	276	434	710	661.157	866
Knattspyrnufélagið Ægir	78	452	530	361.497	822
Körfuknattleiksfélag FSu	71	88	159	218.072	831
Lyftingafélagið Hengill	1	51	52	9.881	
Skotfélagið Skyttur	0	87	87	14.169	
Skotiþróttafélag Suðurlands	0	166	166	43.249	
Torfærklúbbur Suðurlands	0	90	90	62.949	
UBH	0	189	189	75.027	860
Umf. Ásahrepps	2	49	51	6.326	853
Umf. Biskupstungna	85	227	312	356.685	803
Umf. Dagsbrún	0	167	167	73.169	865
Umf. Eyfellingur	2	87	89	37.998	863
Umf. Eyrarbakka	44	222	266	136.723	820
Umf. Framtíðin	12	47	59	75.086	
Umf. Gnúpverja	56	378	434	271.380	802
Umf. Hekla	194	390	584	588.228	851
Umf. Hrunamanna	115	370	485	443.617	801
Umf. Hvöt	0	139	139	71.078	809
Umf. Ingólfur	0	109	109	36.729	850
Umf. Laugdæla	72	162	234	287.320	840
Umf. Merkihöll	0	59	59	9.291	854
Umf. Selfoss	1392	2977	4369	5.807.442	800
Umf. Skeiðamanna	13	269	282	153.704	799
Umf. Stokkseyrar	110	303	413	100.744	825
Umf. Trausti	0	86	86	34.067	862
Umf. Þjótandi	41	244	285	186.094	
Umf. Þór	212	497	709	867.331	815
Umf. Þórsmörk	0	58	58	5.323	861
Samtals	4.235	15.506	19.741	18.714.436	

Íþróttaiðkendur aðildarféлага HSK

Eitt af árlægum verkefnum féлага er að skila starfsskýrslu þar sem merkt er við iðkendur í hinum ýmsu greinum. Hér að neðan eru upplýsingar úr innsendum starfsskýrslum féлага fyrir árið 2015, sem skilað var á árinu 2016.

Aðildarfélag HSK	Konur		Karlar		Bæði kyn		Alls
	- 15 ára/16 ára +	- 15 ára/16 ára +	- 15 ára/16 ára +	- 15 ára/16 ára +	- 15 ára/16 ára +	- 15 ára/16 ára +	
Akstursíþr.f. Hreppakappa	0	0	0	12	0	12	12
Golfkl. Ásatúns	0	47	0	270	0	317	317
Golfkl. Dalbúi	0	39	1	59	1	98	99
Golfkl. Flúðir	1	101	12	140	13	241	254
Golfkl. Geysir	6	9	9	26	15	35	50
Golfkl. Hellu	4	30	8	54	12	84	96
Golfkl. Hveragerðis	2	76	4	114	6	190	196
Golfkl. Kiðjabelgs	9	132	14	224	23	356	379
Golfkl. Tuddi	9	5	11	19	20	24	44
Golfkl. Selfoss	16	159	37	318	53	477	530
Golfkl. Úthlíð	0	33	2	48	2	81	83
Golfkl. Þorlákshafnar	4	85	12	185	16	270	286
Golfkl. Þverá	0	24	0	37	0	61	61
Golfkl. Öndverðarness	9	217	16	284	25	501	526
Hestamannaf. Geysir	95	208	66	280	161	488	649
Hestamannaf. Háfeti	7	21	2	39	9	60	69
Hestamannaf. Ljúfur	17	36	8	65	25	101	126
Hestamannaf. Logi	20	60	21	104	41	164	205
Hestamannaf. Sleipnir	65	207	44	276	109	483	592
Hestamannaf. Smári	39	105	35	127	74	232	306
Hestamannaf. Trausti	5	55	3	68	8	123	131
Íþróttaf. Dímon	255	10	220	15	475	25	500
Íþróttaf. Garpur	27	75	19	113	46	188	234
Íþróttaf. Gnýr	0	47	0	54	0	101	101
Íþróttaf. Hamar	282	763	254	696	536	1459	1995
Íþróttaf. Milan	0	0	0	49	0	49	49
Íþróttaf. Mimir	0	0	0	0	0	0	0
Íþróttaf. Suðri	1	14	7	19	8	33	41
Karatef. Suðurlands	0	0	0	9	0	9	9
Knattsp.f. Árborgar	0	0	0	55	0	55	55
Knattsp.f. Rangæinga	52	1	70	14	122	15	137
Knattsp.f. Ægir	6	47	22	72	28	119	147
Körfuknattleiks. FSu	9	9	49	23	58	32	90
Lyftingaf. Hengill	0	20	1	20	1	40	41
Skotfélagið Skyttur	0	3	0	79	0	82	82
Skotíþróttafélag Suðurlands	0	4	0	162	0	166	166
Torfæruklúbbur Suðurlands	0	0	0	31	0	31	31
UBH	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Ásahrepps	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Baldur Hr.*	1	4	4	5	5	9	14
Umf. Biskupstungna	66	16	61	15	127	31	158
Umf. Dagsbrún	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Eyfellingur	0	7	0	11	0	18	18
Umf. Eyrarbakka	0	12	0	34	0	46	46
Umf. Framtíðin	7	5	7	0	14	5	19
Umf. Gnúpverja	25	38	34	133	59	171	230
Umf. Hekla	123	192	108	205	231	397	628
Umf. Hrunamanna	58	119	81	124	139	243	382
Umf. Hvöt	0	7	0	60	0	67	67
Umf. Ingólfur	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Laugdæla	62	25	71	52	133	77	210
Umf. Merkið	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Samhygð*	5	13	11	32	16	45	61
Umf. Selfoss	846	279	882	282	1728	561	2289
Umf. Skeiðamanna	2	2	0	9	2	11	13
Umf. Stokkseyrar	69	31	37	115	106	146	252
Umf. Trausti	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Vaka*	1	8	8	7	9	15	24
Umf. Þjótandi	0	0	0	0	0	0	0
Umf. Þór	116	46	95	136	211	182	393
Umf. Þórsmörk	0	0	0	0	0	0	0
Samtals	2321	3446	2346	5380	4667	8826	13493

*Þrjú félag skiluðu Felixskýrslu 2016 vegna iðkenda 2015, en þessi félag eru ekki lengur í HSK.

Íþróttamaður HSK frá upphafi

Ár	Íþróttamaður	Félag	Íþróttagrein
1964	Karl Stefánsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1965	Guðmundur Kr. Jónsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1966	Guðmundur Kr. Jónsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1967	Guðmunda Guðmundsdóttir	Umf. Selfoss	sund
1968	Guðmunda Guðmundsdóttir	Umf. Selfoss	sund
1969	Guðmunda Guðmundsdóttir	Umf. Selfoss	sund
1970	Puríður Jónsdóttir	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1971	Jón H. Sigurðsson	Umf. Biskupstungna	frjálsíþróttir
1972	Sigurður Jónsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1973	Práinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1974	Práinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1975	Elínborg Gunnarsdóttir	Umf. Selfoss	sund
1976	Katrín Vilhjálmsdóttir	Umf. Eyrarbakka	frjálsíþróttir
1977	Hugi S. Harðarson	Umf. Selfoss	sund
1978	Hugi S. Harðarson	Umf. Selfoss	sund
1979	Hugi S. Harðarson	Umf. Selfoss	sund
1980	Kári Jónsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1981	Tryggvi Helgason	Umf. Selfoss	sund
1982	Vésteinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1983	Vésteinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1984	Tryggvi Helgason	Umf. Selfoss	sund
1985	Magnús Már Ólafsson	Umf. Þór	sund
1986	Magnús Már Ólafsson	Umf. Þór	sund
1987	Vésteinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1988	Pétur Guðmundsson	Umf. Samhygð	frjálsíþróttir
1989	Vésteinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1990	Pétur Guðmundsson	Umf. Samhygð	frjálsíþróttir
1991	Einar Gunnar Sigurðsson	Umf. Selfoss	handknattleikur
1992	Vésteinn Hafsteinsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1993	Einar Öder Magnússon	Íþr.d. Sleipnis	hestaíþróttir
1994	Ingólfur Snorrason	Umf. Selfoss	karate
1995	Arnar Freyr Ólafsson	Umf. Þór	sund
1996	Sigríður Anna Guðjónsdóttir	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1997	Sigríður Anna Guðjónsdóttir	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1998	Magnús Aron Hallgrímsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
1999	Olil Amble	Hestamannafél. Sleipni	hestaíþróttir
2000	Magnús Aron Hallgrímsson	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
2001	Vigdís Guðjónsdóttir	Umf. Skeiðamanna	frjálsíþróttir
2002	Vigdís Guðjónsdóttir	Umf. Skeiðamanna	frjálsíþróttir
2003	Vigdís Guðjónsdóttir	Umf. Skeiðamanna	frjálsíþróttir
2004	Vigdís Guðjónsdóttir	Umf. Skeiðamanna	frjálsíþróttir
2005	Sigurður Sigurðarson	Hestamannafél. Geysi	hestaíþróttir
2006	Olil Amble	Hestamannafél. Sleipni	hestaíþróttir
2007	Sigurður Sigurðarson	Hestamannafél. Geysi	hestaíþróttir
2008	Katrín Ösp Jónasdóttir	Umf. Selfoss	fimleikar
2009	Sigurður Sigurðarson	Hestamannafél. Geysi	hestaíþróttir
2010	Ragnar Jóhannsson	Umf. Selfoss	handknattleikur
2011	Fjóla Signý Hannesdóttir	Umf. Selfoss	frjálsíþróttir
2012	Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir	Umf. Selfoss	fimleikar
2013	Guðmunda Brynja Óladóttir	Umf. Selfoss	knattspyrna
2014	Dagný Brynjarsdóttir	Umf. Selfoss	knattspyrna
2015	Ragnar Á Nathanaelsson	Umf. Þór	körfuknattleikur
2016	Margrét Lúðvígsdóttir	Umf. Selfoss	fimleikar

Matmenn HSK

Matmaður HSK hefur verið valinn á héraðsþingum HSK frá árinu 1966. Það er sá sem ber titilinn sem velur eftirmann sinn og fær sá er valinn er það hlutverk að þakka matráðsfolki fyrir veitingar á þinginu. Gestur Einarsson Umf. Gnúpverja var valinn matmaður héraðsþingsins á Selfossi og mun hann velja matmann HSK á þinginu í Hveragerði 2017.

Ár	Matmaður HSK	Þingstaður	Ár	Matmaður HSK	Þingstaður
1966	Stefán Jasonarson	Njálshúð	1967	Féll niður	Flúðir
1968	Hreinn Erlendsson	Borg	1969-70	Féll niður	Skarphéðinshús
1971	Sigurður Geirdal	Hvoll	1972	Hörður Óskarsson	Árnes
1973	Hreinn Erlendsson	Laugaland	1974	Guðmundur Guðmundsson	Aratunga
1975	Klemenzt Erlingsson	Gunnarshólmi	1976	Pétur Pétursson	Borg
1977	Björn Gíslason	Hella	1978	Jón Ólafsson	Tryggvaskáli
1979	Gunnar Kristjánsson	Hvoll	1980	Féll niður	Laugarvatn
1981	Helgi Stefánsson	Njálshúð	1982	Kjartan Lárusson	Þjósárver
1983	Soffía Rósa Gestsdóttir	Gunnarshólmi	1984	Jón M. Ívarsson	Árnes
1985	Einar H. Haraldsson	Heimaland	1986	Þráinn Þorvaldsson	Selfoss
1987	Kári Rafn Sigurjónsson	Laugaland	1988	Haldóra Gunnarsdóttir	Félagslundur
1989	Sigurjón Karlsson	Hvoll	1990	Valgerður Auðunsdóttir	Hveragerði
1991	Elínborg Gunnarsdóttir	Skógar	1992	Þórir Haraldsson	Laugarvatn
1993	Puríður Jónsdóttir	Njálshúð	1994	Jón Jónsson	Aratunga
1995	Jens Pétur Jóhannsson	Hella	1996	Hafsteinn Eyvindsson	Þingborg
1997	Þórunn D. Oddsdóttir	Gunnarshólmi	1998	Guðmundur Kr. Jónsson	Þorlákshöfn
1999	Páll Eggertsson	Laugaland	2000	Helga Fjöla Guðnadóttir	Borg
2001	Jón Andrússon	Hvoll	2002	Ólafur Elí Magnússon	Flúðir
2003	Sigurður Jónsson	Þjósárver	2004	Guðmundur Víðarsson	Þykkvibær
2005	Markús Ívarsson	Selfoss	2006	Þróstur Guðnason	Hveragerði
2007	Bolli Gunnarsson	Laugaland	2008	Kristinn Guðnason	Þorlákshöfn
2009	Hallur Halldórsson	Hvolsvöllur	2010	Þór Ólafur Hammer	Þingborg
2011	Helgi S. Haraldsson	Hella	2012	Anný Ingimarsdóttir	Brautarholt
2013	Guðríður Aadnegard	Aratunga	2014	Lárus Ingi Friðfinnsson	Borg
2015	Sæmundur Steingrímsson	Flúðir	2016	Gestur Einarsson	Selfoss

Sleifarhafar HSK

Sleifarkeppni HSK var fyrst haldin árið 1966 í vesturferð HSK. Árið eftir var hún haldin í landgræðsluferð HSK og árin 1968 og 1971 á kvöldvöku HSK. Frá árinu 1972 hefur keppnin verið haldin á héraðsþingum sambandsins. Keppt er í 3-4 óhefðbundnum greinum, þar sem léttleikinn er í fyrirrúmi. Gylfi Þorkelsson, formaður Körfuknattleiksfélags FSu, vann sleifarkeppnina 2016 og mun hann sjá um keppnina á héraðsþinginu í Hveragerði 2017.

Ár	Sleifarhafi	staður	Ár	Sleifarhafi	staður
1966	Hafsteinn Þorvaldsson	Kaldalón	1994	Þorgeir Vigfússon	Aratunga
1967	Böðvar Pálsson	Hvítárnes	1995	Kristinn Guðnason	Hella
1968	Hafsteinn Þorvaldsson	Borg	1996	Hrafnhildur Guðmundsdóttir	Þingborg
1969-70	Engin keppni		1997	Emil Gunnlaugsson	Gunnarshólmi
1971	Hjörtur Jóhannsson	Borg	1998	Sigríður Heiðmundsdóttir	Þorlákshöfn
1972	Hafsteinn Þorvaldsson	Árnes	1999	Ragnar Sigurðsson	Laugaland
1973	Jóhannes Sigmundsson	Laugaland	2000	Sigríður Ósk Sigurðardóttir	Borg
1974	Hafsteinn Þorvaldsson	Aratunga	2001	Jón H. Sigurmundsson	Hvoll
1975	Karl Gunnlaugsson	Gunnarshólmi	2002	Kári Jónsson	Flúðir
1976	Rúnar Guðjónsson	Borg	2003	Guðmundur Jóhannesson	Þjósárver
1977	Jóhannes Sigmundsson	Hella	2004	Páll Arnar Erlingsson	Þykkvibær
1978-81	Engin keppni		2005	Helga Guðrún Guðjónsdóttir	Selfoss
1982	Rúnar Guðjónsson	Þjósárver	2006	Þór Ólafur Ólafsson	Hveragerði
1983	Sigurður Eggertsson	Gunnarshólmi	2007	Sigurgeir L. Ingólfsson	Laugaland
1984	Magnús Óskarsson	Árnes	2008	Jóhanna Lilja Þrúðmarsdóttir	Þorlákshöfn
1985	Guðmundur Adólfsson	Heimaland	2009	Guðni Árnason	Hvolsvöllur
1986	Jón M. Ívarsson	Selfoss	2010	Ingibjörg Berggrós Jóhannesdóttir	Þingborg
1987	Markús Ívarsson	Laugaland	2011	Steinunn E. Þorsteinsdóttir	Hella
1988	Unnur Stefánsdóttir	Félagslundur	2012	Björg Halldórsdóttir	Brautarholt
1989	Valgerður Auðunsdóttir	Hvolsvöllur	2013	Þróstur Guðnason	Aratunga
1990	Puríður Jónsdóttir	Hveragerði	2014	Ólafur Elí Magnússon	Borg
1991	Kjartan Lárusson	Skógar	2015	Sigbrúður Harðardóttir	Flúðir
1992	Hjálmur Sigurðsson	Laugarvatn	2016	Gylfi Þorkelsson	Selfoss
1993	Gunnar Sverrisson	Njálshúð			

Fréttapunktur frá ÍSÍ 2016



Heimsóknir forseta ÍSÍ til íþróttahéraða

Forseti ÍSÍ hefur farið í heimsóknir til íþróttahéraða víða um land síðustu tvö árin og kynnt sér íþróttastarfseminna á viðkomandi stað ásamt uppbyggingu íþróttamannvirkja. Fundað hefur verið með fulltrúum íþróttahreyfingarinnar á hverjum stað ásamt fulltrúum sveitarfélaga. Á árinu 2016 var fundað með fulltrúum Íþróttabandalags Reykjavíkur og ÍTR og farið í heimsókn til Hafnarfjarðar þar sem fundað var með Íþróttabandalagi Hafnarfjarðar, aðildarfélagum þess og fulltrúum Hafnarfjarðarbæjar og íþróttamannvirki í bænum voru skoðuð. Áætlað er að heimsækja fleiri héruð á næstu mánuðum.

Formannafundur 2016

Árlegur Formannafundur ÍSÍ var haldinn þann 11. nóvember í Laugardalshöllinni. Auk hefðbundinnar dagskrár fundarins var farið yfir uppgjör Smáþjóðleikanna 2015 og uppfærslur á Felix, félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ, voru kynntar. Verkefni ÍSÍ og UMFÍ „Sýnum karakter“ var kynnt og flutt var áfangaskýrsla vinnuhópsins ÍSÍ um afreksmál. Fundurinn vann í hópstarfi verkefni sem vinnuhópurinn setti fram og mun nýttast í þeirri vinnu sem framundan er hjá hópnum.

Heiðurshöll ÍSÍ

Í hófi Íþróttamanns ársins 2016 voru Guðmundur Gíslason sundmaður og Geir Hallsteinsson handknattleiksmaður útnefndir í Heiðurshöll ÍSÍ. Alls hafa 15 einstaklingar verið útnefndir í Heiðurshöllina. Heiðurshöll ÍSÍ er á vefsíðu ÍSÍ og þar má finna umfjöllun um hvern og einn einstakling.

Ferðasjóður íþróttafélaga

Til úthlutunar í Ferðasjóði íþróttafélaga vegna ferða á árinu 2016 voru 97 m.kr. Stuðningur ríkisins vegna ferðakostnaðar íþrótt- og ungmennafélaga á landsvísi hefur haft gríðarlega mikið að segja fyrir alla hreyfinguna. Á fjárlögum Alþingis fyrir árið 2017 hækka framlag til sjóðsins um 30 m.kr. og er heildarframlag ríkisins til sjóðsins þá samtals 130 m.kr. fyrir árið 2017.

Fjármögnun sérsambanda

Árið 2006 var skrifað undir samning við ríkisvaldið um styrkveitingar til sérsambanda ÍSÍ og hafa sérsamböndin fengið árlegt framlag síðan. Sem fyrr er lögð áhersla á að vinna að því að hvert sérsamband fái til framtíðar framlag til að standa undir nauðsynlegri þjónustu við sambandsaðila með rekstri eigin skrifstofu. Styrkurinn fyrir árið 2016 var 85 m.kr. en hækka um 10 m.kr. á árinu 2017.

Úthlutun styrkja úr Afreksjóði ÍSÍ

Styrkveitingar ÍSÍ til sambandsaðila árið 2016 voru tæplega 153 milljónir króna. Til samanburðar má geta þess að heildarúthlutun ársins 2015 til sérsambanda ÍSÍ var rúmlega 125 m.kr. en sambærilegar tölur fyrir árið 2014 voru um 106 m.kr.

Í júlí var skrifað undir samning við ríkisvaldið um stórukið fé til Afreksjóðs ÍSÍ. Framlagið mun hækka í áföngum úr 100 m.kr. í 400 m.kr. fram til ársins 2019 og er því um fjórföldun að ræða. Samningurinn er afar mikilvægur fyrir íþróttastarf í landinu enda um byltingu fyrir afreksíþróttir að ræða. Í janúar 2017 var úthlutað til sérsambanda um 150 m.kr. og fyrirhugað er að úthluta 100 m.kr. til viðbótar síðar á árinu 2017.



Skrifað undir samning um aukin fjárframlög til afreksjóðs ÍSÍ.

Ólympísk verkefni

Á árinu 2016 sendi ÍSÍ þátttakendur í tvö ólympísk verkefni. Á Vetrarólympíuleikum ungmenna í Lillehammer átti Ísland tvo keppendur í alpagreinum og einn í skíðagöngu og til Ólympíuleikanna í Ríó í Brasilíu sendi ÍSÍ alls átta keppendur, einn í áhaldafimleikum kvenna, einn í júdó, þrjá í frjálsíþróttum og þrjá í sundi. Árangurinn var góður, en báðar sundkonurnar sem kepptu á leikunum komust í úrslit á leikunum, og er það besti árangur sundkvenna frá upphafi.

Íþróttaslysasjóður

Iðkendur og keppendur innan vébanda ÍSÍ geta sótt um endurgreiðslu á hluta af kostnaðarhluta sjúklings vegna læknistkostnaðar og kostnaðar vegna sjúkráþjálfnar vegna slysa sem þeir verða fyrir á æfingum og í keppni á vegum íþrótt- og ungmennafélaga innan ÍSÍ. Hlutfall endurgreiðslu er nú 80%.

Ólympíufjölskylda

Að Ólympíufjölskyldu ÍSÍ standa fyrirtækin Icelandair, Íslandsbanki, Sjóvá og Valitor. Stuðningur fyrirtækjanna er afar mikilvægur en fyrirtækin koma á ýmsan hátt að verkefnum ÍSÍ, bæði almenningsíþróttaverkefnum og afreksíþróttastarfi.

Vefsíða og samfélagsmiðlar ÍSÍ

Slóðin á vefsíðu ÍSÍ er www.isi.is og er þar að finna ýmsan hagnýtan fróðleik um ÍSÍ og sambandsaðila þess, auk fræðsluefnis af ýmsum toga, fréttar og tilkynninga um viðburði í hreyfingunni. ÍSÍ er einnig á Fésbók (Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands) og Twitter, Instagram og Snapchat undir isiceland. ÍSÍ er einnig með Vimeo-síðu og gefur út fréttir rafrænt á Issuu-síðu sinni. Myndasíða ÍSÍ er sífellt í vinnslu, en þar er að finna bæði nýjar og gamlar myndir.

Felix - Félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ

Unnið hefur verið að gagngerum endurbótum á Felix, félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ. Nýja kerfið er mun notendavænna og einfaldara í sniðum en einnig verður boðið upp á gagnlegar viðbætur í kerfinu er

t.d. lúta að skráningum á námskeið, innheimtu gjalda o.fl. Innleiðing og kennsla á kerfið er þegar hafin.

Forvarnardagur forseta Íslands

ÍSÍ kemur að skipulagningu og framkvæmd Forvarnardagsins sem haldinn er ár hvert að frumkvæði forseta Íslands en með aðkomu ÍSÍ, UMFÍ, Bandalagi íslenskra skáta, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborgar, Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík. Forvarnardagurinn 2016 var haldinn þann 12. október. Lesa má meira um verkefnið á www.forvarnardagur.is

Þróun og fræðsla

ÍSÍ hefur gefið út fræðsluefni um ýmsa þætti sem snúa að íþróttum og íþróttáþáttöku. Efnið má nálgast á vefsíðunni og í útprentuðum bæklingum á skrifstofunni. Á vefsíðunni er einnig að finna annað efni sem snýr að forvörnum, siðareglur, viðbragðsáætlun við óvæntum atburðum og fræðslu tengda Ólympíuhreyfingunni, svo að eitthvað sé nefnt.

ÍSÍ stóð fyrir fjölbreyttum fræðsluviðburðum og ráðstefnum á árinu og einnig í samstarfi við aðra, svo sem ÍBR í tengslum við Reykjavíkurléikana (RIG) og háskólana í landinu.

Sýnum karakter

ÍSÍ og UMFÍ hafa tekið höndum saman um verkefnið Sýnum karakter. Verkefnið er hugsað sem verkfæri fyrir þjálfara til að hlúa að og efla andlega og félagslega þætti hjá börnum og unglingum. Mikilvægi þjálfarans er sett í fókus og einblínt með nýstárlegum hætti á þann jákvæða ávinning sem hlýst af íþróttaiðkun umfram líkamlega, s.s. áhugahvöt, félagsfærni, sjálfstraust, einbeitingu, leiðtogaþæfni og markmiðasetningu. Á vefsíðu Sýnum karakter, www.synumkarakter.is eru nú þegar hinar ýmsu greinar og viðtöl við þjálfara og afreksíþróttafólk þar sem helsta umfjöllunarefni er efling andlegra og félagslegra þátta í gegnum þjálfun.

Ánægja í íþróttum

ÍSí og UMFÍ fengu að setja inn nokkrar spurningar í rannsóknina Ungt fólk sem lögð var fyrir nemendur í 8.–10. bekk grunnskóla á landinu. Könnuð var ánægja iðkenda með þjálfarann, æfingaaðstöðu og íþróttafélagið, en einnig voru skoðuð tengsl íþróttaiðkunar við aðra þætti, svo sem vímuefnaneyslu, námsárangur, andlega og líkamlega heilsu og sjálfsmynd.

Niðurstöðurnar voru afar jákvæðar fyrir íþróttahreyfinguna í heild og staðfesting þess að verið sé að gera vel í hreyfingunni. Unglingar sem stunda íþróttir hjá íþróttafélagi líður almennt vel í starfinu, búa við betri líkamlega og andlega heilsu, neyta síður vímuefna og hafa betri sjálfsmynd en þau sem ekki stunda íþróttir með íþróttafélagi.

Þjálfaramenntun

Fjarnám ÍSí í þjálfaramenntun hefur verið afar vinsælt undanfarin ár og er helsta form þjálfaramenntunar ÍSí þessi árin. Fjarnám á 1. og 2. stigi hefur verið í boði þrjú á ári, vorönn, sumarönn og haustönn. Mörg sérsambönd ÍSí hafa verið að vinna og skipuleggja sinn þátt í þessum fræðum að undanförmu og eru í auknu mæli farin að bjóða upp á nám í sérgreinþætti þjálfaramenntunarinnar.

Fyrirmyndarfélag ÍSí

Fyrirmyndarfélag og fyrirmyndardeildir ÍSí eru í dag ríflega hundrad. Þar sem mörg félaganna eru stór deildaskipt félög þá er um þriðjungur íþróttaiðkenda að iðka íþróttir innan fyrirmyndarfélaga. Sérsambönd, íþróttabandalög og héraðssambönd eru hvött til að leggja sitt af mörkum til að efla verkefnið og styðja félög sem stefna vilja að þessari gæðaviðurkenningu. Á Íþróttþingi árið 2015 var samþykkt tillaga þess efnis að íþróttahéruð geta nú sótt um viðurkenningu til ÍSí fyrir fyrirmyndarstarf.

Ólympíudagurinn

Alþjóðlegi Ólympíudagurinn er haldinn hátíðlegur um allan heim í júní ár hvert í tilefni af stofnun Alþjóðaólympíunefndarinnar.

Markmiðið með deginum er að hreyfa, læra og uppgötva. Ólympíudagurinn var haldinn með fjölbreyttum hætti í ár. Haldið var golfmót með samtökum íslenskra ólympíufara í samstarfi við GSÍ og Nesklúbbinn. Krakkar úr Háskóla unga fólksins heimsóttu ÍSí og fengu kynningu á íþróttahreyfingunni og boðið var upp á kynningu og kennslu á strandblaki og skylmingum í Laugardalnum. Skólar og frístundaheimili skipulögðu íþróttadag þar sem krakkarnir sjálfir bjuggu meðal annars til keppnisgreinar.

Almenningsíþróttir

Lífshlaupið fór fram í níunda sinn 3.–23. febrúar 2016. Þátttakendur voru 18.550 að þessu sinni. Hjólað í vinnuna fór fram í fjórtánda sinn 4.–24. maí 2016. Þátttaka í Hjólað í vinnuna hefur aðeins dregist saman síðustu ár og voru þátttakendur 5386 árið 2016. Verkefnið hefur engu að síður náð markmiðum sínum, þar sem það hefur hjálpað til við að breyta lífsstíl fjölda fólks sem nú hjólar í vinnuna allt árið um kring.

Kvennahlaupið fór fram 4. júní 2016. Um 12.000 þátttakendur voru í hlaupinu á 91 stað hér á landi og erlendis.

Göngum í skólann fór fram 7. september – 5. október 2016. 67 skólar tóku þátt að þessu sinni. Göngum í skólann er frábært verkefni fyrir grunnskóla til þess að bæta umferðaröryggi við skólana. Um leið og skólar hvetja nemendur til þess að ganga til og frá skóla þá minnkar umferðarpunginn við skóla.



Frá ráðstefnunni Sýnum karakter.

Hjólum í skólann fyrir framhaldsskólanemendur fór fram í september. Markmið verkefnisins er að vekja athygli á virkum ferðamáta sem heilsusamlegum, umhverfisvænum og hagkvæmum samgöngumáta.

Íþróttamiðstöðin í Laugardal

Í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal eru höfuðstöðvar ÍSí og flestra sérsambanda ÍSí, ásamt ÍBR, UMSK og fyrirtækja íþróttahreyfingarinnar, Íslenskrar getspar og Íslenskra getrauna.

Í Íþróttamiðstöðinni er kaffíterian Café Easy og þar er einnig góð aðstaða til fundarhalds. ÍSí hvetur sambandsaðila sína að heimsækja miðstöðina við tækifæri og kynna sér starfsemina.

Lyfjamál

Alls voru tekin 142 sýni á árinu 2016, þar af 74 sýni í keppni eða um 52%. Lyfjapróf voru tekin í 13 íþróttgreinum og reyndist eitt sýni jákvætt á árinu.

Auk þessara sýna tók Lyfjaeftirlitsnefnd 34 sýni fyrir aðila utan vébanda ÍSí, þar með talið erlenda aðila. Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSí stendur fyrir námskeiðum og fjölbreyttri fræðslu í tengslum við málaflokkinn. Frekari upplýsingar um lyfjaeftirlit er að finna á lyfjaeftirlitsvef ÍSí.

Starfsskýrslur ÍSí

Sambandsaðilar eru minntir á að skila þarf starfsskýrslu til ÍSí í gegnum Felix á hverju ári fyrir 15. apríl.

Íþróttakonur og íþróttamenn sérsambanda 2016

Þann 29. desember 2016 hélt ÍSí hóf sitt í Hörpu, þar sem val sérsambanda og íþróttanefnda ÍSí á íþróttakonum og íþróttamönnum ársins 2016 var tilkynnt. Við sama tækifæri var kjöri Samtaka íþróttafréttamanna á Íþróttamanni ársins 2016 lýst.



Þann 29. desember 2016 hélt ÍSí hóf sitt í Hörpu, þar sem val sérsambanda og íþróttanefnda ÍSí á íþróttakonum og íþróttamönnum ársins 2016 var tilkynnt.

Fréttapunktur frá UMFÍ 2016



19. Unglingalandsmót UMFÍ í Borgarnesi

19. Unglingalandsmót UMFÍ var haldið í Borgarnesi um verslunarmannahelgina 2016. Mótshaldari var Ungmennasamband Borgarfjarðar (UMSB). Eva Hlín Alfreðsdóttir var ráðin verkefnastjóri en Ómar Bragi Stefánsson, landsfulltrúi UMFÍ mótsins, var framkvæmdastjóri eins og undanfarin ár. Til að upplýsa bæjarbúa og aðstoða verslunareigendur við undirbúning var haldinn íbúafundur sem auglýstur var með góðum fyrirvara. Mótið var auglýst í öllum helstu fjölmiðlum.

Á mótinu voru ýmsar greinar kynntar keppendum. Þar á meðal var kynning á pílukasti. Þeir Peter Licht og Omid Hosseinkani frá Copenhagen Panna House í Danmörku sýndu líka listir sínar í götufótbolta og leyfðu öllum að prófa. Það vakti mikla lukku. Keppendur voru 1.314, á aldrinum 11–18 ára, 756 strákar og 558 stúlkur. Flestir keppendur voru frá HSK eða 192 en næstflestir frá UMSK. Keppt var í 15 greinum og voru slegin tvö Íslandsmet. Annað þeirra átti Eva María Baldursdóttir (HSK) en hún stökk 1,61 metra í hástökki í flokki 13 ára stúlkna. Litlu munaði að Íslandsmetin yrðu þrjú því í einu sýningaratriðanna við setningu mótsins kepptu spretthlaupar sín á milli. Þar á meðal við Ari Bragi Kárasón úr FH. Hann spretti heldur betur úr spori og fór 100 metrana á 10,38 sekúndum. Enginn Íslendingur hefur hlaupið jafn hratt. Hlaupið var hins vegar ekki gilt því meðvindur reyndist af mikill. Við slit mótsins var tilkynnt að Ungmennafélag Akureyrar (UFA) hlyti Fyrirmyndarþikar Unglingalandsmóts UMFÍ.

6. Landsmót UMFÍ 50+ á Ísafirði

6. Landsmót UMFÍ 50+ var haldið á Ísafirði dagana 10.–12. júní 2016. Héraðssamband Vestfirðinga (HSV) var mótshaldari. Keppt var í 17 greinum sem endurspegluðu áhuga og iðkun heimamanna. Strandþak, netabæting og línubæiting féllu hins vegar niður af áður auglýstri dagskrá. Mótið gekk vel fyrir sig í alla staði og var almenn ánægja keppenda með það. Landsmót UMFÍ 50+ hófst eins og venja er á föstuðegi og því lauk á sunnudegi. Bryddað var upp á nýjungum á mótinu sem vöktu lukku. Önnur þeirra var sameiginlegur kvöldverður og skemmtun. Að loknum málsverði hélt hin landsþekkt hljómsveit BG uppi fjöri. Bæði skipuleggjendur og mótsgestir voru sammála um að þessi nýbreytni hafi tekist afar vel. Miklar líkur eru á að efnt verði aftur til sameiginlegs viðburðar fyrir mótsgesti í framtíðinni. Kynjaskipting keppenda var nokkuð jöfn. Til leiks vestur mættu 256 keppendur, þar af 132 karlar og 122 konur.

Ungmenna- og tómsundabúðir UMFÍ á Laugum

Ungmenna- og tómsundabúðir UMFÍ að Laugum í Sælingsdal eru starfsræktar yfir skólaárið fyrir nemendur í 9. bekk grunnskóla. Starf Ungmennabúðanna að Laugum veturinn 2015–2016 var viðburðaríkt að vanda og sóttu tæplega 2.000 nemendur búðirnar heim. Strax um haustið 2015 voru gerðar breytingar á starfi Ungmennabúðanna. Ferðadagurinn í þeirri mynd sem hann var í frá upphafi var lagður af og í stað hans var settur inn nýr dagskrárliður sem kallast Hólaferðin. Í Hólaferðinni fara nemendur í þriggja tíma göngu- og sveitaferð að Hólum í Hvammssveit í Dölum. Gangan er tæpir 6 kílómetrar og varir heimsóknin í um klukkustund. Í göngunni takast nemendur á við ýmis verkefni ásamt því að njóta útivistar. Markmið heimsóknarinnar er að fræða nemendur um helstu störf bænda, hvaðan fæðan sem þau neyta kemur og eru nemendur kynntir fyrir lífinu í sveitinni. Á haustönninni dvöldu



Frá heimsókn til Bessastaða á degi sjálfboðaliðans.

á Laugum fjórir erlendir sjálfboðaliðar sem auðguðu starfið og sköpuðu mikla gleði og líf í kringum sig. Í október komu þrjár stúlkur frá tækniskóla í Svíþjóð og voru við nám í Ungmennabúðunum í þrjár vikur. Þær sinntu ýmsum verkefnum og útbjuggu kennslufni á ensku. Heimasíða Ungmenna- og tómsundabúðanna er www.ungmennabudir.is.

Hreyfivika UMFÍ

UMFÍ hefur frá árinu 2012 tekið þátt í evrópski lýðheilsuherferð undir nafninu Now We Move. Hér á landi kallast herferðin Hreyfivika UMFÍ. Markmið verkefnisins er að fá hundrað milljónir fleiri Evrópubúa til að hreyfa sig reglulega fyrir árið 2020. Hreyfivikan hefur í gegnum tíðina verið haldin í september. Árið 2016 barst með skömmum fyrirvara tilkynning að utan að Hreyfivikan færðist fram á vor. Þátttaka hefur aukist árlega í Hreyfivikunni og sló hún öll met árið 2016. Þá voru boðberar hreyfingar 150 talsins í 55 bæjarfélögum, viðburðirnir 480 af ýmsum toga og þátttakendur hvorki fleiri né færri en 42.000 um allt land!

Sýnum karakter

Sýnum karakter er samstarfsverkefni UMFÍ og ÍSÍ. Verkefnið hefur það aðalmarkmið að þjálfa sálræna og félagslega færni barna og ungmenna í íþróttum. Hugmyndafræði verkefnisins byggir á að hægt sé að þjálfa og styrkja sálræna og félagslega færni iðkenda eins og líkamlega færni. Grunnhugmyndin að verkefninu kemur frá dr. Viðari Halldórssyni, félagsfræðingi við Háskóla Íslands, og Valdimar Gunnarssyni hjá UMSK. UMFÍ og ÍSÍ tóku höndum saman um það að koma verkefninu á framfæri út í íþróttahreyfinguna. Því var ýtt úr vör með stórrí ráðstefnu 1. október 2016 þar sem frábærir fyrirlesarar tóku þátt og fjölluðu um ýmsa þætti sem varða sálræna og félagslega þjálfun. Í lok nóvember var önnur ráðstefna haldin í Háskólanum á Akureyri. Stefnt er að því að halda álika ráðstefnur í hverjum fjórðungi á næstu misserum og kynna verkefnið frekar fyrir íþróttahreyfingunni og hjálpa til við að innleiða það inn í starfsemi félaganna. Hægt er að fræðast frekar um verkefnið, lesa pistla frá íþróttafólki og þjálfurum, horfa á fyrirlestra af ráðstefnunum og skoða verkfærakistu Sýnum karakter á vefsíðunni www.synumkarakter.is.

Evrópa unga fólksins

Evrópa unga fólksins (www.euf.is) er þjónustuskrifstofa og þekkingarmiðstöð fyrir æskulýðsstarf á Íslandi. Starfsfólk skrifstofunnar veitir styrki úr Erasmus+ áætlun Evrópusambandsins til verkefna í æskulýðsstarfi og aðstoðar þá sem ætla að sækja styrki við að móta góð verkefni. Skrifstofan miðlar þekkingu um æskulýðsstarf og óformlegt nám á Íslandi á ýmsa vegu og styður við simenntun æskulýðsstarfsfólks, meðal annars með því að styrkja það til þess að sækja námskeið í Evrópu. Evrópa unga fólksins er rekin af Ungmennafélagi Íslands í samstarfi við Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. UMFÍ hefur séð um rekstur skrifstofunnar frá 2007 en árin 2007–2013 var ungmennaáætlun Evrópusambandsins, forveri Erasmus, einmitt kölluð Evrópa unga fólksins. Starfsmenn eru þrír og einn í afleysingu. Forstöðumaður Evrópu unga fólksins er Anna R. Möller.

Forvarnadagurinn

Forvarnadagurinn er haldinn árlega að frumkvæði forseta Íslands. Árið 2016 fór dagurinn fram 12. október. Dagurinn var helgaður nokkrum heillaráðum sem geta forðað börnum og ungmennum frá fíkniefnum, ráðum sem eiga erindi við allar fjölskyldur í landinu. Guðni Th. Jóhannesson, nýr forseti Íslands, tók virkan þátt í Forvarnadeginum og hefur gefið það út að halda skuli áfram með verkefnið.

Heimsókn á Bessastaði

Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, bauð rúmlega 30 fulltrúum aðildarfélaga UMFÍ í heimsókn á Bessastaði í tilefni af Alþjóðlegum degi sjálfboðaliðans 5. desember 2016. Starfsemi UMFÍ er nefnilega borin uppi af sjálfboðaliðum, hvort heldur eru Landsmót UMFÍ 50+, árlegt Unglingalandsmót sem margir þekkja, Hreyfivika UMFÍ og margar aðrar uppákomu og viðburðir á vegum aðildarfélaga UMFÍ um land allt. Guðni minntist langafa síns, alþýðufræðarans Guðmundur Hjaltasonar (1853–1919), sem var mikill og ötull talsmaður ungmennafélagshreyfingarinnar og átti drjúgan hlut í að koma henni á laggirnar. Örn Guðnason, varaformaður UMFÍ, og Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, afhentu forsetanum fallegar

gjafir; Eintak af bókinni Vormenn Íslands, sem fjallar um sögu Ungmennafélagsshreyfingarinnar, bók um sögu landsmóta UMFÍ, Treyju með merki UMFÍ, eintak af ársskýrslu UMFÍ og eintak af Skinfaxa, tímariti UMFÍ.

Verkefnið Ungt fólk og lýðræði

Verkefnið Ungt fólk og lýðræði leggur áherslu á að efla lýðræðislega þátttöku ungs fólks í leik og starfi. Þar er lögð áhersla á að einstaklingar geti styrkt sjálfmynd sína og tekið upplýstar ákvarðanir um eigið líf og lífsstíl. Ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðræði hefur verið haldin árlega frá árinu 2009. Hún hefur nú fest sig í sessi á meðal mikilvægustu viðburða fyrir ungt fólk á Íslandi. Ráðstefnan var haldin í sjöunda sinn á Selfossi dagana 16.–18. mars árið 2016. Yfirskrift ráðstefnunnar var: Niður með grímuna. Ungmennaráð UMFÍ sá um undirbúning og framkvæmd ráðstefnunnar ásamt Héraðssambandinu Skarphéðni (HSK), sveitarfélaginu Árborg og fagfólki frá Kvíðamiðstöðinni. Ráðstefnuna sóttu 90 manns, þar af 69 ungmenni frá ungmennaráðum víða um land. Ungmennin voru á aldrinum 16–25 ára. Ungmennaráð UMFÍ gerir ráð fyrir því að halda áttundu ráðstefnu Ungs fólks og lýðræðis árið 2017. Við upphaf Ungmennaráðstefnunnar var 718 golfkúlur látnar rúlla um gólf á milli ráðstefnugesta. Það voru jafn margar kúlur og fjöldi barna og ungmenna sem um áramótin 2015/2016 voru á biðlista eftir sér- eða ítarþjónustu geðheilbrigðisstofnana.

Gönguverkefni UMFÍ

Ungmennafélag Íslands hefur um nokkurra ára skeið gefið út Göngubókina – Göngum um Ísland. Stefnt er að því að hún komi út í maí ár hvert. Í Göngubók UMFÍ er að finna upplýsingar um mislangar gönguleiðir sem henta fjölskyldum og er lagt upp með að leiðirnar henti jafnt yngra sem eldra og reynslumeira göngufólki. Jafnframt er að finna fróðleik um það sem hafa þarf í huga þegar lagt er af stað í gönguferð. Göngubókin kom út í 7.000 eintökum árið 2016. Henni var dreift á alla helstu ferðamannastaði, sundstaði, í íþróttahúsi í þéttbýli og á þjónustustöðvar N1 víða um land.

Vorfundur UMFÍ

Vorfundur UMFÍ var haldinn laugardaginn 21. maí 2016 í þjónustumiðstöð UMFÍ. Á fundinum mættu framkvæmdastjórn og formenn sambandsaðila UMFÍ auk stjórnar. Á fundinum flutti Sævar Kristinsson, sérfræðingur hjá KPMG, erindi um framtíð íþróttamála og Fjalar Sigurðarson, markaðsstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, erindi um mikilvægi upplýsingagjafar frá ýmsum hliðum. Aukerinda þeirra Sævars og Fjalars ræddi Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ, um stefnumótunarvinnu ungmennafélagsshreyfingarinnar, sem staðið hafði yfir í um ár. Jafnframt gerði Sabína Steinunn Halldórsdóttir, landsfulltrúi UMFÍ, grein fyrir Hreyfivikunni, sem var vikuna á eftir vorfundinum. Ómar Bragi Stefánsson, framkvæmdastjóri Landsmóta UMFÍ, fór yfir næstu Landsmót, sérstaklega Landsmót UMFÍ sem haldið verður á Sauðárkróki 2018. Mótið verður geysistört enda bætist við það Landsmót UMFÍ 50+ þess árs. Ráð er gert fyrir miklum fjölda þátttakenda og verða ýmsar nýjungar í boði sem hafa ekki sést á fyrri mótum.

40. sambandsráðsfundur UMFÍ

40. sambandsráðsfundur UMFÍ var haldinn að Laugum í Saelingsdal laugardaginn 15. október 2016. Sambandsráð er skipað formönnum sambandsaðila UMFÍ eða varamönnum þeirra, ásamt stjórn UMFÍ. Verkefni sambandsráðsfundar eru að ræða skýrslu



Jana Lind og Karen, sem eiga sæti í ungmennaráði HSK, tóku þátt í skemmtihelgi ungmennaráðs UMFÍ.

næstliðins árs, afgreiða fjárhagsáætlun næsta árs og viðfangsefni UMFÍ á milli þinga. Fundinn sóttu 44 fulltrúar með stjórn og starfsfólki UMFÍ. Fulltrúar frá 24 sambandsaðilum UMFÍ mættu en vantaði fulltrúa frá fimm sambandsaðilum. Ný heildstæð stefna samtakanna var kynnt og tekin til umfjöllunar í þjóðfundarfyrirkomulagi. Á fundinum var greint frá því að Héraðssambandið Skarphéðinn hlýti hvatningarverðlaun Ungmennafélags Íslands fyrir öflugt og metnaðarfullt frjálisþróttastarf á vegum frjálisþróttaráðs HSK. Guðriður Aadnegard, formaður HSK og Engilbert Olgeirsson, framkvæmdastjóri HSK, tóku við hvatningarverðlaunum.

Skinfaxi

Fjögur tölublöð Skinfaxa, tímarits UMFÍ, komu út á árinu. Ákveðið var að gefa ekki út sérstök landsmótsblöð eins og áður heldur hafa ítarlega umfjöllun um mótin og mótsstaði í þeim tveimur tölublöðum sem komu út í aðdraganda mótanna. Menningar- og útgáfufélag UMFÍ mótir áherslur í hverju blaði. Þar er umfram allt fluttar fréttir úr ungmennafélagsshreyfingunni, vakin athygli á því sem vel er gert og fjallað um lýðheilsu og önnur mál sem tengjast hreyfingu og góðum verkum. Lögð er áhersla á að blaðið sé líflegt og umfjöllunarnefnið bæði gagnlegt og fræðandi. Jón Aðalsteinn Bergsveinsson tók við sem kynningarfulltrúi UMFÍ og ritstjóri Skinfaxa í apríl 2016.

Sýndu hvað í þér býr

Félagsmálanámskeiðið Sýndu hvað í þér býr er haldið víða um land á hverju ári. Árið 2016 sóttu það á milli 200–300 manns. Á námskeiðinu er farið yfir ýmsa þætti sem tengjast ræðumennsku, framkomu, ræðuflutningi og raddbeitingu ásamt öðrum lykilorðum sem snúa að fundarhaldi. Sambandsaðilar UMFÍ geta haft samband við þjónustumiðstöð UMFÍ og óskað eftir því að fá námskeiðið til sín eða senda ungmennaráð og félag á námskeiðið í þjónustumiðstöðinni. Landsfulltrúinn Sabína Steinunn Halldórsdóttir hefur veg og vanda af kennslunni og utanumhaldinu. Nánari upplýsingar um námskeiðið má fá á vefsíðunni www.umfi.is eða með því að senda Sabínu póst á netfangið sabina@umfi.is.

Heimsókn til DGI

Danmarks Gymnastik- og Idrætsforeninger (DGI) eru systursamtök UMFÍ í Danmörku. Góð samvinna og vinskapur er á milli samtakanna og koma margar fyrirmyndir að verkefnum UMFÍ einmitt frá DGI. Í september 2016 fór litill hópur frá UMFÍ í heimsókn til DGI í Álaborg til að afla upplýsinga um undirbúning, skipulagningu og framkvæmd dönsku landsmótanna á vegum DGI. Stefnt er að því að hópur fari á landsmótið sumarið 2017.

Jörgen í stjórn NSU

Nordisk samorganisation for ungdomsarbejde eru samtök ungmennafélaga á Norðurlöndunum. Á þeim vettvangi er unnið mikið af sameiginlegum verkefnum sem tengja Norðurlöndin saman. Þar má nefna ungmennaskipti, ungmennavikur, markmiðaráðstefnur og ungbændaráðstefnur. UMFÍ á tvo fulltrúa í stjórn NSU. Ungmennavika NSU fór fram dagana 7.–14. ágúst 2016 í Ástad í Svíþjóð. Yfirskrift vikunnar var JOURNEY 4 LIFE. Fjallað var um menningu, leiðtogahefuleika, þátttöku jaðarhópa, samskipti og áhrif. Vikan var stúf full af spennandi ævintýrum ásamt heimsókn í skemmtigarð og kvölddagskrá fór fram öll kvöld. UMFÍ sendi fimm ungmenni til þátttöku í vikunni. Leiðtoga skólí NSU fer fram í október 2016. Ráðstefna og aðalfundur NSU fóru fram í september. Þar voru níu fulltrúar frá UMFÍ. Á fundinum var í fyrsta sinn kosið eftir nýju stjórnaryrirkomulagi og náði Jörgen Nilsson, tómsundaleiðbeinandi í Ungmenna- og tómsundabúðum UMFÍ, kjöri í stjórn.

Lýðhaskóli UMFÍ

Ungmennafélag Íslands hefur lýst yfir áhuga á því að stofna og reka lýðhaskóla á Íslandi. UMFÍ horfir meðal annars til húsnæðis íþróttakennaraháskólans á Laugarvatni en háskólaráð Háskóla Íslands ákvað í febrúar 2015 að flytja námið frá Laugarvatni til Reykjavíkur. Gangi það eftir fækkar opinberum störfum í Bláskógabyggð. Með stofnun lýðhaskóla UMFÍ á Laugarvatni er spornað við fækkun starfa auk þess sem valmöguleikum námsmanna að loknu stúdentsprófi fjölga. Líður í því var ferð hóps á vegum UMFÍ til Danmerkur í lok október 2016 til að kynna sér námsframboð, rekstur og fyrirkomulag lýðhaskóla þar í landi. Hópurinn heimsótti lýðhaskólana í Vejle og Gerlev og hitti hann þar fjölda Íslendinga sem eru þar við nám. Ferðin var styrkt af Evrópu unga fólksins.

Þjónustumiðstöð Ungmennafélags Íslands

Þjónustumiðstöð Ungmennafélags Íslands er í Sigtúni 42 í Reykjavík. Starfsmaður UMFÍ og framkvæmdastjóri landsmóta UMFÍ er búsettur á Sauðárkróki og er hann með skrifstofu að Víðigrund 5 í bænum. Í þjónustumiðstöðinni er haldið utan um starf UMFÍ og veitt ýmis þjónusta við aðildarfélög og félagsmenn. Þar er líka aðstaða til fundarhalds sem ýmsar nefndir nýta sér. Í þjónustumiðstöðinni er líka skrifstofa Evrópu unga fólksins. Þar eru ýmsir með aðstöðu. Þar á meðal Landsamband eldri borgara, Félag áhugafólks um íþróttir aldraðra (FÁÍA), Fræðsla og forvarnir (FRÆ) og Æskulýðsvettvangurinn (ÆV) næstu tvö árin.

Eldri ungmennafélagar

Nefnd eldri ungmennafélaga og Félag áhugafólks um íþróttir aldraðra (FÁÍA) vinnur náið saman enda er markmið þeirra eitt og hið sama; að stuðla að bættri lýðheilsu fólks, auka hreyfingu og mæla fyrir kostum þess að hafa gaman saman. Helstu verkefni hafa falist í námskeiðahaldi og keppnum víða um land í boccia, ringó og þútti auk ýmissa dansnámskeiða.

Ungmennaráð UMFÍ

Í ungmennaráði UMFÍ eru tíu ungmenni víða að frá landinu. Formaður þess er Aðalbjörn Jóhannsson og situr hann til tveggja ára í senn. Ungmennaráðið fundar einu sinni í mánuði yfir skólaárið en nýtir samfélagsmiðla og aðra tækni til skrafs og ráðagerða. Ýmis verkefni koma á borð ráðsins, bæði almennt innan æskulýðsmála á Íslandi og í tengslum við verkefni UMFÍ. Helstu verkefni ungmennaráðsins hafa verið ráðstefnan Ungt fólk og lýðræði og nú síðast Umræðuþáttur UMFÍ, sem haldið verður í tvö ár.

Ferðasjóður íþróttafélaga

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands veitir árlega styrki úr Ferðasjóði íþróttafélaga. Ferðasjóðnum er ætlað að jafna aðstöðumun og efla íþrótt- og forvarnarstarf. Framlag til Ferðasjóðs íþróttafélaga á fjárlögum Alþingis fyrir árið 2016 var 100 milljónir. 30 milljón króna hækkun er á fjárlögum Alþingis fyrir árið 2017 eða alls 130 milljón króna vegna keppnisferða ársins 2017. Það er afar ánægjulegt að ríkisvaldið sé að auka framlagið til sjóðsins. Athygli vekur að nokkur félög á sambandssvæðinu, sem vítað er að áttu rétt á að fá styrk úr sjóðnum, sóttu ekki um. Umsóknarfrestur er til 9. janúar ár hvert.

Úthlutun til aðildarfélag HSK fyrir keppnisferðir 2009 -2016

	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Glimuráð HSK	15.886		33.324					
Golfkl. Hveragerðis				18.657	25.143	7.416	14.613	
Golfkl. Selfoss	11.788			15.265				
Golfkl. Þverá				7.894				
Hestam.f. Geysir			26.348					
Hestam.f. Ljúfur								7.259
Íþr.f. Dímon	58.430		7.654	35.284	35.685	14.169		
Íþr.f. Garpur				22.125				
Íþr.f. Gnýr						17.434		
Íþr.f. Hamar	293.267	302.890	435.603	558.610	205.462	330.491		
Íþr.f. Milan						22.212		22.819
Íþr.f. Suðri						81.323		
Knattsp. Árborg	43.752	68.041	128.831	30.121		25.404		38.851
Knattsp. Rangæinga	241.285	81.693	11.242	125.860	124.000	109.716	135.628	
Knattsp. Ægir	133.716	54.925	49.359	103.218	95.118	228.547	382.843	347.346
Körfukn.fél. FSu	107.598	114.924	65.268	114.987	92.133	151.187	161.040	86.942
Umf. Gnúpverja							25.849	
Umf. Hekla		42.042				9.427		
Umf. Hrunamanna	190.109	166.323	114.202	147.091	187.874	143.125	86.592	91.052
Umf. Laugdæla	68.153	89.719	89.082	95.405	110.553	65.123		
Umf. Samhygð							2.465	
Umf. Selfoss	1.465.496	911.543	1.203.083	1.316.099	1.598.042	1.615.501	1.981.123	1.611.712
Umf. Þór	95.271	27.087	86.624	154.938	91.218	77.705	150.561	131.116
Samtals	2.724.751	1.859.187	2.250.620	2.737.660	2.573.122	2.898.780	2.940.714	2.337.097

Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ

Á árinu 2016 var úthlutað tvisvar úr Fræðslu- og verkefnasjóði UMFÍ. Sjóðurinn veitir m.a. styrki til félags- og íþróttastarfs ungmennafélagshreyfingarinnar með því að auka menntun og þekkingu félaga innan hreyfingarinnar á íþróttagreinum, þjálfun, félagsmálum og félagsstarfi. Rétt til styrkveitingar úr sjóðnum eiga allir félagar í ungmennafélögum sem eru virkir í starfi. Einnig eiga stjórn og nefndir UMFÍ, héraðssambönd, ungmennafélög og deildir innan þeirra rétt á að sækja um styrk úr sjóðnum. Sjóðurinn úthlutar styrkjum tvisvar á ári og er umsóknarfrestur 1. apríl og 1. október ár hvert. Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ styrkti 133 verkefni árið 2016, samtals að upphæð 14.149.000 kr. Af því fengu 28 verkefni á sambandssvæði HSK styrk samtals að upphæð 2.127.000 kr.

Verkefni innan HSK sem hlutu styrk:

Fimleikadeild Hamars	Þjálfaranámskeið í Slóveníu	50.000
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Námskeið um samskipti	50.000
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Þjálfaranámskeið FSÍ 1b	15.000
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Þjálfaranámskeið FSÍ 1A og 1C	58.000
Fimleikadeild Umf. Selfoss	Námskeið – öflugri liðsheild	75.000
Frjálsíþróttadeild Umf. Selfoss	Merking hlaupa- og skokkleiða/útbreiðsla	100.000
Frjálsíþróttadeild Umf. Selfoss	Námskeið – Leiðir til að ná árangri	75.000
Frjálsíþróttanefnd Umf. Laugdæla	Frjálsíþróttafélaginn - fræðsla	50.000
Frjálsíþróttaráð HSK	Frjálsíþróttaskóli UMFÍ	150.000
Handknattleiksdeild Umf. Selfoss	Þjálfaramenntun HSÍ	42.000
Handknattleiksdeild Umf. Selfoss	Þjálfaranámskeið með ÞH	50.000
Handknattleiksdeild Umf. Selfoss	Námskeið og fræðsla um íþróttasálfræði	100.000
Handknattleiksdeild Umf. Selfoss	Fræðslunámskeið um styrktarþjálfun	50.000
Knattspyrnadeild Umf. Selfoss	Endurmenntun þjálfara UEFA-b	100.000
Knattspyrnadeild Umf. Selfoss	Þjálfaranámskeið KSÍ 2 og 3	150.000
Knattspyrnadeild Umf. Selfoss	Söguritun vegna 60 ára afmælis	100.000
Knattspyrnadeild Umf. Selfoss	Þjálfaranámskeið UEFA	50.000
Knattspyrnadeild Umf. Selfoss	Unglingadómarnámskeið KSÍ	140.000
Knattspyrnadeild Umf. Selfoss	Uppbygging/fræðsla yngri dómara	75.000
Knattspyrnadeild Umf. Selfoss	Endurmenntun yfirþjálfara	50.000
Knattspyrnadeild Umf. Selfoss	Þjálfaranámskeið KSÍ	100.000
Körfuknattleiksfélag FSu	Þjálfaranámskeið KKÍ	50.000
Körfuknattleiksfélag FSu	Fræðslunámskeið í íþróttasálfræði	75.000
Körfuknattleiksfélag FSu	Þjálfaranámskeið KKÍ fyrir yngri flokka	22.000
Umf. Selfoss	Þjálfararáðstefna	100.000
Umf. Selfoss	Sjónvarpsútsendingar af viðburðum	100.000
Umf. Selfoss	Skyndihjálparnámskeið fyrir þjálfara	50.000
Umf. Þjótandi	Stofnun nýs félags	100.000

Umhverfissjóður UMFÍ

Umhverfissjóður UMFÍ, sem er Minningarsjóður um Pálma Gíslason fyrrverandi formann UMFÍ, úthlutaði 1.050.000 kr. til níu verkefna á árinu 2016.

Verkefni innan HSK sem hlutu styrk:

Umf. Selfoss	Vegna gróðursetningar á trjám	50.000
Frjálsíþróttadeild Umf. Selfoss	Vegna frjálsíþróttavallarsvæðis á Selfossi	50.000

Íþróttasjóður ríkisins

Íþróttanefnd bárust alls 213 umsóknir að upphæð rúmlega 196 m. kr. um styrki úr Íþróttasjóði á árinu 2016. Alls voru 142 umsóknir um styrki til að bæta aðstöðu til íþróttaiðkana að upphæð um 129 m. kr. Styrkumsóknir um fræðslu- og útbreiðsluverkefni voru 58 að upphæð um 29 m. kr. og umsóknir vegna íþróttarannsóknna voru 13 að upphæð um 36 m. kr. Til ráðstöfunar á fjárlögum 2016 eru 16,1 m. kr. en samkvæmt reglugerð um Íþróttasjóð þá fara óstóttir styrkir aftur til sjóðsins til úthlutunar. Heildarúthlutun var 16.450.000 kr. Styrkirnir dreifðust þannig milli flokka: Aðstaða: 9.800.000 kr., fræðsla og útbreiðsla 3.150.000 kr. og rannsóknir 3.500.000 kr. HSK hvetur íþróttahreyfinguna til að sækja um styrki í Íþróttasjóð ríkisins en frekari upplýsingar um sjóðinn er að finna á heimasíðu Rannís, www.rannis.is.

Styrkir sem veittir voru til aðildarfélaga HSK:

Fimleikadeild Umf. Þórs	Lendingadýna	100.000
Frjálsíþróttadeild Íþf. Dímonar	Aukum gæði og eflum frjálsíþróttir á Hvolsvelli	150.000
Frjálsíþróttadeild Umf. Selfoss	Kaup á íþróttaráhöldum	100.000
Frjálsíþróttadeild Umf. Þórs	Kaup á tækjum	100.000
Knattspyrnudeild Umf. Selfoss	Þróun yngri dómara	100.000
Körfuknattleiksdeild Umf. Þórs	Áhaldakaup til að efla yngri flokka starf og minnka meiðslahættu eldri iðkenda	100.000
Umf. Hekla	Fimleikaáhöld	100.000
Umf. Laugdæla	Áhöld til íþróttaiðkana	200.000
Umf. Þór	Hugarþjálfun	100.000
Samtals til aðildarfélaga HSK		1.050.000



Frjálsíþróttadeild Umf. Selfoss fékk styrk til kaupa á íþróttaráhöldum.

Umf. Njáli vikið úr HSK

Á fundi stjórnar HSK 11. janúar 2016 var ákveðið að víkja Ungmennafélaginu Njáli úr HSK með vísan í lög sambandsins og ákvæði í 6. grein. Í 6. grein laga HSK er kveðið á um skyldur félaga sem eru í hreyfingunni. „Aðildarfélögum HSK er skylt að halda aðalfund árlega og senda ársreikning til stjórnar HSK að fundi loknum.

Fyrir 15. apríl ár hvert ber félögum að skila starfsskýrslu á forriti sem ÍSÍ og UMFÍ leggur til. Félögum ber að greiða skatt til HSK fyrir hvern skattskyldan félagsmann, 7 ára og eldri, samkvæmt ákvörðun héraðsþings. Ef félag stendur ekki við þessar skuldbindingar, telst það ekki starfandi og skal stjórn HSK þá vísa því úr sambandinu að undangenginni aðvörun.

Stjórn HSK skal tilkynna héraðsþingi um brottfellingu félaga samkvæmt þessari grein.



Óski félag sem fellt hefur verið úr sambandinu samkvæmt þessari grein að nýju eftir aðild að HSK skal fara með umsóknina samkvæmt 4. grein.”

Á fundi stjórnar HSK 30. nóvember 2015 var ákveðið að senda þeim félögum sem uppfylla ekki ákvæði 6. greinar laga Héraðssambandsins Skarphéðins formlega aðvörun. Þrjú félög fengu senda aðvörun og voru þau beðin um að ganga frá sínum skuldbindingum fyrir áramót. Tvö félög gengu frá sínum málum, en engin svör bárust frá Umf. Njáli fyrir tilskilinn frest. Stjórn HSK þakkar Umf. Njáli samstarfið á liðnum áratugum. Félaginu er velkomið að sækja um aðild að nýju, ef aðstæður breytast og vilji er til þess hjá félagsmönnum.

Nefndir skipaðar af stjórn:

Kjörnefnd

Árlega skipar stjórn HSK kjörnefnd sem hefur það hlutverk að leggja fram tillögu að stjórnarskipan HSK og nefndarskipan í 17 starfsnefndir sambandsins.

Eftirtaldir skipuðu kjörnefnd: Anný Ingimarsdóttir, formaður, stjórn HSK, Bergur Guðmundsson, Umf. Selfoss, Gestur Einarsson, varastjórn HSK, Lára Jónsdóttir, Umf. Skeiðamanna, Jóhannes Óli Kjartansson, Umf. Selfoss.

Á héraðsþingi 2016 lagði nefndin fram tillögur sínar til afgangslu þingsins og voru þær samþykktar samhljóða. Stjórnarskipan má sjá fremst í ársskýrslunni og í skýrslum nefnda hér aftar í skýrslunni er greint frá nefndarskipan 2016.

Brynja Hjálmtýsdóttir og Bergur Guðmundsson voru kjörin skoðunarmenn reikninga sambandsins.

Valnefnd vegna kjörs á Íþróttamanni HSK

Á héraðsþingi HSK árið 2006 var ákveðið að breyta reglugerð um kjör á Íþróttamanni HSK og síðan hefur sérstök valnefnd kosið íþróttamann HSK úr röðum þeirra sem tilnefndir eru frá nefndum og ráðum HSK. Fundur í valnefndinni var haldin 27. febrúar 2017 í Selinu á Selfossi eftirtaldir mættu:

Guðriður Aadnegard, formaður HSK, Guðmundur Karl Sigurdórsson, íþróttafréttamaður, Anný Ingimarsdóttir, ritari HSK, í fjarveru Ólafar Arnar Oddssonar íþrótt- og æskulýðsfulltrúa Rangárþings eystra og Ragnar Sigurðsson, íþrótt- og æskulýðsfulltrúi Sveitarfélagsins Ölfus og fyrverandi varaformaður HSK, í fjarveru Þóris Haraldssonar fyrverandi formanns Umf. Selfoss. Gestur Einarsson, íþróttafréttamaður og varastjórnarmaður HSK boðaði forföll.

Valnefndin hefur stuðst við eftirfarandi þætti í vali sínu á Íþróttamanni HSK:

1. Alþjóðlegur árangur, landsárangur og árangur á héraðsvisu.
2. Íþróttamaður HSK þarf að hafa náð 16 ára aldri.
3. Staða greinarinnar.

Val á íþróttamanni HSK 2016: Íþróttamenn í 21 íþróttagrein voru tilnefndir til kjörs á íþróttamanni HSK 2016. Átta konur og tólf karlar. Nefndin notaðist við ofangreind viðmið við valið. Eftir að hafa farið gaumgæfilega yfir greinargerðir sem fylgdu tilnefningunum komst nefndin að þeirri einróma niðurstöðu að sæmdarheitið Íþróttamaður HSK árið 2016 hlyti Margrét Lúdvígsdóttir fimleikakona úr Umf. Selfoss.

Unglingalandsmótsnefnd HSK

Þátttaka HSK á 19. Unglingalandsmóti UMFÍ í Borgarnesi

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Guðrún Tryggvadóttir, Umf. Selfoss, formaður, María Óladóttir, Umf. Selfoss, Gunnhildur Hinriksdóttir, Umf. Laugdæla, Guðmundur Jónsson, Umf. Heklu, Kristín Sigfúsdóttir, Íþr.fél. Garpi.

Unglingalandsmótið var að þessu sinni haldið í Borgarnesi. Undirbúningur HSK fyrir unglíngalandsmót var hefðbundinn. Nefndin hittist einu sinni til að skipta með sér verkum og skipuleggja starfið.

Eins og undanfarin ár mætti nefndin á mánudegi fyrir mót í Selví til að afhenda keppendum HSK treyjur. Yfir 200 keppendur höfðu skráð sig til keppni á mánudeginum.

Að vanda var góð þátttaka HSK keppenda í skráðgöngu á setningarathöfn mótsins og allir gengu inn í bláum jökkum merktum HSK og Arion banka, en bankinn styrkti þátttöku HSK á mótinu



Skarphéðinsmenn voru sigursælir í frjálsíþróttakeppni Unglingalandsmótsins.

með myndarlegum hætti eins og undanfarin ár. Glæsilegur hópur HSK krakka vakti verðskuldaða athygli.

Við hjónin fórum með fullt fellihýsi af dóti s.s. fána, peysur, potta, prímus o.fl. Eimskip sá um flutning á samkomutjaldi í Borgarnes en nefndin sá um að redda kerru og koma öllu á tjaldstæðið. Við fengum lánað stórt grill hjá heimamönnum og keyptum grillkol og fólk var boðið að nýta grillið. Umf. Laugdæla lánaði samkomutjaldið eins og undanfarin ár og er þeim þakkað fyrir það. Þegar tjaldið var tekið niður var ákveðið að HSK skyldi fjárfesta í nýju tjaldi fyrir næsta sumar.

Enn eitt árið var tjaldstæðið of lítið fyrir okkur, þó svo að ég hafi verið búin að margtala við þá sem ákváðu hvað við fengjum stórt svæði og einnig við heimakonu sem sá um að mæla út tjaldstæðið. Hún taldi mér trú um að nú væri það öruggt að við

hefðum nóg pláss en þegar á staðinn kom var það fljótt ljóst að tjaldstæðið var of lítið. Við fengum annað tjaldstæði sem öðru héraðssambandi hafði verið úthlutað en enginn var búin að tjalda þar þegar ljóst var í hvað stefndi hjá okkur. Það tjaldstæði var svolítið frá okkar svæði og því vorum við ekki öll saman sem er ekki boðlegt. Þetta tjaldstæði var þó slétt og við gerðum bara gott úr þessu.

Þetta árið fjölgaði í keppnishópnum, keppnislið HSK hefur aldrei verið fjölmennara á unglíngalandsmóti utan héraðs, en 198 keppendur tóku þátt. Keppnisliðið hefur aðeins einu sinni verið fjölmennara, en það var á ULM á Selfossi 2012.

Mótið fór vel fram innan vallar sem utan. Þó svo að það hafi verið dálítið rok og allir hafi þurft að klæða sig vel þá var mótið hin besta skemmtun í alla staði.

Vonandi sjáumst við á Egilsstöðum í sumar. Setjum það ekki fyrir okkur þó svo að við þurfum að keyra örlítið lengra.

Guðrún Tryggvadóttir

Verðlaunahafar HSK á unglíngalandsmótinu

Keppnislið HSK hefur aldrei verið fjölmennara á unglíngalandsmóti utan héraðs, en 198 keppendur tóku þátt. Keppnisliðið hefur aðeins einu sinni verið fjölmennara, en það var á ULM á Selfossi 2012.

Á mótsetningunni gekk HSK hópurinn í bláum jökkum merktum HSK og Arion banka, en bankinn hefur styrkt þátttöku HSK á mótinu með myndarlegum hætti undanfarin ár. Er bankanum þakkaður stuðningurinn.

Keppnislið okkar stóð sig frábærlega á keppnisvellinum og unnu til fjölda verðlauna. Hér er greint frá öllum verðlaunahöfum HSK í einstökum greinum á mótinu. Keppendur tóku einnig þátt í golfi, hestaiþróttum, mótocrossi, knattspyrnu og sundi, en náðu ekki verðlaunasætum í þeim greinum. Enginn tók þátt í fjallahjólreiðum og íþróttum fatlaðra.

Hugsanlega hafa fleiri unnið til verðlauna, s.s. í boltagreinum með liðum sem voru ekki skráð undir HSK. Ábendingar um fleiri verðlaunahafa af sambandsvæðinu er vel þegnar á netfangið hsk@hsk.is. Heildarúrslit má sjá á www.umfi.is.



Eva María Baldursdóttir setti landsmet í hástökki á Unglingalandsmótinu.

Frjálsíþróttir

Keppendur okkar settu eitt Íslandsmet, fjögur HSK met og þrjú mótsmet á mótinu. Eva María Baldursdóttir Selfossi setti Íslandsmet í hástökki í flokki 13 ára stúlkna, en hún stökk 1,61 metra. Þetta er að sjálfsgöðu einnig mótsmet og HSK met hjá henni. Hún bætti 39 ára gamalt HSK met bæði í 13 og 14 ára flokki um einn sentimetra. Guðmundur Tyrfingsson Selfossi setti HSK met og mótsmet í 800 metra hlaupi í 13 ára flokki pílta. Hann hljóp á 2:19,74 mín. Ragnheiður Guðjónsdóttir Umf. Hrunamanna setti HSK met í kringlukasti í flokki 15 ára, en hún kastaði 37,80 metra. Þá setti Styrmir Dan Steinunnarson Þór mótsmet í hástökki í flokki 16–17 ára pílta þegar hann sveif yfir 1,96 metra. Þess má einnig geta að Harpa Svansdóttir Selfossi stökk yfir gildandi HSK meti í langstökki í flokki 16–17 ára, en vindur var aðeins of mikill.

11 ára: Daði Kolviður Einarsson vann 60 m hlaup og 600 m. Hann varð annar í langstökki og var í sigursveitinni í 4x100 m boðhlaupi, ásamt Rúrik Nikolai Bragin, Sigurjóni Reynissyni og Hreimi Karlssyni. Hreimur Karlsson vann hástökk og varð þriðji í 60 m hlaupi og langstökki. Rúrik Nikolai Bragin vann langstökkið. Arnór Elí Kjartansson varð annar í kúluvarpi og þar varð Einar Breki Haraldsson þriðji. Auður Helga Halldórsdóttir vann hástökk, langstökk og spjótkast og varð önnur í 60 m hlaupi. Katrín Ósk Þrastardóttir vann hástökkið og varð önnur í 600 m hlaupi og spjótkaсти. Auður Magnea Sigurðardóttir varð önnur í kúluvarpi. Auður Helga, Katrín Ósk, Karolína Helga Jóhannsdóttir og Hildur Björk Gunnsteinsdóttir urðu svo í 2. sæti í 4x100 m boðhlaupi.

12 ára: Sæþór Atlason vann kúluvarp og spjótkast og varð annar í 60 m grindahlaupi og hástökki. Hann varð svo þriðji í langstökki. Óskar Snorri Óskarsson varð þriðji í hástökki. Haukur Arnarsson varð annar í kúluvarpi. Haukur Arnarsson, Sæþór Atlason, Óskar Snorri Óskarsson og Brynjar Logi Sölvason voru í sigursveitinni í 4x100 m boðhlaupi.

Ingibjörg Bára Pálsdóttir vann hástökkið og varð önnur í kúlu og Hrefna Sif Jónasdóttir varð önnur í 600 m.

13 ára: Sindri Freyr Seim Sigurðsson vann 80 m hlaup, 60 m grindahlaup og langstökk. Hann varð svo annar í hástökki. Guðmundur Tyrfingsson vann 800 m hlaup. Ólafur Magni Jónsson vann kúlu og varð annar í spjóti. Reynir Freyr Sveinsson varð annar í langstökki. Hjalti Snær Helgason varð annar í spjótkaсти. Guðmundur Gígjar Sigurbjörnsson, Sindri Freyr, Auðunn Magni Björgvinsson og Baldur Steindórsson voru í bronssveitinni í 4x100 m boðhlaupi. Eva María Baldursdóttir vann hástökkið og varð þriðja í langstökki. Una Bóel Jónsdóttir varð önnur í kúlu. Þóra Björg Yngvadóttir varð þriðja í kúlu og Birta Sigurborg Úlfarsdóttir varð þriðja í 80m hlaupi og 60 grind. Laufey Pálsdóttir, Birta Sigurborg, Una Bóel og Helga Ósk Gunnsteinsdóttir voru í silfursveitinni í 4x100 m boðhlaupi. Jóna Kolbrún Helgadóttir, Alice Alexandra Flores, Guðný Salvör Hannesdóttir og Hildur Anna Sigurbjörnsdóttir voru í boðhlaupsveitinni sem náði þriðja sæti.

14 ára: Hákon Birkir Grétarsson vann 80 m grind, varð annar í 60m og kúlu og þriðji í hástökki. Tryggvi Þórisson vann hástökkið. Dagur Fannar Einarsson varð annar í 800 m. Kolbeinn Loftsson varð annar í langstökki. Jónas Grétarsson varð þriðji í 60m. Máni Snær Benediktsson varð þriðji í langstökki. Vilhelm Freyr Steindórsson varð þriðji í kúlu. Viktor Karl Halldórsson varð þriðji í spjóti. Hákon Birkir, Dagur Fannar, Jónas og Kolbeinn voru í sigursveitinni í 4x100 og þar urðu í öðru sæti þeir Máni Snær, Viktor Karl, Tryggvi Þórisson og Gabríel Bjarni Jónsson. Hildur Helga Einarisdóttir vann kúlu og spjótkast



Verðlaunahafar HSK í upplestri á Unglingalandsmótinu.

og varð önnur í kringlu. Bríet Bragadóttir vann 60 m hlaup og varð þriðja í 80 m grind og langstökki. Sólveig Þóra Þorsteinsdóttir vann langstökk og varð önnur í hástökki. Valgerður Einarisdóttir varð þriðja í hástökki. Lára Björk Pétursdóttir varð þriðja í 800 m. Þóra Erlingsdóttir varð þriðja í kúlu. Bríet, Sólveig Þóra, Valgerður og Lára Björk voru í silfursveitinni í 4x100 m boðhlaupi.

15 ára: Jakob Unnar Sigurðarson varð annar í kúlu. Ragnheiður Guðjónsdóttir vann kúlu og kringlu. Helga Margrét Óskarsdóttir vann spjótkast og varð önnur í kúlu og þriðja í kringlu. Katharína Sybilla Jóhannsdóttir varð önnur í hástökki og spjóti og þriðja í langstökki.

16–17 ára: Styrmir Dan Hansen Steinunnarson vann 110 m grind, hástökk, langstökk og kringlu. Róbert Khorchai Angeluson varð annar í kringlukasti. Stefán Narfi Bjarnason varð þriðji í kringlu. Anthony Karl Flores, Stefán Narfi, Guðjón Baldur Ómarsson og Styrmir Dan voru í sigursveitinni í 4x100 m boðhlaupi. Harpa Svansdóttir vann langstökk og varð þriðja í 100 m hlaupi og kúlu.

18 ára: Ástþór Jón Tryggvason vann 800m og varð þriðji í 100m.

Glíma

Sex keppendur frá HSK tóku þátt í glímu og unnu þeir þrjá titla. Aldís Freyja Kristjánsdóttir varð meistari í flokki 11–12 ára stúlkna. Ólafur Magni Jónsson sigraði í 13–14 ára flokki og Laufey Ósk Jónsdóttir vann í flokki 15–16 ára stúlkna.

Körfuknattleikur

Lið frá okkur sem kallaði sig Gullþiurnar urðu í 3. sæti í flokki 11–12 ára. Í liðinu voru þær Arnheiður Soffía Jónsdóttir, Ásdís Lára Svavarsdóttir, Brynja Líf



Aldís Freyja vann sinn flokk í glímunni á ULM.

Jónsdóttir, Embla Dís Gunnarsdóttir, Hildur Björk Gunnsteinsdóttir, Karolína Helga Jóhannsdóttir, Sólís María Eiríksdóttir, Thelma Lind Sigurðardóttir og Tinna Sigurrós Traustadóttir. Lið frá okkur sem nefndist Sveittir munkar urðu í þriðja sæti í flokki 15–16 ára stráka. Alexander Hrafnkelsson, Haukur Þrastarson, Sölvi Svavarsson, Valur Guðjónsson og Þorvarður Hjaltason voru í liðinu.

Ólympískar lyftingar

Þrjú keppendur tóku þátt í lyftingum á mótinu. Úrslit tóku mið af Sinclair stuðli, sem er lyfting sem hlutfall af líkamsþyngd. Matthías Abel Einarsson úr Lyftingafélaginu Hengli varð ungingalandsmótsmeistari í flokki 18 ára og yngri og setti Íslandsmet í sínum aldursflokki. Karen Ósk Kjartansdóttir varð önnur í flokki 15 ára og yngri.

Skák

Sigurjón Reynisson varð annar í flokki 11–12 ára stráka.

Skotfimi

Róbert Khorchai Angeluson varð í 2.–3. sæti í 22 cal. riffli með 243 stig, aðeins einu stigi frá 1. sætinu.

Stafsetning

Ásrún Hreinsdóttir og Heiðís Lilja Erlingsdóttir urðu í 2. sæti í flokki 11–12 ára með eina villu. Í 13–14 ára flokki komust þrjú á pall frá HSK. Sigurbjörg Guðmundsdóttir vann með enga villu. Helga Ósk Gunnsteinsdóttir varð önnur með eina villu og Guðný Salvör Hannesdóttir varð þriðja með tvær villur. Benedikt Fadel Farag og Laufey Ósk Jónsdóttir urðu í 2. sæti í flokki 15–18 ára með þrjár villur.

Upplestur

Guðný Salvör Hannesdóttir varð ungingalandsmótsmeistari í upplestri í flokki 11–14 ára og Ragna Fríða Sævarsdóttir varð meistari í flokki 15–18 ára. Í þeim flokki varð Laufey Ósk Jónsdóttir önnur.

Ungmennaráð HSK

Í ráðinu eiga sæti Karen Óskarsdóttir Umf. Framtíðinni, Axel Örn Sæmundsson Umf. Þór, Daði Geir Samúelsson Umf. Hrunamanna, Eva Þórisdóttir, Umf. Selfoss og Jana Lind Ellertsdóttir Íþróttafélaginu Garpi. Fyrsti fundur ungmennaráðsins var haldinn 4. apríl 2016. Á þeim fundi var rætt um það að ráðinu langaði til þess að kynna betur þau verkefni sem í boði eru hjá til dæmis Evrópu unga fólksins, en fjölmörg verkefni eru í boði á ári hverju fyrir áhugasamt ungt fólk. Á árinu tóku meðlimir ráðsins

þátt í Hreyfivíku UMFÍ. Meðlimir voru hvattir til þess að mæta og/eða halda viðburði í sínu sveitarfélagi. Í framhaldinu munum við svo halda áfram að ræða þær hugmyndir sem upp komu og reynum að hrinda þeim í framkvæmd.

Framkvæmdanefnd landsmóts 50+ í Hveragerði 2017

Fyrsta 50 plús mótið á HSK svæðinu verður haldið í Hveragerði næstkomandi sumar, nánar tiltekið helgina 23.–25. júní. Þetta verður án efa lífleg og blómstrandi helgi í Hveragerði.

Framkvæmdanefnd var skipuð í febrúar 2016. Hana skipa auk undirritaðs sem er formaður, Guðrífur Aadnegard og Guðmundur Jónasson frá HSK, Örn Guðnason og Flemming Jessen frá UMFÍ og þau Sigrún Kristjánsdóttir, Hjalti Helgason, Friðrik Sigurbjörnsson og Jóhanna Hjartardóttir frá Hveragerðisbæ. Þá starfa með nefndinni þeir Ómar Stefánsson landsfulltrúi UMFÍ og Engilbert Olgeirsson framkvæmdastjóri HSK. Nefndin hefur haldið fjóra gagnlega fundi og þar af einn fund með nær öllum sérgreinastjórum. Keppt verður í fjölmörgum greinum og má þar meðal annars nefna frjálssar, sund, skák og boccia. Nýjar keppnisgreinar eru meðal annars fitness, strandblak og þríþraut. Þessar greinar njóta sífellt meiri vinsælda meðal landsmanna og keppnisaðstaða þessara greina er til mikillar fyrirmyndar í Hveragerði. Þá skal nefna hið sívinsæla stígvélakast en þar geta allir keppt, óháð líkamlegri færni og getu.

Öll aðstaða til íþróttaiðkunar og útivistar í Hveragerði er til mikillar fyrirmyndar og hlökkum við mikið til að bjóða alla keppendur hjartanlega velkomna í blómabæinn okkar helgina 23.–25. júní næstkomandi. Hvet ég alla 50 ára og eldri til að fjölmenna og eiga með okkur ánægjulegar stundir í sumar.

Nánari upplýsingar um keppnina má finna á www.umfi.is Einnig er hægt að senda fyrirspurn vegna keppninnar á omar@umfi.is.

Gísli Páll, formaður Landsmótsnefndar 50 plús

Framkvæmdanefnd Unglingalandsmóts UMFÍ í Þorlákshöfn 2018


Unglingalandsmót UMFÍ 2008 var haldið í Þorlákshöfn og er ekki annað að heyra en að almenn ánægja hafi verið með mótið. Fyrir það mót var fjárfest verulega í innviðum í Þorlákshöfn og íþróttaaðstaða á svæðinu er því öll hin myndarlegasta.

Mikill áhugi hefur verið í samfélaginu og hjá bæjaryfirvöldum frá því mótið var haldið 2008 að endurtaka leikinn en á Unglingalandsmótinu á Akureyri 2015 var tilkynnt að mótið 2018 yrði haldið í Þorlákshöfn. Strax var hafist handa við undirbúning mótsins og línur lagðar, s.s. vegna nauðsynlegrar fjárfestingar í innviðum og skipulags. Framkvæmdastjóri unglíngalandsmótanna heimsótti Þorlákshöfn að hausti og drög vöru lögð að skipan undirbúningsnefndar. Fulltrúar í nefndinni koma frá UMFÍ, HSK, íþróttafélögum á svæðinu og sveitarfélaginu. Nefndin samanstendur af eftirtöldum fulltrúum: Anna Júlíusdóttir, Berglind Dan Róbertsdóttir, Guðrífur Aadnegard, Guðbjörg Heimisdóttir, Gunnsteinn R. Ómarsson, Helgi Sigurður Haraldsson, Örn Guðnason, Ragnar Sigurðsson og Hólmfríður Fjöla Smáradóttir. Auk þess starfa Ómar Bragi Stefánsson og Engilbert Olgeirsson með nefndinni.

Fyrsti fundur undirbúningsnefndarinnar var haldinn í Þorlákshöfn 15. febrúar 2016 þar sem farið var yfir verkaskiptingu nefndarinnar, rétt um framkvæmd mótsins og nauðsynlega uppbyggingu. Það er margt sem huga þarf að við undirbúning slíkrar fjöldasamkomu sem unglíngalandsmót eru



Framkvæmdanefnd landsmóts 50+ 2017.



Framkvæmdanefnd unglíngalandsmóts UMFÍ 2018.

orðin. Fara þarf yfir utanumhald og framkvæmd íþróttakeppninnar sjálfar, matsala á svæðinu er stórt atriði, affreying er nauðsynlegur þáttur en eitt stærsta atriðið er tjaldsvæðið sem rúma þarf þúsundir mótsgesta. Ákveðið var á þessum fundi að reyna að funda nokkuð ört til að byrja með til að vera með meginlínur skipulagsins klárar sem fyrst.

Annar fundur nefndarinnar var haldinn 27. apríl 2016. Ákveðið var á þeim fundi að fulltrúi frá ungmennaráði Sveitarfélagsins Ölfuss tæki sæti í nefndinni enda mikilvægt að hafa sterka tengingu við unga fólk. Ákvörðun um keppnisgreinar fór langt á fundinum og kynnt var frumtilлага landslagsarkitekts að keppnissvæðinu þar sem hugmyndin er að tjaldsvæðið sé í göngufæri við keppnissvæðið og skemmtitjald. Með þessu er ætlunin að haga hlutum þannig til að notkun bila á mótssvæðinu verði ekki nauðsynleg og að gestir verði hvattir til að taka reiðhjól með sér á mótið.

Sumarið 2016 voru tölverðar framkvæmdir í Þorlákshöfn vegna landsmótshaldsins 2018 en sérstaklega var horft til þess að hefja alla nauðsynlega vinnu við knattspyrnuvelli og tjaldsvæði

snemma svo svæðin væru vel gróin orðin um verslunarmannahelgina 2018. Knattspyrnusvæðið var stækkað verulega og er svæðið nú um 180 x 120 m og mun rúma knattspyrnuna alla á landsmótinu. Tölverð vinna fór fram á tjaldsvæðinu þar sem stórt svæði var sléttað og sáð í það á eftir.

Þriðji fundur undirbúningsnefndarinnar fór fram 10. janúar 2017. Á fundinum var farið yfir alla þá uppbyggingu sem átt hefur sér stað og uppbyggingaráform fram að móti. Sumarið 2017 verða m.a. tveir strandblakvelli settir upp á keppnissvæðinu og á stefnuskrá sveitarfélagsins er að byggja við íþróttahúsið. Farið var lauslega yfir keppnisgreinar en ætlunin er að ákveða þær á næsta fundi sem fyrirhugaður er í febrúar.

Í Þorlákshöfn er mikill áhugi fyrir unglíngalandsmótum og sérstakur áhugi er fyrir mótshaldinu 2018. Það kemur ekki til með að skemma fyrir að undirbúningur mótsins byrjaði snemma og vonandi mun almennur áhugi á mótinu sjálfu verða mikill þegar að því kemur.

Gunnsteinn R. Ómarsson, formaður undirbúningsnefndar

Skýrslur nefnda og sérráða HSK:

Upplýsingar um íþróttamenn einstakra greina, sem nefndir og ráð tilnefndu eru á einum stað hér framfar í ársskýrslunni á bls. 12-13.

Almenningsíþróttanefnd

Ingvar Garðarsson, Umf. Skeiðamanna, formaður, Magnús Jóhannsson, Umf. Selfoss, Kjartan Þ. Guðmundsson, Umf. Hvöt. Varamaður: Ingibjörg Jóhannesdóttir, Umf. Selfoss.

Bláskógaskokkið

Bláskógaskokk HSK var haldið laugardaginn 25. júní 2016. Hlaupið var frá Gjábakka, austan Þingvallavatns eftir gamla Gjábakkegi til Laugarvatns, samtals 10 mílna leið. Sigrún Sigurðardóttir vann í kvennaflokki á tímanum 1:14:56 klst. og Ólafur Austmann vann í karlaflokki, hljóp á 1:07:01 klst.

Badmintonnefnd

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Sæmundur Steingrímsson, Umf. Þór, formaður, Friðrik Sigurbjörnsson, Íþróttafélaginu Hamri Karen Sæmundsdóttir, Umf. Þór. Varamaður: Axel Örn Sæmundsson, Umf. Þór.

Innan vébanda HSK var badminton iðkað hjá þremur félögum árið 2016 en þau voru Dímon, Hamar og Umf. Þór. Iðkendafjöldinn var misjafn milli félaga sem og fjöldi æfinga á viku en iðkendafjöldinn hlést svipaður þetta árið.

Fimm leikmenn voru valdir í úrtakshópa unglíngalandsliðs Íslands í badminton, þau Berglind Dan Róbertsdóttir, U17 ára, Þórey Katla Brynjarsdóttir U17 ára, Jakob Unnar Sigurðarson, U15–U17 ára, Svanlaug Halla Baldursdóttir U13 ára og Auður Magnea Sigurðardóttir U13 ára en þau æfa öll með Umf. Þór. Krakkarnir mættu á landsliðsæfingar í nokkur skipti þetta árið en ekkert þeirra náði að vera í keppnishópi fyrir Íslands hönd.

Badmintonnefnd HSK sér til þess að haldin séu tvö mót á ári undir nafni HSK en þau eru Unglíngamót HSK og Meistaramót HSK. Það félag sem heldur mótið hverju sinni sér um fjármögnun og skipulag mótanna. Auk þess voru haldin tvö stór barna- og unglíngamót innan vébanda HSK á árinu.

Í febrúar hélt Umf. Þór sitt árlega Þórsmót sem er mót fyrir börn og unglínga. Þetta mót er svokallað byrjendamót þar sem þeir bestu á landinu eru ekki gjaldgengir á mótið, en það teljast allir þeir sem unnið hafa til verðlauna á mótum yfir veturinn. Þátttakendur voru um 82 talsins. Þátttakendur komu alls staðar að af landinu, alls frá 7 félögum. Mótið gekk mjög vel fyrir sig þrátt fyrir mikinn fjölda keppenda og náðist að ljúka mótið á settum tíma.

Í apríl var Meistaramót HSK haldið í Þorlákshöfn. Keppendur voru 63 talsins frá þremur félögum; Dímon, Hamri og Umf. Þór. HSK-meistaratilinn hlaut Hamar með 86 stig, Umf. Þór varð í öðru sæti með 55 stig og Dímon endaði í því þriðja með 18 stig.

Í nóvember hélt Hamar Kjörismót Hamars sem er mót fyrir börn og unglínga. Það var byrjendamót líkt og Þórsmótið og voru þeir bestu á landinu því ekki gjaldgengir á Kjörismótið heldur. Þátttakendur voru 114 talsins frá 8 félögum, alls staðar að af landinu. Mótið gekk vel fyrir sig þrátt fyrir mikinn fjölda keppenda. Við fögnum því að haldin séu tvenn stór unglíngamót á ári innan vébanda HSK og verður það eflaust til þess að efla badmintoniðkun á svæðinu enn frekar.

Í nóvember hélt Umf. Þór Unglíngamót HSK í Hveragerði. Keppendur voru 43 talsins frá þremur félögum; Dímon, Hamar og Umf. Þór. Mótið gekk mjög vel fyrir sig og fóru allir ánægðir heim. HSK-meistaratilinn hlaut Hamar sem fór með sigur úr bítum með 54 stig, Þór varð í öðru sæti með 40 stig og Dímon í því þriðja með 14 stig.



Sigrún Sigurðardóttir og Daniel Smári Guðmundsson í Bláskógaskokkinu.

Blaknefnd 2016

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Össur Björnsson, Íþróttafélaginu Dímon, formaður, María Rósa Einarsdóttir, Íþróttafélaginu Dímon, Freyja Þorkeldsdóttir, Umf. Hrunamanna. Varamaður: Harpa Dóra Guðmundsdóttir, Íþróttafélaginu Hamri.

Starf Blaknefndar HSK var með hefðbundnum hætti á árinu 2016 með héraðs- og hraðmótum.

Héraðsmót HSK 2015-2016

Keppt var í tveimur hlutum í karla- og kvennaflokki og eitt mót var í unglíngaflokki drengja og stúlkna.

Í karlaflokki voru sex lið skráð til leiks fyrir hlutinn var spilaður á Flúðum mánudaginn 11. janúar og seinni hlutinn að Laugarvatni miðvikudaginn 6. apríl og urðu úrslit þessi:

- Héraðsmeistarar - Hrunamenn
- Hamar 1
- UMFL
- Hamar 2
- Dímon
- Selfoss

Í kvennaflokki voru 7 lið skráð til leiks fyrir hlutinn var spilaður á Hellu þriðjudaginn 12. janúar og seinni hlutinn í Hveragerði þriðjudaginn 5. apríl og urðu úrslit þessi:

- Héraðsmeistarar – Hamar 1
- UMFL

- Dímon-Hekla 1
- Hrunakonur 1
- Dímon-Hekla 2
- Hamar 2
- Hrunakonur 2

HSK mót í unglíngaflokki var haldið á Hvossvelli 15. apríl 2016.

Þrjú stúlkalið og þrjú drengjalið voru skráð til keppni á mótið og urðu úrslit þessi:

- Í stúlknaflökki
- Héraðsmeistarar – Dímon A
- Dímon B
- Garpur
- Í drengjaflokki
- Héraðsmeistarar – Dímon 10b
- Dímon 8-9b
- Garpur

Hraðmót HSK 2016

Hraðmót ársins voru spiluð í október sl., karlamótið að Laugarvatni þriðjudaginn 25. október og kvennamótið á Hellu fimmtudaginn 27. október. Að þessu sinni spiluðu karlar 2 hrinur upp í 25 stig en konurnar reyndu þá nýbreytni að spilaðar voru tvær hrinur á tíma og kom það mjög vel út þar sem 7 lið voru skráð til leiks og tíminn nýttist vel.

Úrslitin á hraðmóti karla:

- Hraðmótsmeistarar – Hrunamenn



Sigurlið Hamars á Meistaramóti HSK 2016 í badminton.



Skemmtileg uppstilling hjá Garppliðinu á unglíngamótinu í blaki.

- Hamar 1
- Hamar 2
- Laugdælir
- Úrslitin á hraðmóti kvenna:**
- Hraðmótsmeistarar – Hamar 1
- Dímon-Hekla 1
- UMFL
- Hrunakonur 1
- Dímon-Hekla 2
- Hamar 2
- Hrunakonur 2

Bikarkeppni BLÍ 2016–2017

HSK teflir ekki fram eigin liði í Bikarkeppni BLÍ eins og í fyrra en það er gaman að geta sagt frá því að þátttaka liða innan raða HSK hefur líklega ekki verið betri. Hamar og Laugdælir sendu bæði karla- og kvennalið til þátttöku auk þess sem Hrunamenn tefldu fram karlaliðinu sínu í Kjörísbikarnum eins og keppnin er kölluð þennan veturinn. HSK átti því 5 lið af 30 liðum alls í Kjörísbikarnum sem verður að teljast harla gott. Í kvennaflokki lagði Hamar lið Laugdæla í 1. umferð en Hamarsliðið lá svo fyrir liði Þróttar N2 í 2. umferð og lauk þar með þátttöku kvennaliða okkar.

Í karlaflokki lögðu Hrunamenn lið Laugdæla í fyrstu umferð en féllu síðan úr leik á móti Vestra í annarri umferð, karlalið Hamars hóf ekki leik fyrr en í annarri umferð og vann HK C, Hamarsmenn sátu svo hjá í þriðju umferð og eru á leið í 8 liða úrslit þegar þetta er skrifað.

Íslandsmót 2016–2017

Mörg lið innan HSK tóku þátt í Íslandsmóti, vorið 2016 luku karlalið leik þannig, Hrunamenn urðu í öðru sæti í 1. deild og Hamar í þriðja sæti, karlalið Laugdæla tefldi sínu liði fram í 2. deild, Hamar og UMFL spila áfram í sínum deildum í vetur en Hrunamenn tefla ekki fram liði á Íslandsmóti þennan veturinn.

Hamarskonur féllu naumlega úr 1. deild síðasta vor og spila því í annarri deild þennan veturinn, Hrunakonur luku keppni í fjórða sæti í 2. deild, Dímon-Hekla kláraði sitt tímabil í fimmta sæti í 3. deildinni, Hamar B sjötta í 5. deild en Hrunamenn B féllu síðan úr 4. deild niður í 5.

Öll kvennaliðin héldu áfram þátttöku á Íslandsmóti nú í haust og að auki bættust Hrunamenn C við í hópinn og leika í 6. deild.

Önnur mót

HSK liðin tóku síðan þátt í fjölmörgum smærri mótum að ógleymdu öldungamótinu einum stærsta íþróttaviðburði á Íslandi sem haldið var í Garðabæ síðastliðið vor þar sem fjölmörg félög innan vébanda HSK sendu lið til keppni auk annarra liða sem eiga sterka tengingu við suðurlandið.

Það er því óhætt að segja að mikil gróska er í blakstarfinu hjá sunnlandingum.

Össur Björnsson, formaður blaknefndar HSK

Borðtennisnefnd

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Ólafur Elí Magnússon, Íþróttafélaginu Dímon, formaður, Guðni Sighvatsson, Íþróttafélaginu Garpi, Gunnar Þorgilsson, Umf. Heklu. Varamaður: Reynir Björgvinsson, Íþróttafélaginu Dímon.

Héraðsmót

42. héraðsmót HSK í borðtennis var haldið á Hvossvelli 6. maí 2016. Alls kepptu 47 keppendur á mótinu



Guðmundi og Ólafi Elí er margt til lista lagt. Þeir unnu til verðlauna á héraðsmótinu í borðtennis.

frá fjórum félögum. Dímon vann stigakeppnina örugglega líkt og undanfarin ár, hlaut 112 stig. Garpur varð í öðru sæti með 45 stig, Hekla í þriðja með 24 stig og Eyfellingur í fjórða með eitt stig.

Briddsnefnd HSK

Eftirtaldir skipuðu nefndina:

Garðar Garðarsson, Umf. Selfoss, formaður, Ómar Olgeirsson, Íþróttafélaginu Garpi, Kristján Hálfðanarson, Íþróttafélaginu Dímon. Varamaður: Sveinn Þór Gunnarsson, Umf. Gnúpverja.

Tvímenningur HSK

HSK-mótið í tvímenning í bridds var haldið fimmtudaginn 7. janúar 2016 í Selinu á Selfossi. Mjög góð þátttaka var í mótinu eða 20 pör, en það þýddi að það var fullt hús. Spilað var um silfurstig. Þá var einnig veittur í fyrsta skiptið nýr farandbikar í mótinu, en gefandi bikarsins var Vélaverkstæði Þóris á Selfossi, og færir briddsnefnd HSK honum bestu þakkir fyrir. Sigurvegarar urðu Ólafur Steinason og Gunnar Björn Helgason með 59,7% skor. Þeir spiluðu fyrir Ungmennafélag Selfoss. Í öðru sæti urðu Kristján Már Gunnarsson og Gunnlaugur Sævarsson með 58,6% skor. Þeir spiluðu einnig fyrir Ungmennafélag Selfoss. Í þriðja sæti urðu Viðar Gunngeirsson og Pétur Skarphéðinsson. Þeir spiluðu fyrir Golfklúbbinn Flúðir. Heildarúrslit eru á www.hsk.is og www.bridge.is.

HSK mótið í sveitakeppni

HSK-mótið í sveitakeppni í bridge 2016 fór fram í Félagsheimilinu á Flúðum 2. apríl með þátttöku 10 sveita. HSK meistarar urðu sveit Tryggingamiðstöðvarinnar á Selfossi með aðeins þremur stigum meira en næsta sveit. Meistararnir heita Kristján Már Gunnarsson, Gunnlaugur Sævarsson, Helgi Grétar Helgason og Björn Snorrason. Í öðru sæti urðu Frækniur veiðimenn, en sveitina skipuðu þeir Guðlaugur Bessason, Stefán Garðarsson, Þórður Sigurðsson og Gísli Þórarinnsson. Séra Garðar með þá Garðar Garðarsson, Pétur Hartmannsson, Eðvarð Hallgrímsson og Sigurð Sigurjónsson innanborðs tók svo bronsið.

Fimleikanefnd HSK 2016

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Hólmfríður Fjóla Smáradóttir, Umf. Þór, formaður, Sigrún Sól Jónsdóttir, Umf. Þór. Varamaður: Freydis Örylgisdóttir, Umf. Biskupstungna.

Því miður var ekkert HSK mót í fimleikum haldið þetta árið vegna þess hve erfðlega gekk að finna tíma fyrir það, vegna móta FSÍ og annarra verkefna. Hefur liðum einnig fækkað mjög á HSK mótum í fimleikum, allir að einbeita sér að FSÍ mótum eða einstaklingsmótum þar sem ekki öll aðildarfélögin hafa nógu marga iðkendur til að keppa á hópamótum eins og HSK-mótið hefur verið hingað til.

Frjálsíþróttaráð HSK

Stjórn Frjálsíþróttaráðs HSK skipa: Formaður: Guðmundi Ólafsdóttir, Umf. Þjótanda. Gjaldkeri: Tómas Karl Guðsteinsson, Umf. Þjótanda. Meðstjórnendur: Ingvar Garðarsson, Umf. Skeiðamanna, Silja Dögg Jensdóttir, Umf. Þór og Helgi S. Haraldsson, Umf. Selfoss.

Aðalfundur ráðsins var haldinn 11. apríl 2016. Tveir stjórnarmenn gáfu ekki lengur kost á sér til setu í stjórn ráðsins en það voru Sigurður Pétursson og Lára Hreinsdóttir. Í þeirra stað voru kosin ný inn í ráðið Silja Dögg Jensdóttir, Umf. Þór og Helgi S. Haraldsson, Umf. Selfoss. Á fundinum kom fram að fjárhagsstaða ráðsins er mjög sterk og þar af leiðandi mikið svigrúm til góðra verka. Haustfundur ráðsins var svo haldinn

18. október. Á haustfundinum var skipað í starfshóp vegna MÍ aðalhluta sem fer fram á Selfossvelli 8.–9. júní 2017. Engir formlegir stjórnarfundir voru haldnir á árinu en samskipti ráðsins fóru yfirleitt fram á facebook og svo á íþróttavellinum.

Frjálsíþróttaráð fékk tvær viðurkenningar á árinu. Annarsvegar hlaut ráðið Unglingabikar HSK sem var veittur á Héraðsþingi í mars. Bikarinn fékk ráðið fyrir vel skipulögð og fjölmenn héraðsmót, góðan árangur keppnisliðs HSK 11–14 ára og aðkomu ráðsins að frjálsíþróttaskólanum. Hinsvegar fékk HSK Hvatningarverðlaun UMFÍ fyrir öflugt og metnaðarfullt frjálsíþróttastarf á vegum frjálsíþróttaráðs HSK. Þessar viðurkenningar gefa okkur byr undir báða vængi og það er greinilegt að eftir okkar starfi er tekið.

Frjálsíþróttaskóli UMFÍ var haldinn á Selfossi dagana 12.–16. júní í frábæru veðri. Alls voru 61 krakkar sem kláruðu skólann og var uppselt í skólann mánuði áður en hann hófst. Skólinn er haldinn út um allt land og var þetta áttunda starfsár hans á HSK-svæðinu. Umsjónarmenn hans voru líkt og síðustu ár Ágústa Tryggvadóttir og Fjóra Signý Hannesdóttir en undir þeirra stjórn hefur frjálsíþróttaskólinn svo sannarlega vaxið og dafnað. Að þessu sinni voru krakkarnir í Frjálsíþróttaskólanum á aldrinum 11 til 15 ára. Flest börnin komu frá Suðurlandinu en einnig var hópur úr Hafnafriði. Dagskrá skólans var mjög fjölbreytt þar sem t.d. voru kvöldvökur á hverju kvöldi ásamt fjölbreyttri hreyfingu. Allt frá hefðbundnum frjálsíþróttæfingum, til sundsprells og ratleiks. Alls voru það 12 þjálfarar og aðstoðarmenn sem hjálpuðu til í skólanum enda að mörgu að hyggja svo sem matartímum, frítímum, æfingum og öðrum dagskrárliðum. Skólinn fór fram við frábærar aðstæður þar sem stutt er í alla aðstöðu sem nota þarf, til að mynda gístaðstöðuna, frjálsíþróttavöllinn og sundlaugina. Frjálsíþróttaskólanum lauk með velheppnuðu frjálsíþróttamóti á fimmtudeginum þar sem að nokkrir persónulegir sigrar unnust.

Frjálsíþróttaráð stóð fyrir Fræðslu- og skemmtidegi fyrir iðkendur á aldrinum 11–15 ára laugardaginn 30. apríl. Öllum iðkendum á sambandsvæði HSK var boðið og var þetta hugsað sem viðurkenning fyrir góðan árangur sem og hvatning til frekari dáða. Tæplega 40 iðkendur frá sex félögum tóku þátt. Dagurinn hófst með þátttöku í Grylupottahlaupinu og skokkuðu iðkendur þá vegalengd létt í blíðunni. Að því loknu var farið í sund og svo var öllum boðið upp á pizzu í Selinu. Þegar allir voru mettir kom Bjarni Fritzon handboltakappi og flutti fyrirlestur með leikjaivafi sem hann nefndi „Vertu óstöðvandi“. Bjarni náði mjög vel til krakkanna, sem öll voru með á nótunum, ófeimin að spyrja og virtust skemmta sér vel.

Haldið var áfram að keppa undir merkjum HSK/ Selfoss á meistaramótum og áttum við mjög góðu gengi að fagna á þeim öllum. Við sigruðum MÍ 11–14 ára innanhúss með fáheyrðum yfirburðum enda mætti 90 manna samhent lið til leiks. Sómu sögu var að segja á MÍ 11–14 ára utanhúss. Lið HSK varð einnig bikarmeistari á Bikarkeppni 15 ára og yngri utanhúss. Í þessum aldursþópi náðist að hafa A og B lið bæði í bikarkeppninni innanhúss og utanhúss. Það sýnir okkur að mikil breidd er innan hópsins og árangurinn er eftir því. Bikarkeppni fullorðinna utanhúss var haldin aftur af FRÍ eftir árs hlé en eftir vinnu starfshóps um framtíð bikarkeppninnar var ákveðið að stytta mótið og fækka greinum. Þessar breytingar hafa greinilega orðið HSK til góða þar sem liðið endaði í 3. sæti af níu liðum. Þessi árangur gefur góð fyrirheit og vonir um betri stöðu Meistaraflokksins í framtíðinni en HSK hefur átt fáa keppendur í fullorðinsflokki á síðustu árum. Vert er að minnst á gott gengi eldri



Bikarlið HSK í frjálsíþróttum.



Fræðslu- og skemmtidagur ráðsins tókst vel.

iðkenda en lið HSK/Selfoss sigraði MÍ öldunga með yfirburðum á heimavelli í september.

Úrslit HSK/Selfoss á meistaramótum og bikarkeppnum á árinu:

MÍ 11–14 ára innanhúss

1. sæti 15 Íslandsmeistararitlar

MÍ Aðalhluti innanhúss

7. sæti 0 Íslandsmeistararitlar

MÍ Unglinga innanhúss

4. sæti 5 Íslandsmeistararitlar

Bikarkeppni 15 ára og yngri innanhúss

3. sæti 3 bikarmeistararitlar

MÍ 11–14 ára utanhúss

1. sæti 25 Íslandsmeistararitlar

Bikarkeppni fullorðinna utanhúss

3. sæti 2 bikarmeistararitlar

MÍ aðalhluti utanhúss

6. sæti 1 Íslandsmeistararitill

Bikarkeppni 15 ára og yngri utanhúss

1. sæti 6 bikarmeistararitlar

MÍ unginga utanhúss

4. sæti 6 Íslandsmeistararitlar

MÍ öldunga utanhúss

1. sæti 20 Íslandsmeistararitlar

Keppendur HSK kepptu á nokkrum mótum á erlendri grundu á árinu. 54 keppendur af sambandsvæði HSK tóku þátt á Gautaborgarleikumum og kræktu þar í sex

verðlaunasæti. Kristinn Þór Kristinsson fór utan með landsliði Íslands og keppti á smáþjóðameistaramótinu á Möltu. Þar tók hann þátt í 800m hlaupi og 1000m boðhlaupi. Styrmir Dan Steinunnarson keppti með landsliðinu á Norðurlandamóti 19 ára og yngri sem var haldið á Íslandi í ágúst. Okkar fólk tók einnig þátt á fleiri mótum erlendis en gerði það þá á eigin vegum.

Valið var í afreksþópa og úrvalshópa FRÍ líkt og undanfarin ár. Styrmir Dan komst einn í afreksþóp FRÍ en HSK átti átta einstaklinga í úrvalshópi FRÍ. Það voru Styrmir Dan Steinunnarson, Umf. Þór, Eva Lind Elíasdóttir, Umf. Þór, Fannar Yngvi Rafnarsson, Umf. Þór, Sverrir Heiðar Davíðsson, Umf. Selfoss, Harpa Svansdóttir, Umf. Selfoss, Helga Margrét Óskarsdóttir Umf. Selfoss, Sigríður Helga Steingrimsdóttir, Umf. Hrunamanna og Ragnheiður Guðjónsdóttir Umf. Hrunamanna.

Frjálsíþróttamaður ársins 2016 var valinn af Frjálsíþróttaráði Kristinn Þór Kristinsson úr Umf. Selfoss en hann hefur um nokkurra ára skeið verið besti millivegalengdahlaupari landsins og á fast sæti í landsliði Íslands. Kristinn Þór varð á árinu Íslandsmeistari í 800m hlaupi utanhúss, bikarmeistari í 1500m hlaupi og Íslandsmeistari í 5km götuhlaupi. Auk þess sigraði hann 800m hlaup á RIG leikumum sem er alþjóðlegt mót haldið hér á landi. Kristinn Þór er burðarás í keppnisliði HSK í frjálsum íþróttum og er yngri iðkendum góð fyrirmynd.

HSK metin héldu áfram að falla á árinu en keppendur HSK bættu 196 met í hinum ýmsu



Tvö lið frá HSK tóku þátt í Bikarkeppni FRÍ 15 ára og yngri innanhúss.



Tekið á því á aldursflokkmóti HSK í frjálsum.

greinum. Fatlaðir settu sjö met, keppendur 11–22 ára settu 139 met, keppendur í karla- og kvennaflokkum settu átta met og keppendur í öldungaflokkum settu 42 met. Eva María Baldursdóttir Selfossi, sem keppti í 13 ára flokki, setti flest HSK met á árinu. Samtals setti hún 25 met í sínum flokki og nokkur af metunum voru einnig HSK met í 14 og 15 ára flokkum stúlkna.

Næst kom Hákon Birkir Grétarsson Selfossi 14 ára, en hann setti samtals 19 met, þar af voru tvö boðhlaupsmet sem hann setti með félögum sínum. Þá setti Dagur Fannar Einarsson keppandi Selfoss 14 met, þar af tvö boðhlaupsmet. Sindri Freyr Seim Sigurðsson úr Heklu setti 12 met í flokki 13 ára. Dagbjartur Kristjánsson 16 ára keppandi úr Hamri setti einnig 12 met á árinu.

Thelma Björk Einarasdóttir Selfossi og keppandi í 20–22 ára flokki setti flest HSK met í fullorðinsflokki, eða samtals fimm met. Hún setti einnig sex met í sínum aldursflokki. Ólafur Guðmundsson Selfossi setti flest met í öldungaflokkum, en hann sett samtals 14 met í flokki 45–49 ára. Hulda Sigurjónsdóttir Suðra setti flest HSK met fatlaðra á árinu, eða sjö talsins.

Stærsta hlutverk Frjálsíþróttaráðs er mótahald og stóð ráðið fyrir 13 mótum á árinu. Flest voru þau með hefðbundnu sniði en ákveðið var að gera breytingar á Héraðsmótum HSK innanhúss. Ákveðið var að halda aldursflokkmótið, unglíngamótið og Héraðsmót fullorðinna öll samhliða á stórum frjálsíþróttadegi í Kaplakrika. Aldursflokkmótið var þá látið hefjast kl 10:00 en unglínging og fullorðinsflokkar mættu

til leiks kl 13:00. Aldursflokkum á unglíngamótinu var fækkað um einn og náði unglíngamótið þess vegna yfir aldurinn 15–19 ára í stað 15–22 ára eins og vant er. Þessar breytingar voru gerðar til þess að fjölga þátttakendum á Héraðsmóti fullorðinna, enda keppendur 20–22 ára komnir upp í sömu þyngdir í kúluvarpi og hæðir á grindum og fullorðnir. Þessi tilraun tókst mjög vel og Kaplakriki bókstaflega iðaði af lífi á meðan mótinu stóð. Þátttakendur voru margir í flestum flokkum, áhorfendur fylltu stúkuna og auðvelt var að fá starfsfólk til starfa. Við kunnum vinum okkar hjá frjálsíþróttadeild FH bestu þakkir fyrir alla aðstoð veitta HSK mótunum í Kaplakrika. Hér á eftir er farið yfir öll mót sem haldin voru á vegum HSK árið 2016.

Mót á vegum HSK 2014

Aldursflokkmót HSK 11–14 ára innanhúss

Aldursflokkmót HSK í frjálsum íþróttum fór fram í frjálsíþróttahöllinni í Kaplakrika sunnudaginn 10. janúar. Á mótið voru skráðir 106 keppendur frá níu félögum. Margir voru þarna að keppa á sínu fyrsta móti og mjög margir að bæta sinn besta árangur þó svo að ekkert HSK met hafi litið dagsins ljós. Umf. Selfoss sigraði stigakeppni mótsins með 350,8 stigum, í öðru sæti varð umf. Hrunamanna með 167,5 stig og í umf. Þór í þriðja sæti með 156 stig.

Unglíngamót HSK 15–19 ára innanhúss.

Unglíngamót HSK fór fram 10. janúar, samhliða

aldursflokka- og héraðsmótinu. Á Unglíngamótið voru 43 keppendur skráðir frá sjö félögum en það er svipaður fjöldi og á síðasta ári. Fækkað var um einn flokk á unglíngamótinu að þessu sinni svo keppendur á því voru 15–19 ára. Umf. Selfoss sigraði heildarstigakeppni mótsins með 143 stig og í öðru sæti varð umf. Þór með 90,5 stig. Umf. Hrunamanna varð svo í þriðja sæti með 49,5 stig. Gaman hefði verið að sjá betri þátttöku í flokki 18–19 ára en vonandi verður ástandið betra í þeim aldursflokki á næsta móti.

Héraðsmót HSK fullorðinna innanhúss

Héraðsmót HSK fullorðinna var frekar fámennit þetta árið en það skýrist helst af því að aðeins 20 ára og eldri gátu keppt á mótinu vegna þess að það var haldið á sama tíma og hin mótin tvö. Þeir sem þó mættu á mótið sýndu mjög góða takta og fjögur HSK met voru slegin í öldungaflokkum. Ólafur Guðmundsson setti met í kúluvarpi 45–49 ára þegar hann kastaði 12,36 m. Hann setti svo Íslandsmet í 60m grindahlaupi á tímanum 9,16 sek. Guðmann Óskar Magnússon setti met í sama flokki í 800 m hlaupi en hann hljóp á tímanum 2:26,48 mín. Þorsteinn Magnússon setti svo met í 800 m hlaupi í flokki 35–39 ára en hann hljóp á tímanum 2:18,30 mín. Heildarstigakeppni mótsins fór þannig að umf. Selfoss sigraði með 87 stig, íþróttafélagið Garpur var í öðru sæti með 44 stig og íþróttafélagið Dímon var í þriðja sæti með 16 stig.

Héraðsleikar HSK innanhúss

Héraðsleikar HSK í frjálsíþróttum fóru fram í Íþróttahúsinu á Hvossvelli sunnudaginn 13. mars. 130 keppendur voru skráðir til leiks og mikið líf var í húsinu. Keppendur 8 ára og yngri kepptu í þrautabraut en 9–10 ára öttu kappi í hefðbundnum greinum. Að móti loknu fengu svo allir þátttakendur verðlaunapening fyrir þátttökuna. Mótið gekk mjög vel fyrir sig.

Vormót HSK

Vormót HSK fór fram í blíðskapar veðri á Selfossvelli laugardaginn 21. maí. Metfjöldi þátttakanda var skráður til leiks eða 94 einstaklingar. Á mótinu var keppt í fullorðinsflokkum og það var opið fyrir keppendur úr öllum félögum. Fjölmargir keppendur komu þess vegna af höfuðborgarsvæðinu en HSK fólkið lét ekki sitt eftir liggja. Tvö gullverðlaun féllu keppendum HSK í skaut, en Ólafur Guðmundsson vann sleggjukast karla með kast uppá 38,67 m. Þórsarnir Þorbergur Magnússon og Artúr Matvejev Guðnason náðu öðru og þriðja sætinu í þeirri grein. Fjóra Signý Hannesdóttir Umf. Selfoss sigraði svo 100m grindahlaupið á 15,17 sek. Í kúluvarpi kvenna náði Thelma Björk Einarasdóttir Umf. Selfoss öðru sætinu með kasti uppá 11,23 m en Eyrún Halla Haraldsdóttir úr Umf. Selfoss náði þriðja sætinu með 10,90 m. Eyrún Halla var líka á palli í kringlukasti kvenna en þar náði hún þriðja sætinu með 35,67 m löngu kasti. Guðrún Heiða Bjarnadóttir keppandi úr umf. Selfoss varð í öðru sæti í langstökki, stökk 5,46 m. Sverrir Heiðar Davíðsson úr Umf. Selfoss varð svo í þriðja sæti í spjótkesti karla með 52,49 m.

Meistaramót Íslands í fjölþrautum

Meistaramót Íslands í fjölþrautum fór fram á Selfossvelli 28.–29. maí og gekk í heild sinni vel þrátt fyrir að frekar hvasst og kalt hafi verið á vellinum báða keppnisdaga. Keppt var í tugþraut í flokki karla, pílta 18–19 og 16–17 ára en sjöþraut kvenna og stúlkna 16–17 ára. Að auki var keppt í fimmtarþraut í flokkum pílta og stúlkna 15 ára og yngri.

Íslandsmeistari í tugþraut karla varð Ingi Rúnar Kristinsson frá Breiðablik með 6868 stig og

sígraði hann sína þraut með yfirburðum. Sjöþraut kvenna sígraði svo Ásgerður Jana Ágústsdóttir UFA með 4853 stig. Keppnisið HSK/Selfoss átti 7 þátttakendur á mótinu og fjögur þeirra náðu verðlaunasæti. Dagur Fannar Einarsson Umf. Selfoss varð í þriðja sæti í fimmtarþraut pílta með 2143 stig. Hildur Helga Einarisdóttir Umf. Selfoss varð í þriðja sæti í fimmtarþraut stúlkna með 3760 stig. Harpa Svansdóttir Umf. Selfoss sígraði svo sjöþraut í flokki 16–17 ára stúlkna með 4182 stig og Styrmir Dan Steinunnarson Umf. Þór sígraði tugþraut pílta 16–17 ára með 5965 stig. Frábær árangur hjá okkar fjölhæfasta fólki.

Aldursflokkaþing HSK 11–14 ára utanhúss

Aldursflokkaþing HSK var haldið í Þorlákshöfn 12. júní. Níu félag sendu keppendur til leiks og keppendur voru 84 talsins. Stigakeppni félaga fór þannig að Umf. Selfoss sígraði mótið með yfirburðum og náði í 963 stig. Næstir á eftir þeim kom Umf. Hrunamanna með 395 stig og í þriðja sæti var Umf. Þór með 381 stig. Krakkarnir stóðu sig mjög vel á mótinu og 114 persónuleg met litu dagsins ljós. Auk þess voru tvö HSK met slegin, en Bríet Anna Heiðarsdóttir Umf. Þór setti HSK met í kúluvarpi í flokki stúlkna 11 ára þegar hún kastaði kúlunni 8,42 m. Þá setti Hákon Birkir Grétarsson HSK met í 80 metra grindahlaupi í 14 ára flokki, hann hljóp á 12,3 sek.

Héraðsleikar HSK utanhúss

Tæplega 70 krakkar á aldrinum fjögurra til tíu ára komu saman á Héraðsleikum HSK í frjálsíþróttum 12. júní, samhliða Aldursflokkaþingi HSK. Mótið var haldið í blíðskaparveðri í Þorlákshöfn og krakkarnir sýndu svo sannarlega hvað í þeim býr, enda litu fjölmargar bætingar dagsins ljós. Að keppni lokinni fengu allir þátttakendur verðlaunapening fyrir þátttöku.

Héraðsmót HSK utanhúss

Héraðsmót HSK í frjálsum íþróttum fór fram á Selfossi dagana 22.–23. júní. Keppendur frá tíu félögum voru mætt til leiks og reyndu sig í keppni þessi tvö göðviðriskvöld. Stigakeppni félaga fór þannig að Umf. Selfoss vann stórsigur með 164 stig. Umf. Gnúpverja var í öðru sæti stigakeppninnar með 96 stig en þess ber að geta að enginn kona var í liðinu. Það var bætt upp með mjög sterku karlaliði þar sem liðsheildin spilaði stóra rullu. Í þriðja sæti var svo Umf. Þór með 86 stig. Að venju voru afhent verðlaun til stigahæstu keppenda mótsins en Fjola Signý Hannesdóttir Umf. Selfoss var stigahæsta konan með 24 stig og stigahæsti karl var Skúli Gunnarsson Umf. Gnúpverja með 33 stig. Þrír keppendur tóku þátt í Jónshlaupinu að þessu sinni en það er 5000 m hlaup karla. Ástþór Jón Tryggvason Umf. Selfoss sígraði hlaupið á tímanum 18:06,13 mín.

Héraðsmót fatlaðra

Samhliða héraðsmóti fullorðinna var haldið Héraðsmót fatlaðra í frjálsum en þar mættu þrír keppendur til leiks, allir í kvennaflokki. Keppnisgreinar á mótinu voru 200 m hlaup, langstökk, kúluvarp og kringlukast.

Unglingamót HSK utanhúss

Unglingamót HSK í frjálsíþróttum fór fram miðvikudaginn 20. júlí á Selfossvelli. Töluverð rigning gerði keppendum erfitt fyrir en sem betur fer var algert logn og þess vegna voru öll hlaup og stökk lögleg á mótinu. Keppendur Umf. Selfoss stóðu fyrir sínu að vanda og sigruðu mótið með 241 stig. Í öðru sæti varð Íþróttafélagið Garpur með 109 stig og í þriðja sæti var Ungmennafélag Laugdæla með 47 stig.



Lið Laugdæla í þrautabraut á héraðsleikum innanhúss.

Meistaramót öldunga

Meistaramót öldunga í frjálsíþróttum fór fram á Selfossvelli 3.–4. september og sá frjálsíþróttaráð HSK um framkvæmd mótsins. 10 keppendur af sambandsvæði HSK tóku þátt í mótinu og unnu öll þeirra til verðlauna. Svo fór að HSK/Selfoss vann stigakeppnina örugglega með 241 stig. ÍR varð í öðru sæti með 125 stig. Tólf HSK met voru sett á mótinu og þrjú Íslandsmet. Ólafur Guðmundsson Selfossi setti sex HSK met í flokki 45–49 ára og varð sexfaldur Íslandsmeistari. Í langstökki stökk hann 5,93 m, sem er jafnframt Íslandsmet öldunga í þessum flokki. Viðir Þór Þrastarson Selfossi vann einnig sex greinar í flokki 35–39 ára og setti HSK met í fjórum þeirra. Hulda Sigurjónsdóttir Suðra keppti í flokki 30–34 ára og setti tvö Íslandsmet í fötlunarflokki F20 og jafnframt HSK met. HSK eignaðist fleiri meistara þessa helgi. Sveinn J. Sveinsson Selfossi varð Íslandsmeistari í kringlukasti í flokki 80–84 ára, Sigmundur Stefánsson Selfossi varð meistari í 1.500 m hlaupi í flokki 60–64 ára, Ágústa Tryggvadóttir Selfossi varð meistari í kúlu í flokki 30–34 ára. Tómas Jónsson Selfossi og Árni Einarsson Selfossi tóku þátt í 80–84 ára flokki og unnu báðir til verðlauna. Það gerðu einnig systurnar Sigríður og María Sigurjónsdætur úr Suðra sem kepptu í 30–34 ára flokki. Framkvæmd mótsins gekk ágætlega fyrir sig enda andinn á mótinu góður og veðrið til fyrirmyndar. Illa gekk að manna mótið með starfsmönnum fyrirfram en sem betur fer leystist vel úr því öllu á mótsstað.

Meistaramót Íslands 5. hluti

Meistaramót Íslands í frjálsíþróttum, fimmti hluti fór fram á Selfossi 3. september, samhliða MÍ öldunga. Dagbjartur Kristjánsson úr Hamri gerði sér lítið fyrir og varð Íslandsmeistari karla í 10.000 m hlaupi. Hann hljóp á 38:59,69 mín og setti um leið HSK met í 16–17 ára flokki og 20–22 ára flokki. Öll úrslit af mótum ársins má finna á mótaforritinu Þór sem haldið er úti af Frjálsíþróttasambandinu. Á öllum mótunum sem við höldum hjálpuðust félögin innan ráðsins að við að útvega starfsmenn og gekk það í flestum tilfellum vel þó sum mót hafi reynst erfiðara að manna en önnur. Að endingu vil ég þakka öllum sem hafa aðstoðað okkur við starfið á einn eða annan hátt kærlega fyrir hjálpinu. Það er mannaflsreki að halda úti góðu frjálsíþróttastarfi en með góðu samstarfi allra félaga ráðsins er það leikur einn.

Guðmunda Ólafsdóttir, formaður

Glimuráð HSK 2016

Stjórn glímuráðs HSK kosin á aðalfundi 2016: Formaður: Stefán Geirsson, Umf. Þjótanda. Gjaldkeri: Guðni Sighvatsson, Íþróttafélaginu Garpi. Ritari/varafor.: Guðrún Inga Helgadóttir, Umf. Þjótanda. Varamenn: Jana Lind Ellertsdóttir, Íþróttafélaginu Garpi og Jón Gunnþór Þorsteinsson, Umf. Þjótanda.

Glimuráð HSK hélt merkjum glímunnar á lofti innan vébanda HSK árið 2016 líkt og endranær. Ráðið stóð fyrir þremur mótum á héraðsvisu auk þess sem keppendur úr röðum HSK tóku þátt í mótum Glimusambandsins sem og utanferðum á vegum



Ungir og efnilegir keppendur á Fjórungslímu Suðurlands.

GLÍ til keppni í þjóðlegum fangbrögðum annarra Evrópuþjóða.

Alls iðkuðu 163 glímu á HSK svæðinu samkvæmt starfsskýrslum ÍSÍ árið 2016. Af þeim hópi tóku 118 þátt í keppni og þar af tóku 41 þátt í keppni á mótum Glímusambandsins.

Aðalfundur glímuráðs HSK var haldinn í Selinu 30. nóvember. Á fundinum var farið lauslega yfir starf ráðsins 2015 og sett á blað drög að mótaskrá fyrir yfirstandandi keppnistímabil. Rekstur ráðsins reyndist í góðu jafnvægi og ræddu fundarmenn um búningamál, kynningarstarf og fleiri mál tengd glímustarfinu. Stjórn glímuráðsins var endurkosin lítið breytt.

Ólafur Oddur Sigurðsson Umf. Laugdælum var endurkjörin formaður Glímusambandsins á ársþingi GLÍ auk þess sem hann hefur starfað sem framkvæmdastjóri GLÍ síðan 1. janúar 2009. Kjartan Lárusson var endurkjörinn formaður Glímudómarafélags Íslands á ársfundi þess.

Erlend samskipti

Íslenskt glímufólk hélt í þrjár keppnisferðir út fyrir landsteinana árið 2016 og atti kappi við Skota, Englendinga og Frakka í keltneskum fangbrögðum. Skarphéðinsfólk átti sæti í öllum þessum ferðum sem voru skipulagðar af Utanríkis- og landsliðsnefnd GLÍ undir formennsku og fararstjórn Ólafs Odds Sigurðssonar.

Evrópumeistaramót í keltneskum fangbrögðum var haldið í Brezt í Frakklandi dagana 18.–24. apríl. Íslenska landsliðsfólkið stóð sig þar afar vel og hampaði fjórum evrópumeistaratitlum auk þess að vinna þrjú silfur og þrjú brons. Marín Laufey Davíðsdóttir varð evrópumeistari í backhold í -90 kg flokki og hafnaði í 3. sæti í gouden í sama flokki. Hún var síðan kjörin besta backhold kona mótsins.

Dagana 4.–8. ágúst hélt 16 manna hópur á vegum GLÍ til Skotlands til æfinga í backhold, gouden og glímu ásamt innfæddum og Bretönám. Jana Lind Ellertsdóttir og Marín Laufey Davíðsdóttir áttu sæti í þessum hóp og keppu þær báðar í backhold á hálandaleikunum Bridge of Allen. Þar sigraði Marín Laufey opinn flokk kvenna en Jana Lind hafnaði þar í 4. sæti auk þess að sigrar léttvigt unglunga undir 17 ára og ná 4. sæti í blönduðum flokki -60 kg.

18. til 29. ágúst fór síðan átta manna hópur glímufólks til Skotlands og Englands til keppni í

backhold. HSK átti tvo fulltrúa í hópi keppenda, þau Marín Laufeyju Davíðsdóttur og Jón Gunnþór Þorsteinsson. Alls keppti hópurinn á sex mótum og náði sér þar með í dýrmæta keppnisreynslu og góða æfingu í backhold. Marín Laufey sigraði opinn flokk kvenna á Bute hálandaleikunum, varð önnur á mótum í Torwer, Crosby Ravensworth og Grayrigg. Marín varð síðan skoskur meistari eftir sigur á The Cowal Gathering auk þess sem hún sigraði á Grasmere sem er stærsta mót ársins í Englandi ár hvert. Jón Gunnþór keppti jafnan bæði í opnum flokki karla og unglingaflokki á þessum mótum. Hans helstu úrslit voru að sigrar unglingaflokk undir 18 ára á mótinu í Crosby Ravensworth, þriðja sæti í sama flokki á Grasmere og fimmta sæti á Grasmere í opnum flokki karla.

Mót á vegum HSK

Grunnskólámót HSK 2016

Grunnskólámót HSK 2016 fór fram miðvikudaginn 3. febrúar í Íþróttahúsinu Reykholti í Biskupstungum. Keppni hófst kl. 11:00 og til leiks mættu 64



Stefán vann Skarphéðinsskjöldinn í 12. sinn og Jana Lind vann Bergþóruskjöldinn í fyrsta sinn.

þátttakendur frá þremur grunnskólum á sambandsvæði HSK. Glímt var á þremur dýnulögðum völlum samtímis. Mótsstjóri var Engilbert Olgeirsson framkvæmdastjóri HSK og dómarar og annað starfsfólk mótsins komu úr röðum HSK.

5. bekkur stelpna

1. Þorbjörg Skarphéðinsdóttir, Laugalandsskóla

5. bekkur stráka

1. Ísak Guðnason, Hvolsskóla

6. bekkur stelpna

1. Aldís Freyja Kristjánsdóttir, Laugalandsskóla

6. bekkur stráka

1. Sindri Sigurjónsson, Hvolsskóla

7. bekkur stúlkna

1. Sunna Lind Sigurjónsdóttir, Hvolsskóla

7. bekkur stráka

1. Ólafur Magni Jónsson, Bláskógaskóla

8. bekkur stúlkna

1.–2. Birgitta Saga Jónasdóttir, Hvolsskóla

1.–2. Kolbrá Lóa Ágústsdóttir, Hvolsskóla

8. bekkur stráka

1. Karl Jóhann Einarsson, Bláskógaskóla

9. bekkur stúlkna

1. Rósa Kristín Jóhannesdóttir, Bláskógaskóla

9. bekkur drengja

1. Sölvi Freyr Jónasson, Bláskógaskóla

10. bekkur stúlkna

1. Jana Lind Ellertsdóttir, Laugalandsskóla

10. bekkur drengja

1. Smári Valur Guðmarsson, Laugalandsskóla

Stigakeppni skóla

Stigakeppni skóla er í fjórum flokkum og er veittur bikar fyrir sigur í hverjum flokki.

5.–7. bekkur stráka stig

1. Hvolsskóli	20
2. Laugalandsskóli	16
3. Bláskógaskóli	13,5

5.–7. bekkur stelpna stig

1. Laugalandsskóli	21
2. Hvolsskóli	19
3. Bláskógaskóli	7

8.–10. b. drengja stig

1. Bláskógaskóli	20*
2. Laugalandsskóli	20
3. Hvolsskóli	14

8.–10. b. stúlkna stig

1. Hvolsskóli	18
2. Bláskógaskóli	16
3. Laugalandsskóli	13

*Bláskógaskóli sigrar flokkinn vegna fleiri sigurvegara í einstökum bekkjum.

Héraðsglíma HSK 2016

Héraðsglíma HSK fór fram á Laugalandi í Holtum laugardaginn 9. apríl 2016. Keppni hófst kl 13:00 í flokkum fullorðinna og unglunga en síðan hófst keppni í barnaflokkum. 28 keppendur komu til leiks frá fimm félögum á HSK svæðinu.

Dómarar og ritarar komu úr röðum Skarphéðinsmanna og eru þeim þökuð góð störf. Nú var glímt um Skarphéðinsskjöldinn í 92. sinn og Bergþóruskjöldinn í 15. sinn. Í Skjaldarglímu Skarphéðins sigraði Stefán Geirsson Þjótanda í 12. skipti. Jana Lind Ellertsdóttir Íþf. Garpi sigraði í Skjaldarglímu Bergþóru en þetta var í fyrsta skipti sem hún hampaði Bergþóruskjöldinum.

Skjaldarglíma Skarphéðins

1. Stefán Geirsson, Þjótanda

Skjaldarglíma Bergþóru

1. Jana Lind Ellertsdóttir, Garpi

Unglingar 17–20 ára

1. Jón Gunnþór Þorsteinsson, Þjótanda

14 ára stelpur

1. Birgitta Saga Jónsdóttir, Dímon

13–14 ára strákar

1. Ólafur Magni Jónsson, Umf. Bisk.

13 ára stelpur

1. Oddný Benónýsdóttir, Dímon

12 ára strákar

1. Sindri Sigurjónsson, Dímon

12 ára stelpur

1. Thelma Rún Jóhannsdóttir, Laugdælum

11 ára og yngri strákar

1. Olgeir Otri Engilbertsson, Garpi

11 ára og yngri stelpur

1. Þorbjörg Skarphéðinsdóttir, Garpi

Stigakeppnin:

Stigakeppni félaga er skipt í fjóra flokka og er veittur bikar fyrir sigur í hverjum flokki.

Karlar 20 ára og eldri:

1. Þjótandi 11 stig

Konur 17 ára og eldri:

1. Garpur 6 stig

2. Þjótandi 5 stig

Drengir 19 ára og yngri:

1. Dímon 30 stig

2. Umf. Bisk. 13 -

3. Garpur 7 -

4. Þjótandi 6 -

Stúlkur 16 ára og yngri:

1. Dímon 33 stig

2. Garpur 20 -

3. Umf. Laugdæla 6 -

Fjórðungsglíma Suðurlands 2016

Fjórðungsglíma Suðurlands fór fram í Þingborg Flóahreppi laugardaginn 3. desember og hófst kl. 11:00. Keppt var á tveimur dýnulögðum völlum í þremur flokkum stúlkna og fjórum flokkum drengja. Keppni í fullorðinsflokkum féll niður sökum keppendafæðar. Alls sendu fjögur félög 23 keppendur til leiks en rétt til þátttöku áttu allir félagar íþrótt- og ungmennafélaga á svæðinu frá Skeiðará að Hvalfjarðarbotni að Reykjavík undanskilinni.

Piltar 14 ára

1. Kristján Bjarni Indriðason, Dímon

Strákar 12–13 ára

1. Sindri Sigurjónsson, Dímon

Stúlkur 12 ára

1. Aldís Freyja Kristjánsdóttir, Garpi

Strákar 11 ára

1. Ísak Guðnason, Dímon

Stelpur 11 ára

1.–2. Svanhvit Stella Þorvaldsdóttir, Dímon

1.–2. Þorbjörg Skarphéðinsdóttir, Garpi

Strákar 10 ára og yngri

1. Ragnar Dagur Hjaltason, Umf. Bisk.

Stúlkur 10 ára og yngri

1. Melkorka Álfdis Hjartardóttir, Þjótanda

Árangur Skarphéðinsmanna á mótum GLÍ

Bikarglíma Íslands 2016

44. Bikarglíma Íslands fór fram 27. febrúar í íþróttahúsi Kennaraskólans í Reykjavík.

Unglingaflokkur +80 kg

1. Jón Gunnþór Þorsteinsson

Konur -65 kg

1. Jana Lind Ellertsdóttir

Konur +65 kg

1. Marín Laufey Davíðsdóttir



Marín Laufey var útnefnd glímukona ársins af GLÍ.

Karlar +90 kg

2. Jón Gunnþór Þorsteinsson

Konur opinn flokkur

1. Marín Laufey Davíðsdóttir

Reykjavík international games 2016

Keppni í glímu og backhold innan RIG leikanna fór fram 23. janúar í íþróttahúsi Ármanns Skell. Mótið var jafnframt þriðja og síðasta umferðin í meistaramótaráð GLÍ.

Unglingar +80 kg

1. Jón Gunnþór Þorsteinsson

3. Guðni Elvar Björnsson

Konur -65 kg

2. Jana Lind Ellertsdóttir

3. Guðrún Inga Helgadóttir

Konur +65 kg

1. Marín Laufey Davíðsdóttir

Karlar +90 kg

4. Jón Gunnþór Þorsteinsson

6. Guðni Elvar Björnsson

Konur opinn flokkur

2. Marín Laufey Davíðsdóttir

Úrslit Meistaramóts Íslands 2014–2015

Unglingaflokkur +80 kg Stig Samtals

1. Guðni Elvar Björnsson 6+4 10

3. Jón Gunnþór Þorsteinsson 6 6

Konur -65 kg

1. Jana Lind Ellertsdóttir 6+6+5 17

2. Guðrún Inga Helgadóttir 5+5+4 14

Konur +65

1. Marín Laufey Davíðsdóttir 6+5+6 17

Konur opinn flokkur

1. Marín Laufey Davíðsdóttir 6+6+5 17

Karlar +90 kg

6. Jón Gunnþór Þorsteinsson 3 3

8. Guðni Elvar Björnsson 1 1

Grunnskólámót GLÍ 2016

Grunnskólámót GLÍ fór fram í íþróttahúsinu á Hvossvelli 19. mars.

Grunnskólameistarar úr röðum HSK urðu:

5. bekkur stúlkna

1. Árbjörg Sunna Markúsdóttir, Laugalandsskóla

6. bekkur stúlkna

1. Aldís Freyja Kristjánsdóttir, Laugalandsskóla

7. bekkur stúlkna

1. Sunna Lind Sigurjónsdóttir, Hvolsskóla

10. bekkur stúlkna

1. Jana Lind Ellertsdóttir, Laugalandsskóla

5. bekkur stráka, minni

1. Ísak Guðnason, Hvolsskóla

7. bekkur stráka

1. Ólafur Magni Jónsson, Bláskógaskóla

8. bekkur stráka

1. Kristján Bjarni Indriðason, Hvolsskóla

9. bekkur stráka

1. Sindri Ingvarsson, Hvolsskóla

Sveitaglíma Íslands 16 ára og yngri 2016

Mótið fór fram að loknu Grunnskólamáti GLÍ og var undir bikarkeppnisfyrirkomulagi.

Stelpur 10–11 ára

1. HSK A

2. HSK B

Strákar 10–11 ára

2. HSK

Strákar 13–14 ára

1. HSK

Stúlkur 15–16 ára

1. HSK

Íslandsglíman 2016

Hundraðasta og sjötta Íslandsglíman fór fram í íþróttahúsinu Frostaskjólí í Reykjavík 2. apríl 2016. Fimm karlar glímdu um Grettisbeltið en enginn úr röðum HSK. Ásmundur Hálfán Ásmundsson UÍA hampaði beltinu í fyrsta sinn. Sjö konur glímdu um Freyjumenið og átti HSK þar af tvo keppendur sem báðir enduðu á verðlaunapalli. Marín Laufey Davíðsdóttir sigraði eftir úrslitaglímu við Margrétu Rún Rúnarsdóttur Herði og hlaut þar með sæmdarheiðið glímudrottning Íslands í fjórða sinn. Jana Lind Ellertsdóttir tók þátt í sinni fyrstu Íslandsglímu og hafnaði í þriðja sæti eftir góða frammistöðu.

Haustmót GLÍ 2016

Haustmót GLÍ var haldið í íþróttahúsinu á Reyðarfirði 12. nóvember 2016.

Konur -65 kg

2. Jana Lind Ellertsdóttir

Konur +65 kg

1. Marín Laufey Davíðsdóttir



Keppendur í 11 ára flokki stúlkna á héraðsmóttinu í glímu.

Konur opinn flokkur

1. Marín Laufey Davíðsdóttir
2. Jana Lind Ellertsdóttir

Íslandsmeistaramót 15 ára og yngri

Mótið fór fram á Hvolsvelli 29. október 2016.

Íslandsmeistarar úr röðum HSK urðu eftirfarandi:

Stúlkur 10 ára

1. Melkorka Álfdrís Hjartardóttir

Strákar 10 ára

- 1.-2. Bjarni Þorvaldsson
- 1.-2. Rúnar Þorvaldsson

Stúlkur 11 ára

1. Þorbjörg Skarphéðinsdóttir

Stúlkur 12 ára

1. Aldís Freyja Kristjánsdóttir

Strákar 12 ára

1. Sindri Sigurjónsson

Stúlkur 13 ára

1. Guðný Salvör Hannesdóttir

Strákar 13 ára stærri

1. Ólafur Magni Jónsson

Stúlkur 14 ára

1. Birgitta Saga Jónsdóttir

Strákar 14 ára

1. Kristján Bjarni Indriðason

Strákar 15 ára

1. Sindri Ingvarsson

Unglingalandsmót UMFÍ 2016

ULM 2016 fór fram í Borgarnesi um verslunarmannahelgina og var keppt í Skallagrímssgarði.

Unglingalandsmótsmeistarar úr röðum HSK urðu:

Stúlkur 11-12 ára

1. Aldís Freyja Kristjánsdóttir

Strákar 13-14 ára

1. Ólafur Magni Jónsson

Stúlkur 15-16 ára

1. Laufey Ósk Jónsdóttir

Staða HSK fólks á styrkleikalista glímumanna 31. desember 2016

Karlar

9. Jón Gunnþór Þorsteinsson

Konur

1. Marín Laufey Davíðsdóttir
- 3.-4. Jana Lind Ellertsdóttir
13. Guðrún Inga Helgadóttir

Unglingar

1. Jón Gunnþór Þorsteinsson

Lokaorð

Hér hefur verið farið yfir það helsta úr starfi Glímuráðs HSK árið 2016. Nánari úrslit móta er að finna á heimasíðu GLÍ, www.glima.is og í árbók Glímusambandsins sem er einnig aðgengileg á heimasíðunni.

Fyrir hönd Glímuráðs HSK vil ég þakka öllum þeim sem lögðu hönd á plóg við starf ráðsins á árinu með einum eða öðrum hætti kærlega fyrir.

Stefán Geirsson, formaður.

Golfnefnd HSK 2016

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Jón Sveinberg Birgisson, Golfklúbbi Selfoss, formaður, Sigríður Gunnarsdóttir, Golfklúbbi Selfoss, Guðmundur Bergsson, Golfklúbbi Selfoss. Varamaður: Helgi Guðmundsson, Golfklúbbum Flúðum.

Nefndin sá um að velja golfíþróttamann HSK en engin héraðsmót voru haldin þetta árið.

Handknattleiksnefnd HSK

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Þorsteinn Rúnar Ásgeirsson, Umf. Selfoss, formaður, Atli Kristinsson, ÍF Mílan, Örn Þrastarson, ÍF Mílan. Varamaður: Magnús Matthíasson, Umf. Selfoss.

Nefndin valdi Hrafnhildi Hönnu Þrastardóttur sem handknattleiksmann HSK fyrir árið 2016, en engin héraðsmót voru haldin á árinu.

Hestaíþróttarnefnd HSK

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Sigmar Ólafsson, Hestamannafélaginu Sleipni, formaður, Halldóra S. Jónsdóttir, Hestamannafélaginu Sleipni, Lovisa H. Ragnarsdóttir, Hestamannafélaginu Geysi. Varamaður: Ísleifur Jónasson, Hestamannafélaginu Geysi.

Nefndin sá um að velja hestaíþróttamann HSK, en engin héraðsmót voru haldin á árinu.

Íþróttarnefnd eldri félagsmanna hjá HSK

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Tómas Jónsson, Umf. Selfoss, formaður, Markús Ívarsson, Umf. Samhygð, Jón Smári Lárusson, Íþróttafélaginu Dímon. Varamaður: Ásberg Lárentínusson, Umf. Þór.

Þátttaka HSK á 6. Landsmóti UMFÍ 50+ 2016

Landsmót UMFÍ 50+ fór fram á Ísafirði í júní. Fimmtán keppendur af sambandssvæðinu tóku þátt og unnu flestir til verðlauna.

Hér er getið um árangur í einstökum greinum.

Bridge

Bridgesveit af sambandssvæði HSK tók þátt í móttinu og varð Landsmótsmeistari. Í sveitinni voru Rangæingarnir Helgi Hermannsson, Sigurður Skagfjörð, Torfi Sigurðsson og Þorgils Torfi Jónsson.



HSK vann tvöfalt í pönnukökubakstri á landsmóti 50+.

Frjálsíþróttir

Þrjú keppendur af sambandsvæðinu tóku þátt og unnu allir til verðlauna. Jón M. Ívarsson sigraði í spjótkesti og kringlukasti í flokki 65–69 ára og varð annar í kúluvarpi. Hann setti HSK met í sínum aldursflokki í spjótkastinu, en hann kastaði 16,70 metra. Markús Ívarsson, bróðir Jóns, varð landsmótsmeistari í 100 m hlaupi í flokki 65–69 ára og varð þriðji í kringlukasti. Tómas Jónsson varð annar í kúluvarpi, spjótkesti og kringlukasti í flokki 80–84 ára.

Línudans

Flækjufótur sem er lið frá Selfossi varð í öðru sæti á mótinu. Þjálfari liðsins er Jón Þór Antonsson. Auk hans voru í liðinu þau Ingibjörg Helga Guðmundsdóttir, Hjördis Þorsteinsdóttir, Magnea Magnúsdóttir, Hörður Stefánsson, Hrefna Kristinsdóttir og Sigrún Stefánsdóttir.

Ringó

Sex lið voru skráð til leiks og eitt þeirra var frá HSK. Leikar enduðu þannig að fjögur lið voru jöfn að stigum öll með þrjú sigurleiki eða sex stig. Lið HSK varð í þriðja sæti. Í liðinu voru hjónin Ásta Laufey Sigurðardóttir og Ólafur Elí Magnússon og bræðurnir Markús Kr. Ívarsson og Jón M. Ívarsson.

Þönnukökubakstur

Hjördis Þorsteinsdóttir varð landsmótsmeistari og Ingibjörg Helga Guðmundsdóttir varð í öðru sæti.

Pútt

Þrjú keppendur tóku þátt í púttkeppninni, en unnu ekki til verðlauna.

Boccia

Eitt lið tók þátt í boccia, en vann ekki til verðlauna.

Keppendur HSK kepptu í fleiri greinum, s.s. stígvélakasti.

Íþróttanefnd fatlaðra 2016

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Þorbjörg Vilhjálmsdóttir, Íþróttafélaginu Suðra, formaður, Guðrún Jónsdóttir, Íþróttafélaginu Suðra, Valgeir Backman, Íþróttafélaginu Gný. Varamaður: Hulda Sigurjónsdóttir, Íþróttafélaginu Suðra.

Starfið var með hefðbundnu sniði árið 2016. Stjórnin fundaði þrisvar og þess á milli voru tölvusamskipti. Íþróttafélög fatlaðra innan HSK eru Gnýr og Suðri. Þær íþróttagreinar sem fatlað íþróttafólk á svæðinu æfa eru: Boccia, golf, knattspyrna, lyftingar og sund.

Hulda Sigurjónsdóttir var eini fatlaði íþróttamaðurinn sem tók þátt í héraðsmótum HSK á árinu. Hún keppti í kúluvarpi á héraðsmóti í frjálsum íþróttum innanhúss og varð fjórða. Hulda keppti einnig með frjálsíþróttaliði HSK á nokkrum mótum.

Laugardaginn 24. september stóð nefndin fyrir íþróttadegi á Sólheimum í Grímsnesi. Keppt var í ýmsum óhefðbundnum íþróttum þar sem keppnisgleðin var allsráðandi, einnig var farið í leiki, spilað og dansað. Auk þess tók hópur þátttakenda þátt í gróðursetningu á staðnum. Þátttaka var mjög góð og kom fólk víða að af svæðinu, bæði iðkendur íþróttatlaðra hjá HSK og aðrir.

Þorbjörg Vilhjálmsdóttir

Knattspyrnunefnd

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Gestur Einarsson, Umf. Gnúpverja, formaður, Hafþór Theodorsson, Knattspyrnufélagi Árborgar, Jón Þorberg Steinsdórsson, Knattspyrnufélagi Rangæinga. Varamaður: Þorsteinn Theodór Ragnarsson, Íþróttafélaginu Hamri.

Engin HSK mót voru haldin á árinu.



Ringólið HSK á landsmóti 50+.

Körfuknattleiksnefnd

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Lárus Ingi Friðfinnsson, Íþróttafélaginu Hamri, formaður, Árni Þór Hilmarsson, Umf. Hrunamanna, Þorsteinn Darri Sigurgeirsson, Umf. Heklu. Varamaður: Víðir Óskarsson, Körfuknattleiksfélagi FSU.

Engin HSK mót voru haldin á árinu.

Skáknefnd

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Magnús Matthíasson, Umf. Selfoss, formaður, Guðni Ragnarsson, Umf. Dagsbrún, Skeggi Gunnarsson, Hestamannafélaginu Sleipni. Varamaður: Úlfhæðinn Sigurmundsson, Umf. Gnúpverja.

Héraðsmót HSK í skák 16 ára og yngri

Héraðsmót HSK í skák fyrir 16 ára og yngri fór fram í Þingborg 27. febrúar 2016. Teflt var með 15 mín. umhugsunartíma. Þetta var skemmtilegt mót með mörgum óvæntum úrslitum. Það gafst vel að auka tímann úr 10 mín. í 15 mín. enda er það yfirleitt helsta verkefnið að fá börnin til að tefla hægar og þannig betur.

Heildarúrslit eru á <http://floaskak.blog.is>. Á vefsíðu með úrslitum má einnig smella á einstaka keppendur til að sjá sögu viðkomandi keppanda.

Þetta mót var einnig keppni á milli félaga. Stigaútreikningur er þannig að fyrsta sæti gefur 6 stig - og svo talið niður.

Í heildina urðu úrslit þessi:

- Umf Hekla - 20 stig
- Umf Þjótandi - 20 stig
- Umf Gnúpverja - 7 stig

Umf Hekla hefur unnið þessa stigakeppni undanfarin ár en núna er Þjótandi farinn að veita Heklu verðuga keppni.

Sveitakeppni HSK í skák

18. janúar 2017 fór fram héraðsmót HSK í skák fyrir árið 2016 í Fischersetrinu á Selfossi. Til leiks mættu fjórar sveitir frá Umf. Selfoss, Umf. Heklu, Umf. Gnúpverja og Dímon. Tefldar voru skákir með 2x15mín í umhugsunartíma og urðu úrslitin eftirfarandi:

1. Umf. Hekla: 10 ½ vinningar
2. Umf. Selfoss: 8 vinningar
3. Umf. Gnúpverja 3 ½ vinningar
4. Íþr. Dímon: 2 vinningar

Vinningssveit Umf. Heklu skipuðu þeir Björgvin Guðmundsson, Björgvin Helgason, Jón Helgason og Guðjón Egilsson.

Eftir héraðsmótið fór fram hraðskákmót þar sem til leiks skrðu sig 12 keppendur og kepptu allir við



Íþróttanefnd fatlaðra stóð fyrir íþróttadegi á Sólheimum.



Yngstu keppendurnir á unglíngamóti HSK í sundi.

alla. Umhugsunartíminn var 2x4 mín og urði þessir í þremur efstu sætum.

1. Sverrir Unnarsson Umf. Selfoss 9 ½ vinningar
 2. Björgvin Guðmundsson Umf. Hekla 9 vinningar
 3. Ingimundur Sigmundsson Umf. Selfoss 8 v.
- Heildarúrslit og myndir á www.hsk.is.

Starfsípróttanefnd 2016

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Fanney Ólafsdóttir, formaður, Umf. Þjótanda, formaður, Guðmundur Jónasson, Umf. Heklu, Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir, Umf. Þjótanda. Varamaður: Sigurgeir Ingólfsson, Umf. Eyfellingi.

Nefndin stóð fyrir velheppnuðu héraðsmóti 13. ágúst í Grunnskólanum á Hellu. Keppt var í þremur greinum og var keppnin bæði spennandi og skemmtileg. Alls voru þátttakendur á mótinu yfir 30 talsins sem verður að teljast mjög gott. Verðlaunahafar á mótinu voru þessir:

Fuglagreining 16 ára og eldri

- Eiríkur Vilhelm Sigurðsson Heklu 19 stig (af 20)
- Rökkvi Hljómur Kristjánsson Garpi 17+9
- Pálmi Bjarnason Garpi 17+7

Fuglagreining 15 ára og yngri

- Heiðar Óli Guðmundsson Heklu 13 stig (af 20)
- Sigrún Óskarsdóttir Garpi 9 stig
- Hrefna Kristín Rúnarsdóttir Garpi 8 stig

Pönnukökubakstur

- Ólöf Sæmundsdóttir Heklu 84 stig (af 100)
- Agnes Ólöf Thorarensen Heklu 77 stig
- Sigrún Kristjánsdóttir Garpi 75 stig

Stafsetning 16 ára og eldri

- 1.–2. Ingibjörg Marmundsd. Dagsbrún 4 v.
- 1.–2. Kjartan Már Hjálmarsson Selfoss 4 villur
3. Sigríður Arndís Þórðardóttir Garpi 7 villur



Keppt var í fuglagreiningu á héraðsmóti í starfsípróttum.

Stafsetning 15 ára og yngri

- Heiðar Óli Guðmundsson Heklu 7 villur
- Sigrún Óskarsdóttir Garpi 12 villur
- Sigurjón Reynisson Þjótanda 20 villur

Stigakeppni félaga

- Íþróttafélagið Garpur 49 stig
- Ungmennafélagið Hekla 32 stig
- Ungmennafélagið Dagsbrún 8,5 stig
- Ungmennafélag Selfoss 5,5 stig
- Ungmennafélagið Þjótandi 4 stig

Starfsípróttanefnd þakkar öllum þeim sem aðstoðuðu við framkvæmd héraðsmótsins og skólastjórnendum á Hellu fyrir góða aðstöðu. Næstu verkefni nefndarinnar verða í Hveragerði í júní þegar Landsmót UMFÍ 50+ verður haldið. Þar verður keppt í nokkrum starfsípróttagreinum og eru Skarphéðismenn hvattir til að mæta sem flestir og taka þátt.

Fanney Ólafsdóttir

Sundnefnd 2016

Eftirtaldir skipuðu nefndina: Íris Judith Svavarsdóttir Íþr.f. Hamri, formaður, Sigríður Runólfsdóttir, Umf. Selfoss, Elín Karlsdóttir, Umf. Selfoss. Varamaður: Ingibjörg Erlingsdóttir, Íþr.f. Dímon.

Sundárið 2016 var að mörgu leiti gott og mótahald sundnefndar HSK með hefðbundnum hætti.

Aldursflokkamót

Aldursflokkamót var haldið á Hvossvelli 30. apríl en þar voru skráðir keppendur frá fjórum aðildarfélögum þ.e. Dímon, Garpi, Hamri og Umf. Selfoss. Selfyssingar sigruðu í stigakeppni félaganna og Dímon varð í

öðru sæti. Stigahæsti sundmaðurinn kom einnig úr röðum Selfyssinga en Kári Valgeirsson hlaut 484 FINA stig fyrir 100 m skriðsund sem hann synti á tímanum 1.04,96 mín.

Héraðsmót

Héraðsmót var haldið í Hveragerði 31. maí og þar mættu keppendur frá Dímon, Hamri og Umf. Selfoss. Selfyssingar fóru þar aftur með sigur af hólmi í stigakeppni félaganna og stigahæsta sundfólkið kom einnig úr þeirra röðum. Stigahæsti sundmaðurinn var Kári Valgeirsson Umf. Selfoss með 18 stig. Sigahæstu sundkonurnar voru þrjár, allar með 17 stig en það eru þær Thelma Ína Magnúsdóttir, Sara Ægisdóttir og Elísabet Helga Halldórsdóttir Umf. Selfoss. Besta afrek mótsins vann Kári Valgeirsson en hann hlaut 459 FINA stig fyrir 50 metra skriðsund sem hann synti á tímanum 30,75 sek.

Unglíngamót

Unglíngamótið var svo haldið 6. nóvember í innilauginni á Selfossi og var sérstaklega ánægjulegt að sjá stóran hóp sundmanna 10 ára og yngri sem margir voru að stíga sín fyrstu skref í sundkeppni. Það er von okkar að þátttaka í mótinu hafi verið góð reynsla og hvatning til áframhaldandi sundiðkunar. Á unglíngamótinu voru skráðir keppendur frá Dímon, Hamri og Umf. Selfoss. Selfyssingar fóru þar enn og aftur með sigur af hólmi í stigakeppni félaganna. Bætingabíkarinn hlaut Jóhann Már Jóhannsson, 11 ára Hamri Hveragerði fyrir 50 metra baksund en hann synti á 1.09,28 mín og bætti tímann sinn frá Unglíngamótinu 2015 um rúmar 58 sekúndur.

Sundnefnd HSK vill þakka iðkendum, þjálfurum, foreldrum og öðrum aðstandendum fyrir gott samstarf á árinu. Einnig er vert að þakka starfsfólki þeirra íþróttamannvirkja sem hýst hafa mótin okkar kærlega fyrir veitta aðstöðu.

Íris Judith Svavarsdóttir

Sögu- og minjanefnd

Nefndina skipa: Jóhannes Sigmundsson, Umf. Hrunamanna, formaður, Lísá Thomsen, Umf. Hvöt, Þorgeir Vígfússon, Umf. Skeiðamanna. Varamaður: Ólafur Eli Magnússon, Íþróttaf. Dímon.

Á starfsárinu kom nefndin þrisvar saman á bókaða fundi. Að venju gerði nefndin tillögu til stjórnar HSK um val á öðlingi ársins. Nefndin gerði það að tillögu sinni að Kjartan Lárússon, Umf. Laugdæla, yrði útnefndur öðlingur ársins 2016. Kjartan hefur um áratugaskeið keppt í fjöldamörgum íþróttagreinum, bæði innan héraðs og á landsvísi. Greinargerð um íþróttuferil Kjartans má sjá hér framar í ársskýrslunni. Undanfarin misseri hefur Marteinn Sigurgeirsson unnið að gerð kvikmyndar um landsmót UMFÍ sem haldin hafa verið á sambandssvæðinu. Myndin er langt komin og stefnt er að því að verkefnið klárast árið 2017. Marteinn mætti á fund nefndarinnar á árinu og sýndi fundarfólki hvað áunnist hefur í þessu ágæta verkefni.



Sögu- og minjanefnd HSK 2016.

Svipmyndir úr starfinu



Friðisþróttaskóli UMFÍ á Selfossi.



Heimsmeistarar í þanna götufótbolta mættu á Unglingalandsmótið í Borgarnesi.



Knattspyrnulið HSK í 5. flokki drengja á Unglingalandsmótinu í Borgarnesi.



Fyrsta Ungmennaráð HSK, á myndina vantar Jönu Lind.



Tómas Jónsson formaður Íþróttanefndar eldri félagsmanna hjá HSK kastar kringlu á landsmóti 50+ á Ísafirði.



Syskinin Svanur Ingvarsson og Þuríður Ingvarsdóttir voru ritarar á héraðsþinginu 2016.

VELKOMIN Á LANDSMÓT UMFÍ 50+

í Hveragerði helgina
23. – 25. júní 2017

ÍPRÓTTA- OG HEILSUHÁTÍÐ

Keppnisgreinar:

Badminton | Boccia | Brídds | Throwdown
Frjálsar íþróttir | Fuglagreining | Golf
Jurtagreining | Línudans | Pútt
Pönnukökubakstur | Ringó | Skák
Stígvelakast | Strandblak | Sund
Prípraut | Utanvegahlaup

Fjölbreytt afþreying:

Sögugöngur | Jóga | Vatnsleikfimi
Fræðslufyrirlestrar | Heilsufars-
mælingar | Heilsustígur
Fjölbreytt menningarupplifun

Gisting í Hveragerði

Keppendum stendur til boða ókeypis
aðstaða á tjaldsvæði bæjarins, greitt er
fyrir rafmagnsnotkun. Í Hveragerði eru
hótel og gistiheimili sem einnig er hægt
að panta gistingu á.

Sjáumst í Hveragerði



HVERAGERÐI

- blómstrandi bær!



Skýrslur aðildarfélaga HSK:

Golfklúbbur Ásatúns

Á aðalfundi sem haldinn var í Hátorfu 4 í Ásatúni 10. desember 2016 voru eftirtaldir kosnir í stjórn:



Formaður: Sigurjón Harðarson. Aðrir í stjórn: Eiríkur Stefánsson, Guðbjörg Jóhannsdóttir, Árni Sófusson og Gylfi Jóhannesson. Varamenn: Grímur Guðmundsson og Sigurður Kristinsson. Endurskoðendur: Sighvatur Halldórsson og Hörður Sigurjónsson.

Það fór eins og stefndi í um haustið 2015, að rekstrargrundvöllur Ásatúnsvallar var ekki lengur fyrir hendi. Tap hefur verið á rekstri golfvallarins og treystu þau Grímur Guðmundsson og Guðbjörg Jóhannsdóttir í Ásatúni sér ekki til þess að reka völlinn lengur með sama áframhaldi. Var því ákveðið að vellinum skyldi lokað, kæmu ekki til nýir rekstraraðilar.

Stjórn golfklúbbsins vonaðist í lengstu lög eftir að einhverjir ofurhugar kæmu og tækju við rekstrinum. Við biðum fram á vor 2016, en ekkert rættist úr, þannig að golfvöllur Ásatúns var því lokaður allt árið 2016.

Þá ákvað stjórn að ganga til liðs við Golfklúbb Flúða og eigendur Selsvallar. Gerður var samningur, um að heimavöllur Golfklúbbs Ásatúns verður Selsvöllur við Flúðir frá og með 2017.

Félagar í Golfklúbbi Ásatúns njóta áfram þeirra réttinda sem þeir höfðu áður og verða önnur tilboð um spil og fleira auglýst síðar.

Stjórnin vonast til þess að félagar okkar verði áfram tryggir í Golfklúbbi Ásatúns, svo styrkja megi stoðir Selsvallar og þar með golfið á svæðinu. Félagsgjald var 8400 kr. fyrir árið 2016.

F.h. Golfklúbbs Ásatúns
Sigurjón Harðarson, formaður.

Golfklúbburinn Dalbúi

Stjórn Dalbúa 2016 var skipuð sem hér segir: Páll Þórir Ólafsson formaður, Hafsteinn Daníelsson varaformaður, Ómar Þórðarson gjaldkeri, Halldór Snæland ritari, Bryndís Scheving meðstjórnandi, Ragnhildur Bender meðstjórnandi,



Guðmundur Gunnarsson meðstjórnandi, Guðmundur H. Sigmundsson varamaður, Hörður Bergsteinnsson varamaður.

Árið byrjaði vel og völlurinn skartaði sínu feegursta snemma á árinu. Allt var vel slegið og snyrt og völlurinn hinn fallegasti allt sumarið. Nýjungar voru hjá mótanefnd og má þar nefna Kvennamót sem mæltist vel fyrir og á þriðjudagsmorgnum var Konuhittingur og spiluðu þá konurnar saman. Gengið var endanlega frá umhverfi tjarnarinnar og svæðið snyrt og er hið glæsilegasta.

Nú standa yfir viðræður við Grafíu (áður Félag bókkagerðarmanna), Rafiðnaðarsambandið ásamt VM félagi vélstjóra og málmteknimanna um áframhaldandi samstarf við uppbyggingu klúbbsins í formi spilakorta til þess að hafa í orlofshúsum þeirra, aukinn afslátt til félagsmanna þeirra ásamt fleiru.

Skráðir félagar á árinu voru 86 talsins þar af greiddu 76 félagsgjöld. Heiðursfélagar o.fl. voru 8 og það fækkaði um 11 félagar á árinu. Eiríkur Þorláksson hefur um nokkurt skeið farið yfir félagaskrá og forgjöf félagsmanna og séð um að afhenda Framfaraverðlaunin sem veitt eru þeim sem mest hefur lækkað í forgjöf á árinu og kom það í ljós að Jón Gunnarsson hlýtur framfaraverðlaunin annað



Miðdalsvöllur.

árið í röð, og er nú orðinn lægstur félagsmanna í forgjöf, með 5,2 í forgjöf; hann er aðeins 15 ára gamall og óskum við honum til hamingju með þennan glæsilega árangur. Meðalaldur er nokkuð hár í klúbbum og er um 87% félaga með forgjöf yfir 20, þar af eru um 47% með 30 í forgjöf eða enga alls enga forgjöf. Það mætti hafa þetta í huga kannski hjá vallarnefnd hvort auðvelda eigi völlinn með meiri slætti eða einhverjum breytingum að einhverju tagi. Að lokum vil ég þakka stjórninni og nefndarmönnum og félagsmönnum öllum kærlega fyrir gott samstarf á árinu. Rekstraraðilum Guðmundi og Ransý vil ég þakka afar gott og farsælt samstarf á þeim 9 árum sem liðin eru frá því þau tóku við vellinum og skila þau af sér góðu búi. Eins vil ég koma á framfæri þakklæti til okkar helstu samstarfsaðila eins og Grafía, Rafiðnaðarsambandinu og VM félagi Vélstjóra og málmteknimanna, Eddu hótélum, FONTANA, Bláskógabyggð og þeirra fjölmörgu einstaklinga sem lagt hafa klúbbum lið við uppbyggingu vallarins. Starf þeirra er ómetanlegt fyrir starfsemi okkar og verður seint þakkað almennilega. Framlög allra þessara aðila veita okkur mikilvægan stuðning við að halda úti þessum skemmtilega velli í Miðdal.

Páll Þórir Ólafsson

Golfklúbburinn Flúðir

Stjórn Golfklúbbsins Flúðir hélt fimm formlega fundi á starfsárinu og fjölda



Selsvöllur á fögrum sumardeggi.

óformlegra funda. Stjórnina skipuðu Árni Tómasson formaður, Edda Svavarsdóttir varaformaður, Katrín Ólöf Ástvaldsdóttir gjaldkeri, Unnsteinn Eggertsson ritari og meðstjórnandi var Herdís Sveinsdóttir. Varamenn voru þeir Helgi Guðmundsson og Árni Þór Hilmarsson.

Alls voru skráðir félagar í GF 178 á árinu 2016 og hafði fjölgað um 8 frá árinu 2015. Talsvert fleiri eru þó fullborgandi meðlimir eða alls 259 og er sú tala svipuð og á fyrra ári. Mismunurinn á skráðum félögum og fullgreiðandi er sú að um 80 einstaklingar eru með aðra klúbba sem aðalklúbb, en GF sem aukaklúbb. Ef við lítum á umferð um völlinn jókst hún verulega frá árinu 2015 eða um 15% og hefur ekki verið meiri frá árinu 2012.

Eins og ég gat um í síðustu skýrslu var orðið mjög brýnt að endurnýja vélakost klúbbsins og Selsvallar. Fyrsta skrefið í því var að gera samning við GR um kaup á gamalli flatarsláttuvél og um þessar mundir er verið að gera samning við eiganda Ásatúnsvallar um kaup á nokkrum vélum, auk kaupa á nýjum tækjum. Sýnist okkur að með þessu hafi orðið gjörbreyting á vélakosti vallarins, sem vonandi leiðir til þess að völlurinn verði betri en áður.

Á árinu lukum við því verkefni að setja niður stuðlabergssteina við alla teiga vallarins, hanna og setja upp merki á alla steinana og snyrta næsta nágrenni þeirra. Er samdóma álit allra að vel hafi tekist til og að þetta gefi vellinum mikinn og góðan

svip. Einnig voru hönnuð ný teigmerki og var þeim komið fyrir með nýjum lengdarmælum; 51 á öftustu teigum, 48 á miðteigum og 45 á fremstu teigum. Þetta var gert í framhaldi af tilraunaverkefni á árinu 2015 sem þótti takast vel.

Mótanefnd: Aðsókn að mótum var misjöfn, en í heild tóku 554 þátt í 10 mótum samanborið við 481 í fyrra, auk þess sem minni mót eru haldin á vordaginn og áramótið í lok árs. Fyrir utan framangreind mót annaðist GF fyrir hönd GSÍ Sveitakeppni drengja 15 ára og yngri, sem fram fór dagana 12-14 ágúst. Tókst framkvæmd mótsins í allar staði mjög vel. Meistaramót GF var haldið í júní og voru þátttakendur 32. Klúbbmeistari var Garðar Rafn Halldórsson á 163 höggum, Helgi Guðmundsson varð í öðru sæti og Guðmundur G. Konráðsson í þriðja sæti. Sameinuð sveit GF, Golfklúbbsins Geysis og Golfklúbbsins Hellu tók þátt í sveitakeppni drengja 15 ára og yngri og bættu þeir árangur sinn frá fyrra ári. GF sendi sveit til þátttöku í sveitakeppni öldunga á Kiðjbergi í ágúst. Í mótanefnd á árinu 2016 voru þau Helgi Guðmundsson formaður, Ágúst Victorsson, Sveinn Karlsson, Anna Sigurðardóttir og Unnsteinn Eggertsson.

Kvennagolfnefnd: Nefndin stóð fyrir opnu kvennagolfmóti í júní með aðstoð styrktaraðilans Aveda. Tókst mótið mjög vel og tóku 48 konur þátt. Þá kom nefndin að minningarmóti í júní um Hrafnhildi Eysteinsdóttur sem lést á árinu 2015. Að tillögu nefndarinnar samþykkti stjórn GF að kaupa tvær myndir af Ólöfu Þórunni Kristinsdóttur vegna glæsilegrar frammistöðu hennar á golfvelli. Kvennagolfnefndin auglýsti sérstaka tíma fyrir konur á netinu og í golfskólanum, en þátttaka var frekar dræm. Vil ég hér með skora á konur að veita þessu meiri eftirtekt á sumri komanda. Í nefndinni voru Sigrún Þórarinsdóttir formaður, Herdís Sveinsdóttir, Katrín Ólöf Ástvaldsdóttir og Edda Svavarsdóttir.

Vallarnefnd: Eftir miklar og kostnaðarsamar aðgerðir á árinu 2015 var lögð áhersla á að fegra og bæta völinn með ýmsu móti á árinu 2016. Erfiður vetur og mikið kal settu strik í reikninginn og fór mikil orka á árinu í að lagfæra flatir og brautir. Þrátt fyrir þetta hefur ýmislegt áunnist á árinu og má þar m.a. nefna: Stígar voru lagðir með gervinefi milli 5. og 6. brautar, milli 8. og 9. brautar, meðfram 9. braut niður að golfskála og á 15. braut. Þá var kurlu bætt í stíga og nýr stígur gerður á 17. braut. Einnig unnið markvisst að því að bæta legu og halla í sandgryfjum í samræmi við tilmæli fagmanna. Áfram var haldið með uppbyggingu teiga. Þrjár nýr teigar voru gerðar á 3. braut, miðteigur á 1. braut var stækkaður, fremri teigar á 4. braut voru stækkaðir, miðteigur á 8. braut var stækkaður, miðteigur á 10. braut var stækkaður og fremsti teigur á 17. braut var stækkaður. Ef horft er til síðustu þriggja ára hafa teigar á 1, 2, 3, 4, 5, 8, 9, 10, 15, 16, 17 og 18. braut verið endurbyggðir. Æfingasvæði var tekið í gegn á árinu. Boltavél var færð að æfingasvæði og lagt rafmagn að henni, gert var við æfingaskýli og sett á það skyggni, æfingaskýlið var málað og síðast en ekki síst keyptar nýjar æfingamottur sem gjörbreyta aðstöðunni. Þessu til viðbótar vil ég nefna að keyptir voru rafmagnskaplar á árinu til þess að leggja á flatir og eyða klaka til að forða kali. Grisjun trjáa hélt áfram. Sérstakt átak var gert í grisjun á 3. braut og 8. braut og haldið áfram með grisjun á 1, 4. og 6. braut. Keypt var sérstök vél til að snyrta betur í kring um tré og má sjá mikla breytingu til batnaðar milli ára. Í vallarnefnd voru Jón Snorrason formaður, Albert Einarsson, Birgir Hólm Björgvinsson, Eygló Geirdal og Lisa-Lotta Hafsteinnsson. Vallarstjóri var Halldór Guðnason og vann hann náð með nefndinni á árinu.

Fjáröflunarnefnd. Fjáröflunarnefnd var skipuð

árið 2011. Meginverkefni nefndarinnar hefur verið að afla tekna með því að selja auglýsingar og afla styrkja hjá bakhjörnum og velunnurum klúbbsins. Hafa tekurnar aukist árlega frá 1,5 mkr. árið 2012 upp í 3,1 mkr. árið 2016. Í nefndinni sitja: Guðlaugur Guðlaugsson formaður, Ragnar Pálsson og Ásgeir Þorvarðarson

Aga- og forgjafarnefnd. Engin mál bárust til aganefndar og forgjafarnefndar GF á árinu. Formaður aganefndar er Karl Gunnlaugsson og formaður forgjafarnefndar er Sveinn Karlsson.

Unglinganefnd. Unglinganefnd auglýsti æfingar á vegum klúbbsins og hafði milligöngu um samstarf við golfmenn á árinu. Stjórn boðaði til kynningarfundar fyrir nýliða í maí, en þátttaka var dræm. GF sendi sameiginlega sveit með Golfklúbbsins Geysis og Golfklúbbsins Hellu í sveitakeppni drengja 15 ára og yngri og bættu þeir árangur sinn frá fyrra ári. Formaður unglínganefndar var Árni Þór Hilmarsson.

Verkefnið Braut í fóstur hélt áfram annað árið. Reynslan af þessu verkefni er ágæt og í mörgum tilvikum frábær

Samstarfssamningur Hrunamannahrepps og Golfklúbbsins Flúðir var undirritaður 26. janúar 2016 og kveður á um að Hrunamannahreppur veiti GF árlegan styrk til að efla barna- og unglíngastarf klúbbsins. Í þessu sambandi skal GF m.a. leggja metnað sinn í að ráða hæfa leiðbeinendur til námskeiðahalds.

Samkomulag um samstarf GF og Golfklúbbsins Ásatúns með aðild eigenda Selsvallar var undirritaður með fyrirvara um samþykki félagsfundar GF þann 26. nóvember 2016. Með samkomulaginu verður Selsvöllur heimavöllur GÁS og félagar í GÁS með full réttindi skuli jafnframt verða aðal- eða aukafélagar í GF.

Golfklúbburinn Geysir

Stjórn félagsins skipa Pálmi Hlökkversson, formaður, Gunnar Skúlason, gjaldkeri, Frímánn B Baldursson, ritari, Einar Tryggvason, meðstjórnandi og Hermann Marínó Maggýjarson, meðstjórnandi.

Ekki var mikil starfsemi hjá klúbbnum þetta árið, en þó í einhverju samræmi við stærð hans. Klúbburinn varð 10 ára á árinu og stóð alltaf til að fagna því með afmælistóti, en ekkert varð úr því. Klúbburinn gaf eigendum vallarins forlata koparbjöllu í tilefni tímamótanna. Bjallan er glæsileg smíði og mikil prýði af henni.

Haukadalsvöllur var opnaður seint í vor. Réði þar mestu kalt vor og töluvert kal í flötum vallarins.

Hápunktur í starfsemi klúbbsins frá ári til árs eru meistaramót og þátttaka GEY í sveitakeppnum GSÍ.

Meistaramót GEY var haldið 13. og 14. júlí. Þetta árið var keppt í þremur flokkum. Klúbbmeistari karla 2016 er Pálmi Hlökkversson.

Golfklúbburinn sendi sveit í 4. deildar sveitakeppni GSÍ sem haldin var í Stykkishólmi. Sveitina skipuðu Edwin Roald Rögnvaldsson, liðstjóri, Pálmi Hlökkversson fyrirliði, Magnús Bjarnason, Bergur Konráðsson og Gunnar Skúlason. Sveit GEY barðist í efri hluta deildarinnar og var hársbreidd frá því að komast upp um deild.

Klúbburinn átti fulltrúa í sameiginlegri sveit GEY/GF/GHR í sveitakeppni drengja 15 ára og yngri sem haldin var á Selsvelli við Flúðir. Karl Jóhann Einarsson og Stefán Orri Hákonarson kepptu þar með félögum frá Flúðum og Hvolsvelli. Barna- og unglíngastarf er lítið og/eða fámennt í uppsveitunum og erfitt að fylla upp í keppnissveit af þeim sökum. Þetta skiptið þurfti



Golfklúbburinn Geysir gaf eigendum vallarins forlata koparbjöllu á 10 ára afmælinu.

að leita yfir í aðrar sýslu eftir félögum í sveit. Einhverjur leikir unnust og aðrir töpuðust eins og gengur og safnaðist mikið í reynslubankann hjá þeim þessa helgi. Er vilji til að halda þessu samstarfi áfram með Flúðastrákum og öðrum e.a.

Vinavallasamningar voru gerðir við þó nokkra klúbba þetta árið. Einhliða samningar voru gerðir milli Haukadalsvalla og GK (Golfklúbburinn Keilir), GKG (Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar), GO (Golfklúbburinn Oddur), IG (Icelandair Golfers) og GR (Golfklúbbur Reykjavíkur). Gagnkvæmir samningar voru gerðir við GOS (Golfklúbbur Selfoss), GB (Golfklúbbur Borgarnes og GF (Golfklúbburinn Flúðir). Reynslan af þessum samningum er almennt góð og verður þessu samstarfi haldið áfram ef vilji er til hjá hinum klúbbunum.

Aðsókn á Haukadalsvöll á tímabilinu var í meðallagi. Fór rólega af stað, meðan EM karla í fótbolta fór fram, en jókst svo í framhaldinu. Erlendum kyflingum fjölgaði ríflega tvöfalt milli ára, sem verður að teljast gott. Sóknarfærið til að ná aukinni aðsókn á völinn okkar liggur sennilega þar, með aukinni markaðssetningu, aðgengi o.fl.

Heimasíðan www.geysirgolf.is hefur verið að taka breytingum og verður svo áfram. Eins hefur facebooksíða vallarins verið töluvert virkari í ár en undanfarin ár og er það vel. Áfram verður unnið í þessu.

Frekar lítið innra starf var í klúbbnum þetta árið, eins og fyrr segir, en vilji er til að bæta úr því og þá sérlega að bæta í barna- og unglíngastarf.

Golfklúbbur Hellu

Aðalfundur GHR var haldinn fimmtudaginn 24. nóvember. 12 manns mættu á fundinn. Fundarstjóri var Heimir Hafsteinnsson. Óskar Pálsson var endurkjörinn formaður, verður þetta 17 árið hans sem formaður GHR. Stjórnin gaf öll kost á sér áfram og var hún endurkjörin



Breytingar urðu í 2 nefndum, Matthías Þorsteinnsson gaf ekki kost á sér í aganefnd í hans stað kom Gróa Ingólfsdóttir og í kappleikjanefnd gáfu ekki kost á sér Svavar Hauksson formaður, Þorsteinn Ragnarsson, Einar Long og Gróa Ingólfsdóttir. Ekki tókst að manna þar í allar stöður en inn kom Heimir Hafsteinnsson. Loftur Þór Pétursson er formaður nefndarinnar.



Sveit GHR sem tók þátt í Íslandsmóti golfklúbba.

Formaður las skýrslu stjórnar og fór yfir það helsta sem gerst hafði á árinu, þakkaði starfsfólki, stjórn og nefndarmönnum fyrir vel unnin störf á árinu. Sérstakar þakkir fékk Þorsteinn Ragnarsson fyrir vel unnin störf í þágu klúbbsins.

Stjórnina skipa:

Formaður: Óskar Pálsson, Varaformaður: Einar Long, Gjaldkeri: Katrín Björg Aðalbjörnsdóttir, Ritari: Bjarni Jóhannsson, Meðstjórnandi: Gísli Jafetsson

1. varamaður: Guðný Rósa Tómasdóttir 2. varamaður: Loftur Þór Pétursson

Félagar í klúbbum eru 115 sem er fjölgun um 4 frá sl. ári. 13 félagar gengu úr klúbbum og 17 nýir komu inn þar af kom 1 í fjaraðild.

Að venju voru veitt verðlaun á aðalfundi 2015 fyrir háttvísi það kom í hlut Sveins Sigurðssonar en Sveinn er vel að verðlaununum komin.

Framfaraverðlaun 2016 komu í hlut Gísla Jafetssonar hann lækkaði um 12 í forgjöf fór úr 36 í 24. Óskum við þessum 2 félögum innilega til hamingju og góðs gengis á komandi árum.

Við hófum sumarið með Vorkomu þann 21. apríl. Innanfélagsmótin voru 40, aflýsa þurfti 3 mótum vegna lélegrar þátttöku, Meistaramótið var 4. til 6. júlí og var þátttaka í því frekar léleg eða 21. Klúbbsmeistarar 2016 voru mæðginin Andri Már Óskarsson og Katrín Björg Aðalbjörnsdóttir óskum við þeim innilega til hamingju

Opin mót voru 6, að venju var 1. maí mótið stærst með 126 keppendur styrktaraðili þar var Grillbúðin. Þátttakan í því var með lélegasta móti í ár. Lancome kvennamótið var svo 8. maí en þar voru 87 konur sem luku keppni.

Við höldum 3 GSÍ mót, 20. maí var fyrsta mótið í Eimskipsmótaröðinni með 106 keppendur. 5. ágúst var fjórða mótið í Íslandsbankamótaröðinni með 114 keppendur og 12. - 14. ágúst höldum við Íslandsmót golfklúbba 18 ára og yngri drengja. Mættu þar 12 sveitir til leiks. LEK var með Öldungamót 29. maí með 137 keppendur. Þetta voru stærstu mótin.

Andra Má gekk vel í sumar, hann varð í 3. sæti á Íslandsmótinu í holukeppni og 5. sæti á Íslandsmótinu í högggleik. Hann er nú í 4 sæti á stigalista GSÍ. Við óskum honum innilega til hamingju.

GHR tók þátt Íslandsmóti golfklúbba (Sveitakeppni GSÍ) eins og undanfarin ár, við kepptum í 3. deild sem var haldin á Húsavík. Eins og kom fram í skýrslu stjórnar 2015 féllum við þá niður í 4. deild en nokkrir klúbbar hættu keppni nú í ár þannig að við fluttumst upp í 3. deild. En við féllum aftur niður í þá 4. á Húsavík. Erfitt hefur verið að fá féлага til þess að taka þátt í þessari keppni og var lágmarkssveit send

að þessu sinni. Í sveitinni voru Andri Már Óskarsson, Óskar Pálsson Gunnar Bragason og Þórir Bragason. Liðstjóri var Katrín B. Aðalbjörnsdóttir.

Golfkenntu fyrir börn og unglinga sá Gylfi Birgir Sigurjónsson um eins og síðustu ár, var ágætlega mætt í sumar, þar er einn ungur og efnilegur kyfingur og félagi GHR við æfingar og vildi svo skemmtilega til að hann var fenginn í lið með Geysi og Flúðum í Sveitakeppni golfklúbba 14 ára og yngri sem haldið var á Flúðum. Við eigum vonandi eftir að sjá meira af þessum efnilega dreng sem heitir Jón Ágústsson.

Fyrir utan venjulega umhirðu vallar slátt o.fl. var aðeins dyttað að göngustígum en engar stórförumverðir í gangi.

F.h. stjórnar Óskar Pálsson

Golfklúbbur Hveragerði

Aðalfundur GHG var haldinn, þriðjudaginn 6. desember 2016 kl. 20.00 í Golfskálanum Gufudal.

Eftirtaldir skipuðu stjórnina 2016: Auðunn Guðjónsson, formaður og formaður afreksnefndar, Ólafur Ragnarsson, varaformaður og formaður húsnefndar, Össur Emil Friðgeirsson, gjaldkeri og formaður vallarnefndar, Ingibjörg Mjöll Pétursdóttir, ritari og formaður kvennanefndar, Alfréð Maríusson, meðstjórnandi og formaður forgjafar- og laganefndar



Gufudalsvöllur.

og formaður skemmtinefndar, Hjörtur Árnason, meðstjórnandi og formaður mótanefndar – hann var varamaður árið áður, Guðmundur Erlingsson, meðstjórnandi og formaður útbreiðslunefndar og barna- og unglinganefndar – kom nýr inn í stjórn, Sveinbjörn Sveinbjörnsson varamaður, Arnar Geir Helgason, varamaður – kom nýr inn sem varamaður, Ásgeir Andrason, varamaður – kom nýr inn sem varamaður.

Eins og árið áður var skipuð þriggja manna framkvæmdastjórn sem í sáttu formaður, varaformaður og gjaldkeri.

Fundir í stjórn og framkvæmdastjórn voru nokkuð færri en undanfarin ár, en eftir að framkvæmdastjórn var skipuð hefur stjórnarfundum fækkaði nokkuð vegna þessa fyrirkomulags.

Störf vegna reksturs klúbbsins voru eins og áður annars vegar unnin af launuðu starfsfólki og hins vegar af sjálfbóðliðum, þá er verið að tala um stjórnarmenn, félagsmenn sem sitja í nefndum, aðra félagsmenn og aðra velunnara klúbbsins. Án framlags þessara á klúbbum af þessu tagi sér ekki nokkurn rekstrargrundvöll, sjálfbóðaliðastörf eru nauðsynleg til að hægt sé að hafa þennan völl, halda honum opnum og vel hirtum og störf sjálfbóðaliða eru líka nauðsynleg til að félagsstarfið sé öflugt.

Rekstur klúbbsins gekk mjög vel á árinu eins og fram kemur í ársreikningi. Hagnaður ársins nemur 9,3 millj. kr. sem er 6,3 millj. kr. betri afkoma en áætlan gerði ráð fyrir. Á árinu lækkuðu skuldir um 2,9 millj. kr. og handbært fé klúbbsins í lok október nemur 8,6 millj. kr.

Klúbbinn er nú kominn í þá stöðu að hægt er á ráðast í tímabærar viðhaldsframkvæmdir, afla til þeirra styrkja sem mögulega eru í boði og nýta það sem lagt hefur verið fyrir af fjármunum. Mikilvægt er að fara sér að engu óðslega í þessum efnum og reyna að áfangaskipta helstu framkvæmdum og stilla af framkvæmdahraða við getu klúbbsins á hverjum tíma

Meistaramóti GHG fór fram 6.–9. júlí. Eftir skemmtilega og oft á tíðum spennandi keppni stóðu uppí sem klúbbsmeistarar þau Elvar Aron Hauksson í karlaflokki og Harpa Rós Björgvinsdóttir í kvennaflokki.

Í sumar stóð klúbburinn að framkvæmd tveggja daga GSÍ-móts í áskorendamótaröð unglinga sem tókst mjög vel. Í drögum að mótaskrá fyrir sumarið 2017 er gert ráð fyrir að Íslandsmót í holukeppni 14 ára og yngri verði haldið á Gufudalsvelli 1.–2. júlí, þannig að okkur er greinilega treyst fyrir mótahaldi af þessu tagi. Næsta sumar mun fara fram hér í Hveragerði, Landsmót UMFÍ 50 ára og eldri. Gert er ráð fyrir

að golfkeppni mótsins fari fram á Gufudalsvelli og mun klúbburinn koma að framkvæmdinni en mótið verður dagana 23.–25. júní næstkomandi.

Karlalíð GHG tók þátt í 3. deild í sveitakeppni GSÍ, sem nú heitir Íslandsmót golfklúbba. Keppnin fór fram í Húsavík og náði liðið 6. sæti. Kvinnaliðið keppti í 2. deild á Selfossi og hafnaði í 6. sæti.

Fannar Ingi hélt áfram að gera okkur stolta af honum. Þetta árið gerði hann sér liðið fyrir og varð Íslandsmeistari 18 ára og yngri í holukeppni. Auk þess tók hann þátt í sterkum mótum hér heima og erlendis, og var sér, fjölskyldu sinni og klúbbnum til mikils sóma. Nýverið gerði Fannar samning um skólavist í Troy University í Alabama í Bandaríkjunum og heldur hann utan næsta haust og mun stunda nám og æfingar með skólalíðinu. Það er gaman að fylgjast með þessum efnilega dreng.

Haldið var áfram með nýliðaprógrammið sem nú hefur verið keyrt í þrjú ár. Prógrammið felst í afslætti af félagsgjöldum fyrsta árið og aðgangur að vikulegum æfingum undir stjórn golfkennara í u.þ.b. tíu skipti án endurgjalds fyrstu tvö árin.

Golfklúbbur Kiðjbergers

Í ár var stjórn Golfklúbbs Kiðjbergers skipuð eftirtöldum: Formaður: Jóhann Friðbjörns-son. Gjaldkeri: Magnús S Haraldsson. Ritari: Þórhall Einarsson. Meðstjórnendur:



Gunnar Þorláksson og Snorri Hjaltason. Varamenn: Ágúst Friðgeirsson og Börkur Arnviðarson

Aðsókn að Kiðjbergsvelli var heldur minni í sumar. Helst er um að kenna EM í fótbolta en fjöldi spilaðar hringja í júní var hjá okkur eins og mörgum öðrum klúbbum töluvert lakari á meðan mótið stóð yfir. Eftir að EM lauk fjölgaði spiluðum hringjum og útkoman var að lokum sú að um þúsund færri hringir voru leiknir en árið á undan. Samkvæmt okkar tölum þá voru spilaðir 13.500 hringir sumarið 2015. En þeir voru um 12.500 sumarið 2016. Félagsmenn spiluðu að meðaltali 18 hringi sumarið 2016. Rekstur klúbbsins gengur sæmilega og er velta á milli ára svipuð.

Síðasti vetur var líklega sá verstí frá því að Kiðjbergsvöllur var tekin í notkun. Mikill snjór og frost einkenndi þennan vetur. Það var ljóst þegar voraði að völlurinn var að koma töluvert skemmdur undan vetri. Stjórn klúbbsins tók fljótlega ákvörðun um að allt yrði gert til að græða þessi sár og var sáð í ca. 5 hektara.

Félagafjöldi er nú um 340 meðlimir. Fjöldi þeirra sem eru með GKB sem aðalklúbb er um 240 og síðan eru um 100 sem eru jafnframt í öðrum klúbb samhliða félagsaðild hjá okkur.

Meistaramót var um miðjan júlí, spilað var í 4 daga eða 72 holar í 2 flokkum kvenna og 3 flokkum karla. Síðan var boðið uppá það að öldungar, unglingar og opinn flokkur spiluðu 36 holar. Um 70 spiluðu í mótinu sem er svipað og árin á undan. Klúbbmeistarar urðu þau Pálmi Örn Pálmasson og Brynhildur Sigursteinsdóttir.

Á lokahófi meistaramóts GKB var afhentur í fjórða sinn Háttvísibikar GSÍ sem klúbbnum var færður í tilefni af 20 ára afmæli klúbbsins 2013. Í ár var það Sigríður Mínerva Jensdóttir sem var þess heiðurs aðnjótandi að fá þennan bikar til varðveislu fram að næsta meistaramóti.

Nú í sumar skráðum við þrjár sveitir til keppni í Íslandsmót golfklúbba og var árangur okkar þetta árið sæmilegur. Karlasveit okkar varð í 6. sæti og hélt sæti sínu í fyrstu deild, spilað var í Grafarholti. Kvinnasveit eldri kylfinga spilaði í Öndverðarnesi og enduðu þær í 8 sæti og féllu niður í aðra deild. Karlasveit eldri



Kiðjbergsvöllur og gamla húsið.

kylfinga spilaði á heimavelli og enduðu í öðru sæti og færast því upp í 1. deild.

Golfklúbbur Selfoss

Stjórn GOS skipa: Ástfríður Sigurðardóttir formaður, Helena Guðmundsdóttir gjaldkeri, Svanur Bjarnason ritari, Halldór Morthens og Axel Óli Ægisson meðstjórnendur.



Félagafjöldi GOS er 504 þar af 92 aukameðlimir. Nýir meðlimir voru 11. Samningur GOS við Golfklúbb starfsmannafélags Íslandsbanka (GOSÍ) var áfram í gildi á árinu og heildaraukning í fjölda meðlima var 3% sem er rétt yfir meðaltalsfjölgun á landsvísu sem var 2%.

Í upphafi starfsárs var ný inniaðstaða tekin í gagnið í Gagnheiðinni og var hún vel sótt af öllum hópum félagsmanna. Hermir var vel nýttur enda effirsótt nýjung í æfingum og leik utan hins hefðbundna tímabils. Einhverjir hnökror voru á tæknilegri hlið kerfisins og því hefur klúbburinn fjárfest í nýjum búnaði sem kynntur verður á aðalfundi klúbbsins. Púttmót og fleiri uppakomur voru vel sóttar og til mikillar eflingar á félagsstarfi klúbbsins. Sérstaklega var ánægjulegt að sjá mörg ný andlit í hópnum. Þá kom einnig til sú nýbreytni að félag eldri borgara á Selfossi leitaði til klúbbsins um að fá að nýta

aðstöðuna til vikulegra æfinga og var ánægjulegt að koma því samstarfi á.

Meðal helstu verkefna stjórnar á árinu má nefna að farið var í fjárfestingu í flatarsláttuvél, nýtt fyrirkomulag var tekið upp varðandi afrekssamninga, bæklingur var sendur út til enn frekari eflingar á barna- og unglingastarfi samhliða áherslu á nýliðagolf og GOS gerðist aðili að greiðslukerfinu Nóra sem m.a. er gert til að auðvelda umsóknir um hvatagreiðslur fyrir börn og unglinga sem stunda golfæfingar.

Sumarið var okkur gott veðurfarslega séð og ástand vallarins frábært. Meistaramót fór fram í einstakri veðurbliðu og er það alltaf sérlega mikið gleðiefni. Á árinu voru leiknir alls 11.635 hringir á Svarfhólsvelli sem er aukning frá síðasta ári þegar 10.000 hringja múrinn var rofinn í fyrsta sinn. Félagsmenn áttu 4794 hringi, gestir 5837 og 1004 voru spilaðir í mótum.

Árangur golfsveita GOS í Íslandsmóti golfklúbba var frábær á árinu.

Undanfarið hefur verið unnið að deiliskipulagi á nýju vallarstæði og verður það kynnt félagsmönnum á aðalfundi og enn frekar á næstu misserum eftir því sem vinnu og undirbúningi vindur fram. Það er von stjórnar að unnt verði að hefjast handa við undirbúningsframkvæmdir þegar á næsta vori.



Ungir félagsmenn úr GOS sem tóku þátt í PGA krakkagolfi.

Golfklúbburinn Tuddi

Aðalfundur GOT ársins 2016 var haldinn 26. janúar. Dagskrá fundarins var með hefðbundnu sniði. Er stjórn GOT óbreytt og er skipuð eftirfarandi mönnum;



Forseti:

Bjarni Magnússon. Varaforseti: Bogi Pétursson. Gjaldkeri: Magnús Már Þórðarson. Ritari: Marteinn Þorkelsson. Meðstjórnandi: Hilmar Hólmgeirsson. Meðstjórnandi: Óli Öder Magnússon. Meðstjórnandi: Júlíus Hallgrímsson.

Herrakvöld GOT var haldið 20. febrúar í Laugardalshöll. Var þetta í sjötta sinn sem klúbburinn heldur slíkt herrakvöld og að venju var uppselt. Framkvæmd kvöldsins tókst með miklum ágætum og var ánægja gesta og félagsmanna sjálfra augljós. Vill stjórnin þakka öllum sem að komu og tóku þátt.

Sumarstarfið var í miklum blóma eins og undanfarin ár. Innanfélagsmót voru haldin, bæði stór og smá. Bikarkeppnin féll niður þetta árið en í staðinn var haldið öflugt mót í ágúst mánuði þar sem keppt var um Grænmetisbikarinn. Þátttakan var góð og fór það svo að lokum að það var Bogi Pétursson sem fór með sigur að hölm.

Meistaramót GOT var haldið 14.–21. maí á Spáni eða nánar tiltekið á Villaitana Hotel and Folf resort á Benidorm. Enn og aftur má því segja að Golfklúbburinn Tuddi sé brautryðjandi á hinum ýmsum sviðum golfíþróttarinnar. Því erum við efins um að nokkru sinni fyrr hafi íslenskur golfklúbbur haldið sitt meistaramót á Benidorm. Mótið sem slíkt var haldið með nokkuð hefðbundnu sniði, þó var undirbúningur og setning mótsins ekki eins og oft áður. Rauða liðið sigraði örugglega þetta árið og klúbbmeistari GOT 2016 er Rikharður Daðason. Skemmtinefndin skipulagði skemmtikvöld og aðrar samverustundir. Mikil gleði myndaðist meðal félagsmanna á kvöldvökunni. Stjórnin vill þakka öllum sem tóku þátt í undirbúning og komu að móttinu.

Jólahlaðborð GOT var haldið þann 12. nóvember í veislusal Einvaldsins. Matarnefndin og skemmtinefndin stóð sig frábærlega eins og áður en minna verður talað um afrek skreytinganefndarinnar. Stórsöngvarinn Geir Ólafsson heiðraði veislugesti með nærveru sinni, tók nokkur lög og sagði sögur af sínum ferli. Félagsmenn dvöldu svo saman mislengi yfir söng og gleði.

Við erum stoltir að minnst á styrkveitinga klúbbsins til góðra málefna. Við styrktum félag krabbameinssjúkra barna og er þetta annað árið í röð sem klúbburinn styrkir þetta góða málefni.

Að lokum vil ég fyrir hönd stjórnar GOT þakka öllum þeim sem lögðu félaginu lið á síðasta starfsári. Stjórnin vill hvetja félagsmenn til leggja sitt af mörkum til að árið 2017 verði félagsmönnum öllum til mikillar ánægju.

**F.h stjórnar Golfklúbbsins Tudda
Bjarni Magnússon**

Golfklúbburinn Úthlíð

Úthlíðarvöllur kom ekki vel undan síðasta vetri. Óvenju mikið kal var í vellið og þrjú grín verulega skemmd. Sömu sögu var að segja af flestum golfvöllum á Suður- og Vesturlandi. Þykkt klakalag kom víða á völinn seinni partinn í desember og fór ekki alveg fyrr en í mars. Strax var hafist handa við að gata og fræja kalblettina ásamt því að vökva mikið. Með tímanum bar þetta talsverðan árangur en samt var ekki alveg búð að uppræta kalið í haust.



Sömu sögu var að segja af flestum golfvöllum á Suður- og Vesturlandi. Þykkt klakalag kom víða á völinn seinni partinn í desember og fór ekki alveg fyrr en í mars. Strax var hafist handa við að gata og fræja kalblettina ásamt því að vökva mikið. Með tímanum bar þetta talsverðan árangur en samt var ekki alveg búð að uppræta kalið í haust.



Nokkrir af félagsmönnum GOT á Benidorm, en þar hélt klúbburinn sitt meistaramót árið 2016.



Þorgerður Hafsteinsdóttir og Hjördís Björnsdóttir frá Úthlíð unnu til verðlauna á meistaramóti klúbbsins.

Verðum við að vonast til þess að þessi vetur verði mildari þannig að völlurinn taki vel við sér næsta vor.

Félögum í klúbbum fjölgaði aðeins á árinu og voru ríflega 170 í lok ársins. Þar af voru um 40 GSÍ félagar, þ.e. bara með GSÍ aðild í gegn um GÚ en ekki spilarétt á vellinum. Eins og áður þá er uppistaða féлага, sumarhúsaeygndur í Úthlíð og í nágrennanbygðum. Fjöldi sumarkorta sem félagasamtök og fyrirtæki keyptu var svipuð og á síðasta ári.

Þráinn Hauksson bar hitann og þungann af hirðingu vallarins síðasta sumar. Það gekk ágætlega og þökkum við Þráni fyrir áhuga og samviskusemi. Tveir starfsmenn Ferðapjónustunnar aðstoðuðu við slátt og hirðingu eftir þörfum, sérstaklega slátt á röffi. Sumarið var mjög hlýtt og grassprettu með mesta móti. Þess vegna þurftu menn að hafa sig alla við að slá. Vélakosturinn var í þokkalegu lagi og ekki mikið um bilanir.

Þrátt fyrir gott veðurfar í sumar var líklega minna spilað á vellið en oft áður. Aftur er sömu sögu að segja frá öðrum klúbbum hérlandis en þó óx spilamennskan nokkuð þegar leið á sumarið. Sumir kenndu EM í fótbolta um og síðan er rætt um að aðrar íþróttgreinar eins og hjólreiðar og fjallgöngur minnki ásókn fólks í golfið.

Vinnudagurinn var þriðju helgina í maí. Farið var í regluleg verk eins og að snyrta bunkera, koma húsinu í stand, fara með bekki og skilti á sinn stað

og fleira. Öllum sem tóku þátt í þessum vinnudegi, fyrri vinnudögum og öðru sjálfbóaliðastarfi ber að þakka.

Mótastarf sumarsins hófst fyrstu helgina í júní með árlegu SoHo market móti sem Jóna Lár og Sveinn Eyland sáu um með miklum glæsibrag eins og undanfarin ár. Þá kom Texas Scramble miðsumarmótið þar sem rástímar voru bæði fyrir og eftir hádegi og endað með flottri veislu um kvöldið.

Meistaramótið var um miðjan júlí. Jóhann Rikharðsson varð meistari í karlaflokki og Dýrleif Arna Guðmundsdóttir í kvennaflokki. Bæði hafa orðið klúbbmeistarar áður og Jóhann oftast allra klúbbféлага. Geirs goða mótið var á sínum stað í ágúst. Það gekk mjög vel en þátttakan hefur stundum verið meiri. Bændaglíman var óvenju fjölmenn í ár og mikil stemming. Lið Sveins Eylands bar sigurorð af liði Daða Friðrikssonar.

Guðmundur Leifsson og Krístrún Runólfssdóttir sigruðu hjóna- og parakeppnina. Spilaðar voru 5 umferðir í sumar og það þar sem var með bestan árangur í 3 mótum stóð upp sem sigurvegari.

Að venju er öllum félögum klúbbsins og samstarfsaðilum þakkað fyrir gott samstarf á árinu og væntum við þess að við getum áfram haldið áfram að byggja upp golfvöllinn og Golfklúbbin í Úthlíð.

**Fyrir hönd stjórnar,
Þorsteinn Sverrisson**

Golfklúbbur Þorlákshafnar

Stjórn Golfklúbbs Þorlákshafnar starfsárið 2016 var þannig skipuð. Formaður: Guðmundur Baldursson. Varaformaður: Magnús Ingvason. Ritari: Ingvar Jónsson. Gjaldkeri: Marteinn Óli Skarphéðinsson. Meðstjórnandi: Magnús Joachim Guðmundsson. Varamaður: Óskar Logi Sigurðsson. Varamaður: Ásta Júlía Jónsdóttir.



Áðsókn að vellinum var talsvert betri en árið á undan eða aukning um 34 %. Það voraði vel og við sluppum að mestu við sandmokstur þetta árið. Opnað var inn á völlinn í endaðan mars og var hægt að spila nánast alla daga eftir það fram á haust.

Á árinu var áfram unnið við breytingar á vellinum samkvæmt þeim áfanga sem unnið er eftir. Framkvæmdir við nýja 2. braut hófust 13. júní og var fenginn verktafi til að móta og aðlaga landið. Vinna við þessa braut stóð yfir fram á haust og var verkið unnið að mestu leiti af starfsmönnum og félögum eftir að verktakinn hafði lokið mótum og aðlögun. Settur var akríldúkur yfir allt það svæði sem sáð var í til að flýta fyrir ferlinu. Þetta tókst alveg þokkalega og er óhætt að fullyrða að þetta verklag með dúkinn er til mikilla bóta. Edwin Roald golfvallarhönnuður hefur séð um hönnun og verið klúbbum til ráðgjafar vegna þessa. Miklar væntingar eru gerðar til þessara breytinga og vonandi fer allur sá sandburður sem á völlinn hefur komið að heyrja sögunni til. Áformað er að öllum framkvæmdum við þessar breytingar verði lokið sumarið 2019.

Skráðir félagar í Golfklúbba Þorlákshafnar eru núna 309, auk 9 sem eru skráðir með aukaaðild að klúbbum. Þetta er fjölgun frá árinu á undan. Félagsgjöld í klúbbum eru mjög lág og fullyrða má að það er með því allra lægsta sem þekkt er á Íslandi. Tekið er vel á móti nýliðum í klúbbum og sýnir það best að félagsgjald nýliða fyrir fyrstu tvö árin er það sama og fullt félagsgjald einstaklings sem þó er eins og áður segir með því lægsta sem þekktist.

Á árinu vorum við með tvö stór GSÍ unglíngamót og settu þau ákveðinn svip á mótahaldið. Íslandsmót unglíngna í holukeppni var haldið hér 10.–12. júní og var þar mikill fjöldi þátttakenda. Íslandsmót golfklúbba, stúlkna 15 ára og 18 ára og yngri var haldið 12.–14. ágúst og kepptu þar 14 sveitir. Bæði þessi mót tókust vel og ber að þakka mótanefnd og félögum fyrir gott skipulag og velvilja. Nokkur fyrirtækjamót og opin mót voru haldin og var þátttaka í þessum mótum samleg.

Innanfélagsmót voru átta talsins hjá okkur og voru þau með svipuðu sniði og áður. Þokkaleg þátttaka var í þessum mótum. Meistaramótið var haldið í byrjun júlí og var þátttaka þar nokkuð góð. Klúbbmeistari varð Guðmundur Karl Guðmundsson. Í lok meistaramóts var haldið lokahóf þar sem verðlaunaafhending fór fram. Bændaglíma var okkar síðasta mót og var þátttaka þokkaleg.

Eins og undanfarin sumur voru haldnar golfæfingar fyrir börn og unglíngna og sá Ingvar Jónsson PGA golfkennari um þær æfingar. Þátttaka var nokkuð góð og þá sérstaklega í upphafi, en fækkaði síðan þegar kom fram á sumarið. Æfingagjöld voru engin eins og sumarið áður og laðaði það trúlega eitthvað að. Það má segja að þetta hafi tekist þokkalega í sumar og þurfum við að halda ótrouð áfram og efla þetta sem mest. Með öflugum unglíngastarfi leggjum við grunninn að framtíðinni.

Undanfarin ár hefur verið unnið ótullga að því að kynna golfíþróttina fyrir konum og markmiðið var að reyna fá sem flestar konur til að koma og vera með. Óhætt er að segja að þetta hefur ekki skilað því sem



Íslandsmót unglíngna í holukeppni 2016 fór fram á Þorlákshafnarvelli.

vænast var eftir. Þessu verður haldið áfram og jafnframt leitað nýrra leiða sem við teljum geta skilað árangri. Ásta Júlía Jónsdóttir hefur haldið um kvennastarfið og hefur unnið þar gott starf undanfarin ár.

Ingvar Jónsson sá um kennslumál fyrir klúbbinn og þar á meðal um að leiðbeina bæði hópum og einstaklingum. Ákveðin fjölgun var greinileg þarna á milli ára sem sást best á því að æfingasvæðið var mikið meira notað í sumar heldur en undanfarin ár.

Stjórn GP þakkar starfsfólki og félögum öllum fyrir ánægjulegt starfsár.

Guðmundur Baldursson formaður GP.

Golfklúbburinn Þverá

Stjórn Golfklúbbs Þverár í Hellishólum skipa Ragnar Borgþórsson formaður, Baldur Baldursson meðstjórnandi, Víðir Jóhannsson gjaldkeri, Rúnar Garðarsson meðstjórnandi, Guðmundína Kolbeinsdóttir meðstjórnandi, Ólafur J. Lúðvíksson meðstjórnandi og Ívar Harðarson meðstjórnandi.

Aðalfundurinn okkar var haldin 1. nóvember.

F.h. stjórnar Golfklúbbs Þverár Víðir Jóhannsson



Golfklúbbur Öndverðarness

Aðalfundur GÖ var haldinn 10. desember í golfskálanum Öndverðarnessi. Spilaðir voru 3% fleiri hringir á Öndverðarnessvelli en árið áður. Velta klúbbsins jókst um 5% milli ára og var liðlega 43 milljónir.

Rekstur klúbbsins gekk vel á árinu og mikið var framkvæmt. Bygging var nýr og glæsilegur pallur við golfskálann. Breytingar gerðar á 10. og 11. holu og í haust var hafist handa við að setja niður sjálfvirk vökvunarkerfi á seinni níu holum vallarins og stefnt er að því að ljúka þeim framkvæmdum næsta vor.

Mótahald gekk vel á árinu en 16 mót voru haldin. Mótin voru ágætlega sótt og um 100 tóku þátt í meistaramóti GÖ en klúbbmeistari karla varð Sigurður Aðalsteinsson og klúbbmeistari kvenna varð Ásgerður Sverrisdóttir.

Tillaga stjórnar um árgjöld klúbbsins var samþykkt á aðalfundinum.

Stjórn klúbbsins var endurkjörin en hana skipa Aðalsteinn Steinþórsson formaður, Knútur Hauksson varaformaður, Guðjón Snæbjörnsson ritari, Guðlaug

Porgeirsdóttir gjaldkeri og Hannes Björnsson meðstjórnandi. Í varastjórn eru Þórhalla Arnardóttir og Guðmundur Pálmason sem kemur nýr inn í stað Þóris Björgvinssonar.

Aðalsteinn Steinþórsson formaður GÖ

Hestamannafélagið Geysir

Árið 2016 hjá Geysir var nokkuð hefðbundið. Aðalfundur var haldinn 24. febrúar 2016 og á þeim fundi var kosin eftirfarandi stjórn. Ólafur Þórisson formaður, Davíð Jónsson varaformaður, Sigríður Th. Kristinsdóttir gjaldkeri, Magnús Lárusson ritari, Jón Páll Sveinsson meðstjórnandi, Hjörvar Ágústsson varamaður, Alexandra Rut Jónsdóttir varamaður. Vetrarstarfið var hefðbundið með árlegum vetraruppákomum.

Námskeiðahald var með minna móti en samt eitthvað. Mótahald sumarsins var hefðbundið ásamt því að við bættist úrtaka og svo var Landsmót hestamanna haldið á Hólum í Hjaltadal og sendum við full skipað lið á staðinn sem stóð sig með mikill þryði áttum við einstaklinga í úrslitum í öllum flokkum. Uppskeruhátíðin var svo haldin 19. nóvember og tókst mjög vel. Annars er starfið í föstum skorðum.



Hestamannafélagið Háfeti

Helstu verkefni félagsins voru aðalfundur 28. janúar, árs hátíð 20. febrúar, Hallarmót 1./ Brokk 26. febrúar, Hallarmót 2./ Þrígangur 18. mars, Hallarmót 3./Prautarbraut 1. apríl, tölteppni úti sumardaginn fyrsta 21. apríl, Hallarmót 4./ Létt tölteppni-T7 29. apríl, karlaréið 30. apríl, sameiginlegur reiðtúr félagsmanna 8. maí, gæðingakeppni, unghrossakeppni, hópreiðtúr og kvennareið 27. maí. Þann 28. maí var sameiginlegur æskulýðsdagur með Ljúf og Sleipni. Þar mættu 22 börn frá Háfeta. Firmskipun var 3. júní, úrtaka fyrir LM sameiginlegt með Sleipni 4.-5. júní og Selvogsreið 17. júní.

Svo voru haldnir nokkrir fundir hjá nefndum. Tveir meðlimir fóru á 60. Landsþing LH og einn á héraðssambandsþing. Hestaiþróttamaður Háfeta 2016 var Katrín Stefánsdóttir. Svo var æskulýðsstarfið til fyrirmyndar hjá Sjöfn og var hún með starfandi reiðskóla þetta ár.





Pollastund hjá Geysi.

Hestamannafélagið Logi

Aðalfundur var haldinn 3. maí á kaffi Mika. Það urðu nokkrar breytingar á stjórninni á þessum aðalfundi en Einar Sæmundssen hætti sem formaður og tók Freydis Örlýgsdóttir við af honum. Líney Kristinsdóttir tók við gjaldkerastöðunni. Nýir inn í stjórn komu Sjöfn Sóley Kolbeins og tók hún við ritarastarfinu og Trausti Hjálmarsson kom líka nýr inn í stjórn og er hann meðstjórnandi.

Árið 2016 var stjórn félagsins þannig skipuð: Freydis Örlýgsdóttir formaður, Sólón Morthens varaformaður, Líney Kristinsdóttir gjaldkeri, Sjöfn Sóley Kolbeins ritari og Trausti Hjálmarsson meðstjórnandi.

Starf Hestamannafélagsins Loga var með nokkuð hefðbundnu sniði árið 2016. Haldin voru vetrarmót í samstarfi við Trausta, vel sótt reiðnámskeið og firmakeppni á mótssvæði Logamanna í Hrísholti. Á undanföllum árum hefur samstarf hestamannafélaganna í uppsveitum aukist mikið og hélt það áfram 2016. Sameiginlegt tólmót Trausta,

LOGI



Loga og Smára var haldið í Reiðhöllinni á Flúðum daginn fyrir skírdag og Uppsveitadeild fullorðinna og æskunnar voru haldin yfir vetrarmánuðina. Allir þessir viðburðir hafa vakið athygli og hleypt miklu lífi hestamennsku í Uppsveitunum.

Sameiginlegt gæðingamót Loga og Smára var haldið í annað sinn daganna 23. til 24. júlí á mótssvæði Smáramanna og tókst mótið í alla staði mjög vel. Skráning var góð, umgjörð til fyrirmyndar og allir vellir og aðstaða gríðarlega góð.

Reiðhöllin á Flúðum hefur sannað sig á undanföllum árum sem mikilvægur hlekkur í starfi féлага í hestamannafélagunum og vel nýtt yfir vetrarmánuðina.

Laugardaginn 4. júní var haldinn vinnudagur á félagssvæði Loga í Hrísholti og mættu félagsmenn til að taka til hendinni, laga girðingar, mannvirki og mála það sem þurfti. Svo var grillað ofan í alla og spjallað.

Um verslunarmannahelgina voru svo haldnar kappreiðar í Hrísholti eins og gert var á árum áður, en í Hrísholti er ennþá keppt í skeiði, stökki og brokki á grasvelli. Mæting var með ágætum og skemmtu sér allir konunglega.



Sigga á Grund og Magnús formaður með nýjan skjöld, sem Sigga skar út. Skjöldurinn var veittur fyrir sigur í B-flokki á gæðingamóti Sleipnis.

Hestamannafélagið Sleipnir

Aðalfundurinn var haldinn 24. janúar 2016 og fjöldi félagsmanna sem gefinn var upp til LH í apríl 2016 voru þá 586 félagar. Aðeins var skorið niður um haustið vegna ógreiddra félagsgjalda, en það er að fjölga aftur í félaginu.



Skipan stjórnar er eftirfarandi fyrir starfsárið 2016: Magnús Ólason, formaður, Oddur Hafsteinsson, varaformaður, Sigurvaldi R Hafsteinsson, ritari, Fjóla S Kristinsdóttir, gjaldkeri, Steindór Guðmundsson, meðstjórnandi, Anna Rúnarsdóttir, varastjórn, Sólrún Sigurðardóttir, varastjórn.

Starfsárið 2016 hefur verið viðburðarríkt í starfi félagsins eins og undanfarin ár. Við héldum glæsilegt Íslandsmót fullorðinna á Brávöllum, sendum flotta fulltrúa á Landsmótið á Hólum sem náðu frábærum árangri, Sleipnir átti knapa í A eða B úrslitum í öllum flokkum, sem er mikið afrek fyrir félagið. Önnur starfsemi var hefðbundin með okkar vinsælu þorareid, vetrarmótum, páskatölti, World Ranking íþróttamót, gæðingamót og 2 kynbótasýningar sem stóðu í viku í senn, fjölmenn félagsferð (u.þ.b. 60 manns í hnakk) í Meðalland þar sem Kristín heimsmeistari Lárusdóttir og maður hennar Guðbrandur tóku á móti hópnum, riðið var um Meðallandið í góðri stemningu.

Haldið var áfram að byggja upp reiðveganet Sleipnis og Æskulýðsnefnd hélt áfram sínu öflugra starfi.

Bygginganefnd Sleipnishallar náðum markmiðum sínum og greiddi upp lánið sem var á höllinni. Þannig að hún er skuldlaus í dag og aðeins til fé í rekstrarsjóð.

Þökkum við sjálfbóðaliðum og styrktaraðilum fyrir þeirra framlag við Sleipnishöllina.

Sleipnishöllin gerir okkur kleift að allir félagsmenn geti notið þeirra gæða sem hún veitir okkur, hvort sem það er almenn þjálfun og eða kennsla allt árið í kring ásamt því að styrkja við æskulýðsstarf félagsins.

Stjórn félagsins með vallernefnd í fararbroddi hélt áfram með framkvæmdir á Brávöllum og lét leggja nýtt yfirborðsefni á hringvellina og hefur það komið mjög vel út. Þessi framkvæmd kostaði líkt og sú fyrri um milljón krónur sem greidd var úr félagssjóði. Nú er komið nýtt yfirborðsefni á alla vellina og er það vel. Búið er að kaupa 5.000 lítra vatnstank til að einfalda vinnu við vellina.

Framundan er spennandi vetur með hefðbundnum verkefnum, námskeiðum í Reiðmanninum og 3 árs nenum á hestabraut FSU ásamt öflugum æskulýðsstarfi.

Hestamannafélagið Sleipnir er svo gæfusamt að margir eru tilbúnir að rétta fram vinnuframlag og þá er gaman að sjá hlutina ganga upp og viðburðir eru vel skipulagðir og sjálfbærir gagnvart félaginu.

Félagi ársins hjá Sleipni 2016 er Gísli Guðjónsson. Gísli hefur verið algjörlega ómissandi í mótahaldi Sleipnis undanfarin ár. Hann hefur verið í nokkrum mótanefndum í einu og algjörlega stjórnað mótahaldinu. Þegar fólk hefur verið beðið um að sitja áfram í mótanefndunum, þá hefur það verið auðsótt mál ef Gísli væri líka áfram í nefndinni. Gísli er því vel að því kominn að vera félagi ársins hjá Sleipni.

Það afreksfólk okkar sem var útnefnt vegna árangurs síns eru eftirfarandi:

Skeið 100 m Dagmar Öder Einarsdóttir á Oddu frá Halakoti með tímann á 7,97 sek.

Skeið 150 m Sigursteinn Sumarliðason með Bínu frá Vatnsholti með tímann 14.36 sek.

Skeið 250 m Dagmar Öder Einarsdóttir á Oddu frá Halakoti með tímann 23.44 sek.

Ungmennabíkar Sleipnis hlýtur Dagmar Öder Einarsdóttir, hún varð í 3. sæti á Landsmótinu í ungmennaflokki. 2. sæti í úrtöku- og gæðingamót Sleipnis. Íslandsmeistari í fjörgang og í 3. sæti í T3 á Íslandsmóti ungmenna og 3. sæti í fjörgang á Reykjavíkurmestaramóti, allt þetta á Glóey frá Halakoti. Hún er með bestu tíma Sleipnisknapa í 100 og 250 m skeið á Oddu frá Halakoti auk annarra móta þar sem hún var í úrslitum og náði góðum árangri.

Efsti hestur Sleipnis í A-flokk þriðja árið í röð er Krókus frá Dalbæ en hann hlaut 8,67 í forkeppni og 8,97 í úrslitum sem er ein hæsta einkunn liðins árs í A-flokk á árinu. Einnig var hann í 5. sæti í A-flokk á Landsmótinu á Hólum.

Efsti hestur Sleipnis í B-flokk líka 3 árið í röð er Frami frá Ketilsstöðum en hann hlaut 8,63 í forkeppni og 8,62 í úrslitum. Einnig var hann í 4. sæti í B-flokk á Landsmótinu á Hólum.

Ræktunarbíkar Sleipnis hljóta ræktendurnir á Draupni frá Stuðlum. Draupnir sló rækilega í gegn á sýningu í Hafnarfirði síðastliðið vor og hlaut fyrir byggingu 8.55 og hæfileika 8.77. Aðaleinkunn Draupnis er því 8.68 sem er gríðarhá einkunn fyrir 5 vetra hest og er liturinn líklegur til að auka vinsældir hans enn frekar. Óskum við fjölskyldunni á Stuðlum til hamingju með ræktunina.

Íþróttaknapi Sleipnis er Elín Holst. Hún vann fjörgang og Tölt T2 á Íslandsmótinu á Selfossi (þó ekki fengi hún titilinn) Hún var í 2. sæti á Reykjavíkurmestaramótinu í fjörgang. Vann auk þess B-flokk Sleipnis og í úrslitum á Landsmótinu á Hólum í B-flokki, allt þetta vann hún á Gæðingnum Frami frá Ketilsstöðum.

Knapi ársins er Bergur Jónsson. Hann átti frábært keppnisár á hrossum úr eigin ræktun og aðallega á Kötlu frá Ketilsstöðum. Vann B-flokk á opnu gæðingamóti Sleipnis, var í A-úrslitum á Íslandsmóti og opnu WR Íþróttamóti Sleipnis í tölti og fjörgang. Vann svo gæðingaskreiðið á mótinu. Úrslitum í tölti á landsmóti sem og B-flokk gæðinga. Var með fulltrúa Sleipnis í A-flokk gæðinga á Landsmóti og í 3. sæti á úrökumóti Sleipnis og auk þess sýndi Bergur hest úr eigin ræktun í 8.92 fyrir hæfileika í kynbótadómi auk annarra kynbótahrossa í flott 1. verðlaun. Var með 24 sýnd kynbótahross á árinu og meðaleinkunn fyrir hæfileika 8,20.

Hestamannafélagið Trausti

Aðalfundur var haldinn 14. febrúar og var hann illa sóttur. Í stjórn voru kosin: formaður Guðmundur Birkir Þorkelsson, ritari Birgir Leó Ólafsson, gjaldkeri Ragnheiður Bjarnadóttir, meðstjórnendur Jóhann Reynir Sveinbjörnsson og Kristinn G. Vilmundarson, til vara Kjartan Gunnar Jónsson og Freydis Gunnarsdóttir.



Haldnir voru sex stjórnarfundir á starfsárinu.

Gæðingamót Trausta var haldið á Þorkelsvelli laugardaginn 13. ágúst. Þátttaka knapa og hrossa var góð.

Helstu úrslit: Í A-fl. gæðinga sigraði Stella frá Saltvík, kn. Bjarni Bjarnason. Í B-fl. gæðinga sigraði Kopar frá Hömrum, kn. Sigurður Halldórsson. Í tölti sigraði Vilborg Jónsdóttir á Kliði frá Böðmódsstöðum. Í barnaflokki sigraði Gunnar Sigurðsson á Finni frá Hömrum. Hestur mótsins var valinn Kliður frá Böðmódsstöðum. Knapi mótsins var Thelma Rún Jóhannsdóttir

Trausti tók annars þátt í hefðbundnu samstarfi nágrennafélaga með sameiginlegum mótum og framkvæmd Uppsveitadeildarinnar.

Vetrarmót Loga og Trausta voru þrjú að venju.



Bjarni Bjarnason tekur Heru til kostanna.

Haldið var sameiginlegt töltmót Trausta, Loga og Smára og þrjú mót fóru fram í Uppsveitadeildinni.

Vallamótið, með tilheyrandi æskulýðsviku, reiðnámskreiði, reiðtúr og gistingu í Kringlumýri, fór fram vikuna 15.-20. ágúst

Sameiginleg árhátið Loga, Trausta og Smára komst ekki á koppinn þetta árið.

Eins og árið áður voru keppendur frá Trausta sigursælir, náðist góður árangur í keppni bæði innanfélags og utan. Hér verða ekki allt upp talið en sérstaklega getið góðs árangurs Halldórs Þorbjörnssonar frá Miðengi í keppni á árinu sem tók þátt í Norðurlandamóti í hestaíþróttum í Noregi og svo Bjarna Bjarnasonar á Laugarvatni sem setti Íslands- og heimsmet í 250m skeiði á Heru frá Þóroddsstöðum 21.41 sek. og varð auk þess sigurvegari meistaraeildar í fljúgandi skeiði og valinn skeiðknapi ársins 2016.

Æskulýðsstarfið er sá þáttur félagsstafsins sem mestu skiptir og sannarlega getum við verið stolt yfir frábæru starfi sem þar hefur verið unnið á undanförunum árum undir öruggri stjórn Auðar Gunnarsdóttur og Guðnyjar Tómasdóttur. Í sumar tóku rúmlega 20 börn þátt í æskulýðsvikunni sem fór fram 10.-15. ágúst.

F.h. aðalstjórnar Trausta, Guðm. Birkir Þorkelsson, formaður

Íþróttafélagið Dímon

Aðalfundur félagsins var haldinn 28. febrúar 2016. Þar voru veittar viðurkenningar til iðkenda og félagið bauð upp á kaffi og kökur. Stjórn félagsins eftir aðalfund er þannig skipuð: Formaður: Ásta Laufey Sigurðardóttir. Gjaldkeri: Helga Guðrún Lárusdóttir. Ritari: Anna Kristín Helgadóttir. Meðstjórnendi: Kristín Jóhannsdóttir. Meðstjórnandi: Arnheiður Dögg Einarsdóttir. Til vara: Magnús Ragnarsson, Þróstur Freyr Sigfússon og Inga Birna Baldursdóttir.



Formenn deilda: Blakdeild: María Rósa Einarsdóttir. Borðtennisdeild: Guðmann Óskar Magnússon. Fimleikadeild: Sigríður Vaka Jónsdóttir. Frjálsíþróttadeild: Eyrún María Guðmundsdóttir. Glímudeild: Ólafur Elí Magnússon. Sunddeild: Tinna Erlingsdóttir.

Starfsemi félagsins hefur verið með líku sniði og síðustu ár. Félagið hefur verið í samstarfi við Rangárþing eystra og Hvolsskóla um samfellu skóla og íþróttæfinga fyrir heimastur skólabíla. Þannig hefur verið hægt að bjóða öllum börnum á grunnskólaaldri í sveitarfélaginu óháð búsetu að taka þátt í starfi félagsins. Hefur þetta fyrirkomulag reynst vel og er almenn ánægja með það í sveitarfélaginu.



Frá fimleikasýningu Dímonar.

Á veturna er starfið kraftmikið og iðkaðar fjölmargar íþróttagreinir auk íþróttaskóla fyrir fjögurra til sex ára börn. Á sumrin eru æfingar í sundi og frjálsum ásamt því að rekið er leikjánaðmskeið fyrir börn sex til ellefu ára í samvinnu við Rangárþing eystra. Félagsmenn hafa verið duglegir við að taka þátt í héraðsmótum Skarphéðins og Íslandsmótum s.s. í blaki, glímu, borðtennis, sundi og frjálsumíþróttum.

Helstu fjáraflanir félagsins eru auk félagsgjalda, æfingagjöld, dósasöfnun og páskabingó. Þá er ótalið allt það starf sem foreldrar, iðkendur og þjálfarar inna af hendi. Þessi stuðningur gerir okkur kleift að halda uppi þróttmiklu starfi félagsins. Nú er unnið að því að fá nýtt skráningar- og greiðsluferfi til að halda utan um starfsemi félagsins, ásamt því að vinna er hafin við nýja heimasíðu. Félagið hefur verið samþykkt sem, fyrirmyndarfélag ÍSÍ. En umsókn um að gerast fyrirmyndarfélag felur í sér handbók um starf félagsins ásamt því að vera stjórnstæki innan félagsins og er hún breytilegt skjal sem er alltaf í endurnýjun.

Ég vil þakka öllum þeim sem hafa stutt við starfsemi félagsins á einn eða annan hátt á árinu.

Ásta Laufey Sigurðardóttir, formaður.

Íþróttafélagið Garpur

Aðalfundur Garps var haldinn 1. mars á Laugalandi í Holtum. Fyrir lágu stjórnarskipti en stjórn félagsins skipuðu Sigríður Arndís Þórðardóttir



formaður, Friðgerður Guðnadóttir gjaldkeri og María Carmen Magnúsdóttir ritari. Sigríður Arndís og María Carmen báðust lausnar og við störfum þeirra tóku þau Jóhanna Hlökkversdóttir sem formaður og Erlingur Jenson sem ritari. Við þökkum Sigríði Arndísi og Maríu Carmen fyrir vel unnin störf síðastliðin ár.

Aðrir meðlimir stjórnar eru Birgir Örn Hauksson varamaður, Jana Lind Ellertsdóttir og Dagný Rós Stefánsdóttir sem fulltrúar yngri iðkenda en Jana Lind útskrifaðist frá Laugalandsskóla í maí 2016.

Á fundinum voru staðfestar breytingar á lögum Garps og uppfylla löginn núna þær kröfur sem gerðar eru frá Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands.

Starfsemi Garps var með svipuðu sniði og síðastliðin ár. Boðið var upp á æfingar í frjálsum íþróttum, glímu, borðtennis, badminton, blaki og fótbolta. Á haustönn voru fastar æfingar í borðtennis, badminton, blaki og fótbolta felldar niður og nýtt fyrirkomulag prófað. Boðið var upp á hópíþróttatíma, þá er sama greinin æfð í 2-3 vikur í senn og er markmiðið að iðkendur fái að kynnst hinum ýmsu íþróttagreinum og finni vonandi eitthvað við sitt hæfi. Einnig var bætt við þrek og þolæfingu fyrir eldri hópinn í frjálsum íþróttum. Markmið þeirra æfinga er að auka styrk iðkenda og þol en á sama tíma geta nýtt æfingarnar betur hjá Haraldi Gísla og Rökkva Hljómi til tækniþunnar. Þessar breytingar hafa reynst vel og áhuginn er mikill hjá krökkunum.

Aðalþjálfarar voru þeir Haraldur Gísli Kristjánsson og Rökkvi Hljómur Kristjánsson með tækniæfingar í frjálsum íþróttum, Guðni Sighvatsson og María Carmen Magnúsdóttir með fótboltaæfingar og Kristinn Guðnason sem sá um glímuþjálfun. Æfingar í frjálsum íþróttum voru auk þess haldnar á Brúarlundi yfir sumarið og þrátt fyrir kulda og kalsaveður var þátttaka ávallt góð. Í haust bættist við þjálfarateymið Erla Brá Sigfúsdóttir, ný útskrifuð frá Laugarvatni og sá hún um æfingar í hópíþróttum sem og þrek- og þolæfingar fyrir eldri hópinn í frjálsum íþróttum. Guðni Sighvatsson og María Carmen Magnúsdóttir héldu á vit nýrra ævintýra og þökkum við hjá Garpi þeim fyrir gott starf á síðastliðnum árum.

Árangur iðkenda á mótum hefur verið



Keppendur Garps í þrautabraut á héraðsleikum HSK.

prýðilegur og sjáum við bætingar nánast á hverju íþróttamóti og er metnaðurinn hjá þjálfurum og iðkendum til fyrirmyndar.

Félagið stóð fyrir ýmsu á árinu en þar má meðal annars nefna pöntun á merktum bolum fyrir Garpsfélaga. Garpur gaf elsta árgangi leikskólans buff merkt félaginu. Leikjánaðmskeið HSK var haldið á Laugalandi í júní og var það vel sótt. Útkeysluþjónusta félagsins á aðfangadag var vel nýtt þetta árið sem endranær og gekk þrátt fyrir heljarinnar snjó. Guðni Guðmundsson á Þverlæk hélt uppteknum hætti við dósasöfnun til styrktar félaginu og eru honum enn á ný færðar innilegar þakkir fyrir framlag sitt.

Við hjá Íþróttafélaginu Garpi erum hrikalega stolt af krökkunum okkar og gerum okkar besta við að veita þeim gott veganesti til framtíðar.

**Fyrir hönd Garps
Jóhanna Hlökkversdóttir**

Íþróttafélagið Gnýr

Allt íþróttastarf á Sólheimum er undir stjórn Íþróttafélagsins Gnýs. Ávallt er stefnt að því að hafa starfið sem fjölbreytilegast svo að flestir íbúar sem er blandaður hópur einstaklinga fatlaðra og ófatlaðra, geti tekið þátt í því sem þeir hafa áhuga á og gaman af. Það var margt í gangi á árinu eins og; leikfimi, tækjasalur, boccia, sund, gengið, hlaupið, hjólað og dansað. Þjálfari íþrótt- og bocciaæfingum er Valgeir Fridolf Backman, um 25 manna hópur æfir Boccia reglulega 2 sinnum í viku. Vinamót Suðra og Gnýs var 5. mars 2016 í Íþróttaleikhúsinu á Sólheimum og gerðum við þrautabraut á Íslandskortinu, buðum í sund og héldum stutt bingó, mikið gaman og allir fóru heim með vinninga og glaðning. Þess má geta að 24. september við endurtókum leikinn með Íþróttanefnd fatlaðra HSK sem tók að sér að hafa samskonar mót vina á Sólheimum en nú var öllum einstaklingum



Kristján Atli, Gísli Halldórsson, Guðlaug Jónatansdóttir, Elin Moqvist kennari og Ingólfur Andrasón á hestaperíunámskeiði hjá Íþróttafélaginu Gný.

með fötlun á Suðurlandi boðið, allt það sama og gert var á vinamótinu og við bættist Svartapétursmót en sigurvegari var María Sigurjónsdóttir og er nafn hennar ritað á bikarinn góða. Kristín var í öðru sæti og María K. Jacobsen þriðja sæti.

Íslandsmót ÍF og Grósku í einliðaleik á Sauðárkróki 14.–16. október. Fimm keppendur Íþróttafélagsins Gnýs með 2 fylgdarmönnum, annar starfsmaður Sólheima og hinn frá sveitafélaginu okkar, fóru á þetta stóra mót. Við þökkum þeim báðum mikið og vel fyrir stuðninginn. Áttum yndislega daga með frábærum keppendum margir komust í úrslit en misstu af úrslitaleikjum þar sem tímum var flýtt, því var tekið með miklu æðruleysi.

Menningarveisla Sólheima var í allt sumar og fengum við fjölmarga gesti til okkar, Sólheimar 86 ára og 31 ár síðan Reynir Pétur gekk Íslandsgönguna sem breytti viðhorfi margra til einstaklinga með fatlanir.

Skátafélag Sólheima átti 31 ára afmæli og litaðist sumarið mikið af þessum afmælishátíðum, en einnig voru að venju listsýningar alla daga, tónleikar allar helgar og skemmtilegar uppákomur eins og fyrirlestrar um aquaphonich og vistmenningu. Já, og mikið fór fyrir umhverfisfræðslu, Hestadagar á Sólheimum, Dagur hinna viltu blóma, Jóga úti í náttúrunni, Lífræn ræktun, Vístvænar byggingar, Tröllagarður, og loka fyrirlesturinn var verklegur Útileikir fyrir börn. Jógaþópar og námskeið því tengdu settu mikinn svip á starfið á Sólheimum. Menningarveislan endaði að venju á Lífræna deginum og á sama tíma toppuðu við tónleikahaldið með stórtónleikum Ragnars Bjarnasonar og Þorgeirs Ástvaldssonar.

Hestaþerapía er að slá í gegn hjá okkur og erum við í samstarfi við Vorsabæ II Skeiðum hjá þeim Bjössu og Stefaniú, en þau reka hestabúgarð með reiðhöll. Elin Moqvist reiðkennari leiðbeinir.

Námskeiðin hófust í september 2016 farið er tvisvar í viku og fjóra tíma á dag í 4–6 vikur vor og haust annir. Fullbókað hefur verið á öll námskeiðin.

Sundlaugin er lokuð almenningi en íbúar og gestir eru velkomnir. Árlegt skyndihjálarnámskeið var haldið í Sesseljúhúsi og er skyldumæting allra starfsmanna. Fræðslunet Suðurlands er svo með námskeiði fyrir fatlaða og gera það mjög vel sem hluti af þeirra námi. Dans var ekki æfður sérstaklega þetta árið frekar en síðasta en við vorum að venju með Diskótek sem kom aldeilis hreyfingu á hópinn.

Tækjasalur Íþróttaleikhússins er mikið notaður. Badminton, Korfubolti og fótbolti var óskipulagð en erlendir sjálfboðaliðar eru einstaklega duglegir að safna í lið, sérstaklega í útifótbolta á sumrin

Hefð er fyrir morgunleikfimi rásar 1 alla daga í Ingustofu.

Sólheimahlaupið fer fram á hverju ári, nú laugardaginn 24. september, gátu einstaklingar og hópar valið sér vegalengd frá 9 km upp í 24 km. Hægt var að ganga, hlaupa eða hjóla. „Frískir Flóamenn“ veita framfarabikarinn á sama tíma. Reynir Pétur Steinunnarson „Göngugarpurinn“ eins og margir þekkja hann fékk þessa viðurkenningu. Reynir er mikið á ferðinni, hann fer Sólheimahringinn vikulega 24 km, nema ef það er stormur og blint.

Þess má geta að seinna um daginn vann María Sigurjónsdóttir Svartapétursmótið og fékk flott verðlaun frá Íslandsbanka og nafn sitt ritað á Svartapéturs styttuna góðu. Þetta var hörkumót og spennan svakaleg.

Skátafélag Sólheima 1985–2016 (31 árs) telst til íþróttastarfs á Sólheimum og voru kvöldvökur og samverustundir þó nokkrar á árinu. Héldum sérstakan afmælisdag á sama tíma og lífræni dagurinn var. Það komu margir góðir gestir, þar skal helst nefna Guðmund Pálsson, annar stofnenda



Örlogur Magnússon yfirþjálfari yngri flokka Hamars, leiðbeinir ungum iðkendum.

Skátafélags Sólheima kom með skátafund. Einnig kom skátahöfðingi Íslands, Bragi Björnsson. Afar skemmtileg dagskrá í Tröllagarði sunnudaginn 2. október, þar sem Skakki Skóli Skátaheimili Sólheima fékk mikið lof. Farið var á skátáþing og nokkrir heimsóttu Úlfjótuvatn. Við erum einstaklega heppinn að eiga góða nágranna, skátafélög eins og Fossbúa Selfossi, Strókur Hveragerði og svo Ægisbúa frá Reykjavík. 30. október 2016 héldum við svo uppá afmæli Skátafélags Sólheima með því að fara í og aðstoða með ritningarlestira á Allraheilagramessu í Sólheimakirkju. Í tilefni Baden Powels var skátamessa í Sólheimakirkju 14. febrúar og ræðumaður var Margrét Tómasdóttir fv. skátahöfðingi. Skátakórinn hélt uppi stuði í kirkjunni okkar og erum við afar þakklátir skátar á Sólheimum fyrir allan þennan stuðning.

Fórum að stóra kvöldvöku hjá Fossbúum Selfossi sem haldin var í Sunnulekjaskóla.

Leikfélagsstarfið telst einnig til íþróttastarfs á Sólheimum og flestir íbúar Sólheima taka þátt í sýningunni. Leikritið „Galdrakarlinn í Oz“ var sett upp, spennandi og krefjandi verkefni þar sem nýr leikstjóri tók völdin, Guðmundur Lúðvík Þorvaldsson en hann sá einnig sjá um leikræna tjáningu í jan–feb sem var undanfari leikæfinga í mars–apríl. Mjög spennandi og leikritið gekk ljómandi vel og fengum til liðs við okkur mörg börn úr sveitafélaginu.

Í maí var farið í 7 daga heimsókn til Ameríku, til systursamfélags okkar í New York sýslu. Camphill Copake og skoðuðum það helsta í Camphill samfélaginu og ferðumst um svæðið í dagsferðir. Ævintýri líkast og skemmtilegt, þökkum fyrir góða móttöku. Staðurinn Copake er sannarlega eins og postkort.

Um 30 manna hópur frá Sólheimum stundar nám hjá Fræðsluneti Suðurlands á hverri önn enda fjölmörg og mjög fjölbreytt námskeið þar í boði. Farið er á þriðjudögum og fimmtudögum á Selfoss og tvö til þriju námskeið voru á vegum Fræðslunetsins Suðurlands fyrir utan hið árlega skyndihjálarnámskeiðs sem ávallt er vel sótt.

Kvannahlaup Sólheima og Sjóvá er ávallt á sínum stað og verður fjölmennara með hverju ári. Þá er stiklað á stóru fyrir árið 2016 og að venju margt óneft. Stóra gjöf fengum við frá Lionsklúbnum Ægi Reykjavík 4. desember - Tvö boccasett, ramp, boltahaldara og dómaraspjöld.

Aðalfundur Íþróttafélagsins Gnýs á Sólheimum var haldinn í Ægisbúð 5. desember 2016. Halldórs Hartmannssonar formaður lést og hans var minnst með gleði í hjarta. María K. Jacobsen ekkja Halldórs ákvað að taka við keflinu.

Nýr formaður var kosin með lófaklappi og mikilli virðingu.

Formaður María K. Jacobsen, varaformaður Eypór Jóhannsson, gjaldkeri Valgeir F. Backman, ritari Guðrún Rósalind Jóhannsdóttir, varamaður Leifur Þór Ragnarsson.

Íþróttafélagið Hamar

Árið sem senn er á enda hefur í heildina verið með miklum ágætum hjá íþróttafélaginu Hamri.

Á aðalfundi félagsins sem haldinn var 28. febrúar var Hrund Guðmundsdóttir kjörin íþróttamaður Hamars fyrir árið 2015. Hrund er badmintonkona í fremstu röð og hefur sankað að sér fjölda titla sl. ár, bæði í einliðaleik og í tvenndarleik, þar sem hún spilar með eiginmanni sínum, Þórhalli Einissyni. Á fundinum fékk Gísli Garðarsson viðurkenningu sem heiðursfélagi Hamars. Gísli hefur starfað fyrir íþróttahreyfinguna allt frá árinu 1980 og er einn af stofnfélögum Hamars.

Á sama fundi voru eftirtaldir aðilar kosnir í stjórn Hamars: Hjalti Helgason formaður, Dagrún Ösp Össurardóttir ritari, Svala Ásgeirsdóttir gjaldkeri, Hjalti Valur Þorsteinsson meðstjórnandi og Daði Steinn Arnarsson meðstjórnandi.

Á árinu hafa deildir Hamars hafa staðið fyrir margvíslegum viðburðum og sem fyrr heldur Hamarshöllin áfram að renna styrkari stoðum undir íþróttastarfsemi í bænum. Deildirnar hafa verið duglegar að nýta húsið til mótahalda, meðal þeirra viðburða sem þar eru haldnir eru; Kjörismótið í blaki sem er stærsta blakmót sem haldið er á Suðurlandi á ári hverju. Badmintondeild Hamars hélt stórt og glæsilegt mót nú í haust, einnig stóð deildin fyrir firmamóti. Í nóvember var Knattspyrnudeildin með árlegt Jólámót Kjörís, sem hefur aldrei verið fjölmennara og þurfti þrjár helgar undir mótið. Korfuknattleiksdeildin hélt stórt mót, bæði á eigin vegum ásamt Íslandsmeistaramóti. Fimleikadeildin



stóð venju samkvæmt fyrir glæsilegum viðburðum á árinu. Sunddeildin hefur aukið samstarf sitt við Sunddeild Selfoss, sem fyrr sér Magnús Tryggvason um þjálfun í sundi. Skokkhópur Hamars heldur áfram að gera góða hluti og er það einkar notalegt, nú í svartasta skammdeginu, að mæta skokkurum Hamars vel merktum að hlaupa um götur bæjarins.

Allt þetta starf er ekki hægt að vinna nema með hjálp góðra styrktaraðila. Meðal annars hefur Kjörís í gegnum árin staðið þétt við bakið á deildum Hamars við kostun á mótahaldi, fyrir það er íþróttahreyfingin í Hveragerði ævinlega þakklát.

Hamar tekur þátt í undirbúningi fyrir Landsmót UMFÍ 50+ sem haldið verður í Hveragerði 23.–25. júní 2017. Landsmótið mun án efa setja mikinn svip á bæinn alla mótisdagana, enda er um að ræða einn stærsta einstaka íþróttviðburð sem haldin hefur verið í Hveragerði.

Markmið Hamars er hér eftir sem hingað til að efla áhuga á íþróttaiðkun, líkamsrækt og heilbrigðu lífni. Allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi óháð getu, enda leggjum við áherslu á að íþróttir séu fyrir alla. Nánari upplýsingar nálgast á www.hamarsport.is.

Áfram Hamar!
Hjalte Helgason formaður.

Íþróttafélagið Milan

Stjórn IF Milan skipuðu árið 2016: Birgir Örn Harðarson, formaður, Eyþór Jónsson, gjaldkeri, Sigurþór Þórsson, ritari, Örn Þrastarson, varaformaður, Atli Kristinsson, meðstjórnandi, Marínó Geir Lillendahl, meðstjórnandi.



Aðalfundur félagsins var haldinn 26. apríl. Leifur Örn Leifsson gaf ekki lengur kost á sér til stjórnarsetu og var kosinn í hans stað Sigurþór Þórsson. Stjórnarfundir voru haldnir á árinu þegar tilefni þótti til.

IF Milan lauk sínu öðru tímabili í fyrstu deild 30. mars og endaði liðið 6. sæti með 13 stig. Tímabilið gekk ágætlega og spiluðu alls 37 leikmenn einn leik eða fleiri. Milan varð fyrir mikill blóðtöku þegar þeirra besti maður Atli Kristinsson fór frá félaginu yfir í Umf. Selfoss. Selfoss var í baráttu um að komast upp um deild og þurfti á kröftum Atla að halda. Lokahófið var haldið 30. apríl í golfskálanum á Selfossi. Þar voru liðsmenn verðlaunaðir fyrir góðan árangur innan vallar sem utan. Leikmaður ársins var valin Ástgeir Rúnar Sigmarrson og markahæstur Atli Kristinsson með 99 mörk í 11 leikjum.

Handboltatímabilið 2016–2017 hófst á því að samið var aftur við Sebastian Alexandersson um að styra liðinu í leikjum og þjálfna eina æfingu í viku af þremur. Umf. Selfoss ákvað að hætta með 2. flokk sinn og var því farið í samstarf við 3. flokk Selfoss um að fá leikmenn þaðan í láni. Tímabilið byrjaði með jafntefli á móti ÍR og sigri á Hömrnunum. Eftir það fór aðeins að halla undan fæti og gekk illa að knýja fram sigur í lok árs. Nýir búningar voru keyptir fyrir þetta tímabil og gekk vel að safna styrkjum og auglýsingum á þá. Líkt og á síðustu árum var þátttakan í Íslandsmótinu fjármögnuð með æfingagjöldum iðkenda en lítið var um almennar fjáraflanir.

Íþróttafélagið Mímír

Við höfðum fjölbreytta íþróttatíma fyrir nemendur fimm sinnum í viku og stöðum fyrir íþróttaviðburðum eins og ML-tröllinu og ML-skessunni og bekkjarmótum í ýmsum íþróttum mánaðarlega.



Úr leik Milunnar og Þróttar í 1. deild karla í handbolta.



2. bekkur eftir sigur á bekkjarmóti í fótbolta hjá Mími.

Stjórn félagsins: Jón Lárus Stefánsson og Sigurður Pétur Jóhannsson.

Aðalfundur félagsins var 20. janúar 2016.

Knattspyrnufélag Árborgar

Aðalfundur félagsins fór fram þann 22. janúar síðastliðinn. Eftirtaldir skipa stjórn: Hafþór Theodórsson, forseti, Guðjón Bjarni Hálfðánarson, varaforseti, Gísli Rúnarsson, gjaldkeri, Elías Jóhann Jónsson, markaðsstjóri.



Stjórnin hélt óbreytt en við kvöddum Jakob Björgvin Jakobsson sem þurfti frá að vikja vegna anna. Stjórnin ætlar að halda áfram varðandi uppbyggingu á ungum heimamönnum. Við ætlum að bæta í hvað varðar umgjörð og aðstöðu klúbbsins. Eins og á síðasta ári að þá tók stjórnin þá ákvörðun að halda áfram með góðgerðarmál fyrir samfélagið okkar á Suðurlandi. Á síðasta ári þá stóð Knattspyrnufélag Árborgar fyrir söfnun á Lay-z-boy stól fyrir Kotið, sem er frístundaheimili fyrir fötluð börn á Selfossi. Markmið söfnunarinnar var að auka lífsgæði og þægindi krakkanna í Kotinu, en Kotið er fyrir grunnskólanemendur í 1.–5. bekk. Þar sem söfnunin gekk vel og stóllinn vakti lukku fannst forsvarmönnum félagsins tilvalið að halda áfram að gefa til samfélagsins með því

að hrinda af stað nýrri söfnun. Í ár var safnað fyrir sjónvarpi fyrir skammtímavistunina í Álftarima 2. Skammtímavistunin léttir álagi af fjölskyldum fatlaðra barna, ungmenna og fullorðinna sem búa í heimahúsum. Þar er áhersla lögð á eflingu athafna daglegs lífs og félagsfærni, auka lífsgæði og sjálfstæði þeirra sem þar eru. Hluti af því er að hjálpa til við nýjustu tækni í sjónvarpsmálum því þau verða flóknari með hverju árinu. Þetta er orðin hefð innan félagsins sem leggur mikið upp úr því að gefa til samfélagsins og eru allar ábendingar um góð málefni vel þegnar. Þeim er hægt að koma til okkar á netföngin hafthort@arborgfc.net og gudjonh@arborgfc.net.

Árborg tók þátt í öllum þeim mótum sem boðið var uppá á vegum KSÍ á árinu. Fyrsta mót ársins var Lengjubíkarinn þar sem Árborg lék í C-deild. Félagið lenti í 3. sæti í sínum riðlinum og komst ekki áfram. Árborg féll úr leik í 1. umferð Borgunar-bikarsins eftir 0-2 tap á móti Augnablik. Við forum mjög vel af stað í Íslandsmótinu þar sem við sigruðum fyrstu sex leikina á tímabilinu. Við höldum svo dampi út tímabilið og úr varð að við lentum í 2. sæti í riðlinum einu stigi á eftir Berserkjum. En eins og árið á undan að þá fell liðið út í fyrstu umferð í úrslitakeppninni á móti KH.

Stærsta fjáröflun félagsins á árinu var að venju umsjón með hátíðinni Sumar á Selfossi. Hátíðin vex stöðugt í sniðum og er nú orðin að einni vinsælustu

bæjarhátíð landsins íbúum sveitarfélagsins til mikillar ánægju. Einnig hafði félagið umsjón með íþróttavellinum á Eyrarbakka líkt og fyrri ár.

Á lokahófi félagsins var læknaneminn hann Arnar Freyr Óskarsson valinn leikmaður ársins. Markakóngur ársins var Magnús Helgi Sigurðsson. Bjartasta vonin var Ísak Eldjárn Tómasson. Félagi ársins var Eyþór Helgi Birgisson. Eyþór Helgi er búinn að vera viðloðandi við liðið undanfarin ár og verið ósérhlífinn þegar kemur að því að gefa tíma sinn til félagsins, hvort sem er til fjáröflunar fyrir félagið eða til að styrkja góð málefni. Þjálfarateymið var einnig heiðrað fyrir góð störf. Guðjón Bjarni Hálfðánarson var sérstaklega heiðraður fyrir sín störf í þágu félagsins en hann lét af störfum sem þjálfari liðsins í lok leiktíðar. Hann mun þó halda áfram uppbyggingu klúbbsins því hann mun halda áfram í stjórn félagsins.

Óskar Valberg Ariliusson var ráðinn þjálfari Knattspyrnufélags Árborgar. Stjórn Árborgar er ánægð með ráðninguna og væntir mikils af Óskari á komandi ári.

Með von um frábært fótboldsumar, Hafþór Theodórsson, forseti



Guðjón Bjarni, varaforseti Árborgar, afhendir Brynhildi sjónvarpstækið fyrir skammtímavistunina í Álftarima 2.

Knattspyrnufélag Rangæinga

Aðalfundur félagsins var haldinn þann 9. mars og fór hann fram samkvæmt venjulegum aðalfundarstörfum.



Í stjórn félagsins sitja nú: Formaður: Jón Þorberg Steindórsson. Gjaldkeri:

Sigríður Viðarsdóttir. Ritari: Rósa Hlín Óskarsdóttir. Meðstjórnandi: Ásgeir Jónsson. Meðstjórnandi: Tinna Erlingsdóttir. Varastjórn: Auður Erla Logadóttir. Varastjórn: Jónas Bergmann Magnússon.

KFR heldur úti meistaraflokki ásamt yngri flokkum og margir þjálfarar koma að starfi félagsins. Þjálfarar síðasta árs voru Ólafur Oddsson, Lárus Viðar Stefánsson, Ellert Ingvason, Guðrún Bára Sverrisdóttir, Guðni Sighvatsson, Kolbrún Bergmann, Przemek Dariusson og Viktor Steingrímsson. Þjálfari meistaraflokks var Sveinbjörn Jón Ásgrímsson.

Undanfarin ár hefur samstarf okkar við ÍBV í yngri flokkum gengið vel og hafa allir okkar iðkendur fengið tækifæri til að keppa á jafnréttisgrundvelli. Keppt var í öllum yngri flokkunum, 3.–7. flokk, undir merkjum ÍBV. Keppt var á Íslandsmóti, Faxaflóamóti, Hnátumóti, Shellmóti í Vestmannaeyjum, Þæjumóti TM í Vestmannaeyjum, Síamóti Breiðabliks í Kópavogi, N1 móti á Akureyri, Norðurlásmóti á Akranesi, Olísmóti á Selfossi, Vís móti í Reykjavík og á fleiri minni mótum.

Uppskeruhátíð yngri flokkanna fór fram í íþróttahúsinu á Helli 13. september sl. og var þar rifjað upp liðið knattspyrnutímabil yfir pizzuveislu og kaffiveitingum. Þjálfarar afhentu öllum iðkendum í 7. og 6. flokki viðurkenningu fyrir að hafa stundað íþróttina. Einnig voru veittar viðurkenningar fyrir bestu framfarir og ástundun í eldri flokkum og valdir bestu leikmennirnir í 3. flokki kk. og kvk. Á hátíðina mættu rúmlega 120 manns.

Mig langar í lokin að þakka okkar helstu stuðningsaðilum; Rangárþingi eystra, Rangárþingi ytra, Ásahreppi, Sláturfélagi Suðurlands, Hestheimum, Landsbankanum og Búaðföngum. Öllum þeim sem komu að sjálfbóðaliðastarfi félagsins færi ég hinar bestu þakkir.

F.h. stjórnar KFR, Jón Þorberg Steindórsson.



Leikmenn KFR á móti í Hamarshöllinni.

Knattspyrnufélagið Ægir

Aðalfundur félagsins var haldinn sunnudaginn 12. nóvember 2016. Í aðalstjórn félagsins eru nú: Guðbjartur Örn Einarsson sem formaður/gjaldkeri. Sigríður Lára Ásbergsdóttir sem meðstjórnandi. Ottó Rafn Halldórsson / Anna Berglind Júlísdóttir sem ritari Sveinn Jónsson sem meðstjórnandi. Þór Emilsson sem meðstjórnandi. Yfirþjálfari: Rúnar Birgisson (fráfarandi), Elfar Bragason (núverandi).



Knattspyrnuárið 2016 var svo sannarlega viðburðaríkt og skemmtilegt á fótboldavellinum og er við hæfi að líta til baka og fara yfir það helsta sem gerðist á tímabilinu.

Síðasta tímabil hófst eins og vanalega í september (2015) og var með hefðbundnu sniði. Þjálfarar yngri flokka voru Rúnar Birgisson með 5. flokk og 3.–4. flokk. Pálmi Ásbergsson var með 6.–7. og 8. flokk. Fram að jólamótum jólu flokkarnir ýmis mót. Td. fóru 5.–7. flokkur á Jólámót Hamars sem var einkar vel heppnað. Eftir hefðbundið jólafrí hófst starfið aftur í janúar 2016 og

var með svipuðu sniði og fyrir áramót. Aukinn kraftur var settur í samstarfsmál með Hveragerði og Selfossi sem voru með sama fyrirkomulagi og á haustönn. 5. flokkur tók þátt í Faxaflóamóti líkt og eldri flokkar en þeir yngir tóku þátt í smærri mótum.

Félagið hélt Floríðanamótið 5. maí, á Uppstigningadag sem er fyrir 6. og 7. flokk beggja kynja. Mótið heppnaðist vel en fastur kjarni liða mætir á mótið þó mörg önnur mót séu í boði á sama tíma. Þátttakendur voru nokkuð margir að þessu sinni, eða um 400 alls, og von er um að mótið hafi fest sig í sessi þessara liða sem koma reglulega.

Sumarið er aðalkeppnistímabil fótboldans og var þetta sumar engin undantekning hjá yngri flokkum Ægis. Sumardagskrá hófst í byrjun júní. 6. og 7. flokkur æfðu í fótboldskóla sem starfræktur var mánudaga til fimmtudaga frá 10:00–12:00. Aðrir flokkar æfðu á hefðbundinn hátt. Auk knattspyrnuæfinga bauð félagið upp á leikjánaðmskeið og smíðavöll sem nutu mikilla vinsælda sem fyrr. Eva Lind leikmaður meistaraflokks Selfoss sá bæði um leikjánaðmskeið og smíðavöll, ásamt aðstoðarmönnum úr meistaraflokki Ægis.

Krakkarnir á eldra ári 8. flokks tóku þátt í Vís-móti Þróttar í lok maí. Allur flokkurinn tók síðan þátt í Weetosmótinu í Mosfellsbæ og voru margir að stíga þar sín fyrstu skref á fótboltavellinum. Það mót var einkar vel heppnað og gekk vel.

7. flokkur karla hélt á Norðurálmótið á Akranesi. Þar var teft fram fjórum liðum í samstarfi við Hamar. Flokkurinn endaði svo sumarið á Weetosmótinu.

Stelpurnar í 7. flokki mættu með tvö lið á Síamótið og börðust vel. Svo spiluðu þær einnig á Weetosmótinu og stóðu sig þar líka mjög vel.

6. flokkur karla eldra ár fór á Orkumótið í Eyjum. Þangað mættum við með tvö lið sem stóðu sig vel á þessu skemmtilega móti. Þeir tóku einnig þátt í Pollamóti KSÍ og Weetosmótinu.

6. flokkur kvenna tók þátt í Síamótinu og stóðu sig vel. Þær tóku einnig þátt í Hnátumóti KSÍ.

5. flokkur karla spilaði í samstarfi við Hamar og tefldi flokkurinn fram þremur liðum á Íslandsmótinu. Að venju var haldið á N1-mótið á Akureyri en þangað fórum við með tvö lið. Þar stóðu strákarnir sig með þryði. Einnig var farið á Olís mótið á Selfossi. Þar fórum við með 3 lið.

5. flokkur kvenna spilaði í samstarfi við Hamar og átti frábært Íslandsmót og unnu sinn riðill, taplausar með 11 sigra og 1 jafntefli. Þær fóru einnig á Síamótið og stóðu sig frábærlega. Frábært sumar hjá stelpunum og eiga þær framtíðina fyrir sér.

4. flokkur karla tefldi fram þremur liðum á Íslandsmótinu í samstarfi við Selfoss og Hamar. Auk Íslandsmótsins tóku strákarnir þátt í Rey Cup sem er alþjóðlegt knattspyrnumót haldið í Laugardalnum. Strákarnir áttu virkilega gott sumar, ofarlega í öllum keppnum. Virkilega spennandi hópur þar á ferð.

3. flokkur karla tefldi fram tveimur liðum í samstarfi við Hamar og Selfoss. Við áttum 3 stráka í b liðinu sem tók þátt í Íslandsmótinu. Bæði A og B lið náðu í úrslit. Spennandi hópur þar líka á ferð. Tímabilinu lauk síðan með lokahófi í Ráðhúsinu með pizzaveislu og afhendingu viðurkenninga fyrir framlag iðkenda á tímabilinu.

Þó við höf gengið vel í okkar starfi þá reyndist það ekki eiga við um meistaraflokk karla. Þetta tímabil sem var að klárast í september var tímabil mikilla vonbrigða enda féll liðið á markamun niður í 3. deild og þarf að spila þar á næsta tímabili. Við vorum að mörgu leyti með nokkuð gott lið, sérlega í lok tímabilsins, en dapurt gengið framán af og talsverð óheppni í restina gerði okkur erfitt fyrir. Gerðar voru nú í haust breytingar á þjálfarastöðu meistaraflokks og létu Einar Ottó og Guðmundur Garðar af störfum og inn er kominn Björgvin Freyr Vilhjálmsson frá Reykjavík og mun hann leiða starfið og byggja upp liðið að nýju til líklegra afreka.

Í byrjun ársins réðumst við í talsvert miklar breytingar á starfinu og komum á fót nýju barna- og unglingaráði félagsins. Við sáum fram að það yrðu að eiga sér stað talsvert miklar breytingar á starfinu til að einhver endurnýjun gæti átt sér stað. Margt af því fólki sem hafði unnið lengi fyrir félagið var komið með uppkomin börn og sem voru jafnvel hætt í fótbolta, þannig að það var eðlilega minni áhugi á að starfa áfram. Við lögðum því í það verkefni að finna nýtt fólk til að vinna fyrir félagið sem hefði beina hagsmuni að koma að starfi yngri flokka. En samhliða því var ákveðið að skipta félaginu í tvær deildir sem væri reknar fjárhagslega aðskildar (þó með sameiginlegan ársreikning), þ.e í barna- og unglingaráð annars vegar og hins vegar í aðalstjórn, en þar undir er bæði meistaraflokkur karla og kvenna sem og 2. flokkur beggja kynja. Samhliða því var valið í Meistaraflokksráð Ægis og úr báðum þessum ráðum eru 2 fulltrúar hver í aðalstjórn ásamt formanni félagsins.



Lið Ægis/Hamars í 5. flokki kvenna að loknum sigurleik á móti ÍBV.



Glæsilegur stelpuhópur á minniboltaæfingu hjá FSu.

Starf barna- og unglingaráðs á árinu fólst að mestu leyti í hefðbundnum verkefnum, svo sem Sumarkaffi Ægis, sem tókst mjög vel. Umsjón með Floridanamótinu sem Ægir heldur hér í Þorlákshöfn og umsjón með lokahófi yngri flokka svo eitthvað sé nefnt. Með nýju fólki koma oft nýir síðir og ákvað ráðið að vera með sérstaka „skemmti- og fræðsludagskrá“ í íþróttahúsinu í upphafi sumars þar sem iðkendum var boðið. Við fengum góða gesti sem fræddu krakkana um gildi þess að vera í fótbolta og hvað skipti máli til að ná árangri og líða vel í fótbolta, þau Gulla fyrrum landsliðsmarkmann og Evu Lind fótboltastelpu. Einnig ákvað ráðið að brydda upp á nýjungum við lokahóf yngri flokka Ægis með því að veita viðurkenningar í nafni „frábær liðsfélagi“ og vildi ráðið með því draga fram og leggja áherslu á mikilvægi gilda svo sem dugnað, seiglu, vináttu og hjartsýni iðkenda og mikilvægi fótboltans sem hópíþróttar. Auk þess voru veittar viðurkenningar til iðkenda í 3. og 4. flokki. Einnig má nefna fjáröflun sem tókst vel til með en það var sala á svokölluðum EM treyjum íslenska landsliðsins sem selstust eins og heitar lummur og reyndist góð fjáröflun.

Þá er einnig rétt að geta þess að Barna- og unglingaráð náði samkomulagi við Elfar Bragason

um að taka að sér yfirþjálfarastöðu yngri flokka Ægis frá og með janúar nk. Elfar mun einnig sinna þjálfun einstakra flokka. Ægir bindur miklar vonir við þátttöku Elfars við að efla uppbyggingu fótboltans hér í Þorlákshöfn. Við hjá Ægi viljum nota tækifærið hér og þakka öllum fyrir sem komu að starfi félagsins á árinu 2016 og síðasta starfsári.

Knattspyrnufélagið Ægir

Körfuknattleiksfélag FSu

Aðalfundur Körfuknattleiksfélags FSu 2016 var haldinn 30. mars og eftirtaldir kjörnir í stjórn: Formaður: Gylfi Þorkelsson. Gjaldkeri: Sigríður Elín Sveinsdóttir. Ritari: Gestur Einarsson. Meðstjórnendur: Auður Rafnsdóttir og Ingibjörg Blaka Hreggviðsdóttir. Varastjórn: Anna Björg Þorlákssdóttir og Ragnar Gylfason.

Meginþunginn á herðum félagsins fyrstu mánuði ársins, bæði fjárhagslega og félagslega var umsýsla og snúningur vegna meistaraflokks karla og þátttöku hans í Dominosdeildinni. Vegna alvarlegra meißla þriggja af bestu og reynslumestu leikmönnum liðsins var barátta þess erfið, raunar vonlítill, og lauk svo að

liðið féll úr deildinni í 11. sæti af 12 eftir að hafa unnið þrjá leiki en tapað hinum. Úrvalsdeildaríð, það þriðja í stuttri sögu félagsins, var þó mikilvæg lexia fyrir leikmenn, en ekki síður stjórn og stuðningsmenn, og mun nýttast vel í framhaldinu.

Að loknu tímabilinu fundaði m.fl. ráð með öllum leikmönnum einstaklingslega og með leikmannahópnum til að leggja línurnar fyrir framhaldið. Eindregin vilji var meðal allra viðkomandi að stefna hikkaust upp í úrvalsdeild aftur beinustu leið og flestir leikmennirnir kváðust ákveðnir í að vera með áfram. Í þessu skyni var ákveðið að ráða til starfa styrktarþjálfara til að koma mönnum í toppform yfir sumarið og náðust samningar við Baldur Þór Ragnarsson frá Þorlákshöfn sem tók til starfa í byrjun júní. Ákveðið var að endurnýja ekki samning við aðalþjálfara félagsins undanfarin fjögur ár, Erik Olson, heldur auglýsa eftir nýjum aðila. Vinna við það hófst þegar snemmsumars og rætt var við nokkra aðila, innanlands og utan. Niðurstaðan var að semja við reyndan Spánverja, Eloy Doce Chambrelan, sem þjálfað hafði á Spáni, í Noregi og Argentínu, bæði karla- og kvennalið á flestum stigum. Hann kom til landsins í byrjun ágúst. Tekin var ákvörðun, eftir ábendingu Eloy, að ráða annan Spánverja, Jose Gonzalez Dantas, sem aðstoðarþjálfara að m.fl. karla og akademíunni. Hann sinnir einnig þjálfun yngri flokka, sér um 7.–10. flokk og aðstoðar við þjálfun iðkenda í 4.–6. bekk. Jose kom til landsins um miðjan ágúst.

Þegar þessi metnaðarfullu skref höfðu verið stigin og stutt var í komu nýja þjálfarans kom í ljós að meirihlutinn af leikmannahópnum var skyndilega og óforvarendis gufaður upp og það var ekki fyrr en í lok september, skömmu fyrir upphaf mótis, að tekist hafði að skrapa saman lágmarks æfingahóp, stærsti hlutinn mjög ungir og óreyndir en efnilegir strákar. Þetta setti allar áætlanir úr skörðum og ljóst að framundan væri uppbyggingarár. Liðið byrjaði samt framar öllum vonum, vann 4 af fyrstu 5 leikjunum en þá tók við 6 leikja taphrina og 7 af 8 leikjum til árs loka.

Stöðugur vöxtur og mikil einkennir barna- og unglingastarf félagsins. Karl Ágúst Hannibalsson hefur eins og undanfarin ár veg og vanda af þjálfun og stefnumótun yngri flokkanna. Fjöldi iðkenda er enn mestur í yngstu árgöngunum, krakka á minniboltaaldri. Ráðnir voru tveir öflugir þjálfarar til að sinna þessum æfingahópum, Stefán Magni Árnason, íþróttfræðingur og sjúkrapjálfaari og Harpa Reynisdóttir, sem tók við þjálfun stúlknaflakka. Mikil fjölgun varð meðal stúlkna og almennt má segja að yngri flokkarnir hafi sprengt utan af sér aðstöðuna, bæði fjölda æfingatíma og pláss í íþróttasal.

Unglingar í 7.–10. flokki æfa áfram saman í einum hópi en þar fjölgaði einnig svo um munaði. Flestir iðkenda í þessum hópi eru í 10. flokki og vonast félagið eftir sem flestum þeirra upp í akademíuna á næsta ári.

Körfuboltaakademían sem félagið rekur í samstarfi við Fjölbrautaskólann er hjartað í starfsemi félagsins. Þar hefur aðsóknin verið með ágætum af öllu Suðurlandi, og víðar að. Næstu ár verða viðkvæmur tími fyrir akademíuna vegna þess að fáir iðkendur munu skila sér upp úr yngri flokkastarfi félagsins. Þó er von á nokkrum einstaklingum þá leiðina á næsta ári. Fjöldi í akademíunni 2016 er ásættanlegur en byggist um þessar mundir að mestu á nemendum frá nágrannabyggðunum.

FSU hefur undanfarin ár átt góðu gengi að fagna bæði í drengja og unglingaflokki og teft fram sterkum liðum sem unnið hafa titla. Vorið 2016 lék unglingaflokkur félagsins til úrslita í bikarkeppni KKÍ en tapaði fyrir Grindavík í skemmtilegum leik. Allir leikmennirnir úr bikarúrslitaliðinu voru horfnir á braut í haust og var þar skarð fyrir skildi.

Þrátt fyrir ýmis áföll, stór skörð hoggin í leikmannahóp og að þurfa að byrja nánast á byrjunarreit með m.fl. karla, eru mörg jákvæð teikn á lofti hjá félaginu. Böndum hefur verið komið á fjárhagsmál þess og reksturinn nú jákvæður, þó enn um hríð verði gamlir skuldabaggar íþyngjandi. Barnastarfið blómstrar og því er framtíðin björt. Enn er hugur í stjórn, leikmannakjarna og aðstandendum félagsins að stefna á árangur. Mikil ánægja ríkir með störf þjálfarateymis félagsins, þar er valinn maður í hverju rúmi. Helstu áskoranirnar felast í að virkja fleiri til þátttöku og efla þannig alla umgjörð í kringum starfið, ekki síst um flaggskipið félagsins, aðal keppnislið þess. Það verður helsta verkefnið á fyrstu mánuðum ársins 2017 svo félagið komi sameinað og sterkt til leiks keppnistímabilið 2017–18.

Lyftingafélagið Hengill

Núverandi stjórn félagsins var kosin á aðalfundin þess þann 10. mars 2016 og hana skipa Einar Alexander Haraldsson, formaður, Árni Rúnar Baldursson, varaformaður, Kristján Óðinn Unnarsson, ritari, Ellý Jóhannsdóttir, gjaldkeri og varamennirnir María Rún Þorsteinsdóttir og Heiðar Ingi Heiðarsson



Mikil gróska var hjá félaginu á árinu 2016. Æfingar á vegum félagsins voru haldnar á sunnudagsmorgnum og vel var mætt á þær. Haldið var innanfélagsmót þann 6. nóvember sl. og tólf félagsmenn öttu þar kappi í æsispennandi keppni. Þá tóku félagsmenn þátt á lyftingamótum á vegum LSÍ og stöðu sig þar með þrýði. Lyftingafélagið Hengill hélt haustmót LSÍ í íþróttahúsinu í Hveragerði en þangað mættu tólf konur og fimmtán karlar til leiks.

**F.h. stjórnar Lyftingafélagsins Hengils
Kristján Óðinn Unnarsson ritari**

Skotiþróttafélagið Skyttur

Aðalfundur félagsins var haldinn 29. mars 2016.

Unnið var við framkvæmdir á árinu við uppbyggingu á aðstöðu félagsins m.a. í vatnsmálum.

Tvö mót voru haldin. Annarsvegar innanfélagsmótið Gæsaskyttan 2016 og hinsvegar Landsmót í 300 metra ríffli. Alls kepptu fjórir



Jan Hinrik Hansen á Haustmóti LSÍ sem haldið var í Hveragerði.

keppendur á því móti sem fór fram í góðu veðri og gekk vel í alla staði.

Félagið hefur tekið að sér að sjá um skotpróf fyrir hreindýraskyttur fyrir Umhverfisstofnun síðastliðin ár og 2016 voru þreytt 64 próf á æfingasvæðinu.

Torfæruklúbbur Suðurlands

Árið hjá Torfæruklúbbi Suðurlands hefur verið mjög viðburðaríkt. Keppnistímabilið hófst með Norður



Evrópumótinu sem var haldið á Hellu í samstarfi við Flugbjörgunarsveitina á Hellu. Þar komum helstu keppendur landsins ásamt mættu erlendir keppendur á þessa keppni. Klúbburinn fékk nýtt keppnissvæði í Akrafalli þar þurfti að vinna mikið í svæðinu til að gera það keppnishæft. Það tókst á endanum og keppni var haldin þar 11. júní sl. 20 bílar mættu til leiks og keppendur voru ánægðir með svæðið vegna þess að það er öðruvísi jarðvegur en þeir eru vanir að vera í. Enn þarf að vinna í svæðinu til að gera það en betra og mun stjórn klúbbsins fara í það verkefni núna á næstu mánuðum. Næsta keppni klúbbsins á því svæði er í endann júlí.

Keppnistímabilið endaði með því að keppendur fóru með bílanna sína til Tennessee að keppta í fyrstu torfærukeppni í Bandaríkjunum. Ökumenn voru almennt ánægðir með aðstæður og það er vilji fyrir því að keppta þarna aftur í ár.

Keppnishaldarar sáu að það er enn og aftur meiri áhugi fyrir torfæru. Það bæstast fleiri nýir bílar við ásamt nýjum ökumönnum og einnig eru bílar sem hafa ekki sést lengi komnir aftur á keppnisvæðin.



Landsmót í 300 metra ríffli var haldið á skotsvæði félagsins.

Stjórn Torfærklúbbsins hlakkar til að takast á við nýtt keppnistímabil og stefna að gera enn betur en var gert á síðasta ári.

Þann 27. febrúar 2016 var haldinn aðalfundur félagsins úr stjórn fóru þau Elva Stefánsdóttir og Þorsteinn Jónsson inn komu í staðinn þau Rakel Róbertsdóttir og Gunnbjörn Skúli Magnússon.

UBH

Aðalfundur félagsins var haldinn í Njálsgærði 14 á Hvolsvelli 28. des. 2016.



Í stjórn voru kosnir: Formaður: Guðmann Óskar Magnússon. Gjaldkeri: María Rósa Einarsdóttir.

Ritari: Ólafur Elí Magnússon. Varam.: Helgi Jens Hlíðdal og Jón Gísli Harðarson.

Félagið hefur ekki nein sérstök verkefni síðan að íþf. Dímon tók yfir íþróttastarfsemi á svæðinu, en er stuðningsaðili Dímonar.

Fyrir hönd stjórnar
Guðmann Óskar Magnússon.



Ingólfur Guðvarðarson í tímabraut á Akranesi í sumar.

Umf. Biskupstungna

Aðalfundur Ungmennafélags Biskupstungna var haldinn í Aratungu þann 21. apríl 2016. Eins og undanfarin ár funduðu allar deildir félagsins sama kvöld. Byrjað var á fundi aðaldeildar, þá leikdeildar og loks íþróttadeildar. Engar breytingar urðu á stjórn aðaldeildar en Heiða Pálrún var kjörin nýr formaður íþróttadeildar.



Stjórn félagsins skipa: Smári Þorsteinsson, formaður, Elfa Björk Kristjánsdóttir, gjaldkeri, Oddur Bjarni Bjarnason, ritari, Dagný Rut Grétarsdóttir, varastjórn, Þórey Helgadóttir, varastjórn.

Formenn deilda: Leikdeild: Íris Blandon. Íþróttadeild: Heiða Pálrún Leifsdóttir.

Leikdeild félagsins frumsýndi leikritið Brúðkaup eftir Guðmund Ólafsson í Aratungu í febrúar. Leikstjóri var Gunnar Björn Guðmundsson en þetta var í áttunda skipti sem hann setti upp leikrit með leikdeildinni. Uppsetningin þótti takast vel og urðu sýningarar alls 16 talsins.

Sveitahátíðin Tvær úr Tungunum var haldin í og við Aratungu 13. ágúst og eins og undanfarin ár tók félagið virkan þátt í henni. Loftboltar voru á svæðinu í boði félagsins og um kvöldið stóð UMF. Bisk svo fyrir dansleik í Aratungu þar sem Hljómsveit Geirmundar Valtýssonar sá um fjörið.

Ritnefnd félagsins gaf út tvö tölublöð af málgagni félagsins „Litla-Bergþóri“. Þetta var 37. árgangur og er innihald blaðanna fjölbreytt og í senn fræðandi um félagið og mannlífið í Tungunum.

Íþróttadeildin hélt úti öflugu íþróttastarfi að vanda. Fjölbreyttar æfingar eru í boði og finna allir eitthvað við sitt hæfi.

Að lokum vill stjórn félagsins þakka öllum þeim aðilum sem komu að starfi félagsins með einum eða öðrum hætti kærlega fyrir samstarfið.

Fyrir hönd Ungmennafélags Biskupstungna
Smári Þorsteinsson, formaður

Umf. Framtíðin

Stjórn Ungmennafélagsins Framtíðarinnar 2016: Formaður: Lilja Guðnadóttir. Ritari: Helgi Ármannsson. Gjaldkeri: Gyða Árný Helgadóttir. Meðst.: Brynja Rúnarsdóttir og Nína Jenný Kristjánsdóttir.



Yfir vetrartímam hittast iðkendur vikulega



Leikhópur og leikstjóri Brúðkaups sem leikdeild UMF. Biskupstungna setti upp.



Frá 17. júní hátíðarhöldum Framtíðarinnar í Þykkvabæ.

Í íþróttahúsinu í Þykkvabæ á Boltakvöldi. Umsjónarmenn voru Helgi Ármannsson og Björk Grétarsdóttir. Í júní stöðum við fyrir leikjanámskeiði og fengin var þjálfarinn Guðni Sighvatsson á vegum HSK sem var með krökkunum í tvær vikur. Einnig var tekið þátt í Hreyfiviku UMF í maí þar sem farið var í hjólatúr. Hátíðarhöld á 17. júní voru með stærra sniði í ár þar sem sveitarfélagið óskaði eftir því að við tækjum á móti íbúum á Hellu þar sem engin hátíðarhöld voru skipulögð þar. Dagurinn heppnaðist einstaklega vel og margt fólk á öllum aldri sótti okkur heim. Á haustmánuðum kom Kristín Bergsdóttir jógakennari og hélt fyrir okkur jóganámskeið.

Í ár voru haldnar fjáraflanir þar sem m.a. voru seld blóm fyrir konudaginn og haldið var bingó á sumardaginn fyrsta. Gerður var samningur við sveitarfélagið um styrk til félagsins til eins og hálfis árs. Einnig nýtur félagið góðs af umbúðum af gosdrykkjum sem falla til í íþróttahúsinu.

Framtíðin er nokkuð björt, margt er í bígerð og stefnum við ótrauð áfram að halda því góða starfi sem hefur verið hjá okkur áfram. Aldursbil barnanna sem iðka hér er frá 5–15 ára og teljum við að sá tími sem þau verja saman styrki þau og efla.



Sprækir iðkendur frá Umf Gnúpverja á HSK móti í Þorlákshöfn.



Þrjú drengir sem keppa undir merkjum Umf. Heklu, urðu allir eru Íslandsmeistarar í sínum greinum. Þorgils Gunnarsson og Aron Birkir Guðmundsson Íslandsmeistarar í borðtennis og Sindri Freyr Seim Sigurðsson margfaldur Íslandsmeistari í frjálsum íþróttum og Íslandsmethafi í 400m.

Umf. Gnúpverja

Aðalfundur félagsins var haldinn í Árnesi 6. mars. Einar Gestsson á Hæli lét af formennsku eftir 14 ára setu. Segja má að Einar hafi rífið félagið upp en honum fannst mikilvægt að það væri virkt ungmennafélag starfandi í hreppnum og vann ótullega að svo væri. Einnig hefur hann talað fyrir því að fá íþróttahús í hreppinn og hefur hann talað fyrir daufum eyrum í mörg ár. Við þökkum Einari vel unnin störf. Áfram í stjórn eru Ingvar Þrándarson Þrándarholti gjaldkeri og Helga Kolbeinsdóttir Tröð ritari. Nýr í stjórn og jafnframt formaður er Jón Hákonarson Ásum. Í varastjórn voru kosnar Bryndís Eva Óskarsdóttir Háholti og Hafdís Hafsteinsdóttir Hæli.



Nýr háttur var hafður á kjöri íþróttamanns ársins, nú sameinuðust Menningarmálanefnd Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Ungmennafélag Skeiðamanna og Ungmennafélag Gnúpverja um að veita þeim sem þykja hafa staðið sig sérstaklega vel í hvers konar íþrótt- og/eða félagsstörfum eða hafa verið til fyrirmyndar á einhvern hátt. Þessi verðlaun eru viðurkenning og hvatning til áframhaldandi góðra verka. Verðlaunin afhendast í karla- og kvennaflokkum og fá viðkomandi einn farandbikar og einn bikar til eignar. Að þessu sinni hlutu Valgerður Einarsdóttir

Hæli og Bergsveinn Vilhjálmur Ásmundsson Norðurgarði verðlaunin. Bergsveinn hefur æft handbolta í 3 ár á Selfossi. Hann hefur verið útfnefndur Baráttumaður ársins hjá sínu liði 5.fl. karla hjá Selfossi. Bergsveinn spilar aðallega stöðu hornamanns og hann hefur verið lykilmáður í liði sínu sem varð nýlega Íslands- og Bikarmeistari. Að sögn þjálfara hans, Arnar Þrastarsonar, er Bergsveinn mikill baráttumaður sem gefst aldrei upp, stundar allar æfingar af miklum krafti. Valgerður hefur æft frjálslar íþróttir í 2 ár. Hún hefur náð góðum árangri og er í stöðugri bætingu. Á hverju einasta móti hefur Valgerður bætt árangur sinn í hlaupum hvort sem um er að ræða stutt hlaup eða langhlaup. Auk þess má nefna grindarhlaup og stangarstökk. Í langstökki bætir hún sig í sífellu og í hástökki er hún komin í fremstu röð í sínum aldursflokkum. Hún hefur einnig æft körfubolta með Ungmennafélagi Hrunamanna frá unga aldri. Hún hefur náð þeim árangri að vera valin í afreksbúðir KÍK undanfarin ár. Valgerður hefur fengið góðar umsagnir þjálfara HSK fyrir góða framkomu innan vallar sem utan.

Starf félagsins á árinu hefur verið með ágætum. Félagið hefur boðið upp á skákkvöld, körfuboltaæfingar, frjálslaríþróttæfingar, fótboltaæfingar og íþróttaskóla fyrir börn á árinu. Æfingar fyrir 1.–4. bekk voru einu sinni í viku yfir vetrartímann. Þjálfarar voru þau Bryndís Eva Óskarsdóttir og Sigurlaug Ósk Reimarsdóttir. Bryndís Eva og Þorsteinn Hauksson sáu um frjálslaríþróttæfingar

og boltaæfingar í sumar, þátttaka var góð og fór töluverður hópur á héraðsleika og aldursflokkamót HSK í Þorlákshöfn í sumar. Þess má geta að börn í UMFGE eru dugleg að stunda æfingar hjá öðrum íþróttafélögum í sveitarfélagunum í kringum okkur s.s. með Hrunamönnum og UMF Selfoss. Gnúpverjar keppa í 2. deild karla í körfubolta og einnig í bikarkeppni KSÍ. Einnig tók karlalið Gnúpverja þátt á HSK móti fullorðinna í sumar og urðu í 2. sæti.

Ungmennafélagið Þjóntandi hélt millifélagamót í frjálsum íþróttum milli Þjóntanda og sameinaðs liðs Gnúpverja og Skeiðamanna og var það skemmtilegur dagur þar sem Þjóntandi stóð uppi sem sigurvegari. Í kvennaflokkum varð Bryndís Eva Óskarsdóttir Umf. Gnúpverja stigahæst og í 2. sæti varð Valgerður Einarsdóttir Umf. Gnúp. Næst munu Gnúpverjar bjóða liðunum í Árnes sumarið 2017.

Ungmennafélagið er aðili að Brokk og skokk deginum hér í hreppnum ásamt Hestamannfélaginu Smára, Umf. Skeið og Ungmennafélagi Hrunamanna. Fór keppnin fram þann 18. júní og var þátttaka mjög góð. Það má sjá allt um Brokk og skokk á facebook síðu Brokk og skokk.

Jólasveinar á vegum ungmennafélagsins sáu um að færa börnum gjafir fyrir jólin.

Helga Kolbeinsdóttir ritari.

Umf. Hekla

Aðalfundur UMF Heklu var haldinn 17. maí 2016 í Grunnskólanum á Hellu. Á fundinn mætti fjöldi fólks, en tekin var upp sú nýbreytni að verðlauna iðkendur fyrir mætingu og framfarir í hverri íþróttgrein sem æfð er hjá félaginu. Fjárhagsleg staða félagsins er ágæt, þó tap hafi verið á rekstri þess á árinu, einkum sökum mikilla fjárfestinga í áhöldum fyrir fimleika. Guðbjörg Arnardóttir og Guðrjúður Tómasdóttir gengu úr stjórninni og inn komu Halldóra Guðlaug Helgadóttir og Sigurður Kristinn Guðbjörnsson. Stjórn Umf. Heklu er skipuð eftirfarandi aðilum: Formaður: Guðmundur Jónasson. Varaformaður: Sigurður Kristinn Guðbjörnsson. Gjaldkeri: Hulda Karlsdóttir. Ritari: Ólöf Árnadóttir. Meðstjórnandi: Sigurður Kristinn Guðbjörnsson. Varamenn: Erna Sigurðardóttir og Kristinn Scheving.



Körfubolti: Um 20 krakkar á grunnskólaaldri æfðu körfubolta tvisvar sinnum í viku. Í haust tók félagið þátt í Íslandsmóti í körfubolta með lið í 10. flokki drenjula. Þjálfari er Þorsteinn Darri Sigurgeirsson.

Tómstundanámskeið fyrir börn á aldrinum 6–14 ára var haldið í sumar í samvinnu við sveitarfélagið Rangárþing ytra. Að venju stóð það yfir í 3 vikur í júní og 2 vikur í ágúst. Þátttakendur voru rúmlega 40 talsins. Umsjónarmenn námskeiðsins voru Þórunn Inga Guðnadóttir og Rúnar Hjálmarsson og lagði sveitarfélagið til aðstoðarfólk úr unglingavinnu.

Frjálslar íþróttir: Um 25 iðkendur á aldrinum 11–15 ára æfðu 1–2 í viku frjálslar íþróttir í vetur og í sumar voru æfingar utandyra á íþróttavellinum á Hellu. Iðkendur á vegum félagsins tóku m.a. þátt í aldursflokkamóti HSK 11–14 ára í Kaplakrikuhöllinni og í Héraðsmóti utanhúss. Á báðum þessum mótum voru iðkendur félagsins á verðlaunapalli. Sindri Seim Sigurðsson vann til fjölda verðlauna á öllum mótum sem hann tók þátt í sumar og setti mörg héraðsmet og eitt íslandsmet í sínum flokki. Þjálfari var Rúnar Hjálmarsson.

Blak: Um 15 iðkendur á aldrinum 12–16 ára æfðu blak einu sinni í viku. Meistaraflokkslíð kvenna undir merkjum Heklu og Dímon var starfandi á árinu og tóku þær þátt í fjölda móta. Þjálfari voru Ingibjörg Heiðardóttir og henni til aðstoðar Aníta Þorgerður Tryggvadóttir.

Skák: Um 10–15 iðkendur æfðu skák einu sinni í viku í vetur. Í febrúar stóð félagið fyrir héraðsmóti HSK í skák fyrir 16 ára og yngri í samvinnu við Umf. Þjótanda. Þar vannst til fjölda verðlauna og varð félagið stigabikar og varð héraðsmeistari ásamt Umf. Þjótanda. Almar Máni Þorsteinsson varð héraðsmeistari í elsta floknum. Vetrarmót var haldið í Grunnskólanum á Hellu á árinu og félagið varð héraðsmeistari í skák fullorðinna. Þjálfari var Ómar Helgason.

Borðtennis: Borðtennisæfingar voru tvisvar í viku á Hvolsvelli á vegum félagsins í samvinnu Dímon. Iðkendur frá félaginu voru 5–10. Sex iðkendur tóku þátt í Héraðsmóti HSK sem haldið var á Hvolsvelli í nóvember og þar urðu þeir Heiðar Óli Guðmundsson og Þorgils Gunnarsson héraðsmeistarar og varð félagið í öðru sæti stigakeppninnar. Í apríl tóku tveir iðkendur þátt í Íslandsmótinu, þar sem Þorgils Gunnarsson varð Íslandsmeistari í einliðaleik í sínum flokki og Þorgils og Aron Birkir Guðmundsson urðu Íslandsmeistarar í tvíliðaleik í sínum flokki. Iðkendur frá félaginu kepptu á borðtennismóti sem Dímon og Hekla stóðu fyrir á Hellu í október sem og nokkrum mótum á vegum BTÍ. Þorgils Gunnarsson keppti með unglingslandsliði á móti á árinu. Þjálfari var Ólafur Elí.

Samfella skóla- og íþróttastarfs: Umf. Hekla kom að skipulagningu á samfelli skóla- og íþróttastarfs tvisvar í viku vetur milli kl. 15–17 fyrir nemendur í 5–10 bekk Grunnskólans á Hellu. Í samfellunni bauð félagið upp á æfingar í körfubolta, frjálsum íþróttum og hreysti. Þátttakendur voru um 50 talsins.

Taekwondo: Tvisvar í viku æfðu iðkendur frá félaginu Taekwondo í íþróttahúsinu á Hellu en þær æfingar voru haldnar í samvinnu við Taekwondo deild Umf. Selfoss. Æfingarnar voru aldurskiptar fyrir 10 ára og yngri og 11 ára og eldri. Þátttakendur voru tæplega 20, bæði börn og fullorðinir. Margir iðkendur fóru í beltapróf á árinu og farið var á jólamót. Kennarar hafa aðallega verið Daniel Jens Pétursson 1. Dan og Bjarnheiður Ástgeirsdóttir.

Fimleikar: Um 50 iðkendur á aldrinum 6–15 ára æfðu fimleika á vegum félagsins í vetur. Hópnum var skipt niður í 4 hópa eftir aldri og getu. Æfingar voru 1–3 sinnum í viku. Um 30 iðkendur fóru á mót í Hveragerði í febrúar og haldnar voru tvær fimleikasýningar á árinu þar sem fjölmargir áhorfendur komu. Þjálfarar voru Erla Sigríður Sigurðardóttir, Anita Tryggvadóttir, Erla Brá Sigfúsdóttir og María Björg Austmar.

Línuskautar: Um 30 iðkendur á aldrinum 6–12 ára sóttu línuskautæfingar einu sinni í viku í vetur. Hópnum var aldurskipt í tvo hópa. Þjálfari er Diego Pínero Pínera.

Landsmót UMFÍ fór fram í Borganesi í sumar og kepptu þar níu iðkendur frá félaginu.

Akstursíþróttadeild var stofnuð innan félagsins árinu og er henni ætlað að standa fyrir akstursíþróttum á svæðinu í samvinnu við Flugbjörgunarsveitina á Hellu.

Helstu fjáraflanir félagsins eru lottótækjur, félagsgjöld, dósasafnanir og sala á áburði. Félagið fékk styrki til áhaldakaupa á árinu frá Íþróttasjóði ríkisins. Keyptar voru nýjar dýnur og áhöld til fimleikaiðkunar. Á árinu hélt áfram sala á Félagsbúningum í samstarfi við Dímon. Eins og undanfarin ár gaf félagið, í samstarfi við fyrirtækið Þjótanda ehf., nemendum 1. bekkjar Grunnskólans á Hellu boli merka félaginu.

Félagsmenn í Umf. Heklu eru um 592 talsins. Félagsgjald er 1500 kr. fyrir 18 ára og eldri.

Ársþing HSK: Þrjú félagsmenn mættu á þingið á vegum UMF Heklu á Selfossi um miðjan mars. Það voru þau Guðmundur Jónasson, Brynja Garðarsdóttir og Jón Guðmundsson. Guðmundur Jónasson formaður félagsins var heiðraður með silfurmerki ÍSÍ á þinginu.



Yngri keppendur á árlegri firmakeppni körfuknattleiksdeildar Hrunamanna.

Umf. Hrunamanna

Boðað var til aðalfundar félagsins þann 17. apríl. Á honum var kjörinn nýr formaður, Jóhanna Bríet Helgadóttir, ásamt nýjum meðstjórnendum. Að öðru leyti var stjórnin endurkjörin og er hún því eftirfarandi, Jóhanna Bríet Helgadóttir formaður, gjaldkeri Valdis Magnúsdóttir og ritari Halldóra Hjörleifsdóttir. Meðstjórnendur eru Sigurður Sigurjónsson og Þorbjörg Helga Sigurðardóttir.

Starfið innan deilda félagsins gekk vel og verður hér stiklað á stóru yfir það helsta.

Innan blakdeildar starfa eingöngu meistara-flokkar. Karlaliðið endaði í 2. sæti í 1. deild Íslandsmótsins og urðu HSK meistarar. Ákveðið var að draga heldur saman seglin karlamegin eftir áralanga veru í Íslandsmóti var ákveðið að senda ekki lið til leiks sökum mannekle. Kvinnaliðið heldur hins vegar áfram sínu öflugum starfi og var ákveðið að skrá lið í Íslandsmót keppnistímabilið 2016–2017. Þar hóf liðið leik í 6.deild og stefnir auðvitað hærra.

Starf fimleikadeildar hófst aftur sl. haust og er boðið upp á æfingar 1 sinni í viku fyrir tvo hópa. Talsverður áhugi er hjá iðkendum og vonandi á starfið eftir að dafna enn frekar. Þjálfarar deildarinnar fóru á þjálfaranámskeið og fengu til þess styrk úr Bjarkasjóðnum.

Starf frjálssíþróttadeildar er nú öflugt sem aldrei fyrr. Iðkendum fylgja ört og áhuginn er mikill hjá iðkendum. Fjölmargir krakkar kepptu á árinu undir nafni Hrunamanna og vöktu víða athygli fyrir mjög góðan árangur. Foreldrar voru, sem fyrr, mjög virkir að fylgja á mótin og Guðbjörg Viðarsdóttir fór á nærri öll mótin sem þjálfari.

Við eignuðumst nokkra Íslandsmeistarar í aldursflokkum. Þeir voru eftirfarandi: Patrik Gústafsson varð Íslandsmeistari í kúluvarpi 11 ára og í boðhlaupi, innanhúss. Ragnheiður Guðjónsdóttir varð Íslandsmeistari í kúluvarpi 15 ára, innanhúss. Ragnheiður Guðjónsdóttir varð Íslandsmeistari í kringlukasti og boðhlaupi 14 ára, utanhúss. Hún bætti HSK metið í kringlukasti 15 ára tvegis í sumar. Lengst kastaði hún 600 g kringlunni 37,80 m.

Keppendur Hrunamanna hafa náð mjög góðum árangri á undanfönum árum og eru sífellt í framför. Það er því löngu kominn tími til að fara að skrá niður öll flokkamet Hrunamanna svo krakkarnir hafi enn



fleira til að stefna á. Í sumar fóru Hrunamenn í fyrsta sinn á Gautaborgarleikarna. Þrjú keppendur, þau Máni Snær, Ragnheiður G. og Una Bóel fóru til Svipjóðar og stóðu sig með mikilli þryði. Þau kepptu í fjölda greina og komst nálægt þeim bestu, m.a. komst Una Bóel í úrslit í spjótkaсти 13 ára.

Knattspyrnudeildin sendi ekki lið í Íslandsmót á árinu 2016, en var þó með starf fyrir yngri flokka félagsins og sendi lið á nokkur opin mót með góðum árangri.

Körfuknattleiksdeildin hélt áfram á sömu braut. Fjöldamörg lið í yngri flokkum tóku þátt í Íslandsmótum ásamt fleiri mótum sem haldin eru af hinum og þessum félögum. Deildin er í samstarfi við félag á Suðurlandi til þess að halda úti öflugum starfi í mörgum flokkum. Deildin tók að sér 1. umferð minnibolta kvenna þar sem mættu til leiks 33 lið og tókst mótíð vel til. Nýja húsið og allt innviði þess á auðvelt með að þola mót á borð við þetta mót. Meistaraflokkur karla hóf samstarf við Laugdæli fyrir keppnistímabilið 2016–2017 og hefur árangur liðsins verið góður. Áætlan var um að senda kvinnalið til leiks í 1.deild Íslandsmótsins en því miður náðist ekki nægjanlega stór hópur til þess. Birgit Ósk Snorradóttir lék með U-16 ára landsliði Íslands sem tók þátt í bæði Norðurlanda- og Evrópumóti. Nokkur fjöldi iðkenda deildarinnar var boðaður á úrvals- og afreksbúðir KKÍ sem er undanfari yngri landsliða Íslands.

Flúðum 6. febrúar 2017
Stjórn UMFH

Umf. Hvöt

Árið byrjaði að venju með okkar árlega þorrablóti sem var haldið 29. janúar. Körfuboltaæfingar voru tvisvar í viku yfir veturinn og var íþróttahúsið opið á laugardögum fyrir börn og foreldra.

Í sumar vorum við með 9 daga leikjanámskeið sem hófst 3. júní og stóð til 24. júní. Emilía Jónsdóttir og Hugrún Sigurðardóttir tóku að sér að sjá um leikjanámskeiðið og heppnaðist það mjög vel. Með haustinu hófst aftur körfuboltaæfingar tvisvar í viku. Við ákváðum að prófa að hafa íþróttaskóla fyrir leikskólabornin á sunnudögum sem lukkaðist vel og voru börn og foreldrar mjög ánægðir. Auk þess var í boði fyrir fjölskyldur frjálst tími í íþróttahúsinu eftir íþróttaskólann og margir sem nýttu sér það að



leika með börnum sínum. Ungmennafélagið bauð svo upp á Zumba námskeið sem var haldið tvisvar í viku í tíu skipti. Kennari á námskeiðinu var Íris Anna Steinarsdóttir og var námskeiðið vel sótt. Haldin var sviðaveisla í samstarfi við ábúendur í Miðengi 4. nóvember og var mæting mjög góð og skemmti fólk sér vel.

Aðalfundurinn var haldinn 9. nóvember 2016. Hörður Óli Guðmundsson hætti sem gjaldkeri og í hans stað kom Ingólfur Örn Jónsson. Við þökkum Herði fyrir vel unnin störf. Í stjórn eru Antonía Helga Guðmundsdóttir (formaður), Ingólfur Örn Jónsson (gjaldkeri) og Hugufrún Sigurðardóttir (ritari).

Umf. Ingólfur

Aðalfundur var haldinn við eldhúsbörðin á Varghól þann 20. apríl. Fámennnt var og engar breytingar á stjórn.

Formaður: Þröstur Guðnason.
Gjaldkeri: Kristinn Guðnason.
Ritari: Þórhalla Guðrún Gísladóttir.
Varastjórn: Daníel Magnússon, Jóna Sveinsdóttir og Ágúst Ómar Eyvindsson.



Formaðurinn mætti á héraðsþing á Selfossi 12. mars. Göngudagur félagsins var endurvakinn og haldinn 15. júní. Gengið var þá um kvöldið af hlaðinu á Vakursstöðum til norðurs ca. 1 km (Skammbeinsstöðum 4) og að gömlum bæjarrústum Vakursstaða sem að fóru í eyði um 1500. Gangan var frekar fámenn eða um 16 manns. Eftir gönguna var drukkið kaffi með veitingum. Vegna bleytu náðist ekki að sækja tré í skógræktarreit félagsins, eins og gert hefur verið undanfarin ár. Þar með eru afrek ársins upptalin í nafni félagsins.

Kv. Þröstur Guðnason.

Umf. Laugdæla

Starfsemi Ungmennafélags Laugdæla var blómleg árið 2016 eins og undanfarin ár þar sem áhersla var á að bjóða upp á íþróttir fyrir börn og unglinga. Mestur hluti starfseminnar fer fram að vetri samhliða skólustarfi en í júní var þó boðið upp á íþróttanámskeið fyrir yngstu iðkendurnar í samráði við HSK. Þrátt fyrir að félagið sé ekki stórt hefur tekist að halda úti nokkuð fjölbreyttu íþróttastarfi og á vormisseri 2016 voru æfingar í fimleikum, frjálsum, fótbolta, körfubolta og blaki fyrir börn og unglinga auk þess að vera með íþróttaskóla fyrir 4-6 ára. Um haustið var haldið áfram með allar íþróttagreinar sem voru um veturinn á undan með þeirri undantekningu að hætt var með æfingar í blaki unglinga en í staðinn var bætt við æfingum í fangbrögðum.

Hvað viðkemur keppni að þá hafa iðkendur félagsins tekið þátt í fjölmörgum mótum í frjálsum íþróttum og glímu auk þess sem undanfarin árin hefur skapast sú hefði að fara á Nettómótið í körfubolta sem haldið er í Reykjanesbæ fyrir börn 10 ára og yngri. Hápunktur ársins var þó að níu iðkendur frá félaginu fóru til Gautaborgar í lok júní og tóku þátt í Gautaborgarleikunum í frjálsum íþróttum. Var ferðin undirbúin í samvinnu við nokkur önnur félög í Árnessýslu og tókst hún að öllu leyti mjög vel og skemmtu bæði keppendur og fararstjórar sér vel í keppni og leik.

Þó svo að Laugdælir geti boðið upp á fjölbreytt íþróttastarf gerir smæð félagsins það að verkum að samvinna við önnur félög á svæðinu er mjög mikilvæg bæði hvað varðar æfingar og keppni. Í gegnum sameiginlegt lið HSK hafa keppendur Laugdæla kynnst öðrum iðkendum á svæðinu



Keppendur Laugdæla á Gautaborgarleikunum í sumar.

bæði í frjálsum íþróttum og glímu. Þá hafa iðkendur úr Laugardal getað sótt aukaæfingar í frjálsum íþróttum hjá UMF Selfossi auk þess sem samvinna er smám saman að aukast í körfuboltanum með sameiginlegum æfingum á Flúðum í samvinnu við UMF Hrunamanna.

Fyrir fullorða hafa verið æfingar í blaki karla og kvenna og tóku bæði lið þátt í Íslandsmótinu auk þessa að taka þátt í Héraðsmóti HSK. Laugdælir héldu líka úti liði í körfubolta karla sem var nærri því að komast upp í 1. deild sl. vor. Um haustið urðu þær breytingar að ákveðið var að sameina krafta með Hrunamönnum og tefla fram sameinuðu liði í 2. deild veturinn 2016-2017 og eru heimaleikir liðsins til skiptis á Flúðum og á Laugarvatni.

Aðalfundur félagsins var haldinn þann 29. mars og urðu þær breytingar á stjórn að Pétur Ingi Haraldsson tók við af Margréti Harðardóttur sem formaður en Hallbera Gunnarsdóttir var endurkjörin sem ritari og Eva Hálfdanardóttir sem gjaldkeri. Þá urðu ýmsar breytingar á skipan í einstaka nefndir innan félagsins.

Félagsstarf er mikilvægur þáttur í starfsemi félagsins og sér félagið um að skipuleggja skemmtidagskrá á 17. júní auk þess að halda árlegt þorablót fyrir íbúa Laugardals. Þann 17. júní hefur Ungmennafélagið veitt ungu iðkendum í hverri íþróttagreini sem stunduð er hjá félaginu viðurkenningu ásamt því að verðlauna íþróttamann ársins. Íþróttamaður ársins 2015 var Sigurbjörn Árni Arngrímsson en hann var m.a. Íslandsmeistari í 1.500 m hlaupi það ár. Líta má á þorablótið sem hálfgerða árshátið samfélagsins í Laugardal en það er jafnframt ein helsta fjárfloflun félagsins.

Að lokum þökkum við öllum þeim fjölmörgu sem hafa styrkt Ungmennafélagið á árinu, sveitarfélaginu Bláskógabyggð sem og fyrirtækjum og einstaklingum sem komið hafa að rekstrinum með beinum fjárförögum eða sjálfboðavinnu.

**Stjórn Ungmennafélags Laugdæla,
Pétur Ingi Haraldsson, Hallbera Gunnarsdóttir og
Eva Hálfdanardóttir**

Umf. Merkihvoll

Félagið sá um hátíðarhöld á 17. júní að Brúarlundi, þar sem sveitungar og gestir koma saman. Hestamenn á öllum aldri sýna gæðinga sína, svo er farið í leiki og síðan farið í hressingu inni



í Brúarlundi. Félagið gerði langtíma leigusamning við Rangárþing ytra um rekstur á Félagsheimilinu Brúarlundi og mun nú alfarið sjá um rekstur og viðhald hússins. Þess má geta að félagið hefur frá upphafi átt 1/5 hlut í félagsheimilinu.

Haldnir voru nokkrir stjórnarfundir. Stjórn félagsins skipa þau: Anna Björg Stefánsdóttir ritari, Ólafía Sveinsdóttir gjaldkeri og Kjartan G. Magnússon formaður

Bestu kveðjur, Kjartan M.

Umf. Selfoss

Frankvæmdastjórn Umf. Selfoss var öll endurkjörin á aðalfundi félagsins sem haldinn var í félagsheimilinu Tíbrá þann 14. apríl 2016. Guðmundur Kr.

Jónsson er formaður félagsins en auk hans sitja í framkvæmdastjórn Sverrir Einarsson, gjaldkeri, Viktor S. Pálsson, ritari, Hjalti Þorvarðarson og Jóhann Helgi Konráðsson, meðstjórnendur. Ásamt framkvæmdastjórn skipa þau Þóra Þórarinsdóttir, formaður fimleikadeildar, Helgi S. Haraldsson, formaður handknattleiksdeildar, Þórdís Rakel Hansen, formaður juddóeildar, Adólf Ingvi Bragason, formaður knattspyrnu deildar, Magnús Ragnar Magnússon, formaður mótókrossdeildar, Guðmundur Pálsson, formaður sunddeildar og Ófeigur Ágúst Leifsson, formaður taekwondodeildar, þrettán manna aðalstjórn félagsins.

Hjá aðalstjórn félagsins starfar Gissur Jónsson framkvæmdastjóri í fullu stöðugildi auk Aðalbjarar Skúladóttur bókara félagsins í hálfu stöðugildi. Nokkrar breytingar urðu á starfslíði fimleikadeildar þar sem Olga Bjarnadóttir lét af störfum sem framkvæmdastjóri og tók Elmar Eysteinnsson við starfi framkvæmdastjóra fimleikadeildar í hálfu stöðugildi ásamt því að Eva Þórisdóttir var ráðin sem yfirþjálfarar deildarinnar í hálfu stöðugildi. Sveinbjörn Másson er framkvæmdastjóri knattspyrnu deildar og vallarstjóri á Selfossvelli. Starfsmenn á Selfossvelli í lok árs 2016 voru Þórdís Rakel Hansen og Aron Sveinbjarnarson. Þá er Gunnar Rafn Borgþórsson í fullu stöðugildi sem þjálfari meistaraflokks karla og yfirþjálfari knattspyrnu deildar ásamt því að sinna sérverkefnum og Ingi Rafn Ingibergsson er starfsmaður



knattspyrnudeildar. Flestar deildir félagsins eru með starfandi yfirþjálfara í mismunandi stöðuhlutfalli.

Eins og undanfarin ár eru starfandi átta deildir innan Umf. Selfoss: fimleikadeild, frjálsíþróttadeild, handknattleiksdeild, júdódeild, knattspyrnudeild, mótókrossdeild, sunddeild og taekwondodeild. Innan handknattleiksdeildar og knattspyrnudeildar starfa unglingaráð með sjálfstæðan fjárhag. Auk þess starfar fjöldi foreldraráða innan deilda félagsins. Handknattleiksdeild, fimleikadeild og frjálsíþróttadeild reka akademíur í samstarfi við Fjölbrotaskóla Suðurlands og eru þær sjálfstæðar rekstrareiningar. Knattspyrnudeild á einnig gott samstarf við Knattspyrnuakademíu Íslands á Suðurlandi. Þá starfa innan félagsins sérstök vallarstjórn, jólasveinanefnd og minjaverndarnefnd.

Árið 2016 var gerður eins árs þjónustusamningur milli Sveitarfélagsins Árborgar og Umf. Selfoss sem og samningur um rekstur íþróttavallarsvæðisins. Var árið notað til að vinna samninginn til framtíðar. Eins og undanfarin ár sér knattspyrnudeild um rekstur íþróttavallarsvæðisins en það er íþróttavallarnefnd sem hefur yfirumsjón með rekstri vallarsvæðisins. Mótókrossdeild sá áfram um rekstur og uppbyggingu mótókrossbrautar. Júdódeild sá um rekstur íþróttahúss Sandvíkurskóla. Sunddeildin er með sína starfsemi í nýrri og endurbættri aðstöðu í sundhöll Selfoss, Taekwondodeild er með starfsemi sína í æfingasal á annarri hæð í Baulu, íþróttahúsi Sunnulaekjarskóla en þar er fimleikadeildin einnig með alla sína starfsemi á jarðhæðinni. Handknattleiksdeildin er með alla sína aðstöðu í íþróttahúsi Vallskóla og hefur verið skoðað að deildin taki við rekstri íþróttahússins. Þá rekur félagið þjónustumiðstöð, sem opin er allt árið, í félagsheimilinu Tíbrá við Engjaveg 50.

Á hverju ári standa deildir félagsins fyrir ákveðnum mótum og viðburðum sem sum hver eiga sér orðið langa sögu. Fimleikadeild hélt Nettómótið og Minningarmót auk árlegrar jólasýningar í desember. Frjálsíþróttadeild hélt 47. Grýlupottahlaupið á vordögum og Brúarhlaupið í byrjun ágúst. Handknattleiksdeild hélt tvö Landsbankamót á vordögum og Ragnarsmótið, á haustdögum. Júdódeild, sunddeild og taekwondo héldu HSK-mót. Knattspyrnudeild hélt Guðjónsmótið í febrúar, Setmótið í júní og ÓB-mótið í ágúst. Mótókrossdeild hélt bikarmót í júní á vegum MÍ. Taekwondodeild hélt bikarkeppni TKÍ í október.

Getraunastarf skipar fastan sess í starfi félagsins þar sem hópur fólks hittist vikulega í félagsheimilinu Tíbrá og típpar yfir kaffibolla og góðu meðlæti frá Guðnabakarí einnig eru stuðningsmannaklúbbar starfræktir í handknattleiks- og knattspyrnudeild.

Aðalfundur Ungmennafélags Selfoss var haldinn í félagsheimilinu Tíbrá 14. apríl 2016. Í ársskýrslu félagsins kom m.a. fram að heildartekjur þess árið 2015 voru tæpar 200 milljónir og varð nokkur hagnaður af rekstri félagsins. Íþróttafólk Umf. Selfoss 2015 fékk afhentar viðurkenningar, en það voru taekwondomaðurinn Daníel Jens Pétursson og handknattleikskonan Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir. Þá var fékk fimleikadeildin UMFI bikarinn sem deild ársins fyrir þrefaldan sigur blandaðs liðs deildarinnar í meistaraflokki og Erni Guðnasyni, fyrrum framkvæmdastjóra félagsins, var veittur Björns Blöndals bikarinn sem veittur er þeim einstaklingi sem unnið hefur félaginu vel.

Líkt og undanfarin ár sá félagið um rekstur íþróttar- og útvístarklúbbsins sem er fyrir börn á aldrinum 5–10 ára og er liður í þjónustusamningi félagsins við Sveitarfélagið Árborg. Líkt og árið áður voru haldin fimm tveggja vikna námskeið frá 13. júní til 12. ágúst. Einstakar deildir stóðu fyrir sumarnámskeiðum.



Fögnuður Selfyssinga var ósvikinn eftir að sæti í Olís-deildinni var í höfn.

Knattspyrnudeild starfrækti Fótþoltaskólann, fimleikadeildin var með sumaræfingar og handknattleiksdeildin var með námskeið í upphafi sumars. Íþróttaskóli barnanna var starfræktur á vegum fimleikadeildarinnar í tíu vikur tvisvar á árinu fyrir yngstu börnin. Þá var ungbarnasund, Guggusund, á vegum sunddeildar framhaldið í 25. árið.

Íþróttastarf félagsins er umfangsmikið og hefur eflst jafnt og þétt undanfarin ár. Fjöldi keppnisliða úr öllum íþróttageinum, sem stundaðar eru innan félagsins, tekur þátt í Íslandsmótum, bæði í einstaklingskeppnum og liðakeppnum. Í fimleikum vann blandað lið Selfoss þrefaldan sigur þegar það tryggði sér Íslands-, bikar- og deildarmeistaratil í meistaraflokki í hópfimleikum, þá kepptu átta iðkendur félagsins á Evrópumótinu í Slóveníu í október. Eftir glæsilegan árangur undanfarin ár varð það súrt hlutskipti meistaraflokks kvenna í knattspyrnu að falla úr Pepsi-deildinni. Á meðan sigldi meistaraflokkur karla lygnan sjó í Inkasso-deildinni. Meistaraflokkur kvenna í handknattleik bætti árangur sinni í Olís-deildinni en meistaraflokkur karla tók stórt skref fram á við þegar það tryggði sér sæti í Olís-deildinni eftir æsispennandi úrslitaevngví. Í einstaklingsíþróttum vannst fjöldi Íslands- og bikarmeistaratitla, og í samstarfi HSK/Selfoss sigraði liðið í öllum flokkum nema einum á MÍ 11-14 ára. Júdómenn og taekwondofólk vann til fjölda Íslandsmeistaratitla og tveir mótókrosskappar urðu Íslandsmeistarar.

Eins og fyrrí ár var fjöldi einstaklinga innan deilda Umf. Selfoss kallaðir til ýmissa landsliðsverkefni bæði hjá yngri og eldri iðkendum á vegum sérsambanda ÍSÍ. 24 einstaklingar kepptu með landsliðum Íslands, yngri og eldri, á Norðurlandamótum og í undankeppnum EM og HM. Auk þess var fjöldi einstaklinga valdir á landsliðsæfingar og í úrvalshópa.

Metfjöldi ungmenna úr Umf. Selfoss tók þátt í unglingalandsmóti UMFI sem haldið var í Borgarnesi um verslunarmannahelgina.

Á héraðsþingi HSK sem haldið var á Selfossi 12. mars voru Sigríður Anna Guðjónsdóttir og Þuríður Ingvarsdóttir sæmdar sílfurmerki HSK og Guðmundur Kr. Jónsson valinn öðlingur ársins. Bergi Pálssyni í júdódeild Umf. Selfoss var veitt 16. gullmerki JSÍ fyrir störf í þágu júdó í áratugi.

Á uppskeruhátíð ÍTÁ sem haldin var 29. desember 2015 voru handknattleiksfolklið Elvar Örn Jónsson og Hrafnhildur Hanna Þrastardóttir útnefnd íþróttakarlar og íþróttakona Árborgar 2016. Í lok árs var Gyða

Dögg Heiðarsdóttir valin mótókrosskona ársins annað árið í röð af MÍ.

Framkvæmdastjórn félagsins hélt 11 fundi á árinu og aðalstjórn fundaði 8 sinnum. Stjórnir deilda og ráða héldu fundi að jafnaði einu sinni í mánuði og stóru deildirnar vikulega á keppnistímabilum sínum. Framkvæmdastjóri situr í forvarnarhópi Sveitarfélagsins Árborgar sem fundar mánaðarlega, í starfshópi um framtíðarskipulag frístundaheimila í Árborg og einnig í starfshóp um framtíðaruppbyggingu íþróttamannvirkja í sveitarfélaginu. Auk þess sátu framkvæmdastjóri og meðlimir framkvæmdastjórnar ýmsa fundi með fulltrúum sveitarfélagsins, ÍSÍ, UMFI, HSK, sérsambanda og fleiri aðilum. Auk þess er gríðarmikið sjálfbóðaliðastarf unnið innan Umf. Selfoss sem m.a. kemur fram í fjölda stjórna, nefnda og ekki síst foreldraráða.

Gissur Jónsson,
framkvæmdastjóri Umf. Selfoss

Umf. Skeiðamanna

Í stjórn eru: Formaður: Lára Bergljót Jónsdóttir. Gjaldkeri: Ágúst Guðmundsson. Ritari: Sigríður Ósk Jónsdóttir.

Aðalfundur var haldinn þann 13. apríl 2016.

Í janúar og febrúar voru haldin 3 spílakvöld í Brautarholti, spílað var félagsvist þar sem heildarstigum var safnað fyrir öll kvöldin. Veitt voru verðlaun fyrir hvert kvöld og síðan fyrir heildarstig. Góð mæting var. Hjóball var haldið 19. mars og var vel sótt. Leikjánaðmskeið var haldið í júní. Hallbera Gunnarsdóttir og Ingibjörg Markúsdóttir sáu um námskeiðið og þátttakan var góð. Íþróttæfingar voru í boði í Brautarholti fyrir yngsta- og miðstig. Einnig var elstu krökkunum í leikskólanum boðið að taka þátt. Þessar æfingar voru í jan-máí og sept-des. Matthías Bjarnason sá um æfingarnar.

Loks er gaman að geta þess að Umf. Þjótandi skoraði á okkur ásamt Umf. Gnúpverja í frjálsíþróttakeppni í Þjórsárver í ágúst 2016. Að sjálfsgöðu mættum við og skoruðum á þá, ásamt Gnúpverjum, á móti að mæta að ári liðnu á svipað mót í Árnesi. Þeir tóku vel í það. Þetta var skemmtileg uppákoma sem lauk með rausnarlegum kaffiveitingum Þjótanda.

Lára B. Jónsdóttir, formaður





Sigurveggarar spilakvöldu Skeiðamanna 2016, þau Bryndís í Fjalli og Ólafur á Birnustöðum.

Umf. Stokkseyrar

Aðalfundur var haldinn 11. september 2016. Hefðbundin fundarstörf og nýtt fólk kosið í stjórn. Nýr formaður: Ólafur Már Ólafsson. Gjaldkeri: Agnes Lind Jónsdóttir. Ritari: Örvar Hugason. Varamenn: Guðmundur Valur Pétursson, Gísli G. Friðriksson, Hanna Siv Bjarnardóttir og Magnús Másson.



Hjá Ungmennafélaginu eru þrjár deildir; fimleikadeild, knattspyrnudeild og kraftlyftingardeild. Fimleikarnir gengu vel og héldum við svipuðu starfi þar. Krakkarnir voru duglegir og tóku framförum.

Kraftlyftingardeildin er með sér stjórn þar er formaður Unnar Már Hjaltason. Þau eru stöðugt að bæta aðstöðuna. T.d. var húsið sem þau hafa til umráða málað allt að utan í sumar sem þau sáu um sjálf, ásamt því að bæta mikið aðstöðuna innandyr. Knattspyrnudeildin hefur einnig sér stjórn en formaður þar er Hilmar Þór Jónsson. Þeir æfa vel og hafa breytt og lagað umhverfi og aðstöðu á vellinum.

Við stöðum fyrir strandhlaupi í sumar en þar mæta þorpsbúar fjögur skipti og hlaupa saman 800 metra. Þeir sem ljúka minnst þremur hlaupum fá viðurkenningu á uppskeruhátíð að loknum hlaupunum.

Við aðstoðuðum þorpsbúa að kveikja ljósin á jólatrénu. Þangað komu kórar barnaskólans og sungu, jólasveinar dónsuðu með börnunum og boðið var upp á kaffi, kakó og piparkökur.

Skótuveislan var á sínum stað á Þorláksmessu, það var vel sótt. Tónlistartriði í heimsklassa sem Björgvin Tómasson orgelsmiður flutti á lýrukassa. Jólasveinar á okkar vegum gáfu börnum pakka á aðfangadag.

Starfsárið 2016 var gott og hlökkum við til að gera enn betur árið 2017.

Fyrir hönd stjórnar.
Formaður Ólafur Már Ólafsson

Umf. Trausti

Núverandi stjórn félagsins var kosin á síðasta aðalfundi eða 28. apríl 2016. Nýr formaður var kosinn og einnig gjaldkeri. Bjarki Freyr Sigurjónsson formaður tók við af Auði Jónu Sigurðardóttur. Aðalbjörg Rún Ásgeirsdóttir gjaldkeri tók við af



Frá jólasýningu Ungmennafélags Stokkseyrar.

Fríðu Björk Hjartardóttur. Guðmundur Jón Viðarsson endurkjörinn ritari.

Þjóðhátíðardagurinn 17. júní var haldinn hátíðlegur í samstarfi við kvenfélagið Eygló. Þar fóru fram hlaup og þrautabrautir fyrir unga sem aldna og gekk allt vel og ekki skemmdi fyrir fallett veður.

Leikjanámskeið var svo haldið á Heimalandi í samstarfi við Ólaf Elí á Hvolsvelli. Þar mættu 14 krakkar.

Engar ákveðnar nýjungar hafa verið í starfinu síðasta árið.

Umf. Þjótandi

Stjórnina skipa: Formaður: Guðmunda Ólafsdóttir. Ritari: Magnús St. Magnússon. Gjaldkeri: Lilja Ómarsdóttir.



Aðalfundur félagsins var haldinn 6. mars og allir stjórnarmenn gáfu kost á sér til áframhaldandi stjórnasetu. Stjórnarfundir voru haldnir í lok hvers mánaðar og auk stjórnar voru nefndarformenn og varastjórn boðuð á fundina. Þetta fyrsta starfsár Umf. Þjótanda var bæði skemmtilegt og krefjandi. Reynt var að halda í gamlar hefðir og fasta punkta frá gömlu

ungmennafélagunum en einnig var briddað upp á ýmsum nýjungum. Meðal nýjunga á árinu var að Umf. Þjótandi efndi til keppni í Brokk og skokk að hætti uppsveitarmanna auk þess sem við skoruduðum á sameiginlegt keppnislið Gnúpverja og Skeiðamanna til keppni í frjálsíþróttum sem heppnaðist mjög vel. Mótið fékk nafnið Áskorendamótið og var haldið á íþróttavellinum við Þjórsárver. Í sumar var einnig farið af stað með þá nýjung að boðið var uppá leikjakvöld fyrir unglinga sem voru haldin vikulega, viðsvegar um félagssvæðið. Leikjakvöldin voru kærkomin viðbót við aðrar æfingar sem félagið býður uppá enda er það markmið okkar að fá sem flesta til að taka þátt í hollri og góðri hreyfingu. Á árinu buðum við áfram uppá almennar íþróttæfingar fyrir krakka, skákæfingar og glímuæfingar auk leikjanámskeiðs í sumar. Föstum liðum í starfi gömlu félaganna var fram haldið s.s. Þrettándagleði, Flóahlaupi, Viðavangshlaupi, Reiðtúr, Flóamóti, Haustballi, Skótuveislu og jólaheimsóknunum. Einnig komum við að 17. júní hátíðarhöldunum í Þingborg og framkvæmd Fjörðs í Flóa. Umf. Þjótandi fékk allar eignir gömlu félaganna í Flóahreppi í arf og þar með eignarhluti í félagsheimilunum Félagslundu, Þingborg og Þjórsárveri. Ákveðið var að gefa sveitarfélaginu eignarhlutina gegn því að félagið fengi áfram aðstöðu



Umf. Þjótandi sigraði Áskorendamótið 2016 á heimavelli.

til æfinga og félagsstarfs í húsunum. Skrifað var undir samstarfssamning við Flóahrepp þess efnis og að auki hljóðaði samningurinn uppá fastan fjárstyrk frá sveitarfélaginu. Fjárstyrkur sveitarfélagsins gerir okkur kleift að hafa allar okkar íþróttæfingar gjaldfrjálstar og er það mikill hagrur fyrir fjölskyldur í hreppnum. Félagið gaf áfram út fréttabréfið Áveituna í samstarfi við Flóahrepp og kemur hún út mánaðarlega. Á árinu var farið í búningakaup, bæði keyptir nýir bolir og félagsbúningar. Nýju búningarnir efla andann og hjálpa til við að sameina okkur öll í þessu nýja félagi.

Umf. Þór

Aðalfundur Þórs var haldinn 6. apríl 2016 og ný stjórn kosin. Formaður er Hjörtur Sigurður Ragnarsson, gjaldkeri Hólmfríður Fjóra Zoega Smáradóttir og ritari Rannveig Júlíusdóttir.



Frjálsíþróttadeild Þórs: Eins og undanfarin ár var ákveðið sl. vor að halda opið mót fyrir 6–12 ára krakka á frjálsíþróttavellinum. Þátttaka var nokkuð góð.

Á mótum ársins náðist ágætis árangur. Einkum hafa iðkendur Þórs átt góðu gengi að fagna á HSK mótum þar sem þeir eru ævinlega í fremstu röð. Þórskrakkarnir bættu nokkur HSK met á árinu og voru mættarstólpar í frjálsíþróttaliði HSK á meistaramótum ársins. Einn af hápunktum starfsins á árinu var þátttaka á Meistaramóti Íslands 11-14 ára á Laugardalsvelli í sumar

Frjálsíþróttadeild Þórs hélt tvö innanfélagsmót á árinu auk aðkomu að þeim HSK mótum sem haldin voru.

Körfuknattleiksdeild Þórs: Starf körfuknattleiksdeildar Þórs hefur gengið vel á árinu og hefur meistaraflokkur Þórs verið í toppbaráttu í úrvalsdeild KKÍ. Á árinu lék liðið til úrslita í bikarkeppni KKÍ en varð að lúta í lægra haldi fyrir Íslands og bikarmeisturum KR. Í haust lék liðið á móti KR í „Meisturum meistarana“ og sigruðu strákarnir lið KR með glæsibrag.

Árangur meistaraflokks hefur ávallt hvetjandi áhrif á yngri kynslóðina. Við erum með stelpu- og strákalíði í minniboltamótum og í 7. flokki í Íslandsmótum KKÍ í vetur. Í 8. flokki erum við í samstarfi við Hrunamenn og Hamar bæði í stúlkna og drengjaflokki. Þórsarar tefla fram sínu liði í 9. og 10. flokki drengja og keppa þeir í Íslands- og bikarkeppni KKÍ. Unglingaflokkur keppir í bikarkeppni KKÍ og er kominn í 8 liða úrslit.

Margir leikmenn Þórs hafa keppt með yngri landsliðum KKÍ og voru 4 Þórsarar í unglíngalandsliðum síðastliðið sumar. Halldór Garðar Hermannsson lék með U20 ára liði Íslands og vann liðið sig upp í A-deild í Evrópukeppninni en Halldór Garðar er búinn að vera lykilleikmaður í '97 árganginum í U15, U16 og U18 landsliðum Íslands.

Fimleikadeild Þórs: Þór hélt árlegt byrjendamót 12. mars og voru keppendur frá 9 liðum á mótinu, þar af 3 lið frá Þór. T-2 keppti á Bikarmóti unglíngja í febrúar, í flokki blandaðra liða. Þau kepptu aftur á Subway Íslandsmeistaramótinu í maí. Þá fóru iðkendur úr T-2 og T-3 á stökkfímimót í mars. Meistaraflokkur, T-1 keppti í á WOW-móti í febrúar og Bikarmóti í mars.

Vorsýning og uppskeruhátíð var haldin 25. maí. Sumarnámskeið var 13.–23. júní fyrir börn 6–12 ára. Ágætis þátttaka var á því.

Þjálfarar deildarinnar fóru á þó nokkuð af námskeiðum, móttökunámskeiðum FSÍ og þjálfaranámskeiðum. Að auki fengum við til okkar Berglindi sálfræðing til að fræða okkur um skapmikil börn og hvernig á að takast á við þau.



Karalið Þórs í körfuknattleik vann Icelandic Glacial bikarinn.



Frá árlegri þrettándagleði Umf. Þórsmörkur.

Skyndihjálparnámskeið var haldið og öllum þjálfurum UMF Þórs boðið að koma.

Jólasýning var 10. desember og í ár var sett upp sýningin Jólin hjá Harry Potter.

Vélhjóladeild Þórs: Á starfsárinu 2016 stóð deildin fyrir skemmtikeppni í lok apríl.

Gyða Dögg Heiðarsdóttir (17 ára) hélt uppteknum hætti fyrra árs og hlaut viðurkenningu frá ÍSÍ og var þar kosin mótörhjólá- og snjósléðakona ársins 2016 ásamt því að vera kosin akstursíþróttamaður Ölfuss 2016.

Badmintondeild Þórs: Fimm iðkendur voru valdir í úrtökuhóp fyrir unglíngalandslið þau Auður Magnea Sigurðardóttir U13, Svanlaug Halla Baldursdóttir U13, Jakob Unnar Sigurðarson U15-17, Berglind Dan Róbertsdóttir U17 og Þórey Katla Brynjarsdóttir U17. Hið árlega Þórsmót var haldið í febrúar. Þá var Meistaramót HSK haldið í Þorlákshöfn. Í nóvember hélt svo Umf. Þór Unglíngamót HSK í Hveragerði og voru heimamenn sigursælir á öllum þessum mótum. Einnig tóku krakkarnir þátt í hinum ýmsu mótum um land allt og stóðu sig með mikilli þryði. Í lok árs var Axel Örn Sæmundsson valinn badmintonmaður ársins 2016.

Umf. Þórsmörk

Stjórnina skipa: Formaður: Árni Sigurpálsson. Ritari: Ólafur Rúnarsson. Gjaldkeri: Sigurður Steinarsson. Meðstjórnendur: Páll Eggertsson og Ólóf G. Eggertsdóttir.

Hinn árlega þrettándagleði var haldin að Goðalandi 9. janúar. Þátttaka álfa og huldufólks

góð og dreif fólk víða að. Björgunarsveitin Dagrenning á Hvolsvelli sá um flugeldasýningu eins og undanfarin ár. Verðlaun veitt fyrir bestu búninga að brennu lokinni, auk veitinga í samkomuhúsinu, þar sem boðið var upp á heitt kakó og kökur með.



Aðalfundur haldinn að Goðalandi 30. apríl. Ákveðið að hætta afskiptum af 17. júní hátíðarhöldum og láta það alfarið í hendurnar á Kvenfélags Fljótshlíðar. Eins tekin ákvörðun um að slætti skyldi hætt, þar sem starfsemi í lágmarki.

Á aðfangadag brugðun svo nokkrir félagar sér að venju í jólasveinabúning og heimsóttu börnin í sveitinni, með gjafir og gleði í farteskínu.

F.h. Umf. Þórsmörkur, Árni Sigurpálsson, formaður.

Félög sem ekki skiluðu ársskýrslu voru eftirtalin:

- Akstursíþróttafélag Hreppkappa
- Hestamannafélagið Ljúfur
- Hestamannafélagið Smári
- Íþróttafélagið Suðri
- Karatefélag Suðurlands
- Skotiþróttafélag Suðurlands
- Umf. Ásahrepps
- Umf. Dagsbrún
- Umf. Eyfellingur
- Umf. Eyrarbakka



21. UNGLINGA
LANDSMÓT
UMFÍ



VELKOMIN

á Unglingalandsmót UMFÍ
í Þorlákshöfn 2018

ÖLFUS



Fullgilt greiðslumat á þremur mínútum

Nú geta allir fengið nákvæma mynd
af greiðslugetu sinni með nokkrum
smellum á arionbanki.is.

Kynntu þér þessa spennandi nýjung

 **Arion banki**
- fyrir framtíðina